ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 73

32. árgangur

20.11.2025

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2025/EES/73/01 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/873 frá 30. janúar 2024 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/331 að því er varðar umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds 1

2025/EES/73/02 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/759 frá 14. desember 2021 um breytingu á VII. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 að því er varðar aðferðafræði fyrir útreikning á magni endurnýjanlegrar orku sem er notuð til kælingar og fjarkælingar 36

2025/EES/73/03 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/687 frá 30. janúar 2025 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/624 að því er varðar skoðun fyrir slátrun í sláturhúsum, skoðun fyrir slátrun á upprunabúinu og skoðanir eftir slátrun 48

2025/EES/73/04 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/637 frá 29. janúar 2025 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2022/2292 að því er varðar kröfur vegna komu tiltekinna mjólkurafurða, tiltekinna matvælaaukefna sem eru unnin úr dýrum, garna úr kollageni, hakkaðs kjöts, unninna kjötvara, vélúrbeinaðs kjöts og samsettra afurða sem innihalda gelatínhylki inn í Sambandið 53

2025/EES/73/05 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2598 frá 4. október 2024 um skrána yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tiltekin dýr og afurðir úr dýraríkinu sem eru ætluð til manneldis til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar beitingu bannsins við notkun á tilteknum sýkingalyfjum 57

2025/EES/73/06 Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3010 frá 29. nóvember 2024 um breytingu á tilskipunum ráðsins 2002/55/EB og 2002/57/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/61/EBE að því er varðar skráningu plöntuskaðvalda á fræjum og öðru plöntufjölgunarefni 65

2025/EES/73/07 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/630 frá 31. mars 2025 um leyfi fyrir ilmpelargóníuilmkjarnaolíu úr *Pelargonium graveolens* L'Hèr., gúmviðarilmkjarnaolíu úr *Eucalyptus globulus* Labill. og sítrónugrassilmkjarnaolíu úr *Cymbopogon flexuosus* (Nees ex Steud.) Will. Watson sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 69

2025/EES/73/08 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/634 frá 1. apríl 2025 um leyfi fyrir L-argíníni, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 7.401, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 80

2025/EES/73/09 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/647 frá 2. apríl 2025 um breytingu og leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/913 og um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1471 um leyfi fyrir lantankarbónatoktahýdrati með kenninúmerunum 4d1 og 4d23, eftir því sem við á, sem fóðuraukefni fyrir ketti 84

2025/EES/73/10 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/714 frá 10. apríl 2025 um leyfi fyrir indígókarmíni sem fóðuraukefni fyrir ketti, hunda og skrautfiska 89

2025/EES/73/11 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/708 frá 11. apríl 2025 um leyfi fyrir natríumferrósýaníði og kalíumferrósýaníði sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1810/2005 93

2025/EES/73/12 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/720 frá 15. apríl 2025 um leyfi fyrir blöndu með *Lentilactobacillus buchneri* DSM 32651 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 98

2025/EES/73/13 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/752 frá 16. apríl 2025 um endurnýjun á leyfi fyrir L-týrósíni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 101/2014 101

2025/EES/73/14 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/756 frá 16. apríl 2025 um leyfi fyrir L-valíni, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 22721, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 105

2025/EES/73/15 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/782 frá 23. apríl 2025 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 152/2009 að því er varðar ákvörðun á karbónötum í fóðri ... 109

2025/EES/73/16 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/711 frá 10. apríl 2025 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49755, og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49754, sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi, varphænur, aukategundir alifugla til varps og til eldis, eldissvín af öllum svínategundum og eldiskalkúna, leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49755, og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49754, sem fóðuraukefni fyrir mjólkurgrísi (leyfishafi er AVEVE BV) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 1088/2011, (ESB) nr. 989/2012 og (ESB) nr. 1040/2013 114

2025/EES/73/17 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/757 frá 16. apríl 2025 um leyfi fyrir sepíólíti sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 120

2025/EES/73/18 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1533 frá 23. júlí 2025 um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/90/ESB að því er varðar hönnunar-, smíða- og nothæfiskröfur sem og prófunarstaðla fyrir búnað um borð í skipum og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1975 125

2025/EES/73/19 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/96 frá 21. janúar 2025 um samþykki fyrir grunnefninu kjarna úr fræi *Vitis vinifera* L. (þrúgufræskjarni) í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 359

2025/EES/73/20 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/99 frá 21. janúar 2025 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin *Aureobasidium pullulans* (stofnar DSM 14940 og DSM 14941), *Bacillus amyloliquefaciens* undirteg. *plantarum* D747, benalaxýl-M, sýpródiníl, díklórpróp-P, formetanat, fosetýl, halósúlfúrónmetýl, ímasamox, milbemektín, fenmedífam, pírimíkarb, *Pseudomonas* sp. af stofni DSMZ 13134, pýrimetaníl, pýríófenón, pýroxsúlam, spínósað, brennistein, *Trichoderma harzianum* Rifai af stofnum T-22 og ITEM 908, *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofnum ICC012, T-25 og TV-1, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni T11, *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080, trítíkónasól og síram 364

2025/EES/73/21 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/102 frá 21. janúar 2025 um samþykki fyrir virka efninu *Pythium oligandrum* B301, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 373

2025/EES/73/22 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/103 frá 22. janúar 2025 um samþykki fyrir virka efninu *Betabaculovirus phoperculellae* sem áhættulitlu virku efni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 377

2025/EES/73/23 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/106 frá 22. janúar 2025 um samþykki fyrir virka efninu *Bacillus subtilis* af stofni RTI477 sem áhættulitlu virku efni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 382

2025/EES/73/24 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/109 frá 22. janúar 2025 um samþykki fyrir virka efninu *Bacillus velezensis* af stofni RTI301 sem áhættulitlu virku efni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 387

2025/EES/73/25 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/119 frá 24. janúar 2025 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir áhættulitla virka efninu vatnskenndum útdrætti úr spíruðum fræjum sætra ljósalúpína 392

2025/EES/73/26 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/150 frá 29. janúar 2025 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu mepíkvatklóríði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 395

2025/EES/73/27 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/808 frá 5. maí 2025 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/408 að því er varðar að fella virku efnin gammasýhalótrín, ipkónasól og oxamýl brott úr skránni yfir virk efni sem teljast efni sem ráðgert er að skipta út 400

2025/EES/73/28 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/833 frá 5. maí 2025 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu lenasíli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 og (ESB) 2015/408 403

2025/EES/73/29 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/845 frá 5. maí 2025 um samþykki fyrir virka efninu járni (sem frumefni) sem áhættulitlu virku efni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 409

2025/EES/73/30 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1973 frá 18. júlí 2024 um að koma á fót skrá yfir sýkingalyf sem skulu ekki notuð í samræmi við 112. og 113. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 eða skulu einungis notuð í samræmi við þessar greinar með fyrirvara um tiltekin skilyrði 413

2025/EES/73/31 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/117 frá 24. janúar 2025 um reglur um beitingu reglugerðar (ESB) 2021/2282 að því er varðar málsmeðferðarreglur um sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi 422

2025/EES/73/32 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/2838 frá 23. október 2024 um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1379/2013, (ESB) nr. 167/2013 og (ESB) nr. 168/2013 að því er varðar tilteknar kröfur um skýrslugjöf 434

2025/EES/73/33 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/452 frá 19. desember 2024 um leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) 2021/642 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar tilteknar upplýsingar sem eiga að koma fram á merkingu lífrænt ræktaðra vara 437

2025/EES/73/34 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2794 frá 31. október 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1378 að því er varðar viðurkenningu á tilteknum eftirlitsaðilum, í samræmi við 46. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848, sem til þess bærum til að inna af hendi eftirlit og gefa út vottorð um lífræna framleiðslu í þriðju löndum 439

2025/EES/73/35 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/352 frá 21. febrúar 2025 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB að því er varðar kalsídíólmónóhýdrat sem er notað við framleiðslu fæðubótarefna 449

2025/EES/73/36 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3121 frá 16. desember 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1378 að því er varðar viðurkenningu á tilteknum eftirlitsaðilum, í samræmi við 46. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848, sem til þess bærum til að inna af hendi eftirlit og gefa út vottorð um lífræna framleiðslu í þriðju löndum vegna innflutnings á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið 452

2025/EES/73/37 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/651 frá 2. apríl 2025 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á ein- og tvíglýseríðum af fitusýrum (E 471) og karnúbavaxi (E 903) sem húðunarefnum á tiltekin fersk aldin og kassava og á lesitínum (E 322) og fitusýrum (E 570) sem burðarefnum í húðunarefni á kassava 458

2025/EES/73/38 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/652 frá 2. apríl 2025 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar notkun á stevíólglýkósíðum sem eru framleidd með gerjun með því að nota *Yarrowia lipolytica* 463

2025/EES/73/39 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/666 frá 4. apríl 2025 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á natríumkarboxýmetýlsellulósa, sellulósagúmmíi (E 466) og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar nákvæmar skilgreiningar fyrir sellulósa (E 460), metýlsellulósa (E 461), etýlsellulósa (E 462), hýdroxýprópýlsellulósa (E 463), hýdroxýprópýlmetýlsellulósa (E 464), etýlmetýlsellulósa (E 465), natríumkarboxýmetýlsellulósa, sellulósagúmmí (E 466), víxltengdan natríumkarboxýmetýlsellulósa, víxltengt sellulósagúmmí (E 468) og karboxýmetýlsellulósa sem er vatnsrofinn með ensími (E 469) 469

2025/EES/73/40 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1112 frá 4. júní 2025 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar að færa naríngenín og 2-metýl-1-(2-(5-(p-tólýl)-1H-imídasól-2-ýl)píperídín-1-ýl)bútan-1-ón á skrá Sambandsins yfir bragðefni 482

2025/EES/73/41 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/811 frá 19. febrúar 2025 um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB að því er varðar upplýsingar sem á að senda til tilkynningarkerfa skipa 486

2025/EES/73/42 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1130 frá 18. mars 2025 um leiðréttingu á hollensku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) 2019/945 um ómönnuð loftfarskerfi og umráðendur ómannaðra loftfarskerfa frá þriðja landi 489

2025/EES/73/43 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1253 frá 11. febrúar 2025 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/1122 um viðbætur við tilskipun Evrópu-þingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar rekstur á skrá Sambandsins 490

2025/EES/73/44 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/723 frá 6. febrúar 2025 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur um árlegan útreikning á verðmun milli flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir og jarðefnasteinolíu og um úthlutun losunarheimilda í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir vegna notkunar á flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir 501

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/873 **2025/EES/73/01**

frá 30. janúar 2024

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/331 að því er varðar umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), einkum 1. mgr. 10. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun 2003/87/EB hefur verið endurskoðuð og henni breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/959 ([2]) til að samræma hana við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1119 ([3]) og þar er fastsett markmið um a.m.k. 55% samdrátt í nettólosun fyrir árið 2030 samanborið við 1990. Endurskoðun á tilskipun 2003/87/EB varðar einnig úthlutun losunarheimilda án endurgjalds og krefst breytinga á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/331 ([4]).

2) Með tilskipun (ESB) 2023/959 eru innleiddar skyldur fyrir rekstraraðila stöðva til brennslu á heimilis- og rekstrarúrgangi um vöktun á og skýrslugjöf um losun. Þar eð þessar stöðvar þurfa ekki að skila inn losunarheimildum í samræmi við 12. gr. tilskipunar 2023/959 þykir rétt að telja varma sem þessar stöðvar veita til annarra stöðva, eins og fellur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, ekki með að því er varðar úthlutun án endurgjalds.

3) Til að hvetja til rafvæðingar iðnaðarferla sem mikilvæg tækni til að draga verulega úr losun frá slíkum ferlum og til að tryggja jafna meðferð að því er varðar ferli sem falla undir vöruviðmiðanir og varma- og eldsneytisviðmiðanir ætti mælanlegur og ómælanlegur varmi sem er framleiddur með raforku að jafnaði vera hæfur til úthlutunar án endurgjalds samkvæmt varma- og eldsneytisviðmiðunum.

4) Í máli C-271/20 ([5]) hefur Dómstóllinn úrskurðað að efnaorka sem er geymd í hráefni og losuð sem varmi í brunaferli skuli meðhöndluð eins og eldsneyti að því er varðar úthlutun án endurgjalds. Þar eð slík brunaferli hafa í för með sér aðra losun en losun gróðurhúsalofttegunda þykir rétt að undanskilja sérstaklega varmann sem losnar frá slíkum brunaferlum frá úthlutun án endurgjalds samkvæmt eldsneytisviðmiðuninni til að tryggja umhverfislegan heilleika, einkum í ljósi losunar á brennisteinsoxíðum í slíkum brunaferlum. Þess vegna ætti að takmarka notkun eldsneytisviðmiðunar við brunaferli þar sem megintilgangurinn er að framleiða ómælanlegan varma.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/873, 4.4.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2025 frá 8. maí 2025 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 46, 24.7.2025, bls. 28.

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/959 frá 10. maí 2023 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins og ákvörðun (ESB) 2015/1814 um að koma á fót og starfrækja markaðsstöðugleikavarasjóð fyrir kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda (Stjtíð. ESB L 130, 16.5.2023, bls. 134).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1119 frá 30. júní 2021 um að koma á ramma til að ná fram loftslagshlutleysi og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 401/2009 og (ESB) 2018/1999 („evrópsku loftslagslögin“) (Stjtíð. ESB L 243, 9.7.2021, bls. 1).

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/331 frá 19. desember 2018 um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtíð. ESB L 59, 27.2.2019, bls. 8).

([5]) Dómur Dómstólsins (fimmta deild) frá 25. nóvember 2021, mál C-271/2, *Aurubis AG v Bundesrepublik Deutschland*, ECLI:EU:C:2021:959.

5) Með 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB er framkvæmdastjórninni veitt umboð til að samþætta framkvæmd á nýju skilyrði um orkunýtnar ráðstafanir í núgildandi fimm ára tímabil fyrir stöðvar sem sækja um úthlutun án endurgjalds, sem er komið á með þessari reglugerð, til að tryggja samræmingu við gildandi málsmeðferðarreglur og til að komast hjá óþarfa stjórnsýsluálagi.

6) Lögbært yfirvald ætti að samþykkja áætlunina um aðferðafræði við vöktun til að tryggja samkvæmni við reglur um vöktun. Vegna tímatakmarkana var samþykki lögbæra yfirvaldsins ekki krafist fyrir framlagningu skýrslna um grunngögn árið 2019, sem er árið þegar áætlanir um aðferðafræði við vöktun voru innleiddar með framseldri reglugerð (ESB) 2019/331. Þessi undanþága er ekki lengur nauðsynleg og ætti ekki lengur að gilda.

7) Í tilskipun 2003/87/EB er kveðið á um að ekki skuli veita neina úthlutun án endurgjalds í tengslum við framleiðslu á vörum sem falla undir aðlögunarkerfi við landamæri vegna kolefnis, sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/956 ([6]), ásamt því að hætta smám saman úthlutun án endurgjalds á umbreytingartímabili. Til að tryggja samræmda framkvæmd ákvæðisins ættu rekstraraðilar að veita upplýsingar og sönnunargögn, einkum á grundvelli númera úr sameinaðri nafnaskrá (SN) sem komið var á með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 ([7]), um framleiddu vörurnar.

8) Til að einfalda málsmeðferðarreglur, einkum í tengslum við árlega skýrslugjöf um starfsemisstig síðari aðlaganir á úthlutun án endurgjalds í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1842 ([8]), ætti að gefa skýrslu um gögn fyrir allar undirstöðvar, þ.m.t. litlar undirstöðvar, sem grundvöll fyrir seinni aðlaganir á úthlutun án endurgjalds.

9) Til að hvetja til rafvæðingar iðnaðarferla til að draga verulega úr losun frá slíkum ferlum er nauðsynlegt að fjarlægja reglur um skiptanleika eldsneytis og raforku. Af þessum sökum ættu mikið eða að öllu leyti rafvædd ferli sem falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir að njóta góðs af úthlutun án endurgjalds á sama hátt og ferli með mikilli beinni losun. Þess vegna ætti að ákvarða fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds án tillits til hlutfalls beinnar og óbeinnar losunar fyrir stöðvar sem falla undir sömu viðmiðunina. Þótt úthlutun án endurgjalds fyrir þessi ferli nái einnig yfir óbeina losun þýðir það ekki endilega að brugðist hafi verið við á fullnægjandi hátt við áhættu á kolefnisleka sem ákvörðuð er í samræmi við 6. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB varðandi þessi ferli. Óbeinn kostnaður sem færist á notendur raforku getur verið breytilegur með hliðsjón af raforkusamsetningu á viðkomandi landfræðilegu svæði. Öll úthlutun án endurgjalds sem veitt er vegna óbeinnar losunar frá rafveiddum ferlum ætti ekki að hafa áhrif á möguleikann á að fá uppbót fyrir óbeinan kostnað í samræmi við 6. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB. Einnig ættu fjárhagsráðstafanir til að bæta upp fyrir óbeinan kostnað sem er velt út í raforkuverð ekki að bæta upp fyrir sama óbeina kostnaðinn sem fellur undir úthlutun án endurgjalds. Til að ákvarða raforkuviðmiðanir þykir rétt að afla gagna um raforkunotkun fyrir vöruviðmiðanir sem skipta máli.

10) Til að hvetja frekar til þess að endurheimta varma frá undirstöðvum með eldsneytisviðmiðun og undirstöðvum með losun frá vinnslu ætti slíkur varmi að vera hæfur til úthlutunar án endurgjalds auk úthlutunar á grundvelli eldsneytisnotkunar og losunar frá vinnslu. Líta ætti svo á að áhættan á tvítalningu hafi verið minnkuð með uppfærslu á gildi eldsneytisviðmiðunar og margfaldara sem beitt er á losun frá vinnslu í samræmi við e-lið 2. mgr. 16. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331.

11) Til að lágmarka stjórnsýsluálag fyrir rekstraraðila ætti að fella upplýsingar um loftslagshlutleysisáætlanir inn í gildandi framkvæmdarráðstafanir á landsvísu sem eru grundvöllur til að reikna út úthlutun án endurgjalds.

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/956 frá 10. maí 2023 um að koma á fót aðlögunarkerfi við landamæri vegna kolefnis (Stjtíð. ESB L 130, 16.5.2023, bls. 52).

([7]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 frá 23. júlí 1987 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána (Stjtíð. EB L 256, 7.9.1987, bls. 1).

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1842 frá 31. október 2019 um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar frekari ráðstafanir til að aðlaga úthlutanir losunarheimilda án endurgjalds vegna breytinga á starfsemisstigi (Stjtíð. ESB 282, 4.11.2019, bls. 20).

12) Til að verðlauna þá sem skila bestum árangri og nýsköpun eru, með tilskipun 2003/87/EB, stöðvar þar sem losað magn gróðurhúsalofttegunda er undir meðalgildi 10% af skilvirkustu stöðvunum undir tiltekinni viðmiðun undanþegnar beitingu leiðréttingarstuðuls sem liggur þvert á atvinnugreinar. Þar eð viðmiðanir eru skilgreindar á stigi undirstöðva þykir rétt að virkja undanþáguna ef losað magn gróðurhúsalofttegunda minnst einnar undirstöðvar uppfyllir viðmiðunarmörkin, að því tilskildu að hlutdeild þeirrar undirstöðvar í heildarúthlutun án endurgjalds fyrir stöðina sé umtalsvert.

13) Til að auðvelda samræmda framkvæmd á aðlögun úthlutana og stöðvun starfsemi ætti að draga umframlosunarheimildir, sem rekstraraðili hefur ekki skilað á viðeigandi hátt, frá úthlutun án endurgjalds til viðkomandi rekstraraðila.

14) Til að tryggja að rekstraraðilar leiðrétti allt ósamræmi eða allar villur í skýrslum um grunngögn sem hafa áhrif á ákvörðun sögulegs starfsemisstigs ættu lögbær yfirvöld að tryggja að þessar villur eða þetta ósamræmi sé leiðrétt en ekki eingöngu að óska eftir leiðréttingum.

15) Til að tryggja að söguleg starfsemisstig séu, eins og unnt er, dæmigerð fyrir iðnaðarferli og til að draga úr áhrifum sérstakra aðstæðna, t.d. efnahagskreppna, ætti að reikna út þessi gildi með því að nota miðgildi starfsemisstigs á grunntímabilinu.

16) Til að tryggja samræmda og rétta beitingu reglnanna um úthlutun án endurgjalds þykir rétt að skýra nánar ákvörðunina á sögulegum starfsemisstigum í tilvikum þar sem undirstöð hóf aðeins venjulegan rekstur á grunntímabilinu. Í því tilliti ættu söguleg starfsemisstig að byggjast á starfsemi heilla almanaksára.

17) Úthlutun án endurgjalds vegna losunar frá vinnslu sem fellur ekki undir vöruviðmiðanir er reiknuð út frá sögulegri losun. Frá 2013 hefur úthlutun án endurgjalds verið veitt fyrir 97% af sögulegri losun. Til að hvetja til samdráttar í slíkri losun frá vinnslu og til að tryggja betri samræmingu við úthlutun án endurgjalds vegna losuna frá vinnslu sem fellur undir vöruviðmiðanir er nauðsynlegt að draga úr umfangi úthlutunar án endurgjalds vegna losunar frá vinnslu sem fellur ekki undir vöruviðmiðanir niður í 91%, sem jafngildir 0,3% árlegum samdrætti, sem lágmarksuppfærslutíðni sem beitt er á vörumiðmiðanir í samræmi við 2. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB. Lækkaði margföldunarstuðullinn ætti að gilda frá og með 1. janúar 2028 til að samræmast betur tímalínu fyrir nýtingu lausna til að draga úr losun frá vinnslu, t.d. föngun og geymsla kolefnis.

18) Til að tryggja að úthlutun án endurgjalds sé hætt smám saman fyrir vörur sem falla undir reglugerð (ESB) 2023/956 ætti að beita viðeigandi stuðli fyrir aðlögunarkerfi við landamæri vegna kolefnis, sem settur er fram í annarri undirgrein 1. mgr. a í 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, á bráðabirgðaúthlutun án endurgjalds fyrir undirstöðina sem um er að ræða. Hugsanlegar síðari breytingar á gildissviði aðlögunarkerfis við landamæri vegna kolefnis ásamt viðkomandi stuðli fyrir aðlögunarkerfi við landamæri vegna kolefnis sem komið var á með reglugerð (ESB) 2023/956 ættu að endurspeglast í því þegar á samsvarandi hátt er horfið smám saman frá úthlutun án endurgjalds.

19) Með tilskipun (ESB) 2023/959 fellur hugtakið raforkuframleiðendur frá 1. janúar 2026 og sértæk meðferð þeirra brott með tilliti til úthlutunar án endurgjalds úr viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir. Því er nauðsynlegt að fella brott tengd ákvæði í framseldri reglugerð (ESB) 2019/331 til samræmis við það.

20) Til að viðhalda jöfnum samkeppnisskilyrðum milli starfandi stöðva og nýrra aðila er nauðsynlegt að endurspegla breytingar á viðkomandi reglum fyrir nýja aðila að því er varðar söguleg starfsemisstig og úthlutun losunarheimilda án endurgjalds.

21) Til að veita frekari hvatningu til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda var ákvæði um skilyrði fyrir úthlutun án endurgjalds í tengslum við framkvæmd ráðstafana til umbóta í orkunýtni innleitt í þriðju undirgrein 1. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB sem bæta þarf við. Tilmæli í orkuúttektarskýrslum eða vottuðum orkustjórnunarkerfum, sem um getur í þriðju undirgrein 1. mgr. 10. gr. a í þeirri tilskipun, sem eiga við innan félags, þarf að staðfæra svo þau eigi einnig við innan stöðvar. Til að tryggja réttaröryggi ætti lögbært yfirvald eingöngu að taka tillit til þeirra tilmæla eins og þeim var komið í framkvæmd ef framkvæmd er lokið og sannprófandi hefur staðfest lokin. Til að vernda hvatann sem felst í innleiðingu skilyrðisins ætti að gefa stöð þann möguleika að endurheimta skerta úthlutun án endurgjalds eftir að hafa komið í framkvæmd ráðlögðum ráðstöfunum sem hluta af ársskýrslu um starfsemisstig og eftir framkvæmd á ráðlögðum ráðstöfunum hefur verið sannprófuð. Koma ætti á árlegu endurskoðunartímabili varðandi skilyrði fyrir

stöðvar, sem uppfylla ekki kröfur, sem fylgir skýrslugjöf um árlegt starfsemisstig. Rekstraraðilar stöðva sem uppfylla ekki skilyrðin og standa frammi fyrir 20% skerðingu á úthlutunum án endurgjalds ættu að leggja sannprófuð sönnunargögn fyrir lögbært yfirvald um framkvæmd á öllum ráðlögðum ráðstöfunum til að tryggja endurheimt úthlutunar án endurgjalds sem var skert vegna skilyrðis.

22) Í kjölfar innleiðingar á nýjum reglum um skilyrði fyrir úthlutun án endurgjalds í tengslum við loftslagshlutleysisáætlanir skv. 1. mgr. 10. gr. a og 4. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB skal bæta við stigum málsmeðferðar í tengslum við skilyrðin. Í samræmi við fimmtu undirgrein 1. mgr. 10. gr. a í þeirri tilskipun skulu rekstraraðilar koma á loftslagshlutleysisáætlunum eigi síðar en 1. maí 2024. Til að laga skilyrðið að gildandi málsmeðferð við úthlutun án endurgjalds ætti að leggja fram loftslagshlutleysisáætlanir eigi síðar en 30. maí 2024 eða eins og við á með hliðsjón af öðrum fresti sem aðildarríki setja fyrir framlagningu slíkra umsókna. Í samræmi við 1. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB eru stöðvar sem þetta skilyrði varðar þær sem losa meira magn gróðurhúsalofttegunda en 80. hundraðshlutamarkið af losunargildum fyrir viðeigandi vöruviðmiðanir á árunum 2016 og 2017. Í þeim tilgangi ætti að nota útreikning fyrir ákvörðun á endurskoðuðum viðmiðunargildum í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/447 ([9]). Þessi ákvörðun byggist á sannprófuðum upplýsingum um skilvirkni í tengslum við gróðurhúsalofttegundir fyrir stöðvar sem gefnar eru upp skv. 11. gr. tilskipunar 2003/87/EB fyrir árin 2016 og 2017. Þar eð viðmiðanir eru skilgreindar innan undirstöðvar þykir rétt að innleiða viðmiðunarmörk fyrir litlar undirstöðvar, en undir þeim gildir skilyrðið ekki, að því tilskildu að undirstöðin stuðli ekki að meira en 20% af samanlagðri bráðabirgðaúthlutun stöðvarinnar án endurgjalds.

23) Til að hvetja til og flýta fyrir samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda sem stafar af fjarhitun eru í 4. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB settar fram frekari reglur um skilyrði í tengslum við loftslagshlutleysisáætlanir ef um er að ræða fjarhitunarstöðvar. Af því leiðir að stöðvar í viðskiptakerfi með losunarheimildir sem veita varma til fjarhitunarkerfa geta sótt um viðbótarúthlutun án endurgjalds á tímabilinu frá 2026 til 2030. Til að veita rekstraraðilum fjarhitunarundirstöðva sem sækja um viðbótarúthlutun án endurgjalds vissu um frekari skilyrði varðandi umtalsverðan árangur að því er varðar samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2030 ætti að festa gildi viðbótarúthlutunar án endurgjalds fyrir stærð fjárfestingar sem gera skal. Til að viðhalda samræmi ætti að nota kolefnisverð sem er notað við ákvörðun á peningagildi þessara losunarheimilda á svipaðan hátt og í 3. mgr. 10. c í tilskipun 2003/87/EB. Til að veita skýrleika um umfang og tegund fjárfestingar sem krafist er af rekstraraðilum og til að tryggja jafna meðferð fyrir allar stöðvar sem um er að ræða ætti að koma á umtalsverðum samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda með því að nota línulegan feril meðaltals línulega samdráttarstuðulsins á tímabilinu milli miðpunkts grunntímabilsins 2019–2023, þ.e. 2021, og 2030, í samræmi við 9. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Þessi aðferð leiðir til sömu kröfu um samdrátt fyrir alla viðkomandi rekstraraðila fjarhitunar og útheimtir ekki að fastsetja stöðvarbundin samdráttarhlutföll.

24) Til að vernda hvatann sem felst í tvöfalda skilyrðinu og til að komast hjá ósanngjörnum afleiðingum ættu skilyrðið um úthlutun án endurgjalds í tengslum við framkvæmd ráðstafana til umbóta í orkunýtni og skilyrðið um úthlutun án endurgjalds að því er varðar loftslagshlutleysisáætlanir ekki að safnast upp. Þetta þýðir að samdráttur um 20% í úthlutun án endurgjalds ætti að gilda ef eitt eða bæði skilyrðin eru ekki uppfyllt samkvæmt þriðju og fimmtu undirgrein 1. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.

25) Í samræmi við 4. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB er í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2441 ([10]) sett fram lágmarksinnihald og snið loftslagshlutleysisáætlana. Einnig þykir rétt að endurskoða loftslagshlutleysisáætlanir með reglulegu millibili til að gera það kleift að endurskoða millimarkmið og áfanga og skipta þeim út með tilliti til nýrrar tækni og samdráttar í losunar sem þegar hefur verið náð eða ekki náð, eins og skilgreint er fyrir hvert sannprófunartímabil árið 2025 og á fimm ára fresti eftir það, svo lengi sem þær henta áfram markmiðinu um loftslagshlutleysi eins og skilgreint er í 2. gr. reglugerðar (ESB) 2021/119.

([9]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/447 frá 12. mars 2021 um að ákvarða endurskoðuð viðmiðunargildi fyrir úthlutun losunarheimilda án endurgjalds fyrir tímabilið frá 2021 til 2025 skv. 2. mgr. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtíð ESB L 87, 15.3.2021, bls. 29).

([10]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2441 frá 31. október 2023 um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar innihald og snið loftslagshlutleysisáætlana sem þörf er á vegna úthlutunar losunarheimilda án endurgjalds (Stjtíð. ESB L, 2023/2441, 3.11.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/2441/oj).

26) Í þágu gagnsæis ættu lögbær yfirvöld að birta loftslagshlutleysisáætlanir. Birting loftslagshlutleysisáætlana eykur vitund um og skilning á samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda innan stöðvar. Til að vernda viðkvæmar viðskiptaupplýsingar ætti að gera rekstraraðilum stöðva kleift að óska eftir því að fá að eyða tilteknum atriðum, sem eru viðskiptalega viðkvæm, úr þeirri útgáfu loftslagshlutleysisáætlana sem á að gera aðgengilega öllum. Rökstyðja ætti slíkar beiðnir tilhlýðilega.

27) Til að auðvelda framkvæmd reglna um samruna og uppskiptingu stöðva og með tilliti til sérstakra eiginleika viðkomandi stöðva í ljósi reglna um úthlutun án endurgjalds þykir rétt að veita meiri sveigjanleika til að ná yfir rökstudd tilvik mismunandi umfang úthlutana fyrir og eftir samruna eða uppskiptingu með því að fella brott kröfuna um að fjöldi úthlutana skuli vera sá sami eftir samruna eða uppskiptingu.

28) Til að komast hjá órökstuddri úthlutun án endurgjalds til stöðva sem eru ekki lengur í rekstri ætti ekki að veita úthlutun án endurgjalds fyrir hluta almanaksársins eftir daginn sem reksturinn stöðvaðist.

29) Til að hvetja enn frekar til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og bæta orkunýtni og til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrir nýja og núverandi tækni er í tilskipun 2003/87/EB kveðið á um að endurskoða fyrirframákveðnar viðmiðanir sem hafa verið ákvarðaðar á vettvangi Sambandsins með það fyrir augum að breyta mögulega skilgreiningum og kerfismörkum fyrirliggjandi vöruviðmiðana. Þessi endurskoðun hefur verið gerð og greindur var fjöldi viðmiðana þar sem innleiða ætti breytingar á skilgreiningum og kerfismörkum til að veita slíka viðbótarhvata eða tæknilegar skýringar.

30) Í kjölfar endurskoðunarinnar, til að hvetja til lágkolefnistækni fyrir framleiðslu á vörum úr köggluðu járngrýti sem mötunarefni fyrir fyrstu framleiðslu á stáli og til að huga að þörfum grænnar stáltækni, þykir rétt að opna viðmiðunina fyrir glætt málmgrýti fyrir staðgönguvörum. Til að hámarka hvatann ætti að halda merkingu viðmiðunarinnar og skilgreiningum varanna sem falla undir hana og kerfismarka tæknilega hlutlausum.

31) Í kjölfar endurskoðunarinnar, til að hvetja til lág- og núllkolefnistækni fyrir fyrstu framleiðslu á stáli og til að skapa jöfn samkeppnisskilyrði fyrir núverandi háofnaleið sem byggist á koksi og beina samdráttartækni, ætti að breyta viðmiðuninni fyrir heitan málm með tilliti til viðbóta við skilgreiningar á vörum sem falla undir hana og á kerfismörkum.

32) Í kjölfar endurskoðunarinnar, til að hvetja til lágkolefnistækni fyrir framleiðslu á annars konar vatnshverfum bindiefnum sem staðgöngukosti fyrir hvítt og grátt sementsgjall, þykir rétt að opna viðmiðanirnar fyrir hvítt og grátt sementsgjall fyrir staðgönguvörum. Vörur sem falla undir aðrar vöruviðmiðanir og aukaafurðir eða úrgangur sem verða til úr öðrum ferlum ættu ekki að teljast með til að komast hjá óþarfa úthlutun.

33) Í kjölfar endurskoðunarinnar, til að auðvelda samræmda framkvæmd reglna um úthlutun án endurgjalds með tilliti til meðhöndlunar á losun frá koltvísýringshvarftönkum fyrir viðmiðunina fyrir sóda, ætti að skýra nánar að þessi ferli falli undir kerfismörkin fyrir þá vöruviðmiðun.

34) Í kjölfar endurskoðunarinnar, til að komast hjá tvítalningu með tilliti til úthlutunar án endurgjalds til framleiðslu á stáli úr frauðjárni og til að tryggja að vöruviðmiðanir fyrir heitan málm, kolstál úr rafknúnum ljósbogaofnum og mikið blandað stál úr rafknúnum ljósbogaofnum skarist ekki, er nauðsynlegt að undanskilja stál sem er framleitt úr frauðjárni frá skilgreiningunni á viðmiðunum fyrir kolstál úr rafknúnum ljósbogaofnum og mikið blandað stál úr rafknúnum ljósbogaofnum.

35) Í kjölfar endurskoðunarinnar, til að hvetja til lág- og núllkolefnistækni fyrir framleiðslu á vetni og til að skapa jöfn samkeppnisskilyrði fyrir núverandi og nýja tækni eins og vatnsrafgreiningu, var með tilskipun (ESB) 2023/959 lýsing á starfsemi fyrir framleiðslu á vetni rýmkuð þannig að hún nái yfir framleiðslu á grænu vetni og framleiðsluviðmiðunarmörkin voru lækkuð. Breyta ætti vöruviðmiðuninni fyrir vetni til samræmis við það. Þó ættu rafgreiningarferli þar sem vetni er aukaafurð ekki að njóta góðs af úthlutun án endurgjalds samkvæmt viðmiðuninni fyrir vetni eða ammoníak, þar eð þessi tækni er ekki ný og þjónar öðrum megintilgangi en vetnisframleiðslu. Til að skýra frekar reglurnar um úthlutun án endurgjalds þykir rétt að undanskilja sérstaklega vetni sem er notað við framleiðslu á ammoníaki frá vöruviðmiðun fyrir vetni.

36) Í kjölfar endurskoðunarinnar, til að samræma frekar framkvæmd reglna fyrir úthlutun án endurgjalds fyrir framleiðslu á kalki og brenndu dólómíti og til að tryggja samkvæmni við árlega skýrslugjöf um losun, þykir rétt að fella brott tilvísanirnar í varfærnisleg möt varðandi innihald óbundins kalsíumoxíðs og magnesíumoxíðs.

37) Til að endurspegla betur orkukræfni framleiðslu á blöndum etýlenoxíðs og etýlenglýkóls og samsetningu gasblandna vetnis og kolsýrings þykir rétt að aðlaga útreikning á sögulegu starfsemisstigi fyrir vöruviðmiðanir fyrir etýlenoxíð/etýlenglýkól og vetni.

38) Til að endurspegla breytingarnar á úthlutunarreglum, þ.m.t. endurskoðun á vöruviðmiðunum, innleiðingu á skilyrði um úthlutun án endurgjalds og það að hætta smám saman úthlutun án endurgjalds vegna aðlögunarkerfis við landamæri vegna kolefnis, ætti að aðlaga gildissvið fyrir gagnaöflun í tengslum við umsóknir um úthlutun án endurgjalds til samræmis við það. Svipaðar breytingar eru nauðsynlegar varðandi lágmarksinnihald áætlunar um aðferðafræði við vöktun.

39) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2019/331 til samræmis við það.

40) Breytingarnar sem settar eru fram í þessari reglugerð ættu að gilda um úthlutun sem varðar tímabilið frá 1. janúar 2024. Til að draga úr óþarfa stjórnsýsluálagi og til að tryggja fyrirsjáanleika umfangs úthlutunar án endurgjalds fyrir nýja aðila, sem hafa lagt umsóknir um úthlutun án endurgjalds fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 31. desember 2023 og starfandi stöðvar, ættu þó ákvæði viðvíkjandi skilgreiningum á viðmiðunum, sorpbrennsluofnum, aðlögunarkerfum við landamæri vegna kolefnis, litlum undirstöðvum, skiptanleika eldsneytis og raforku, endurheimt á varma frá undirstöðvum með eldsneytisviðmiðun og undirstöðvum með losun frá vinnslu, sögulegu starfsemisstigi fyrir starfandi stöðvar, úthlutun til stöðva fyrir starfandi stöðvar, úthlutun fyrir losun frá vinnslu sem fellur ekki undir vöruviðmiðanir, fjarlægingu hugtaksins raforkuframleiðendur og úthlutun að því er varðar gufusundrun og vínýlklóríðeinliðu að gilda um úthlutanir fyrir tímabilið frá 1. janúar 2026. Breytingarnar ættu ekki að hafa áhrif á úthlutun án endurgjalds fyrir tímabilið til 31. desember 2025. Til að tryggja jafna meðferð og jöfn samkeppnisskilyrði fyrir nýja aðila með mismunandi umsóknardagsetningum um úthlutun ætti að innleiða sértækar umsóknarreglur. Að því er varðar nýja aðila sem lögðu fram umsóknir um úthlutun án endurgjalds 1. janúar 2024 eða seinna ættu breytingarnar á framseldri reglugerð (ESB) 2019/331 að gilda um umsóknir er varða tímabilið frá 1. janúar 2024 en fyrir úthlutanir er varða tímabilið til 31. desember 2023 gildir reglugerðin í þeirri útgáfu sem var í gildi 31. desember 2023.

41) Þar eð úthlutun án endurgjalds er reiknuð út á grundvelli heilla almanaksára og flestar breytingar á tilskipun 2003/87/EB, sem voru innleiddar með tilskipun (ESB) 2023/959, gilda frá og með 1. janúar 2024, ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2024.

42) Reglugerð þessi ætti að öðlast gildi eins fljótt og auðið er þar eð þess er krafist að rekstraraðilar fari að reglunum í henni um skýrslugjöf um grunngögn frá og með apríl, maí eða júní 2024, eins og krafist er með 1. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framseldri reglugerð (ESB) 2019/331 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3) „undirstöð með varmaviðmiðun“: ílag, frálag og samsvarandi losun sem fellur ekki undir undirstöð með vöruviðmiðun, í tengslum við framleiðslu mælanlegs varma eða innflutning mælanlegs varma frá stöð sem fellur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, að undanskildum stöðvum sem falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir eingöngu að því er varðar 14. og 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB, eða bæði, sem er:

a) notaður innan marka stöðvarinnar við framleiðslu á vörum, framleiðslu á vélrænni orku, annarri en þeirri sem notuð er til raforkuframleiðslu, til hitunar eða kælingar, annarri en þeirri sem er notuð til raforkuframleiðslu, eða

b) fluttur út til stöðvar eða annarrar einingar sem fellur ekki undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, að fjarhitun undanskilinni, að undanskildum útflutningi til raforkuframleiðslu“.

b) Í stað 6. liðar kemur eftirfarandi:

„6) „undirstöð með eldsneytisviðmiðun“: ílag, frálag og samsvarandi losun, sem fellur ekki undir undirstöð með vöruviðmiðun, í tengslum við framleiðslu á ómælanlegum varma með brennslu eldsneytis eða frá raforku, þar sem megintilgangurinn er varmaframleiðsla, til framleiðslu á vörum, framleiðslu á vélrænni orku, annarri en þeirri sem notuð er til raforkuframleiðslu, til hitunar eða kælingar, annarri en þeirri sem notuð er til raforkuframleiðslu, þ.m.t. brennsla gass í afgasloga af öryggisástæðum“.

2) Ákvæðum 2. mgr. 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi lið er bætt við:

„ba) þar sem við á, loftslagshlutleysisáætlunin í samræmi við fimmtu undirgrein 1. mgr. 10. gr. a og 4. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB“.

b) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) sannprófunarskýrsla sem gefin er út í samræmi við ráðstafanir sem voru samþykktar skv. 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB um skýrslu um grunngögn.“

3) Í stað 6. gr. kemur eftirfarandi:

„6. gr.

Rekstraraðili stöðvar, sem sækir um eða hlýtur úthlutun án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, skal vakta gögnin sem á að leggja fram, eins og tilgreint er í IV. viðauka við þessa reglugerð, á grundvelli áætlunar um aðferðafræði við vöktun sem lögbært yfirvald samþykkir.“

4) Ákvæðum 10. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„2a. Fyrir undirstöðvar með vöruviðmiðun skal rekstraraðilinn, ef við á, gera skýran greinarmun, á grundvelli SN-númera og leggja fram gögn sem lögbæra yfirvaldið telur fullnægjandi, á því hvort viðkomandi ferli varðar vörur sem eru tilgreindar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/956 (*) eða ekki.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/956 frá 10. maí 2023 um að koma á fót aðlögunarkerfi við landamæri vegna kolefnis (Stjtíð. ESB L 130, 16.5.2023, bls. 52, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/956/oj).“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Að því er varðar undirstöðvar með varmaviðmiðun, undirstöðvar með eldsneytisviðmiðun og undirstöðvar með losun frá vinnslu skal rekstraraðili gera skýran greinarmun, á grundvelli atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins og kóða í vöruskrá ESB, á því hvort viðkomandi ferli varðar geira eða undirgeira sem telst vera í áhættu á kolefnisleka eins og það er ákvarðað í samræmi við 5. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB. Að auki skal rekstraraðili gera greinarmun á magni mælanlegs varma sem er fluttur út til fjarhitunar og mælanlegum varma sem varðar ekki geira eða undirgeira sem telst vera í áhættu á kolefnisleka eins og það er ákvarðað í samræmi við 5. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB.

Auk þess skal rekstraraðilinn gera skýran greinarmun, á grundvelli SN-númera og leggja fram gögn sem lögbæra yfirvaldið telur fullnægjandi, á því hvort viðkomandi ferli varðar framleiðslu vara sem eru tilgreindar í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/956 eða ekki.“

c) Ákvæðum 4. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrstu undirgreinar kemur eftirfarandi:

Ef stöð, sem fellur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, hefur framleitt og flutt út mælanlegan varma til stöðvar eða annarrar einingar sem fellur ekki undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skal rekstraraðilinn gera ráð fyrir að viðkomandi ferli undirstöðvar með varmaviðmiðun í tengslum við þennan varma varði ekki geira eða undirgeira, sem telst vera í áhættu á kolefnisleka eins og það er ákvarðað í samræmi við 5. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB, nema rekstraraðilinn leggi fram gögn, sem lögbæra yfirvaldið telur fullnægjandi, um að notandi mælanlega varmans tilheyri geira eða undirgeira sem telst vera í áhættu á kolefnisleka, eins og það er ákvarðað í samræmi við 5. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB.“

ii. Eftirfarandi þriðju undirgrein er bætt við:

„Ef stöð, sem fellur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, hefur framleitt og flutt út mælanlegan varma til stöðvar eða annarrar einingar sem fellur ekki undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skal rekstraraðilinn auk þess leggja fram gögn um magn mælanlegs varma sem er notaður til að framleiða vörur sem eru tilgreindar í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/956. Sá varmi skal talinn notaður til framleiðslu á vörum, sem tilgreindar eru í I. viðauka við þá reglugerð, nema rekstraraðilinn leggi fram fyrrgreind gögn sem lögbæra yfirvaldið telur fullnægjandi.“

d) Ákvæðum 5. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) að því er varðar allan mælanlegan varma sem er framleiddur, fluttur inn eða fluttur út í undirstöðvum er skjalfest hvort mælanlegi varminn var framleiddur í stöð sem fellur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, fluttur inn frá annarri varmaframleiðslu, fluttur inn frá einingum utan viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir eða fluttur inn frá stöðvum sem falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir eingöngu að því er varðar 14. og 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB“.

ii. Ákvæði f-liðar falla brott.

iii. Í stað j-liðar kemur eftirfarandi:

„j) til að komast hjá tvítalningu eru vörur úr vinnsluferli, sem er skilað inn í sama vinnsluferlið, dregnar frá árlegu starfsemisstigi í samræmi við skilgreiningar á vörum sem mælt er fyrir um í I. viðauka“.

iv. Ákvæði k-liðar falla brott.

5) Ákvæðum 14. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Skrá skv. 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal lögð fyrir framkvæmdastjórnina með því að nota rafrænt sniðmát sem framkvæmdastjórnin lætur í té og þar skal auðkenna allar stöðvar sem falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, þ.m.t. stöðvar sem falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir eingöngu að því er varðar 14. og 15. gr. þeirrar tilskipunar, litlar stöðvar sem má undanskilja frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skv. 27. gr. og 27. gr. a í þeirri tilskipun og stöðvar sem koma til með að falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skv. 24. gr. þeirrar tilskipunar.“

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) auðkenningu á stöðinni og mörkum hennar með því að nota auðkenniskóða stöðvarinnar í skrá Sambandsins“.

ii. Eftirfarandi liðum er bætt við:

„da) mat lögbærs yfirvalds á samdrætti í úthlutun án endurgjalds um 20% í samræmi við 22. gr. a og 1. lið 22. gr. b, eftir atvikum,

db) uppfyllingu skilyrða í tengslum við 30% úthlutun án endurgjalds til viðbótar skv. 3. lið 22. mgr. b, eftir atvikum“.

iii. Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:

„e) fyrir hverja undirstöð, upplýsingar um hvort hún tilheyrir geira eða undirgeira sem telst vera í áhættu á kolefnisleka, eins og það er ákvarðað í samræmi við 5. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB, þ.m.t., eftir atvikum, kóði framleiddra vara í vöruskrá ESB“.

iv. Eftirfarandi lið er bætt við:

„ea) fyrir hverja undirstöð, upplýsingar um hvort framleiddu vörurnar séu tilgreindar í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/956, með því að nota SN-númer framleiddu varanna, eftir atvikum“.

c) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Þegar bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds fyrir viðkomandi úthlutunartímabil, eru tilkynntar skal framkvæmdastjórnin ákvarða alla stuðla sem komið er á skv. 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB með því að bera summu bráðabirgðatalna yfir árlegan fjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds til stöðva á hverju ári á viðkomandi úthlutunartímabili með því að beita stuðlunum sem eru ákvarðaðir í V. viðauka við þessa reglugerð, saman við árlegan fjölda losunarheimilda sem er reiknaður út í samræmi við 5. mgr. og 5. mgr. a í 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB fyrir stöðvar, að teknu tilliti til viðkomandi hlutdeildar í árlegum heildarfjölda innan Sambandsins eins og það er ákvarðað skv. 1. mgr. 10. gr. og 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, ásamt undanþágunni fyrir 10% af skilvirkustu undirstöðvunum eins og ákvarðað er samkvæmt annarri undirgrein 8. mgr. 16. gr. þessarar reglugerðar. Við ákvörðunina skal taka tillit til innfærslna skv. 24. gr. tilskipunar 2003/87/EB og útilokana skv. 27. gr. og 27. gr. a í þeirri tilskipun, eins og við á.“

d) Í stað 8. mgr. kemur eftirfarandi:

„8. Hvert aðildarríki skal, sé þess óskað, gera skýrslur og áætlanir sem berast á grundvelli 2. mgr. 4. gr. aðgengilegar framkvæmdastjórninni.“

e) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„9. Aðildarríki skulu tryggja að umframlosunarheimildum sem er úthlutað til rekstraraðila sé skilað á tilhlýðilegan hátt. Ef rekstraraðilar skila ekki umframlosunarheimildum skal lögbært yfirvald óska eftir því að landsbundinn skrárstjórnandi dragi þann fjölda umframlosunarheimilda frá fjölda losunarheimilda sem rekstraraðilinn fær úthlutað. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar beiðnir.“

6) Ákvæðum 15. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríki skulu leggja mat á skýrslur um grunngögn og sannprófunarskýrslur sem lagðar eru fram í samræmi við 2. mgr. 4. gr. til að tryggja að farið sé að kröfunum í þessari reglugerð. Eftir því sem við á skal lögbært yfirvald tryggja að rekstraraðilar leiðrétti öll frávik eða villur sem hafa áhrif á ákvörðun sögulegs starfsemisstigs. Lögbæru yfirvaldi er heimilt að fara fram á að rekstraraðilar leggi fram fleiri gögn til viðbótar við upplýsingarnar og skjölin sem skal láta í té í samræmi við 2. mgr. 4. gr.“

b) Í stað 3. til 8. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Vörutengt, sögulegt starfsemisstig skal, að því er varðar hverja vöru sem vöruviðmiðun hefur verið ákveðin fyrir eins og um getur í I. viðauka, vísa til miðgildis árlegrar, sögulegrar framleiðslu á þeirri vöru í viðkomandi stöð á grunntímabilinu.

4. Varmatengt sögulegt starfsemisstig skal vísa til miðgildis árlegs sögulegs innflutnings frá stöð sem fellur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, að undanskildum stöðvum sem falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir eingöngu að því er varðar 14. og 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB, og/eða framleiðslu á nettó mælanlegum varma á grunntímabilinu, sem er notaður innan marka stöðvarinnar til vöruframleiðslu, framleiðslu á vélrænni orku, annarri en þeirri sem notuð er til raforkuframleiðslu, til hitunar eða kælingar, að undanskilinni notkun til raforkuframleiðslu, eða fluttur út til stöðvar eða annarrar einingar, sem fellur ekki undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, að undanskildum útflutningi til raforkuframleiðslu, gefið upp í terajúlum á ári.

Fjarhitunartengt sögulegt starfsemisstig skal vísa til miðgildis árlegs sögulegs innflutnings frá stöð sem fellur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, að undanskildum stöðvum sem falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir eingöngu að því er varðar 14. og 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB, og/eða framleiðslu á mælanlegum varma á grunntímabilinu, sem er fluttur út til fjarhitunar, gefið upp í terajúlum á ári.

5. Eldsneytistengt, sögulegt starfsemisstig skal vísa til miðgildis árlegrar, sögulegrar notkunar á orku, þar sem megintilgangurinn er framleiðsla á ómælanlegum varma sem er notaður til vöruframleiðslu, framleiðslu á vélrænni orku, annarri en þeirri sem notuð er til framleiðslu á raforku, til hitunar eða kælingar, að undanskilinni notkun til raforkuframleiðslu, og þ.m.t. brennsla gass í afgasloga af öryggisástæðum, á grunntímabilinu, gefið upp í terajúlum á ári.

6. Að því er varðar losun frá vinnslu í tengslum við vöruframleiðslu í viðkomandi stöð á grunntímabilinu skal vinnslutengt sögulegt starfsemisstig vísa til miðgildis árlegrar, sögulegrar losunar frá vinnslu, gefið upp í tonnum af koltvísýringsígildi.

7. Í því skyni að ákvarða miðgildin, sem um getur í 3. til 6. mgr., skal einungis taka mið af almanaksárum þar sem viðkomandi stöð hefur verið í rekstri í a.m.k. einn dag.

Hafi undirstöð verið í rekstri skemur en í tvö almanaksár á viðkomandi grunntímabili skal sögulegt starfsemisstig vera starfsemisstigið á fyrsta almanaksárinu í rekstri eftir almanaksárið sem venjulegur rekstur þessarar undirstöðvar hófst.

Hafi undirstöð verið í rekstri skemur en eitt almanaksár eftir upphaf venjulegs rekstrar á grunntímabilinu skal ákvarða sögulegt starfsemisstig þegar skýrsla um starfsemisstigið fyrir fyrsta almanaksárið eftir almanaksárið, sem venjulegur rekstur hófst, hefur verið lögð fram.

8. Þrátt fyrir 3. mgr. skulu aðildarríki ákvarða vörutengt, sögulegt starfsemisstig fyrir vörur sem vöruviðmiðanirnar, sem um getur í III. viðauka, gilda um á grundvelli miðgildis árlegrar, sögulegrar framleiðslu samkvæmt formúlunum sem settar eru fram í þeim viðauka.“

7) Ákvæðum 16. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Þegar rekstraraðili starfandi stöðvar hefur lagt fram gilda umsókn um úthlutun án endurgjalds í samræmi við 4. gr. skal viðkomandi aðildarríki reikna fjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds frá og með árinu 2021, fyrir hvert ár á grundvelli gagnanna sem er safnað í samræmi við 14. gr., að því er varðar fyrsta úthlutunartímabilið og á fimm ára fresti eftir það.“

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) fyrir undirstöðvar með eldsneytisviðmiðun skulu bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds á tilteknu ári samsvara gildi eldsneytisviðmiðunar fyrir viðkomandi fimm ára tímabil, sem er samþykkt í samræmi við 2. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, sem hefur verið margfaldað með eldsneytistengdu, sögulegu starfsemisstigi fyrir orkuna sem notuð er.“

ii. Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:

„e) fyrir undirstöðvar með losun frá vinnslu skulu bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds á tilteknu ári samsvara vinnslutengdu, sögulegu starfsemisstigi, margfaldað með 0,97 fyrir árin til 31. desember 2027 og með 0,91 fyrir árið 2028 og áfram.“

c) Í stað fyrstu undirgreinar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„Að því er varðar 4. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB skal nota stuðlana, sem eru ákvarðaðir í V. viðauka við þessa reglugerð, í tengslum við bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds til hverrar undirstöðvar skv. 2. mgr. þessarar greinar fyrir viðkomandi ár ef ferlin í þessum undirstöðvum varða geira eða undirgeira, sem teljast ekki vera í áhættu á kolefnisleka, eins og það er ákvarðað í samræmi við 5. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB.“

d) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Þegar ferlin í undirstöðvunum, sem um getur í 2. mgr., varða geira eða undirgeira sem teljast vera í áhættu á kolefnisleka, eins og það er ákvarðað í samræmi við 5. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB, skal stuðullinn sem er notaður vera 1.“

e) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„4a) Þegar ferlin í undirstöðvum sem um getur í 2. mgr. varða framleiðslu vara sem eru tilgreindar í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/956 skal margfalda bráðabirgðatölu yfir árlegan fjölda losunarheilmilda sem er úthlutað án endurgjalds fyrir hverja undirstöð skv. 2. mgr. fyrir viðkomandi ár með viðeigandi stuðli fyrir aðlögunarkerfið við landamæri vegna kolefnis sem settur er fram í annarri undirgrein 1. mgr. a í 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.“

f) Í stað 8. mgr. kemur eftirfarandi:

„8. Endanlegur árlegur fjöldi losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds fyrir hverja starfandi stöð skal vera bráðabirgðatala yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds fyrir hverja stöð eins og ákvarðað er í samræmi við 6. mgr. þessarar greinar, margfaldað með stuðlinum sem er ákvarðaður í samræmi við 6. mgr. 14. gr. þessarar reglugerðar.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skal endanlegur árlegur fjöldi losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds vera 100% af bráðabirgðatölu yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds fyrir hverja stöð þar sem undirstöðvar með losað magn gróðurhúsalofttegunda undir meðalgildi 10% af skilvirkustu undirstöðvunum fyrir viðkomandi viðmiðanir á tímabilinu, sem um getur í c-lið þriðju undirgreinar 2. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, ná yfir meira en 60% af bráðabirgðatölu yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds fyrir þessa stöð.“

8) Í stað a- til f-liðar 17. gr. kemur eftirfarandi:

„a) fyrir hverja vöru sem vöruviðmiðun hefur verið ákvörðuð fyrir, eins og um getur í I. viðauka við þessa reglugerð eða skv. 24. gr. tilskipunar 2003/87/EB, skal vörutengt, sögulegt starfsemisstig vera starfsemisstigið á fyrsta almanaksárinu eftir almanaksárið sem venjulegur rekstur hófst, að því er varðar framleiðslu viðkomandi undirstöðvar á þessari vöru,

b) varmatengt sögulegt starfsemisstig skal vera starfsemisstigið á fyrsta almanaksárinu eftir almanaksárið sem venjulegur rekstur hófst fyrir innflutning frá stöð, sem fellur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, að undanskildum stöðvum sem falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir eingöngu að því er varðar 14. og 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB, og/eða framleiðslu á mælanlegum varma sem er notaður innan marka stöðvarinnar til vöruframleiðslu, til framleiðslu á vélrænni orku, annarri en þeirri sem notuð er til raforkuframleiðslu, til hitunar eða kælingar, að undanskilinni notkun til raforkuframleiðslu, eða fluttur út til stöðvar eða annarrar einingar, sem fellur ekki undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, að undanskildum útflutningi til raforkuframleiðslu,

c) fyrir innflutning frá stöð sem fellur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, að undanskildum stöðvum sem falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir eingöngu að því er varðar 14. og 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB, og/eða framleiðslu á mælanlegum varma, sem er fluttur út til fjarhitunar, skal fjarhitunartengt sögulegt starfsemisstig vera starfsemisstigið á fyrsta almanaksárinu eftir almanaksárið sem venjulegur rekstur hófst,

d) eldsneytistengt sögulegt starfsemisstig skal vera starfsemisstigið á fyrsta almanaksárinu eftir almanaksárið sem venjulegur rekstur hófst fyrir notkun á orku þar sem megintilgangurinn er framleiðsla á ómælanlegum varma til vöruframleiðslu, til framleiðslu á vélrænni orku, annarri en þeirri sem notuð er til raforkuframleiðslu, til hitunar eða kælingar, að undanskilinni notkun til framleiðslu á raforku, þ.m.t. brennsla gass í afgasloga af öryggisástæðum, í viðkomandi stöð,

e) starfsemisstig í tengslum við losun frá vinnslu skal vera starfsemisstigið á fyrsta almanaksárinu eftir almanaksárið sem venjulegur rekstur hófst að því er varðar framleiðslu vinnslueiningarinnar á losun frá vinnslu,

f) þrátt fyrir a-lið skal vörutengt, sögulegt starfsemisstig fyrir vörur sem vöruviðmiðunin, sem um getur í III. viðauka, gildir um vera starfsemisstig fyrsta almanaksársins eftir almanaksárið sem venjulegur rekstur hófst fyrir framleiðslu á þessari vöru í viðkomandi undirstöð, ákvarðað með því að nota reiknireglurnar sem settar eru fram í þeim viðauka.“

9) Ákvæðum 1. mgr. 18. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi kemur í stað b-liðar fyrstu undirgreinar:

„b) fyrir hverja undirstöð með losun frá vinnslu skulu bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds á tilteknu ári samsvara vinnslutengdu, sögulegu starfsemisstigi, margfaldað með 0,97 fyrir árin til 31. desember 2027 og með 0,91 fyrir árið 2028 og áfram.“

b) Í stað annarrar undirgreinar kemur eftirfarandi:

„Ákvæði 3. mgr., 4. mgr., 4. mgr. a, 5. mgr. og 7. mgr. 16. gr. skulu gilda að breyttu breytanda að því er varðar útreikninga á bráðabirgðatölum yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds til nýrra aðila.“

10) Í stað 19., 20. og 21. gr. kemur eftirfarandi:

„19. gr.

Úthlutun að því er varðar gufusundrun

Þrátt fyrir a-lið 2. mgr. 16. gr. og a-lið 1. mgr. 18. gr. skal bráðabirgðatala yfir árlegan fjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds fyrir undirstöð með vöruviðmiðun í tengslum við framleiðslu á hágæðaíðefnum, samsvara gildi vöruviðmiðunar fyrir gufusundrun fyrir viðkomandi úthlutunartímabil, margfaldað með sögulegu starfsemisstigi sem er ákvarðað í samræmi við III. viðauka. Við niðurstöðurnar úr þessum útreikningum skal bæta 1,78 tonnum af koltvísýringi á hvert tonn af vetni, margfaldað með miðgildi sögulegrar framleiðslu á vetni úr viðbótarhráefni, gefið upp sem tonn af vetni, 0,24 tonnum af koltvísýringi á hvert tonn af etýleni, margfaldað með miðgildi sögulegrar framleiðslu á etýleni úr viðbótarhráefni, gefið upp sem tonn af etýleni, og 0,16 tonnum af koltvísýringi á hvert tonn af hágæðaíðefnum, margfaldað með miðgildi sögulegrar framleiðslu á öðrum hágæðaíðefnum en vetni og etýleni úr viðbótarhráefni, gefið upp sem tonn af hágæðaíðefnum.

20. gr.

Úthlutun að því er varðar vínýlklóríðeinliðu

Þrátt fyrir a-lið 2. mgr. 16. gr. og a-lið 1. mgr. 18. gr. skulu bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds fyrir undirstöð í tengslum við framleiðslu á vínýlklóríðeinliðum, samsvara gildi vöruviðmiðunar fyrir vínýlklóríðeinliður fyrir viðkomandi úthlutunartímabil, margfaldað með sögulegu starfsemisstigi fyrir framleiðslu vínýlklóríðeinliða, gefið upp sem tonn og margfaldað með hlutfalli beinnar losunar frá framleiðslu á vínýlklóríðeinliðum, þ.m.t. losun frá innfluttum nettóvarma, reiknaður á grundvelli sögulegs innflutts nettóvarma, gefinn upp í terajúlum margfaldað með gildi varmaviðmiðunar fyrir viðkomandi úthlutunartímabil, á grunntímabilinu sem um getur í 2. mgr. 15. gr. eða á fyrsta almanaksári eftir almanaksárið sem venjulegur rekstur hófst og sem um getur í a-lið 17. gr., eins og við á, gefið upp sem tonn af koltvísýringsígildi og summa þessarar beinu losunar og vetnistengdrar losunar frá framleiðslu vínýlklóríðeinliða á grunntímabilinu sem um getur í 2. mgr. 15. gr. eða á fyrsta almanaksári eftir almanaksárið sem venjulegur rekstur hófst og sem um getur í a-lið 17. gr., eins og við á, gefið upp sem tonn af koltvísýringsígildi, reiknað út á grundvelli sögulegrar varmanotkunar sem stafar frá brennslu vetnis, gefið upp í terajúlum margfaldað með gildi varmaviðmiðunar fyrir viðkomandi úthlutunartímabil.

21. gr.

Varmastreymi milli stöðva

Ef undirstöð með vöruviðmiðun nær yfir mælanlegan varma sem er fluttur inn frá stöð eða annarri einingu sem fellur ekki undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, eða eingöngu að því er varðar 14. og 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB, skal bráðabirgðatalan yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds fyrir viðkomandi undirstöð með vöruviðmiðun, ákvarðað skv. a-lið 2. mgr. 16. gr. eða a-lið 1. mgr. 18. gr., eins og við á, lækkuð um sem nemur sögulegu magni af varma sem er flutt inn frá stöð eða annarri einingu sem fellur ekki undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, eða eingöngu að því er varðar 14. og 15. gr. þeirrar tilskipunar, á viðkomandi ári, margfaldað með gildi varmaviðmiðunar fyrir mælanlegan varma fyrir viðkomandi úthlutunartímabil.“

11) Ákvæði 22. gr. falla brott.

12) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„22. gr. a

Skilyrði um úthlutun án endurgjalds í tengslum við framkvæmd ráðstafana til umbótana í orkunýtni

1. Draga skal úr lokafjölda árlegra losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds, sem er ákvarðaður skv. 8. mgr. 16. gr. þessarar reglugerðar fyrir undirstöð sem um getur í þriðju undirgrein 1. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, um 20% í samræmi við 1. mgr. 10. gr. a í þeirri tilskipun ef rekstraraðili getur ekki sýnt lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að öllum tilmælum skv. 8. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB (*) hafi verið komið í framkvæmd.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skal enginn slíkur samdráttur gilda ef rekstraraðilinn getur sýnt lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að einhver af eftirfarandi skilyrðum gilda:

a) endurgreiðslutíminn fyrir viðkomandi fjárfestingar í tengslum við tilmæli er lengri en þrjú ár,

b) fjárfestingarkostnaður vegna framkvæmdar á tilmælum fer yfir önnur hvor eftirfarandi viðmiðunarmarka:

   i. 5% af ársveltu stöðvar eða 25% af hagnaði stöðvar, reiknað út á grundvelli samsvarandi ársmeðaltals þriggja almanaksára fyrir daginn sem umsókn um úthlutun án endurgjalds skal lögð fram í samræmi við 4. gr.,

   ii. 50% af meðaltali árlegs hagfræðilegs jafngildis af þeim fjölda sem var dreginn, í samræmi við fyrstu undirgrein, frá lokafjölda árlegra losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds skv. 8. mgr. 16. gr., reiknað út á grundvelli meðalverðs losunarheimilda á sameiginlegum uppboðsvettvangi á viðkomandi almanaksári á undan umsókninni sem um getur í 2. mgr. 4. gr.,

c) öðrum ráðstöfunum hefur verið komið í framkvæmd á eða eftir viðkomandi grunntímabil, sem leiddi til samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda innan stöðvar, sem jafngilda þeim sem mælt er með í orkuúttektarskýrslu eða vottuðu orkustjórnunarkerfi skv. 8. gr. tilskipunar 2012/27/ESB,

d) tilmælin myndu ekki leiða til orkusparnaðar innan kerfismarka iðnaðarferlis sem fer fram á stöðinni,

e) rekstrarskilyrði sem eru sértæk fyrir hverja stöð, þ.m.t. áætluð eða ófyrirséð viðhaldstímabil, sem ákvörðun endurgreiðslutímabils sem um getur í a-lið byggist á, eru ekki enn fyrir hendi,

f) tilmælin úr úttektarskýrslu eða vottuðu orkustjórnunarkerfi voru ekki birt á fyrstu fjórum árum viðkomandi grunn tímabils.

2. Rekstraraðilinn skal koma á, koma í framkvæmd, skjalfesta og viðhalda málsmeðferð fyrir framkvæmd tilmælanna og, eftir atvikum, sýna fram á beitingu skilyrðanna eins og um getur í 1. mgr.

3. Sannprófandi skal athuga, sem hluta af sannprófun á skýrslu um grunngögn sem um getur í 2. mgr. 4. gr., hvort tilmælunum sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. sé komið í framkvæmd og hvort skilyrðin sem sett eru fram í annarri undirgrein 1. mgr. séu uppfyllt, eftir atvikum.

Sannprófandi skal athuga, ef við á, sem hluta af sannprófun á ársskýrslu um starfsemisstig í samræmi við 7. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2067 (**), hvort tilmælunum sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. sé komið í framkvæmd og hvort skilyrðin sem sett eru fram í annarri undirgrein 1. mgr. séu uppfyllt, eftir atvikum.

4. Lögbært yfirvald skal einungis líta svo á að tilmælunum sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. hafi verið komið í framkvæmd ef bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) rekstraraðili sýnir fram á að framkvæmd tilmælanna sé lokið,

b) sannprófandi staðfestir lokin sem um getur í a-lið í samræmi við 3. mgr.

22. gr. b

Skilyrði um úthlutun án endurgjalds í tengslum við loftslagshlutleysisáætlanir

1. Að því er varðar fimmtu undirgrein 1. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB skal lækka lokatölu árlegra losunarheimilda, sem úthlutað er án endurgjalds og er ákvörðuð skv. 8. mgr. 16. gr. þessarar reglugerðar, um 20% fyrir stöð með undirstöðvar með vöruviðmiðun, þar sem magn losunar gróðurhúsalofttegunda minnst einnar þeirra undirstöðva með vöruviðmiðun var meira en 80. hundraðshlutamarkið af losunargildum fyrir viðeigandi vöruviðmiðanir á árunum 2016 og 2017.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skal engin slík lækkun gilda ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) rekstraraðili stöðvar sem um getur í fyrstu undirgrein hefur lagt loftslagshlutleysisáætlun fyrir sína starfsemi sem fellur undir tilskipun 2003/87/EB fyrir lögbært yfirvald fyrir 30. maí 2024, eða eins og við á, skv. 4. gr. þessarar reglugerðar sem hluti umsóknar um úthlutun án endurgjalds,

b) það hefur verið staðfest að markmið og áfangar, sem um getur í b-lið þriðju undirgreinar 4. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB, hafi náðst með sannprófun sem var framkvæmd í samræmi við fjórðu undirgrein 4. mgr. 10. gr. b í þeirri tilskipun,

c) lögbært yfirvald hefur athugað innihald og snið loftslagshlutleysisáætlunarinnar skv. 4. mgr. og talið hana uppfylla skilyrði.

2. Fyrsta undirgrein 1. mgr. skal ekki gilda ef viðkomandi undirstöð með vöruviðmiðun stuðlar ekki að meira en 20% af samanlögðum bráðabirgðatölum allra undirstöðva fyrir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds að því er varðar tímabilið frá 2021 til 2025, reiknað út í samræmi við 2.–5. mgr. 16. gr.

3. Að því er varðar aðra, þriðju og fjórðu undirgrein 4. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB skal hækka bráða birgðatölu árlegra losunarheimilda sem úthlutað er án endurgjalds til undirstöðvar með fjarhitun, reiknuð út í samræmi við 2. og 3. mgr. 16. gr. þessarar reglugerðar, um 30% af tölunni sem reiknuð er út í samræmi við 2. mgr. 16. gr. ef rekstraraðili undirstöðvar með fjarhitun hefur lagt fram umsókn í samræmi við 4. gr. þessarar reglugerðar og ef, að því er varðar tímabilið til loka 2025 eða að því er varðar tímabilið frá 2026 til 2030, öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) stöðin eða fjarhitunarfélagið er staðsett í aðildarríki sem uppfyllir viðmiðanirnar sem settar eru fram í annarri undirgrein 4. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB og eins og um getur í VIII. viðauka,

b) stöðin eða fjarhitunarfélag hefur fjárfest í magni sem jafngildir a.m.k. hagrænu virði viðbótarfjölda losunarheimilda án endurgjalds fyrir tímabilið frá 2026 til 2030, í samræmi við millimarkmið og áfanga, eins og sett er fram í loftslagshlutleysisáætlun til að mæla, eigi síðar en 31. desember 2025 og eigi síðar en 31. desember á fimm ára fresti eftir það, framvindu í áttina að því að ná loftslagshlutleysi,

c) fjárfestingin sem um getur í b-lið leiðir til umtalsverðs samdráttar í losun fyrir 2030,

d) stöðin eða fjarhitunarfélagið leggur fram loftslagshlutleysisáætlun eigi síðar en 30. maí 2024 skv. 1. mgr. 4. gr. eða, eins og við á, fyrir starfsemi sína sem fellur undir tilskipun 2003/87/EB,

e) staðfest er að markmið og áfangar, sem um getur í b-lið þriðju undirgreinar 4. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB, hafi náðst með sannprófun sem var framkvæmd í samræmi við fjórðu undirgrein 4. mgr. 10. gr. b í þeirri tilskipun,

f) lögbært yfirvald hefur athugað innihald og snið loftslagshlutleysisáætlunarinnar skv. 4. mgr. og talið hana uppfylla skilyrði.

Að því er varðar b-lið skal ákvarða hagrænt virði þessara 30% viðbótarlosunarheimilda með því að margfalda viðbótarfjölda losunarheimilda án endurgjalds á tímabilinu frá 2026 til 2030 með meðalverði losunarheimilda á sameiginlegum uppboðsvettvangi á almanaksári fyrir umsóknina sem um getur í 2. mgr. 4. gr. og margfaldað með stuðlinum sem ákvarðaður er í samræmi við 6. mgr. 14. gr., eins og gildir um stöðina.

Að því er varðar c-lið telst samdráttur í losun umtalsverður ef dregið er úr sértækri losun stöðvar eða fjarhitunarfélags, gefin upp sem tonn af koltvísýringi á hvert terajúl af fjarhitun sem er veitt, meira en sem nemur sértækri meðallosun á viðkomandi grunntímabili með samdráttarhlutfalli losunar sem jafngildir beitingu línulegs samdráttarstuðuls sem um getur í 9. gr. tilskipunar 2003/87/EB, frá upphafi miðpunkts viðkomandi grunntímabils.

4. Lögbært yfirvald skal athuga, eigi síðar en 30. september 2024, hvort innihald og snið loftslagshlutleysisáætlana sem um getur í 1. og 3. mgr. þessarar greinar séu í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/2441.

22. gr. c

Samdráttur um 20% í 22. gr. a og 22. gr. b safnast ekki upp

Samdrætti um 20% sem um getur í 22. gr. a og 22. gr. b skal beitt á stöð eingöngu einu sinni á viðkomandi úthlutunartímabili.

22. gr. d

Uppfærsla á loftslagshlutleysisáætluninni

1. Á tímabilunum sem tilgreind eru í loftslagshlutleysisáætluninni sem um getur í 22. gr. b og hvenær sem þörf þykir skulu rekstraraðilar meta skilvirkni loftslagshlutleysisáætlunarinnar að því er varðar samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og koma í framkvæmd aðgerðum til úrbóta, eftir því sem við á, til að tryggja að markmiðum og áföngum sé náð. Uppfærslurnar skulu eingöngu hafa áhrif á komandi markmið og áfanga.

2. Þegar loftslagshlutleysisáætlunin er uppfærð að því er varðar markmið og áfanga skal rekstraraðilinn leggja uppfærða áætlun fyrir lögbært yfirvald án ástæðulausrar tafar.

22. gr. e

Birting loftslagshlutleysisáætlunarinnar

1. Lögbær yfirvöld skulu birta loftslagshlutleysisáætlunina sem lögð er fram skv. 22. gr. b.

2. Ef rekstraraðili telur að loftslagshlutleysisáætlunin innihaldi atriði sem eru viðskiptalega viðkvæm sem, ef þau yrðu birt, myndu skaða viðskiptahagsmuni hans, getur rekstraraðilinn óskað eftir því að lögbært yfirvald birti ekki þessi atriði. Ef þessi beiðni er réttlætanleg skal lögbært yfirvald birta loftslagshlutleysisáætlunina án þeirra atriða.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB frá 25. október 2012 um orkunýtni, breytingu á tilskipunum 2009/125/EB og 2010/30/ESB og um niðurfellingu á tilskipunum 2004/8/EB og 2006/32/EB (Stjtíð. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2012/27/2023-05-04).

(**) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2067 frá 19. desember 2018 um sannprófun á gögnum og um faggildingu sannprófenda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtíð. ESB L 334, 31.12.2018, bls. 94, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2018/2067/2021-01-01).“

13) Í stað 4. mgr. 23. gr. kemur eftirfarandi:

„4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ákvörðun á grundvelli tilkynningarinnar sem er móttekin, skal upplýsa viðkomandi lögbært yfirvald og færa breytingarnar inn, eftir því sem við á, í skrá Sambandsins, sem komið var á skv. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB, og í viðskiptadagbókina sem um getur í 20. gr. þeirrar tilskipunar.“

14) Ákvæði 4. mgr. 25. gr. falla brott.

15) Ákvæðum 26. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) viðkomandi leyfi fyrir losun gróðurhúsalofttegunda er útrunnið eða hefur verið afturkallað, þ.m.t. ef stöðin uppfyllir ekki lengur viðmiðunarmörk starfseminnar sem eru tilgreind í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB“.

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Ef stöð hefur hætt rekstri skal hlutaðeigandi aðildarríki ekki gefa út losunarheimildir fyrir þá stöð það sem eftir er af almanaksárinu eftir þann dag sem rekstri var hætt. Slíkar aðlaganir skulu gerðar hlutfallslega.“

16) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

17) Í stað III. viðauka kemur texti II. viðauka við þessa reglugerð.

18) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

19) Ákvæðum VI. viðauka er breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.

20) Ákvæðum VII. viðauka er breytt í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð.

21) Textanum í VI. viðauka við þessa reglugerð er bætt við sem VIII. viðauka.

2. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún skal gilda um úthlutanir sem varða tímabilið frá 1. janúar 2024.

Þó skal 1. liður, a- og b-liður 4. liðar, ii. liður c-liðar 4. liðar, i., ii. og iv. liður d-liðar 4. liðar, 6. og 7. liður, 10. og 11. liður og 16. og 17. liður í 1. gr. gilda um úthlutanir sem varða tímabilið frá 1. janúar 2026 til nýrra aðila sem hafa lagt fram umsóknir eigi síðar en 31. desember 2023 og til starfandi stöðva.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. janúar 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/331 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. liðar er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„1. Skilgreining á vöruviðmiðunum og kerfismörkum án gagnaöflunar um raforkunotkun“.

b) Í stað annarrar línu um glætt málmgrýti kemur eftirfarandi:

„Kögglað járngrýti	Mótuð járnauðug vara sem inniheldur járngrýtisagnir, bræðsluefni og hugsanlega efniviði til endurnýtingar sem innihalda járn með þá efnisfræðilegu og eðlisfræðilegu eiginleika, s.s. basastig, vélrænan styrk og lekt, sem eru nauðsynlegir til að koma járni og nauðsynlegum bræðsluefnum í járngrýtisafoxunarferli. Gefið upp í tonnum af köggluðu járngrýti eins og það fer frá framleiðslustöð fyrir kögglað járngrýti. Kögglað járngrýti sem er skilað í vinnsluferli telst ekki hluti vörunnar.	Öll ferli sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á köggluðu járngrýti falla hér undir.	0,171“

c) Í stað þriðju línu um heitan málm kemur eftirfarandi:

„Heitur málmur	Járn sem er framleitt úr járngrýti fyrir fyrstu framleiðslu stáls, þ.m.t. a) fljótandi járn, mettað með kolefni til frekari vinnslu, telst vera afurð úr háofnum og gefið upp sem tonn af fljótandi járni við úttakspunkt háofnsins, að undanskildu fljótandi járni sem er framleitt úr frauðjárni skv. b-lið, b) frauðjárn við úttakspunkt hvarftanks til beinnar afoxunar járns og gefið upp í tonnum frauðjárns við úttakspunkt hvarftanks til beinnar afoxunar járns. Svipaðar vörur, s.s. járnblendi, falla ekki undir þessa vöruviðmiðun. Afgangsefniviðir og aukaafurðir teljast ekki vera hluti af þessari vöru.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint vinnslueiningunum háofnum, meðhöndlunareiningum fyrir heitan málm, háofnsblásurum, hitabúnaði fyrir háofna, hvarftönkum til beinnar afoxunar járns, rafknúnum ljósbogaofnum og rafmagnsbræðsluofnum fyrir frauðjárn, súrefnisofnum, fylgimálmvinnslueiningum, einingum til afgösunar í lofttæmi, málmsteypueiningum (þ.m.t. skurður), gjallmeðhöndlunareiningu, hráefnablöndun, meðhöndlunareiningu fyrir háofnagas og öðrum einingum til að hreinsa gas, rykhreinsunareiningum, forhitun brotajárns, kolaþurrkun fyrir innspýtingu, deigluforhiturum, mótaforhiturum, þrýstiloftsframleiðslu, rykmeðhöndlunareiningu (kögglun), eðjumeðhöndlunareiningu (kögglun), einingu til gufuinnspýtingar í háofn, gufuframleiðslustöð, kælingu á súrefnisofnagasi og ýmsum öðrum falla hér undir.	1,328“

d) Í stað sjöttu línu um grátt sementsgjall kemur eftirfarandi:

„Grátt sementsgjall	Grátt sementsgjall eða annars konar vatnshverft bindiefni til framleiðslu á sementi, sem heildarmagn vatnshverfra bindiefna sem eru framleidd. Vörur sem eru framleiddar innan kerfismarka annarra vöruviðmiðana eða sem aukaafurð eða úrgangur annarra framleiðsluferla falla ekki undir þessa viðmiðun, þ.m.t. svifaska, háofnagjall, stálgjall, kísilryk, pappírseðja.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á gráu sementsgjalli eða annars konar vatnshverfum bindiefnum, falla hér undir.	0,766“

e) Í stað sjöundu línu um hvítt sementsgjall kemur eftirfarandi:

„Hvítt sementsgjall	Hvítt sementsgjall eða annars konar vatnshverf bindiefni til notkunar sem aðalbindiefni í samsetningu á efniviðum s.s. fúguefni, límefni fyrir keramíkflísar, einangrunarefni og múrfestingar, iðnaðargólfmúr, gifsefni sem er tilbúið til notkunar, viðgerðarmúrblöndur og vatnsþétt yfirborðsmeðferðarefni sem inniheldur að meðaltali að hámarki 0,4 af Fe_2O_3 sem massahlutfall, 0,003 af Cr_2O_3 sem massahlutfall og 0,03 af Mn_2O_3 sem massahlutfall. Gefið upp í tonnum af vatnshverfum bindiefnum (sem 100% gjall/annars konar vatnshverf bindiefni). Vörur sem eru framleiddar innan kerfismarka annarra vöruviðmiðana eða sem aukaafurð eða úrgangur annarra framleiðsluferla falla ekki undir þessa viðmiðun, þ.m.t. svifaska, háofnagjall, stálgjall, kísilryk, pappírseðja.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á hvítu sementsgjalli eða annars konar vatnshverfum bindiefnum, falla hér undir.	0,987“

f) Í stað tuttugustu og áttundu línu um pappírsþurrkur kemur eftirfarandi:

„Pappírsþurrkur	Hreinlætispappír, nær yfir margs konar pappírsþurrkur og annan hreinlætispappír til heimilisnota eða til nota í verslun og iðnaði, s.s. salernispappír og andlitsþurrkur, eldhúsþurrkur, handþurrkur og þurrkur til iðnaðarnota, til framleiðslu á bleyjum, dömubindum o.s.frv. Loftþurrkaðar pappírsþurrkur (e. *TAD, Through Air Dried Tissue*) falla ekki undir þennan flokk. Gefið upp sem loftþurrkuð tonn af seljanlegri nettóframleiðslu á iðnaðarrúllum, skilgreint sem pappír með 6% rakainnihald.	Öll ferli sem eru hluti af pappírsframleiðsluferlinu (einkum pappírs- eða pappavél og tengdar einingar fyrir orkuumbreytingu (ketill/samþætt varma- og raforkuvinnsla) og bein notkun eldsneytis við vinnslu) falla hér undir. Önnur starfsemi á staðnum sem er ekki hluti af þessu ferli, s.s. sögun, trésmíði, framleiðsla íðefna til sölu, meðhöndlun úrgangs (meðhöndlun úrgangs á staðnum í stað meðhöndlunar annars staðar (þurrkun, kögglun, brennsla, urðun), framleiðsla á útfelldu kalsíumkarbónati, meðhöndlun lyktsterkra lofttegunda og fjarhitun, fellur ekki hér undir. Umbreyting á iðnaðarrúllu yfir í fullunna vöru fellur ekki undir þessa vöruviðmiðun.	0,334“

g) Í stað síðustu línu um sóda kemur eftirfarandi:

„Sódi	Dínatríumkarbónat, gefið upp sem tonn af sóda sem verg heildarframleiðsla, að undanskildum þéttum sóda sem er fenginn sem aukaafurð við framleiðslu á kaprólaktami.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint vinnslueiningunum hreinsun saltvatns, glæðingu kalksteins og framleiðslu á leskjuðu kalki, kol-tvísýringshvarftönkum, frásogi ammoníaks, útfellingu $NaHCO_3$, síun eða skiljun $NaHCO_3$-kristalla frá móðurvökva, niðurbroti $NaHCO_3$ í Na_2CO_3, endurheimt ammoníaks og þéttingu eða framleiðslu á þéttum sóda, falla hér undir.	0,843“

2) Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

„2. Skilgreining á vöruviðmiðunum og kerfismörkum með gagnaöflun um raforkunotkun

Vöruviðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á ferlum og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Upphafspunktur til að ákvarða árlegt samdráttarhlutfall fyrir uppfærslu á viðmiðunargildi (losunarheimildir/t)
Afurðir frá hreinsunar-stöðvum	Blanda afurða frá hreinsunarstöðvum þar sem meira en 40% eru léttar afurðir (bensín fyrir hreyfla, þ.m.t. flugvéla-bensín, bensínkennt þotueldsneyti, aðrar léttar jarðolíur/léttar blöndur, steinolía, þ.m.t. steinolíukennt þotueldsneyti, gasolíur), gefið upp sem CO_2-vegin tonn (CWT). Hreinsunarstöðvar með aðrar afurðablöndur falla ekki undir þessa vöruviðmiðun.	Öll ferli í hreinsunarstöð sem svara til skilgreiningar á einni af CWT-vinnslueiningunum ásamt stoðþjónustu utan vinnslunnar, sem veitt er innan marka hreinsi-stöðvarinnar, s.s. geymsla í geymum, blöndun, skólphreinsun o.s.frv., falla hér undir. Vinnslueiningar fyrir smurolíu og jarðbik, sem eru staðsettar í hefðbundnum hreinsunar-stöðvum, falla einnig undir CWT og losun hreinsunarstöðvar. Vinnslueiningar sem varða aðra geira, s.s. vinnslu úr jarðolíu eða jarðgasi, eru stundum felldar efnis-lega inn í hreinsunarstöðina. Slíkar vinnslueiningar og losun frá þeim eru undanskildar CWT-nálguninni.	0,0295

		Að því er varðar gagnaöflun skal taka tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna.	
Kolstál úr ljósbogaofnum	Stál sem inniheldur minna en 8% af málmblendisþáttum og snefilefnaþáttum og í slíku magni að notkunin takmarkast við þá notkun þar sem ekki er krafist mikilla yfirborðsgæða eða vinnslumöguleika og ef engin af viðmiðununum fyrir innihald málmblendisþáttanna og gæða stáls fyrir stálblendi eru uppfylltar. Gefið upp sem tonn af annars stigs hrástáli eftir mótun. Stál sem er framleitt úr frauðjárni sem þegar fellur undir viðmiðun fyrir heitan málm fellur ekki undir þessa viðmiðun.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint vinnslueiningunum rafknúnum ljósbogaofni, fylgimálmvinnslu, málmsteypu og -skurði, eftirbrennslueiningu, rykhreinsunareiningu, deigluforhitara, mótaforhitara og þurrkun og forhitun brotajárns, falla hér undir. Vinnsla eftir málmsteypu er ekki innifalin. Að því er varðar gagnaöflun skal taka tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna.	0,283
Stálblendi úr ljósbogaofnum	Stál sem inniheldur a.m.k. 8% af málmblendisþáttum eða þar sem krafist er mikilla yfirborðsgæða og vinnslumöguleika. Gefið upp sem tonn af annars stigs hrástáli eftir mótun. Stál sem er framleitt úr frauðjárni sem þegar fellur undir viðmiðun fyrir heitan málm fellur ekki undir þessa viðmiðun.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint vinnslueiningunum rafknúnum ljósbogaofni, fylgimálmvinnslu, málmsteypu og -skurði, eftirbrennslueiningu, rykhreinsunareiningu, deigluforhitara, mótaforhitara, kæligryfju fyrir hæga kælingu og þurrkun og forhitun brotajárns, falla hér undir. Vinnslueiningarnar FeCr-umbreytir og lághitageymsla fyrir iðnaðargastegundir falla ekki hér undir. Vinnsla eftir málmsteypu er ekki innifalin. Að því er varðar gagnaöflun skal taka tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna.	0,352
Járnsteypa	Steypujárn, gefið upp sem tonn af fljótandi járni sem hefur verið blandað, gjallhreinsað og er tilbúið til málmsteypu.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint vinnsluþrepunum málmbræðslu, málmsteypu, kjarnaframleiðslu og yfirborðsmeðhöndlun, falla hér undir. Vinnsluþrepið „yfirborðsmeðhöndlun“ á við um aðgerðir s.s. pússun en ekki almenna pörun, hitameðhöndlun eða málningarvinnu sem fellur ekki undir kerfismörk þessarar vöruviðmiðunar. Að því er varðar gagnaöflun skal einungis taka tillit til raforkunotkunar í bræðsluferlum innan kerfismarkanna.	0,325

Steinull	Vörur úr steinull til varma-, hljóð- og brunaeinangrunar sem eru framleiddar með því að nota gler, grjót eða gjall. Gefið upp sem tonn af steinull (seljanleg vara).	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðsluþrepunum bræðslu, trefjaframleiðslu og inndælingu bindiefna, herslu og þurrkun ásamt mótun, falla hér undir. Að því er varðar gagnaöflun skal taka tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna.	0,682
Gifsplötur	Viðmiðunin nær yfir plötur, þynnur, þiljur, flísar og áþekkar vörur úr gifsefni eða blöndu að meginstofni úr gifsefni, ekki með pappír eða pappa á yfirborði eða styrktar með pappír eða pappa, þó ekki mótaðar með gifsefni eða skreyttar (í tonnum af múrhúð, seljanleg vara). Eðlisþungar gifstrefjaplötur falla ekki undir þessa vöruviðmiðun.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðsluþrepunum, mölun, þurrkun, glæðingu og þurrkun platna, falla hér undir. Að því er varðar gagnaöflun skal einungis taka tillit til raforku-notkunar varmadælna sem notaðar eru við þurrkun. Framleiðsla á millistigsafurðinni þurrkað, endurunnið gifs fellur ekki undir þessa viðmiðun.	0,131
Kinrok	Kinrok úr bræðsluofnum, gefið upp sem tonn af kinroki úr bræðsluofnum, seljanleg vara, hreinleiki yfir 96%. Vörur úr gaskinroki og lampakinroki falla ekki undir þessa viðmiðun.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á kinroki úr bræðsluofnum auk frágangs, pökkunar og brennslu gass í afgaslogum, falla hér undir. Að því er varðar gagnaöflun skal taka tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna. Hins vegar ætti einungis að taka tillit til rafknúinna tækja, s.s. dæla og þjappa, með málafl sem nemur 2 MW eða meira.	1,954
Ammoníak	Ammoníak (NH_3), gefið upp sem framleidd tonn, 100% hreinleiki. Ammoníak sem er framleitt úr vetni með klóralkalírafgreiningu eða með fram-leiðslu klórats fellur ekki undir þessa viðmiðun.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á ammoníaki og vetni á millistigi framleiðslunnar, falla hér undir. Framleiðsla á ammoníaki úr öðrum hálfunnum vörum fellur ekki hér undir. Að því er varðar gagnaöflun skal taka tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna.	1,619

Gufusundrun	Blanda af hágæðaíðefnum, gefið upp sem tonn af heildarmassa asetýlens, etýlens, própýlens, bútadíens, bensens og vetnis sem flutt er út fyrir mörk sundrunarofnsins, að undanskildum hágæðaíðefnum úr viðbótarhráefni (vetni, etýleni eða öðrum hágæðaíðefnum) þar sem etýleninnihaldið í heildarvörublöndunni er a.m.k. 30 massaprósent og innihald hágæðaíðefna, brennslugass, bútena og fljótandi vetniskolefna er samtals a.m.k. 50 massaprósent af heildarvörublöndunni.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á hágæðaíðefnum sem hreinsaðri vöru eða hálfunninni vöru sem inniheldur óblandað hágæðaíðefni í formi minnst unnu söluafurðarinnar (hrátt C4, óvetnað hitasundrunarbensín), falla hér undir, að undanskildum C4-útdrætti (bútadíenstöð) C4-vetnun, vetnismeðhöndlun hitasundrunarbensíns og útdrætti arómata ásamt flutningi og geymslu í tengslum við daglegan rekstur. Að því er varðar gagnaöflun skal taka tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna.	0,702
Arómöt	Blanda arómata, gefið upp sem CO_2-vegin tonn (CWT).	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint vetnismeðhöndlun arómata frá undireiningum fyrir hitasundrunarbensín, útdrætti bensens/tólúens/xýlens (BTX), TDP, HDA, hverfingu xýlens, P-xýlen-einingum, kúmólframleiðslu og sýklóhexanframleiðslu, falla hér undir. Að því er varðar gagnaöflun skal taka tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna.	0,0295
Stýren	Stýreneinliða (vínýlbensen, CAS-númer: 100-42-5). Gefið upp sem tonn af stýreni (seljanleg vara).	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á stýreni sem og hálfunnu vörunni etýlbenseni (með því magni sem notað er sem hráefni til stýrenframleiðslunnar), falla hér undir. Að því er varðar stöðvar sem framleiða bæði própýlenoxíð og stýreneinliður eru starfsstöðvar, sem eru eingöngu ætlaðar fyrir starfrækslu eininga fyrir própýlen og própýlenoxíð, undanskildar þessari viðmiðun og samnýttar starfsstöðvar falla undir hana í hlutfalli við stýreneinliðuframleiðslu í tonnum. Að því er varðar gagnaöflun skal taka tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna.	0,527

Vetni	Hreint vetni og blöndur af vetni og kolsýringi með vetnisinnihald sem nemur ≥ 60% rúmmálshluta af heildarinnihaldi vetnis ásamt kolsýringi á grundvelli samtölu alls vörustreymis sem inniheldur vetni og kolsýring og er flutt út úr viðkomandi undirstöð, gefið upp sem tonn af 100% hreinu vetni sem seljanleg vara (nettó). Vetni sem er notað til framleiðslu ammoníaks fellur ekki undir þessa viðmiðun heldur undir viðmiðunina fyrir ammoníak. Vetni sem er framleitt með klóralkalíraf-greiningu eða með framleiðslu klórats eða sem losnar frá efnaumbreytingu úr vetnisberum sem eru notaðir til að flytja vetni frá framleiðslustöðvum fellur ekki undir þessa viðmiðun.	Allir viðkomandi þættir ferlisins, sem tengjast beint eða óbeint vetnis-framleiðslu og aðskilnaði vetnis og kolsýrings, falla hér undir. Þessir þættir liggja á milli: a) ílagspunkts eða -punkta hráefnis eða hráefna og, ef það er aðskilið, eldsneytis, b) frálagspunkta alls vörustreymis sem inniheldur vetni og/eða kolsýring, c) ílags- eða frálagspunkts eða -punkta fyrir innfluttan eða útfluttan varma. Að því er varðar gagnaöflun skal taka tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna.	8,85
Efnasmíðagas [áður þýtt sem tilbúið gas]	Blöndur af vetni og kolsýringi með vetnisinnihald sem nemur < 60% rúmmálshluta af heildarinnihaldi vetnis ásamt kolsýringi á grundvelli samtölu alls vörustreymis sem inniheldur vetni og kolsýring og er flutt út úr viðkomandi undirstöð. Gefið upp sem tonn af efna-smíðagasi, umreiknað í 47% rúmmáls-hlutfall af vetni sem seljanleg vara (nettó).	Allir viðkomandi þættir ferlisins, sem tengjast beint eða óbeint fram-leiðslu á efnasmíðagasi og aðskilnaði vetnis og kolsýrings, falla hér undir. Þessir þættir liggja á milli: a) ílagspunkts eða -punkta hráefnis eða hráefna og, ef það er aðskilið, eldsneytis, b) frálagspunkta alls vörustreymis sem inniheldur vetni og/eða kolsýring, c) ílags- eða frálagspunkts eða -punkta fyrir innfluttan eða útfluttan varma. Að því er varðar gagnaöflun skal taka tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna.	0,242
Etýlenoxíð/ etýlenglýkól	Viðmiðunin fyrir etýlenoxíð/etýlenglýkól nær yfir vörurnar etýlenoxíð (EO, mikill hreinleiki), mónóetýlenglýkól (MEG, staðalgæði + trefjagæði (mikill hreinleiki)), díetýlenglýkól (DEG), tríetýlenglýkól (TEG).	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint vinnslueiningunum etýlenoxíð-framleiðslu, etýlenoxíðhreinsun og glýkólþættinum, falla hér undir. Að því er varðar gagnaöflun skal taka tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna.	0,512

	Heildarmagn vara er gefið upp sem tonn af etýlenoxíðígildum sem eru skilgreind sem það magn etýlenoxíðs (í massa) sem er í einni massaeiningu af tilteknu glýkóli.		

Ef engin önnur tilvísun er gefin upp vísa allar vöruviðmiðanir til eins tonns af framleiddri vöru, gefið upp sem seljanleg (nettó)framleiðsla, og til 100% hreinleika viðkomandi efnis.

Allar skilgreiningar á ferlum og losun sem tekið er til (kerfismörk) ná yfir afgasloga ef þeir eru fyrir hendi.“

———

II. VIÐAUKI

Í stað III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/331 kemur eftirfarandi:

„III. VIÐAUKI

Söguleg starfsemisstig fyrir tilteknar viðmiðanir sem um getur í 8. mgr. 15. gr. og f-lið 17. gr.

1. Ákvarða skal vörutengt sögulegt starfsemisstig fyrir viðmiðunartímabilið fyrir vörur, sem vöruviðmiðunin fyrir hreinsunarstöðvar, sem um getur í I. viðauka, gildir um, á grundvelli mismunandi CWT-virkni, skilgreininga þeirra, grundvellinum fyrir gegnumstreymi ásamt CWT-stuðlinum, sem er tilgreindur í II. viðauka, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$HAL_{CWT} = MIÐGILDI\left(1{,}0183 \times \sum_{i=1}^{n}\left(TP_{i,k} \times CWT_i\right) + 298 + 0{,}315 \times TP_{AD,k}\right)$$

þar sem:

HAL_{CWT}:	sögulegt starfsemisstig, gefið upp sem CWT
$TP_{i,k}$:	gegnumstreymi CWT-virkninnar i fyrir árið k á grunntímabilinu
CWT_i:	CWT-stuðull CWT-virkni i
$TP_{AD,k}$:	gegnumstreymi CWT-virkninnar „Eiming jarðolíu við venjulegan loftþrýsting“ fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu

2. Ákvarða skal vörutengt sögulegt starfsemisstig fyrir viðmiðunartímabilið fyrir vörur, sem vöruviðmiðunin fyrir kalk, sem um getur í I. viðauka, gildir um, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$HAL_{kalk,staðlað} = MIÐGILDI\left(\frac{785 \times m_{CaO,k} + 1\,092 \times m_{MgO,k}}{751{,}7} \times HAL_{kald,óleiðrétt,k}\right)$$

þar sem:

$HAL_{kalk,staðlað}$:	sögulegt starfsemisstig fyrir kalkframleiðslu, gefið upp sem tonn af stöðluðu, hreinu kalki
$m_{CaO,k}$:	innihald óbundins CaO í framleiddu kalki fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp sem massahlutfall
$m_{MgO,k}$:	innihald óbundins MgO í framleiddu kalki fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp sem massahlutfall
$HAL_{kalk,\ óleiðrétt,\ k}$:	óleiðrétt sögulegt starfsemisstig fyrir kalkframleiðslu fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp sem tonn af kalki

3. Ákvarða skal vörutengt sögulegt starfsemisstig fyrir viðmiðunartímabilið fyrir vörur, sem vöruviðmiðunin fyrir brennt dólómít, sem um getur í I. viðauka, gildir um, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$HAL_{brennt\ dólómít,staðlað} = MIÐGILDI\left(\frac{785 \times m_{CaO,k} + 1\,092 \times m_{MgO,k}}{865{,}6} \times HAL_{brennt\ dólómít,óleiðrétt,k}\right)$$

þar sem:

$HAL_{brennt\ dólómít,\ staðlað}$:	sögulegt starfsemisstig fyrir framleiðslu á brenndu dólómíti, gefið upp sem tonn af stöðluðu, brenndu dólómíti
$m_{CaO,k}$:	innihald óbundins CaO í framleiddu brenndu dólómíti fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp sem massahlutfall
$m_{MgO,k}$:	innihald óbundins MgO í framleiddu brenndu dólómíti fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp sem massahlutfall

$HAL_{brennt\ dólómít,\ óleiðrétt,\ k}$: óleiðrétt sögulegt starfsemisstig fyrir framleiðslu á brenndu dólómíti fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp sem tonn af kalki

4. Ákvarða skal vörutengt sögulegt starfsemisstig fyrir viðmiðunartímabilið fyrir vörur, sem vöruviðmiðunin fyrir gufusundrun, sem um getur í I. viðauka, gildir um, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$HAL_{HVC,nettó} = MIÐGILDI\left(HAL_{HVC,samtals,k} - HSF_{H,k} - HSF_{E,k} - HSF_{O,k}\right)$$

þar sem:

$HAL_{HVC,nettó}$: sögulegt starfsemisstig fyrir hágæðaíðefni, að undanskildum hágæðaíðefnum sem eru framleidd úr viðbótarhráefnum, gefið upp sem tonn af hágæðaíðefni (HVC)

$HAL_{HVC,samtals,k}$: sögulegt starfsemisstig fyrir heildarframleiðslu hágæðaíðefna fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp sem tonn af hágæðaíðefni

$HSF_{H,k}$: sögulegt viðbótarílag vetnis fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp sem tonn af vetni

$HSF_{E,k}$: sögulegt viðbótarílag etýlens fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp sem tonn af etýleni

$HSF_{O,k}$: sögulegt viðbótarílag annarra hágæðaíðefna en vetnis og etýlens fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp sem tonn af hágæðaíðefni

5. Ákvarða skal vörutengt sögulegt starfsemisstig fyrir viðmiðunartímabilið fyrir vörur, sem vöruviðmiðunin fyrir hreinsunarstöðvar, sem um getur í I. viðauka, gildir um, á grundvelli mismunandi CWT-virkni, skilgreininga þeirra, grundvellinum fyrir gegnumstreymi ásamt CWT-stuðlinum, sem er tilgreindur í II. viðauka, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$HAL_{CWT} = MIÐGILDI\left(\sum_{i=1}^{n}\left(TP_{i,k} \times CWT_i\right)\right)$$

þar sem:

HAL_{CWT}: sögulegt starfsemisstig, gefið upp sem CWT

$TP_{i,k}$: gegnumstreymi CWT-virkninnar i fyrir árið k á grunntímabilinu

CWT_i: CWT-stuðull CWT-virkni i

6. Þegar blanda af vetni og kolsýringi er framleidd skal ákvarða vörutengt sögulegt starfsemisstig fyrir viðmiðunartímabilið fyrir vörur, sem vöruviðmiðunin fyrir vetni, sem um getur í I. viðauka, gildir um, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$HAL_{H2} = MIÐGILDI\left(\left(HAL_{H2,raun} + HAL_{H2,WGS}\right) \times \frac{Los_{raun}}{Los_{raun} + Los_{WGS}}\right)$$

þar sem:

HAL_{H2}: sögulegt starfsemisstig fyrir vetnisframleiðslu, gefið upp sem 100% vetni

$HAL_{H2,raun}$: raunframleiðsla vetnis

$HAL_{H2,\ WGS}$: viðbótarframleiðsla vetnis samkvæmt fræðilegu fullkomnu koxgasefnahvarfi (WGS), reiknuð með hvarfhlutfallslegum stuðli sem $HAL_{CO,\ raun} \times 0{,}071967$ t H_2/tCO fyrir WGS-efnahvarfið

$HAL_{CO,\ raun}$: raunframleiðsla kolsýrings

Los_{raun}: raunveruleg losun í tengslum við vetnisframleiðslu

Los_{WGS}: viðbótarlosun í tengslum við vetnisframleiðslu frá fræðilegu fullkomnu WGS-efnahvarfi

Raunveruleg losun í tengslum við vetnisframleiðslu skal ákvörðuð sem hér segir:

$$Los_{raun} = BeinLos_{raun} - Varmi_{útflutningur,raun} \times BM_{varmi}$$

þar sem:

Los_{raun}: raunveruleg losun í tengslum við vetnisframleiðslu

$BeinLos_{raun}$: bein raunveruleg losun, að undanskilinni varmatengdri losun, fyrir föngun kolefnis til notkunar eða jarðfræðilegrar geymslu. Að því er varðar losun frá lífmassa skal reikna losun sem orkuinnihald frá lífmassa, margfaldað með losunarstuðli jarðgass í stað raunverulegrar losunar

$Varmi_{útflutningur, raun}$: raunverulegur nettóvarmaútflutningur

BM_{varmi}: gildi varmaviðmiðunar fyrir mælanlegan varma fyrir viðkomandi úthlutunartímabil

Viðbótarlosun í tengslum við vetnisframleiðslu frá fræðilegu fullkomnu koxgasefnahvarfi skal ákvörðuð sem hér segir:

$$Los_{WGS} = CO_{WGS} \times \frac{M_{CO2}}{M_{CO}} - Varmi_{útflutningur,WGS} \times BM_{varmi}$$

þar sem:

CO_{WGS}: magn kolsýrings sem er framleitt fyrir fræðilega viðbótarumbreytingu í koltvísýring með WGS-efnahvarfinu

M_{CO2}: sameindamassi koltvísýrings (44,01 g/mól)

M_{CO}: sameindamassi kolsýrings (28,01 g/mól)

$Varmi_{útflutningur, WGS}$: fræðilegur viðbótarnettóvarmaútflutningur á eftir fullkomnu WGS-efnahvarfi, þar sem gert er ráð fyrir 99,5% varmaendurheimt, reiknað út með hvarfvermi WGS-efnahvarfsins (–20,439 GJ/t H_2 sem er framleitt), margfaldað með $HAL_{H2,WGS}$ og með 99,5% skilvirkni endurheimtar

BM_{varmi}: gildi varmaviðmiðunar fyrir mælanlegan varma fyrir viðkomandi úthlutunartímabil

7. Ákvarða skal vörutengt sögulegt starfsemisstig fyrir viðmiðunartímabilið fyrir vörur, sem vöruviðmiðunin fyrir efnasmíðagas, sem um getur í I. viðauka, gildir um, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$HAL_{efnasmíðagas} = MIÐGILDI\left(HAL_{H2+CO,k} \times \left(1 - \frac{0{,}47 - VF_{H2,k}}{0{,}0863}\right) \times 0{,}0007047 \frac{t}{Nm^3}\right)$$

þar sem:

$HAL_{efnasmíðagas}$: sögulegt starfsemisstig fyrir framleiðslu á efnasmíðagasi, gefið upp sem 47% vetni

$VF_{H2,k}$: rúmmálshluti sögulegrar framleiðslu á hreinu vetni í heildarmagni vetnis og kolsýrings fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu

$HAL_{H2+CO,k}$: sögulegt starfsemisstig fyrir framleiðslu á efnasmíðagasi, umreiknað sem sögulegt vetnisinnihald og gefið upp sem normalrúmmetrar á ári, þ.e. 0 °C og 101,325 kPa, fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu

8. Ákvarða skal vörutengt sögulegt starfsemisstig fyrir viðmiðunartímabilið fyrir vörur, sem vöruviðmiðunin fyrir etýlenoxíð/etýlenglýkól, sem um getur í I. viðauka, gildir um, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$HAL_{EO/EG} = MIÐGILDI\left(\sum_{i=1}^{n}\left(HAL_{i,k} \times CF_{EOE,i}\right)\right)$$

þar sem:

$HAL_{EO/EG}$: sögulegt starfsemisstig fyrir framleiðslu á etýlenoxíði/etýlenglýkólum, gefið upp sem tonn af etýlenoxíðígildum

$HAL_{i,k}$: sögulegt starfsemisstig fyrir framleiðslu á etýlenoxíði eða etýlenglýkóli i fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp sem tonn

$CF_{EOE,I}$: breytistuðull fyrir etýlenoxíð eða etýlenglýkól i í hlutfalli við etýlenoxíð

Nota skal eftirfarandi breytistuðla:

Etýlenoxíð: 0,926

Mónóetýlenglýkól: 0,717

Díetýlenglýkól: 1,174

Tríetýlenglýkól: 1,429“

III. VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/331 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liður bætist við í lið 1.3:

„d) heildarnafnvarmaafl fyrir alla viðkomandi starfsemi skv. I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB.“

2) Í stað liðar 1.4 kemur eftirfarandi:

„1.4. **Framkvæmd ákvæða um skilyrði í 22. gr. a og 22. gr. b**

Þetta atriði inniheldur a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) hvort orkuúttektarskýrsla hefur verið gefin út eða vottað orkustjórnunarkerfi hefur verið komið í framkvæmd fyrir stöðina skv. 8. gr. tilskipunar 2012/27/ESB,

b) hvort til eru útistandandi tilmæli úr orkuúttektarskýrslunni eða vottaða orkustjórnunarkerfinu skv. 8. gr. tilskipunar 2012/27/ESB,

c) hvort stöðin er fjarhitunarstöð sem á rétt á viðbótarúthlutun án endurgjalds skv. 4. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB og rekstraraðili hennar ætlar að sækja um viðbótarúthlutun án endurgjalds,

d) fyrir allar undirstöðvar með vöruviðmiðun, hvort magn losunar gróðurhúsalofttegunda var meira en 80. hundraðshlutamarkið af losunargildum fyrir viðeigandi vöruviðmiðanir á árunum 2016 og 2017,

e) hvort loftslagshlutleysisáætlun hefur verið lögð fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/2441, ef við á,

f) ítarlegar upplýsingar um hvort skilyrðin fyrir úthlutun án endurgjalds hafi verið uppfyllt skv. 22. gr. a og 22. gr. b.“

3) Ákvæðum liðar 2.3 er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) heildarmagn orkuílags, sem notað er í stöðinni, sem kemur frá eldsneyti og efnivið (t.d. útverminn varmi frá efnahvörfum)“.

b) Í stað f-liðar kemur eftirfarandi:

„f) magn orkuílags frá eldsneyti sem er skipt niður á undirstöðvar með eldsneytisviðmiðun (gefið upp sérstaklega fyrir undirstöðvar með eldsneytisviðmiðun þar sem er áhætta á kolefnisleka og þar sem ekki er áhætta á kolefnisleka) sem og, fyrir hvert viðkomandi magn, hversu mikið er notað til að framleiða vörur sem eru tilgreindar í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/956“.

c) Í stað g-liðar kemur eftirfarandi:

„g) magn eldsneytis- og orkuílags sem notað er við framleiðslu á mælanlegum varma“.

d) Í stað j-liðar kemur eftirfarandi:

„j) nettómagn mælanlegs varma sem fluttur er inn frá stöðvum og einingum sem falla ekki undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir eða falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir eingöngu að því er varðar 14. og 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB“.

e) Í stað n-liðar kemur eftirfarandi:

„n) nettómagn mælanlegs varma sem fluttur er út til stöðva eða eininga sem falla ekki undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir eða falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir eingöngu að því er varðar 14. og 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB“.

f) í stað p-liðar kemur eftirfarandi:

„p) nettómagn mælanlegs varma sem er skipt niður á undirstöðvar með varmaviðmiðun (gefið upp sérstaklega fyrir undirstöðvar með varmaviðmiðun og fyrir undirstöðvar með fjarhitun þar sem er áhætta á kolefnisleka og þar sem ekki er áhætta á kolefnisleka) sem og, fyrir hvert viðkomandi magn, hversu mikið er notað til að framleiða vörur sem eru tilgreindar í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/956“.

4) Í stað a-liðar í lið 2.4 kemur eftirfarandi:

„a) magn orkuílags frá eldsneyti, raforku og efniviðum (t.d. útverminn varmi frá efnahvörfum), þ.m.t. viðkomandi losunarstuðull þeirra, fyrir

— hverja undirstöð með vöruviðmiðun,

— hverja undirstöð með varmaviðmiðun og undirstöð með fjarhitun,

— hverja undirstöð með eldsneytisviðmiðun“.

5) Ákvæðum liðar 2.5 er breytt sem hér segir:

a) Í stað f-liðar kemur eftirfarandi:

„f) að því er varðar raforkunotkun innan undirstöðva með vöruviðmiðun sem eru tilgreindar í 2. lið I. viðauka: það magn raforku sem er notað innan kerfismarka.“

b) Í stað síðustu undirgreinar kemur eftirfarandi:

„Einungis þarf að tilkynna um a- til d-lið í stöðvum sem framleiða raforku.“

6) Ákvæðum liðar 2.6 er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) magn mælanlegs varma sem er eignað undirstöð sem er fluttur inn frá einingum eða ferlum eða stöðvum sem falla ekki undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir eða falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir eingöngu að því er varðar 14. og 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB“.

b) Eftirfarandi lið er bætt við:

„bb) ef við á, að því er varðar hverja undirstöð, skrá yfir vörur sem eru framleiddar innan marka undirstöðvarinnar, þ.m.t. SN-númer þeirra, og framleiðslumagn“.

c) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) þrátt fyrir ákvæði b-liðar, að því er varðar undirstöðvar með varmaviðmiðun þar sem er áhætta á kolefnisleka, þar sem mælanlegur varmi er fluttur út til stöðva eða eininga sem falla ekki undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, NACE-4-kóðar (NACE 2. endursk.) þessara stöðva eða eininga og SN-númer vara sem eru framleiddar í þessum stöðvum eða einingum“.

7) Ákvæðum liðar 2.7 er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi lið er bætt við:

„bb) ef við á, að því er varðar hverja undirstöð, skrá yfir vörur sem eru framleiddar innan marka undirstöðvarinnar, þ.m.t. SN-númer þeirra“.

b) Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) heiti á og magn útflutnings eða innflutnings á hálfunnum vörum sem fellur undir undirstöðvar með vöruvið miðun“.

c) Í stað h-liðar kemur eftirfarandi:

„h) ef við á, fyrir undirstöðvar með vöruviðmiðun fyrir efnasmíðagas, árlegt framleiðslumagn af vetni eða efnasmíðagasi, umreiknað í vetnisinnihald, gefið upp sem normalrúmmetrar á ári, þ.e. 0 °C og 101,325 kPa, og rúmmálshluti árlegs framleiðslumagns af hreinu vetni í blöndu af vetni og kolsýringi“.

8) Ákvæðum liðar 3.1 er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi lið er bætt við:

„aa) ef við á, að því er varðar hverja undirstöð, skrá yfir vörur sem eru framleiddar innan marka undirstöðvarinnar, þ.m.t. SN-númer þeirra“.

b) Í stað i-liðar kemur eftirfarandi:

„i) magn raforku sem er notað innan kerfismarka að því er varðar viðmiðanir sem eru tilgreindar í 2. lið I. viðauka“.

c) Eftirfarandi lið er bætt við:

„p) magn vetnis og kolsýrings sem er framleitt að því er varðar vöruviðmiðun fyrir vetni“.

9) Eftirfarandi lið er bætt við í lið 3.2:

„aa) magn nettó mælanlegs varma sem er framleiddur með raforku innan hverrar undirstöðvar með varmaviðmiðun eða undirstöðvar með fjarhitun“.

———

IV. VIÐAUKI

Ákvæðum VI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/331 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. liðar er breytt sem hér segir:

   i. Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

   „d) skýringarmynd sem inniheldur a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

   — tæknilega þætti stöðvarinnar sem auðkenna upptök losunar sem og einingar fyrir framleiðslu og notkun á varma,

   — allt flæði orku og efniviða, einkum efnisstrauma, mælanlegs og ómælanlegs varma, raforku þar sem við á og úrgangslofttegunda,

   — mælingarpunkta og mælitæki,

   — Mörk undirstöðva, þ.m.t. skipting á milli undirstöðva sem þjóna geirum sem teljast vera í hættu á kolefnisleka og undirstöðva sem þjóna öðrum geirum, á grundvelli NACE 2. endursk. eða vöruskrár ESB, og skipting á milli undirstöðva sem þjóna framleiðslu vara sem eru tilgreindar í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/956 og undirstöðva sem þjóna framleiðslu annarra vara, á grundvelli SN-númera“.

2) Í stað a-liðar í 2. lið kemur eftirfarandi:

   „a) fyrir hverja undirstöð, tilvísun í aðferðir til að fylgjast með framleiddum vörum og viðeigandi kóðum þeirra í vöruskrá ESB og SN-númerum“.

———

V. VIÐAUKI

Ákvæðum VII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/331 er breytt sem hér segir:

1) Í stað annarrar undirgreinar í lið 4.2 kemur eftirfarandi:

„Lögbært yfirvald skal telja kostnað óhóflegan ef áætlaður kostnaður rekstraraðila er meiri en ávinningurinn af tiltekinni aðferðarfræði við ákvörðun. Í því skyni skal reikna út ávinning með því að margfalda úrbótastuðul með viðmiðunarverði sem um getur í 1. mgr. 18. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066 (*) og kostnaður skal fela í sér viðeigandi afskriftartíma á grundvelli efnahagslegs endingartíma búnaðarins, eftir atvikum.

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066 frá 19. desember 2018 um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 (Stjtíð. ESB L 334, 31.12.2018, bls. 1).“

2) Í stað 9. liðar kemur eftirfarandi:

„9. AÐFERÐ TIL AÐ REKJA KÓÐA VARA Í VÖRUSKRÁ ESB OG SN-NÚMER ÞEIRRA

Í þeim tilgangi að skipta gögnum rétt niður á undirstöðvar skal rekstraraðili halda skrá yfir allar vörur sem eru framleiddar í stöðinni og viðeigandi kóða þeirra í vöruskrá ESB, byggt á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., og SN-númer. Á grundvelli þessarar skrár skal rekstraraðilinn:

— skipta vörum og árlegum framleiðslutölum þeirra niður á undirstöðvar með vöruviðmiðun í samræmi við skilgreiningar á vörum í I. viðauka, eftir því sem við á,

— taka tillit til þessara upplýsinga við skiptingu ílags, frálags og losunar aðskilið niður á undirstöðvar sem tengjast geirum sem eru í áhættu á kolefnisleka eða eru ekki í slíkri áhættu, í samræmi við 10. gr.

— taka tillit til þessara upplýsinga við skiptingu ílags, frálags og losunar aðskilið niður á undirstöðvar sem tengjast framleiðslu vara sem eru tilgreindar í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/956.

Í þessu skyni skal rekstraraðilinn koma á, skjalfesta, framfylgja og viðhalda aðferðum fyrir reglulegar athuganir á því hvort vörurnar, sem eru framleiddar í stöðinni, eru í samræmi við þá kóða í vöruskrá ESB og SN-númer sem voru notuð þegar áætlunin um aðferðafræði við vöktun var sett upp. Þessi aðferð skal enn fremur innihalda ákvæði til að sanngreina hvort stöðin framleiðir nýja vöru í fyrsta skipti og til að tryggja að rekstraraðilinn ákvarði viðeigandi kóða í vöruskrá ESB fyrir nýju vöruna, bæti honum í vöruskrána og skipti tengdu ílagi, frálagi og losun niður á viðeigandi undirstöðvar.“

3) Ákvæðum 10. liðar er breytt sem hér segir:

i. Í stað b-liðar í lið. 10.1.5 kemur eftirfarandi:

„b) Magni losunar, sem er rakið til notkunar úrgangslofttegunda, er skipt niður á undirstöðvar með vöruviðmiðun, undirstöðvar með varmaviðmiðun, undirstöðvar með fjarhitun eða undirstöðvar með eldsneytisviðmiðun þar sem það er notað. Magnið er ákvarðað með því að margfalda magn og varmagildi úrgangsgass með gildi bráðabirgðavarmaviðmiðunar eða bráðabirgðaeldsneytisviðmiðunar, eftir því sem við á, sem er ákvarðað á grundvelli viðeigandi árlegs samdráttarhlutfalls frá 2007/2008 til áranna tveggja sem tilgreind eru sem grundvöllur fyrir viðmiðunargildin í 2. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.“

ii. Eftirfarandi liðum er bætt við:

„10.1.6. *Skipting losunar fyrir framleiðslu hágæðaíðefna fyrir viðmiðunina fyrir gufusundrun*

Í samræmi við reglur um úthlutun skv. 19. gr. skal draga frá úthlutaðri losun 1,78 tonn af koltvísýringi á hvert tonn af vetni, margfaldað með sögulegri framleiðslu á vetni úr viðbótarhráefni, gefið upp sem tonn af vetni, 0,24 tonnum af koltvísýringi á hvert tonn af etýleni, margfaldað með sögulegri framleiðslu á etýleni úr viðbótarhráefni, gefið upp sem tonn af etýleni, og 0,16 tonnum af koltvísýringi á hvert tonn af hágæðaíðefnum, margfaldað með sögulegri framleiðslu á öðrum hágæðaíðefnum en vetni og etýleni úr viðbótarhráefni, gefið upp sem tonn af hágæðaíðefnum.

10.1.7. *Skipting losunar fyrir vetni fyrir viðmiðunina fyrir vínýlklóríð*

Í samræmi við reglur um úthlutun skv. 20. gr. skal bæta magni vetnis sem hefur verið brennt og er gefið upp í terajúlum margfaldað með gildi bráðabirgðavarmaviðmiðunar, ákvarðað á grundvelli viðkomandi tveggja ára, sem eru tilgreind sem grundvöllur fyrir viðmiðunargildin í 2. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, við úthlutaða losun.

10.1.8. *Skipting losunar fyrir viðmiðunina fyrir vetni*

Ef kolsýringur (CO) er í fullunninni gasvöru skal líta á hvarfhlutfallslegt jafngildi af magni kolsýrings í gasvörunni sem umbreytt í koltvísýring og bætt við úthlutaða losun. Þegar gert er ráð fyrir koxgasefnahvarfi skal draga jafngildi endurheimtanlegs varma fyrir útvermið efnahvarf 1,47 GJ/t kolsýrings margfaldað með gildi bráðabirgðavarmaviðmiðunar, ákvarðað á grundvelli árlegs samdráttarhlutfalls frá 2007/2008 til viðkomandi tveggja ára sem tilgreind eru sem grundvöllur fyrir viðmiðunargildin í 2. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, og gert er ráð fyrir 99,5% skilvirkni, frá úthlutaðri losun. Til samræmis við það skal bæta hvarfhlutfallslegu jafngildi vetnis sem yrði framleitt frá þessu sama magni kolsýrings með koxgas-efnahvarfi við nefnara þegar styrkur gróðurhúsalofttegunda í undirstöðinni er reiknaður út.“

iii. Eftirfarandi lið er bætt við í fyrstu málsgrein í lið 10.2:

„e) losunar sem rekja má til sérstakra viðmiðana sem eru ákvarðaðar í samræmi við liði 10.1.6, 10.1.7 og 10.1.8, eftir því sem við á.“

———

VI. VIÐAUKI

„VIII. VIÐAUKI

Ákvörðun á aðildarríkjum sem uppfylla skilyrðin skv. 3. mgr. 22. gr. b

Stöðvar í tilteknum aðildarríkjum geta notið góðs af viðbótarúthlutun án endurgjalds fyrir fjarhitun skv. 4. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB.

1. AÐFERÐAFRÆÐI

Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB skulu aðildarríki uppfylla eftirfarandi skilyrði fyrir meðaltalið á árunum 2014 til 2018 til að eiga rétt á viðbótarúthlutun án endurgjalds skv. 3. mgr. 22. gr. b:

$$\frac{Losun\ frá\ fjarhitun\ í\ hlutaðeigandi\ aðildarríki/Losun\ frá\ fjarhitun\ í\ öllum\ aðildarríkjum}{Verg\ landsframleiðsla\ í\ hlutaðeigandi\ aðildarríki/Verg\ landsframleiðsla\ í\ öllum\ aðildarríkjum} > 5$$

2. AÐILDARRÍKI SEM UPPFYLLA SKILYRÐI

Samkvæmt aðferðafræði sem lýst er í 1. lið geta stöðvar sem eru staðsettar í eftirfarandi aðildarríkjum notið góðs af viðbótarúthlutun án endurgjalds skv. 3. mgr. 22. gr. b:

a) Búlgaría,

b) Tékkland,

c) Lettland,

d) Pólland.“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/759 **2025/EES/73/02**

frá 14. desember 2021

um breytingu á VII. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 að því er varðar aðferðafræði fyrir útreikning á magni endurnýjanlegrar orku sem er notuð til kælingar og fjarkælingar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 frá 11. desember 2018 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum ([1]), einkum fimmtu undirgrein 3. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í VII. viðauka við tilskipun (ESB) 2018/2001 er kveðið á um aðferðafræði til að reikna út endurnýjanlega orku frá varmadælum sem eru notaðar til hitunar en þar eru ekki settar reglur um hvernig reikna eigi út endurnýjanlega orku frá varmadælum sem eru notaðar til kælingar. Í þeim viðauka vantar aðferðafræði til að reikna út endurnýjanlega orku frá varmadælum sem eru notaðar til kælingar og það kemur í veg fyrir að kælingargeirinn leggi sitt af mörkum til heildarmarkmiða Sambandsins um endurnýjanlega orku, sem mælt er fyrir um í 3. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001, og gerir aðildarríkjum, einkum þeim þar sem kæling er stór hluti orkunotkunar þeirra, erfiðara fyrir að ná markmiðunum um hitun og kælingu annars vegar og markmiðunum um fjarhitun og -kælingu hins vegar, skv. 23. og 24. gr. þeirrar tilskipunar.

2) Því ætti að innleiða aðferðafræði fyrir endurnýjanlega kælingu (e. *renewable cooling*), þ.m.t. fjarkælingu, í VII. viðauka við tilskipun (ESB) 2018/2001. Slík aðferðafræði er nauðsynleg til að tryggja að hlutdeild endurnýjanlegrar orku frá kælingu sé reiknuð út á samræmdan hátt í öllum aðildarríkjum og til að gera það kleift að gera áreiðanlegan samanburð á öllum kælikerfum með tilliti til getu þeirra til að nota endurnýjanlega orku til kælingar.

3) Í þeirri aðferðafræði ætti að taka með í reikninginn árstíðabundna lágmarksafkastastuðla (SPF-gildi) fyrir varmadælur sem eru starfræktar í gagnstæðum ham (áður þýtt „í hina áttina“), í samræmi við sjöttu undirgrein 3. mgr. 7. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001. Þar sem líta má á öll virk kælikerfi sem varmadælur sem eru starfræktar í gagnstæðum ham, svokölluðum kælingarham, ættu árstíðabundnir lágmarksafkastastuðlar að gilda um öll kælikerfi. Þetta er nauðsynlegt vegna þess að varmadælur draga út varma og flytja hann frá einum stað til annars. Ef um er að ræða kælingu draga varmadælur varma úr rými eða vinnsluferli og skila honum út í umhverfið (loft, vatn eða jörð). Varmaútdráttur er undirstaða kælingar og meginhlutverk varmadælu. Þar sem þessi útdráttur gengur gegn náttúrulegu orkuflæði, sem fer úr heitu yfir í kalt, er nauðsynlegt að varmadælunni, sem virkar sem kæligjafi, sé séð fyrir orku.

4) Orkunýtni er mikilvægur þáttur þegar kemur að því að ákvarða tilvist og notkun endurnýjanlegrar orku fyrir varmadælur og því er skylt að árstíðabundnir lágmarksafkastastuðlar séu hluti af aðferðafræðinni. Ef um er að ræða kælingu er endurnýjanlega orkan endurnýjanlegur kuldagjafi sem getur aukið nýtni kæliferlisins og hækkar árstíðabundna afkastastuðulinn fyrir kælingu. Háir árstíðabundnir afkastastuðlar eru orkunýtnivísar en virka á sama tíma sem óbeinir vísar fyrir tilvist og notkun endurnýjanlegs kuldagjafa fyrir kælingu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 139, 18.5.2022, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 328, 21.12.2018, bls. 82.

5) Við kælingu virkar kuldagjafinn sem varmasvelgur þar sem hann tekur til sín varmann sem varmadælan dregur til sín og gefur frá sér fyrir utan rýmið eða vinnsluferlið sem þarf að kæla. Magn endurnýjanlegrar kælingar fer eftir nýtni kæliferlisins og samsvarar magni þess varma sem varmasvelgurinn tekur til sín. Þetta jafngildir í raun kæliafkastagetu kuldagjafans.

6) Kuldagjafinn getur verið umhverfisorka eða jarðvarmaorka. Umhverfisorka er til staðar í andrúmslofti (áður þekkt sem loftvarmaorka) og vatni í umhverfinu (áður þekkt sem vatnsvarmaorka) en jarðvarmaorka finnst í jörðu undir föstu yfirborði jarðar. Taka ætti tillit til umhverfis- og jarðvarmaorku, sem notuð er til kælingar með varmadælum og fjarkælikerfum, við útreikninginn á hlutdeild endurnýjanlegrar orku í heildarorkunotkuninni, að því tilskildu að endanlegt orkufrálag sé umtalsvert hærra en frumorkuílagið sem nauðsynlegt er til að knýja varmadælurnar. Hægt væri að uppfylla þessa kröfu, sem komið var á með þriðju undirgrein 3. mgr. 7. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001, með viðeigandi háum árstíðabundnum afkastastuðlum, eins og skilgreint er í aðferðafræðinni.

7) Þar eð til eru margvíslegar lausnir fyrir kælingu er nauðsynlegt að skilgreina hvaða lausnir ættu að falla undir gildissvið aðferðafræðinnar og hverjar ekki. Kæling með náttúrulegu flæði varmaorku án þess að kælingartæki séu notuð er orkuhlutlaus kæling og því ætti að undanskilja hana frá útreikningnum í samræmi við fjórðu undirgrein 3. mgr. 7. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001.

8) Að draga úr þörf á kælingu með hönnun bygginga, s.s. með einangrun í byggingum, gróðurþökum, gróðurveggjum, skuggamyndun eða auknum massa bygginga, er gagnlegt en getur talist vera orkuhlutlaus kæling og ætti því ekki að vera hluti af útreikningunum á endurnýjanlegri kælingu.

9) Loftræsting (annaðhvort náttúruleg eða knúin), en það er aðflutningur andrúmslofts inn í rými í þeim tilgangi að tryggja viðeigandi loftgæði innanhúss, telst vera orkuhlutlaus kæling og ætti því ekki að vera hluti af útreikningunum á endurnýjanlegri kælingu. Viðhalda ætti þessari útilokun jafnvel þótt loftræsting leiði til þess að kalt andrúmsloft komi inn og dragi þar af leiðandi úr veitingu kælingar á vissum tímabilum ársins; þess konar kæling er nefnilega ekki meginhlutverk loftræstingar og hún getur einnig átt þátt í því að hita loftið á sumrin og getur þar með aukið kæliálagið. Þrátt fyrir það ætti samsvarandi kæling sem veitt er, annaðhvort með kæligjafa eða fríkælingu, að teljast vera virk kæling ef loftræstiloft er notað sem varmaberi fyrir kælingu. Í tilvikum þar sem loftstreymi í loftræstingu er aukið umfram loftræstikröfur í þeim tilgangi að veita kælingu ætti kælingin sem veitt er vegna þessa aukaloftstreymis að vera hluti af útreikningnum á endurnýjanlegri kælingu.

10) Þægindaviftur innihalda viftu og rafmagnshreyfil. Þægindaviftur koma hreyfingu á loftið og veita þægindi yfir sumarið með því að auka lofthraðann umhverfis mannslíkamann og veita þannig kælitilfinningu. Andstætt við loftræstingu kemur ekkert andrúmsloft inn þegar þægindaviftur eru notaðar, því þær koma einungis hreyfingu á loft innandyra. Af þessum sökum kæla þær ekki loft innandyra heldur hita það (allt rafmagn sem er notað losnar að lokum sem varmi í herberginu þar sem þægindaviftan er notuð). Þægindaviftur eru ekki lausnir fyrir kælingu og ættu því ekki að vera hluti af útreikningunum á endurnýjanlegri kælingu.

11) Orkuílag kælikerfis í flutningatækjum (s.s. bílum, vörubifreiðum, skipum) kemur að öllu jöfnu frá vél flutningatækisins. Notkun endurnýjanlegrar orku í óstaðbundnum kælikerfum er hluti af útreikningunum á markmiðinu um endurnýjanlega orku innan flutningageirans skv. c-lið 1. mgr. 7. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001 og ætti því ekki að vera hluti af útreikningunum á endurnýjanlegri kælingu.

12) Hitasviðið fyrir veitta kælingu þar sem endurnýjanlegir kuldagjafar geta aukið og minnkað eða leyst af hólmi orkunotkun kæligjafa liggur á bilinu 0 °C til 30 °C. Þetta hitasvið er einn af þeim mæliþáttum sem ætti að nota til að skima geira kælingarferla og notkunarsvið þeirra til að ákveða hvort þau ættu að vera hluti af útreikningunum á kælingu frá endurnýjanlegum orkugjöfum.

13) Í vinnslukælingu þar sem hitastig veittrar kælingar er lágt eða mjög lágt er lítið svigrúm til að nota endurnýjanlega kuldagjafa að einhverju marki og byggist hún aðallega á rafdrifinni kælingu. Helsta leiðin til að nota endurnýjanlega orku í kælibúnaði er í gegnum orkuílag hans. Rafknúinn kælibúnaður sem notar endurnýjanlega orku er þegar inni í bókhaldinu yfir hlutdeild endurnýjanlegrar orku samkvæmt tilskipun (ESB) 2018/2001. Möguleikinn á umbótum í nýtni fellur nú þegar undir ramma ESB um visthönnun og orkumerkingar. Af þessum sökum væri enginn ávinningur af því að hafa kælibúnað með í útreikningunum á endurnýjanlegri kælingu.

14) Að því er varðar vinnslukælingu við hátt hitastig bjóða öll varmaorkuver, brunavinnsla og önnur vinnsla við hátt hitastig upp á þann möguleika að endurvinna glatvarma. Að hvetja til losunar á glatvarma við hátt hitastig út í umhverfið án varmaendurvinnslu í gegnum endurnýjanlega kælingu myndi ganga gegn meginreglunni um orkunýtni fyrst og gegn umhverfisvernd. Í því samhengi nægja 30 °C hitamörkin ekki til að greina á milli þessara vinnsluferla þar sem þétting í gufuaflsvirkjun getur orðið við 30 °C eða lægra hitastig. Kælikerfi gufuaflsvirkjunarinnar getur veitt kælingu við lægra hitastig en 30 °C.

15) Til að tryggja að gildissviðið sé skýrt afmarkað ætti aðferðafræðin að innihalda skrá yfir vinnsluferli þar sem setja ætti í forgang að endurvinna eða komast hjá glatvarma í stað þess að hvetja til notkunar á kælingu. Á meðal þeirra geira þar sem stuðlað er að því að komast hjá og endurvinna glatvarma samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB ([2]) eru raforkuver, þ.m.t. ver með samvinnslu raf- og varmaorku, og vinnsluferli þar sem heitur vökvi er framleiddur með bruna eða útvermnum efnahvörfum. Önnur vinnsluferli þar sem mikilvægt er að komast hjá og endurvinna glatvarma eru m.a. sements-, járn- og stálframleiðsla, skólphreinsistöðvar, upplýsingatæknistöðvar, s.s. gagnaver, stöðvar sem sjá um flutning og dreifingu á raforku og einnig grunnvirki fyrir líkbrennslu og samgöngur, og ekki ætti að stuðla að kælingu til að draga úr glatvarma frá þessum vinnsluferlum.

16) Einn af mikilvægustu mæliþáttunum í útreikningunum á endurnýjanlegri orku frá varmadælu, sem notuð er til kælingar, er árstíðabundni afkastastuðullinn sem er reiknaður út frá frumorku, tilgreindur sem SPF_P. SPF_P er hlutfall sem sýnir nýtni kælikerfa á kælitímabilinu. Það er reiknað með því að deila orkuílaginu í framleitt magn kælingar. Hærra gildi fyrir SPF_P er betra því þá er framleidd meiri kæling með sama orkuílaginu.

17) Til að reikna út magn endurnýjanlegrar orku frá kælingu er nauðsynlegt að skilgreina þann hluta veittrar kælingar sem getur talist endurnýjanlegur. Þessi hluti er tilgreindur sem s_{SPFP}. Gildið s_{SPFP} er fall af neðra og efra viðmiðunargildi fyrir SPF_P. Í aðferðafræðinni ætti að ákvarða neðra viðmiðunargildi fyrir SPF_P en undir því er endurnýjanleg orka frá kælikerfi núll. Í aðferðafræðinni ætti einnig að ákvarða efra viðmiðunargildi fyrir SPF_P en yfir því telst öll kæling, sem kælikerfi skilar, vera endurnýjanleg. Þrepaskipt útreikningsaðferð ætti að gera kleift að reikna út þann línulega vaxandi hluta veittrar kælingar sem hægt er að telja sem endurnýjanlega orku frá kælikerfum með SPF_P-gildi á milli neðri og efri viðmiðunargilda fyrir SPF_P.

18) Þessi aðferðafræði ætti að tryggja, í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 7. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001, að gas, raforka og vetni frá endurnýjanlegum orkugjöfum sé aðeins tekið einu sinni til greina við útreikning á hlutdeild orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í heildarorkunotkun.

19) Til að tryggja stöðugleika og fyrirsjáanleika við beitingu aðferðafræðinnar innan kælingargeirans ætti að ákvarða neðri og efri SPF-viðmiðunargildin, sem eru reiknuð út frá frumorku, með því að nota sjálfgefna reiknistuðulinn, sem einnig er kallaður frumorkuþáttur, eins og sett er fram í tilskipun 2012/27/ESB.

20) Rétt þykir að greina á milli mismunandi aðferða við útreikning á endurnýjanlegri kælingu með hliðsjón af því hvort staðalgildi eru tiltæk fyrir mæliþættina sem nauðsynlegir eru fyrir útreikninginn, t.d. staðlaðir árstíðabundnir afkastastuðlar eða jafngildisklukkustundir í rekstri við fullt álag.

21) Rétt þykir að með aðferðafræðinni sé unnt að nota einfaldaða tölfræðilega nálgun sem byggist á staðalgildum fyrir stöðvar með nafnafköst undir 1,5 MW. Ef engin staðalgildi liggja fyrir ætti aðferðafræðin að bjóða upp á að nota mæld gögn til að gera kleift að kælikerfi njóti góðs af reikniaðferðinni fyrir endurnýjanlega orku frá kælingu. Mælingaraðferðin ætti að gilda fyrir kælikerfi með nafnafköst yfir 1,5 MW, fyrir fjarkælingu og fyrir lítil kerfi sem nota tækni þar sem staðalgildi liggja ekki fyrir. Þrátt fyrir að staðalgildi séu tiltæk mega aðildarríkin nota mæld gögn fyrir öll kælikerfi.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB frá 25. október 2012 um orkunýtni, breytingu á tilskipunum 2009/125/EB og 2010/30/ESB og um niðurfellingu á tilskipunum 2004/8/EB og 2006/32/EB (Stjtíð. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 1).

22) Aðildarríkjum ætti að vera heimilt að framkvæma eigin útreikninga og kannanir til að bæta áreiðanleika lands hagskýrslna umfram það sem telst mögulegt með þeirri aðferðafræði sem sett er fram í þessari reglugerð.

23) Því ætti að breyta VII. viðauka við tilskipun (ESB) 2018/2001 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting

Í stað VII. viðauka við tilskipun (ESB) 2018/2001 kemur viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara og nýsköpunar, útbreiðslu búnaðar og áhrifa hennar á markmiðin um endurnýjanlega orku.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. desember 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

„VII. VIÐAUKI

BÓKHALD YFIR ENDURNÝJANLEGA ORKU SEM NOTUÐ ER TIL HITUNAR OG KÆLINGAR

A-HLUTI: BÓKHALD YFIR ENDURNÝJANLEGA ORKU FRÁ VARMADÆLUM SEM NOTAÐAR ERU TIL HITUNAR

Magn loftvarma-, jarðvarma- eða vatnsvarmaorku sem varmadælur fanga og sem telst vera orka frá endurnýjanlegum orkugjöfum að því er varðar þessa tilskipun, E_{RES}, skal reiknað í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$E_{RES} = Q_{usable} * (1 – 1/SPF)$

þar sem

—	Q_{usable}	=	áætlaður nýtilegur heildarvarmi frá varmadælum sem uppfylla viðmiðanirnar í 4. mgr. 7. gr., framkvæmt á eftirfarandi hátt: Aðeins skal tekið tillit til varmadælna þar sem SPF > 1,15 * 1/η,
—	SPF	=	áætlað meðaltal árstíðabundins afkastastuðuls fyrir þessar varmadælur,
—	η	=	hlutfallið milli vergrar heildarframleiðslu raforku og frumorkunotkunar í raforkuframleiðslu og skal reiknað sem meðaltal í ESB byggt á gögnum frá Hagstofu Evrópusambandsins.

B-HLUTI: BÓKHALD YFIR ENDURNÝJANLEGA ORKU SEM NOTUÐ ER TIL KÆLINGAR

1. **SKILGREININGAR**

Við útreikning á endurnýjanlegri orku sem notuð er til kælingar er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „kæling“: varmaútdráttur úr lokuðu rými eða rými innandyra (notkun til þæginda) eða úr vinnsluferli, til að lækka hitastigið í rýminu eða vinnslunni í tilgreint hitastig (stillipunktur) eða viðhalda því; fyrir kælikerfi er varmanum, sem það hefur dregið til sín, skilað út í andrúmsloft, vatn eða jörð í umhverfinu sem tekur til sín varmann, þar sem umhverfið (loft, jörð og vatn) myndar svelg fyrir varmaútdráttinn og virkar þannig sem kuldagjafi,

2) „kælikerfi“: samstæða íhluta sem samanstanda af varmaútdráttarkerfi, einu eða fleiri kælingartækjum og varmaskilakerfi og, ef um er að ræða virka kælingu, kælimiðli í formi vökva, sem saman framkalla tilgreindan varmaflutning og tryggja þannig tilskilið hitastig,

   a) að því er varðar rýmiskælingu getur kælikerfið annaðhvort verið fríkælingarkerfi eða kælikerfi með innbyggðan kæligjafa og kæling er eitt af helstu hlutverkum þess,

   b) að því er varðar vinnslukælingu er kælikerfið með innbyggðan kæligjafa og kæling er eitt af helstu hlutverkum þess,

3) „fríkæling“ (e. *free cooling*): kælikerfi sem notar náttúrulegan kuldagjafa til að draga varma úr rýminu eða vinnsluferlinu sem á að kæla, með vökvaflutningi með dælu(m) eða viftu(m) og sem þarf ekki að nota kæligjafa,

4) „kæligjafi“ (e. *cooling generator*): sá hluti kælikerfis sem framkallar hitamun sem gerir kleift að draga út varmann úr rýminu eða vinnsluferlinu sem á að kæla, með því að nota gufuþjöppunarhringrás, soghringrás eða aðra varmafræðilega hringrás; hann er notaður þegar kuldagjafi er ekki tiltækur eða er ófullnægjandi,

5) „virk kæling“ (e. *active cooling*): fjarlæging varma úr rými eða vinnsluferli þar sem þörf er á orkuílagi til að uppfylla kæliþörfina; hún er notuð þegar náttúrulegt orkuflæði er ekki tiltækt eða er ófullnægjandi og getur átt sér stað með eða án kæligjafa,

6) „orkuhlutlaus kæling“ (e. *passive cooling*): fjarlæging varma með náttúrulegu orkuflæði með varmaleiðni, varmastreymi, varmageislun eða massafærslu án þess að flytja þurfi kælivökva til að draga til sín og skila varma eða til að framkalla lægra hitastig með kæligjafa, þ.m.t. að draga úr þörf fyrir kælingu með byggingahönnun, s.s. með einangrun í byggingum, gróðurþökum, gróðurveggjum, skuggamyndun eða auknum massa bygginga, með loftræstingu eða með notkun þægindaviftna,

7) „loftræsting“: náttúruleg eða knúin hreyfing lofts sem flytur andrúmsloft inn í rými í þeim tilgangi að tryggja viðeigandi loftgæði innandyra, þ.m.t. viðeigandi hitastig,

8) „þægindavifta“: vara sem inniheldur viftu og rafhreyfil til að koma hreyfingu á loft og veita þægindi yfir sumarið með því að auka lofthraðann umhverfis mannslíkamann og veita þannig kælitilfinningu,

9) „magn endurnýjanlegrar orku til kælingar“: veitt kæling sem hefur verið framleidd með tilgreindri orkunýtni, gefin upp sem árstíðabundinn afkastastuðull sem er reiknaður út frá frumorku,

10) „varmasvelgur“ (e. *heat sink*) eða „kuldagjafi“ (e. *cold source*): ytri, náttúrulegur svelgur sem varmi, sem er dreginn úr rýminu eða vinnsluferlinu, er fluttur í; þetta getur verið andrúmsloft eða vatn í umhverfinu í formi náttúrulegra eða manngerðra vatnshlota og jarðvarmamyndana undir föstu yfirborði jarðar,

11) „varmaútdráttarkerfi“ (e. *heat extraction system*): búnaður sem fjarlægir varma úr rýminu eða vinnsluferlinu sem á að kæla, s.s. eimir í gufuþjöppunarhringrás,

12) „kælingartæki“: búnaður sem er hannaður fyrir virka kælingu,

13) „varmaskilakerfi“ (e. *heat rejection system*): búnaður þar sem endanlegur varmaflutningur frá kælimiðlinum í varmasvelginn á sér stað, s.s. eimsvali sem færir varma frá kælimiðli út í loftið í loftkældri gufuþjöppunarhringrás,

14) „orkuílag“: sú orka sem er nauðsynleg til að flytja vökvann (fríkæling) eða sú orka sem er nauðsynleg til að flytja vökvann og knýja kæligjafann (virk kæling með kæligjafa),

15) „fjarkæling“: dreifing varmaorku, í formi kældra vökva, frá miðlægum eða dreifstýrðum framleiðslustað í gegnum netkerfi til margra bygginga eða mannvirkja til að kæla rými eða fyrir vinnslukælingu,

16) „árstíðabundinn afkastastuðull fyrir frumorku“: mælikvarði á umbreytinýtni kælikerfisins að því er varðar frumorku,

17) „jafngildisklukkustundir við fullt álag“ (e. *equivalent full load hours*): sá fjöldi klukkustunda þegar kælikerfi er keyrt við fullt álag til að framkalla það magn kælingar sem það framleiðir í raun á einu ári, en við breytilegt álag,

18) „kælingargráðudagar“: loftslagsgildi, reiknuð á grundvelli hitastigs við 18 °C, sem eru notuð til að ákvarða jafngildis klukkustundir við fullt álag.

2. GILDISSVIÐ

1. Við útreikning á magni endurnýjanlegrar orku sem er notuð til kælingar skulu aðildarríki telja virka kælingu með, þ.m.t. fjarkælingu, óháð því hvort um er að ræða fríkælingu eða notkun kæligjafa.

2. Aðildarríkin skulu ekki telja eftirfarandi með:

   a) orkuhlutlausa kælingu, en ef loftræstiloft er notað sem varmaberi fyrir kælingu skal samsvarandi kæling, sem veitt er annaðhvort með kæligjafa eða fríkælingu, þó vera hluti af útreikningunum á endurnýjanlegri kælingu,

   b) eftirfarandi kælitækni eða kælingarferli:

      i. kælingu í flutningatækjum ([1]),

      ii. kælikerfi sem hafa það meginhlutverk að framleiða eða geyma viðkvæm efni við tiltekið hitastig (kæling og frysting),

      iii. kælikerfi með stillipunkta fyrir kælihitastig í rými eða við vinnslukælingu sem eru lægri en 2 °C,

      iv. kælikerfi með stillipunkta fyrir kælihitastig í rými eða við vinnslukælingu sem eru hærri en 30 °C,

([1]) Skilgreiningin á endurnýjanlegri kælingu á aðeins við um staðbundna kælingu.

v. kælingu glatvarma sem myndast við orkuframleiðslu, iðnaðarferla og í þriðja geiranum (glatvarmi) ([2]).

c) orku sem notuð er til kælingar í orkuframleiðsluverum, sements-, járn- og stálframleiðslu, skólphreinsistöðvum, upplýsingatæknistöðvum (s.s. gagnaverum), stöðvum sem sjá um flutning og dreifingu á raforku og grunnvirkjum fyrir samgöngur.

Af ástæðum er varða umhverfisvernd er aðildarríkjum heimilt að undanskilja fleiri flokka kælikerfa frá útreikningnum á endurnýjanlegri orku, sem notuð er til kælingar, til að varðveita náttúrulega kuldagjafa á tilteknum landsvæðum. Dæmi um slíkt er verndun áa eða vatna gegn hættu á ofhitnun.

3. AÐFERÐFRÆÐI FYRIR BÓKHALD YFIR ENDURNÝJANLEGA ORKU FYRIR SÉRTÆKA KÆLINGU OG FJARKÆLINGU

Einungis kælikerfi sem eru starfrækt yfir lágmarkskröfunni um orkunýtni, sem gefin er upp sem árstíðabundinn afkastastuðull fyrir frumorku (SPF_P) í annarri málsgrein liðar 3.2, skulu teljast framleiða endurnýjanlega orku.

3.1. Magn endurnýjanlegrar orku til kælingar

Magn endurnýjanlegrar orku til kælingar (E_{RES-C}) skal reiknað út með eftirfarandi formúlu:

$$E_{RES-C} = (Q_{C_{Source}} - E_{INPUT}) \times s_{SPF_p} = Q_{C_{Supply}} \times s_{SPF_p}$$

þar sem:

$Q_{C_{Source}}$ er magn varma sem kælikerfið losar út í andrúmsloft, vatn í umhverfinu eða jörð ([3]),

E_{INPUT} er orkunotkun kælikerfisins, þ.m.t. orkunotkun viðbótarkerfa fyrir mæld kerfi, s.s. fjarkælingu,

$Q_{C_{Supply}}$ er kæliorkuafhending kælikerfisins ([4]),

s_{SPF_p} er skilgreind á stigi kælikerfisins sem sá hluti veittrar kælingar sem getur talist endurnýjanlegur samkvæmt kröfunum um árstíðabundinn afkastastuðul, gefin upp sem hundraðshluti. Árstíðabundni afkastastuðullinn er ákvarðaður án þess tekið sé tillit til dreifingartaps. Að því er varðar fjarkælingu merkir þetta að árstíðabundni afkastastuðullinn er ákvarðaður fyrir hvern kæligjafa eða á stigi hvers fríkælingarkerfis. Þegar um er að ræða kælikerfi þar sem staðlaðir árstíðabundnir afkastastuðlar geta átt við eru stuðlarnir F(1) og F(2), samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2281 ([5]) og tengdri orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar ([6]), ekki notaðir sem leiðréttingarstuðlar.

Að því er varðar kælingu sem kemur frá 100% endurnýjanlegum varma (ísogi og aðsogi) skal líta svo á að öll kælingin sem afhent er sé endurnýjanleg orka.

Útreikningsþrepin, sem eru nauðsynleg fyrir $Q_{C_{Supply}}$ og s_{SPF_p}, eru útskýrð í lið 3.2 til 3.4.

([2]) Glatvarmi er skilgreindur í 9. mgr. 2. gr. þessarar tilskipunar. Hægt er að taka glatvarma með í útreikningum að því er varðar 23. og 24. gr. þessarar tilskipunar.

([3]) Geta kuldagjafa samsvarar því magni varma sem andrúmsloft, vatn í umhverfinu og jörðin, sem virka eins og varmasvelgir, taka til sín. Andrúmsloft og vatn í umhverfinu samsvara umhverfisorku eins og hún er skilgreind í 2. mgr. 2. gr. þessarar tilskipunar. Jörðin samsvarar jarðvarmaorku eins og hún er skilgreind í 3. mgr. 2. gr. þessarar tilskipunar.

([4]) Frá varmafræðilegu sjónarmiði samsvarar veitt kæling þeim hluta varmans sem kælikerfi losar út í andrúmsloft, vatn í umhverfinu eða í jörð, sem virka sem varmasvelgur eða kuldagjafi. Andrúmsloft og vatn í umhverfinu samsvara umhverfisorku eins og hún er skilgreind í 2. mgr. 2. gr. þessarar tilskipunar. Hlutverk jarðarinnar sem varmasvelgur eða kuldagjafi samsvarar jarðvarmaorku eins og hún er skilgreind í 3. mgr. 2. gr. þessarar tilskipunar.

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2281 frá 30. nóvember 2016 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur með tilliti til krafna varðandi visthönnun á vörum til lofthitunar, vörum til kælingar, vökvakælum fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig og hitaspírala (Stjtíð. ESB L 346, 20.12.2016, bls. 1).

([6]) https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=uriserv:OJ.C_.2017.229.01.0001.01.ENG&toc=OJ:C:2017:229:TOC

3.2. Útreikningur á þeim hluta árstíðabundna afkastastuðulsins sem telst vera endurnýjanleg orka – S_{SPF_p}

S_{SPF} er sá hluti veittrar kælingar sem telja má sem endurnýjanlega orku. S_{SPF_p} hækkar með hækkandi SPF_p-gildum. SPF_p ([7]) er skilgreindur eins og lýst er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2281 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2012 ([8]), að því undanskildu að sjálfgefinn frumorkuþáttur raforku hefur verið uppfærður í 2,1 í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB (eins og henni var breytt með tilskipun (ESB) 2018/2002 ([9])). Nota skal jaðarskilyrði úr EN14511-staðlinum.

Lágmarkskrafan um orkunýtni kælikerfisins, gefin upp sem árstíðabundinn afkastastuðull fyrir frumorku, skal vera a.m.k. 1,4 ($SPFp_{LOW}$). Til að S_{SPF_p} teljist vera 100% skal lágmarkskrafan um orkunýtni kælikerfisins vera a.m.k. 6 ($SPFp_{HIGH}$). Beita skal eftirfarandi útreikningi fyrir öll önnur kælikerfi:

$$SSPFp = \frac{SPF_p - SPF_{p\_LOW}}{SPF_{p\_HIGH} - SPF_{p\_LOW}} \%$$

SPFp er nýtni kælikerfisins, gefin upp sem árstíðabundinn afkastastuðull fyrir frumorku,

$SPFp_{LOW}$ er árstíðabundni lágmarksafkastastuðullinn, gefinn upp sem frumorka og byggður á nýtni staðlaðra kælikerfa (lágmarkskröfur varðandi visthönnun),

$SPFp_{HIGH}$ eru efri viðmiðunarmörkin fyrir árstíðabundna afkastastuðulinn, gefin upp sem frumorka og byggð á bestu starfsvenjum við fríkælingu sem notuð er við fjarkælingu ([10]).

3.3. Útreikningur á magni endurnýjanlegrar orku til kælingar með stöðluðum og mældum SPF_p-gildum

Staðlað og mælt SPF-gildi

Vegna krafna varðandi visthönnun í reglugerðum (ESB) nr. 206/2012 og (ESB) 2016/2281 liggja fyrir stöðluð SPF-gildi fyrir rafknúna kæligjafa með gufuþjöppu og kæligjafa með gufuþjöppu sem eru knúnir með brunahreyfli. Gildi liggja fyrir að því er varðar þessa kæligjafa, upp að 2 MW fyrir kælingu til þæginda og upp að 1,5 MW fyrir vinnslukælingu. Engin staðalgildi liggja fyrir hvað varðar aðra tækni og önnur afkastasvið. Að því er varðar fjarkælingu liggja engin staðalgildi fyrir en notaðar eru tiltækar mælingar sem gera það kleift að reikna út SPF-gildi a.m.k. árlega.

Ef stöðluð SPF-gildi liggja fyrir má nota þau til að reikna út magn endurnýjanlegrar kælingar. Ef staðalgildi liggja ekki fyrir, eða ef mæling er viðtekin venja, skal nota mæld SPF-gildi, aðskilin með viðmiðunargildum kæliafkasta. Nota má staðlað SPF-gildi fyrir kæligjafa með kæliafköst undir 1,5 MW en nota skal mæld SPF-gildi fyrir fjarkælingu, kæligjafa með kæliafköst sem eru 1,5 MW eða hærri og kæligjafa þar sem staðalgildi liggja ekki fyrir.

Því til viðbótar skal ákvarða mæld SPF-gildi fyrir öll kælikerfi þar sem stöðluð SPF-gildi liggja ekki fyrir, en þeirra á meðal eru allar lausnir fyrir fríkælingu og varmaknúnir kæligjafar, til að nýta megi aðferðafræðina fyrir endurnýjanlega kælingu.

([7]) Ef raunveruleg rekstrarskilyrði kæligjafa leiða til þess að SPF-gildin verða umtalsvert lægri en gert var ráð fyrir við staðalskilyrði, vegna mismunandi ákvæða um uppsetningu, er aðildarríkjum heimilt að undanskilja þessi kerfi frá gildissviði skilgreiningarinnar á endurnýjanlegri kælingu (t.d. vatnskældan kæligjafa sem notar þurrkæli í stað kæliturns til að losa varma út í andrúmsloftið).

([8]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2012 frá 6. mars 2012 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun loftræstisamstæðna og viftna (Stjtíð. ESB L 72, 10.3.2012, bls. 7).

([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2002 frá 11. desember 2018 um breytingu á tilskipun 2012/27/ESB um orkunýtni (Stjtíð. ESB L 328, 21.12.2018, bls. 210).

([10]) ENER/C1/2018-493, Renewable cooling under the revised Renewable Energy Directive, TU-Wien, 2021.

Skilgreining á stöðluðum SPF-gildum

SPF-gildi eru gefin upp sem frumorkunýtni sem reiknuð er út með því að nota frumorkuþætti samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/2281 til að ákvarða kælinýtni mismunandi tegunda kæligjafa fyrir rými ([11]). Frumorkuþátturinn í reglugerð (ESB) 2016/2281 skal reiknaður út sem 1/η þar sem η er meðaltalshlutfall milli vergrar heildarframleiðslu raforku og frumorkunotkunar til raforkuframleiðslu í ESB öllu. Með breytingunni á sjálfgefna frumorkuþættinum fyrir raforku, sem kallaður er stuðull í 1. lið viðaukans við tilskipun (ESB) 2018/2002 um breytingu á 3. neðanmálsgrein í IV. viðauka við tilskipun 2012/27/ESB, skal 2,1 koma í stað frumorkuþáttarins 2,5 í reglugerð (ESB) 2016/2281 þegar SPF-gildin eru reiknuð út.

Þegar frumorkuberar, s.s. varmi eða gas, eru notaðir sem orkuílag til að knýja kæligjafann er sjálfgefni frumorkuþátturinn (1/η) 1, sem endurspeglar skort á orkuumbreytingu η = 1.

Stöðluðu rekstrarskilyrðin og aðrir mæliþættir, sem eru nauðsynlegir til að ákvarða árstíðabundna afkastastuðulinn, eru skilgreind í reglugerð (ESB) 2016/2281 og reglugerð (ESB) nr. 206/2012, með hliðsjón af flokki kæligjafa. Jaðarskilyrði eru þau sem eru skilgreind í EN14511-staðlinum.

Að því er varðar tvívirka kæligjafa (tvívirkar varmadælur), sem falla ekki undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2016/2281 vegna þess að hitunaraðgerð þeirra fellur undir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 813/2013 ([12]) að því er varðar kröfur varðandi visthönnun hitara fyrir rými og sambyggðra hitara, skal nota sama útreikninginn fyrir árstíðabundna afkastastuðulinn og er skilgreindur fyrir sambærilega kæligjafa, sem ekki eru tvívirkir, í reglugerð (ESB) 2016/2281.

Til dæmis skal SPF_p fyrir rafknúna kæligjafa með gufuþjöppu skilgreindur sem hér segir (stuðullinn *p* er notaður til að skýrt sé að árstíðabundni afkastastuðullinn er skilgreindur með tilliti til frumorku):

— fyrir rýmiskælingu: $$SPF_p = \frac{SEER}{\frac{1}{\eta}} - F(1) - F(2)$$

— fyrir vinnslukælingu: $$SPF_p = \frac{SEPR}{\frac{1}{\eta}} - F(1) - F(2)$$

þar sem:

— SEER og SEPR eru árstíðabundnir afkastastuðlar ([13]) (SEER stendur fyrir „árstíðabundið orkunýtnihlutfall“, SEPR stendur fyrir „árstíðabundið orkunýtingarhlutfall“) á grundvelli endanlegrar orku sem skilgreind er samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/2281 og reglugerð (ESB) nr. 206/2012,

— η er meðaltalshlutfall milli vergrar heildarframleiðslu raforku og frumorkunotkunar til raforkuframleiðslu í ESB (η = 0,475 og 1/η = 2,1).

F(1) og F(2) eru leiðréttingarstuðlar samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/2281 og tengdri orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar. Þessir stuðlar gilda ekki um vinnslukælingu í reglugerð (ESB) 2016/2281 þar sem mælikvarðinn fyrir endanlega orku árstíðabundins orkunýtingarhlutfalls er notaður með beinum hætti. Ef engin aðlöguð gildi eru fyrir hendi skal nota sömu gildi og notuð voru fyrir umreikning árstíðabundins orkunýtnihlutfalls fyrir umreikning árstíðabundins orkunýtingarhlutfalls.

Jaðarskilyrði fyrir árstíðabundinn afkastastuðul

Nota skal jaðarskilyrðin fyrir árstíðabundna afkastastuðulinn sem skilgreind eru í reglugerð (ESB) nr. 2281/2016 og í reglugerð (ESB) nr. 206/2012 til að skilgreina árstíðabundinn afkastastuðul kæligjafans. Ef um er að ræða vatn í loft og vatn í vatn kæligjafa er orkuílagið, sem nauðsynlegt er til að kuldagjafinn sé tiltækur, reiknað með í leiðréttingarstuðli F(2). Jaðarskilyrðin fyrir árstíðabundna afkastastuðulinn eru sýnd á mynd 1. Þessi jaðarskilyrði skulu gilda fyrir öll kælikerfi, hvort sem um er að ræða fríkælingarkerfi eða kerfi sem innihalda kæligjafa.

([11]) SPF_p er eins og $\eta_{s,c}$ sem skilgreint er í reglugerð (ESB) 2016/2281.


([12]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 813/2013 frá 2. ágúst 2013 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun hitara fyrir rými og sambyggðra hitara (Stjtíð. ESB L 239, 6.9.2013, bls. 136).

([13]) Í 1. hluta rannsóknarinnar ENER/C1/2018-493 um „Yfirlit yfir kælingartækni og markaðshlutdeild“ (e. *Cooling Technologies Overview and Market Share*) eru settar fram ítarlegri skilgreiningar og jöfnur fyrir þessa mælikvarða í kafla 1.5 „Mælikvarðar fyrir orkunýtni kælikerfa af nýjustu tækni“ (e. *Energy efficiency metrics of state-of-the-art cooling systems*).

Þessi jaðarskilyrði eru sambærileg skilyrðunum fyrir varmadælur (sem eru notaðar í hitunarham) í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/114/ESB ([14]). Munurinn er sá, að því er varðar varmadælur, að við mat á árstíðabundna afkastastuðlinum er ekki tekið tillit til raforkunotkunar sem samsvarar viðbótarorkunotkun (þegar slökkt er á hitastilli, þegar eining er í reiðuham, slökkt er á henni og þegar kveikt er á sveifarhússhitara). Af því að bæði stöðluð og mæld gildi verða notuð fyrir árstíðabundna afkastastuðulinn eins og þegar um kælingu er að ræða, og í ljósi þess að tekið er tillit til viðbótarorkunotkunar í mælda árstíðabundna afkastastuðlinum, er samt sem áður nauðsynlegt að hafa viðbótarorkunotkunina með í báðum tilvikum.

Að því er varðar fjarkælingu skal ekki taka kuldatap og raforkunotkun dælna í dreifingarkerfinu milli kælingarversins og aðveitustöðva viðskiptavina með í matinu á árstíðabundna afkastastuðlinum.

Ef um er að ræða loftkælikerfi sem tryggja einnig loftræstingu skal ekki taka veitta kælingu vegna loftstreymis frá loftræstingu með í útreikninginn. Einnig skal ekki taka viftuaflið sem þarf til loftræstingarinnar með í útreikningnum, í samræmi við hlutfallið milli loftstreymis til loftræstingar og loftstreymis til kælingar.



Mynd 1: Skýringarmynd af jaðarskilyrðum fyrir árstíðabundinn afkastastuðul (SPF) fyrir kæligjafa með stöðluðu SPF-gildi, og fjarkælingu (og önnur stór kælikerfi með mældum SPF-gildum) þar sem E_{INPUT_AUX} er orkuílagið til viftu og/eða dælu og E_{INPUT_CG} er orkuílagið til kæligjafans

Ef um er að ræða loftkælikerfi með innri kæliendurvinnslu skal ekki taka veitta kælingu vegna kæliendurvinnslunnar með í útreikningnum. Ekki skal taka með viftuaflið sem þarf til kæliendurvinnslunnar með í útreikningnum, í samræmi við hlutfallið milli þrýstingstaps vegna kæliendurvinnslu varmaskiptisins og heildarþrýstingstaps loftkælikerfisins.

3.4. Útreikningur með stöðluðum gildum

Nota má einfaldaða aðferð til að meta heildarkæliorkuafhendingu einstakra kælikerfa, sem hafa afköst undir 1,5 MW, þegar staðlað gildi fyrir árstíðabundinn afkastastuðul þeirra liggur fyrir.

Samkvæmt einfölduðu aðferðinni jafngildir kæliorkuafhending kælikerfisins ($Q_{Csupply}$), nafnafköstum kælingarinnar (*Pc*) sem hafa verið margfölduð með fjölda jafngildisklukkustunda við fullt álag (*EFLH*). Nota má eitt gildi fyrir kælingargráðudaga fyrir heilt land eða aðskilin gildi fyrir mismunandi loftslagsbelti, að því tilskildu að nafnafköst og árstíðabundnir afkastastuðlar fyrir þessi loftslagsbelti liggi fyrir.

Nota má eftirfarandi sjálfgefnar aðferðir til að reikna út jafngildisklukkustundir við fullt álag:

— fyrir rýmiskælingu í íbúðarhúsnæðisgeiranum: EFLH = 96 + 0,85 * CDD

— fyrir rýmiskælingu í þriðja geiranum: EFLH = 475 + 0,49 * CDD

— fyrir vinnslukælingu: EFLH = τ_s * (7300 + 0,32 * CDD)

([14]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/114/ESB frá 1. mars 2013 um viðmiðunarreglur fyrir aðildarríki vegna útreiknings á endurnýjanlegri orku frá varmadælum með mismunandi varmadælutækni skv. 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB (Stjtíð. ESB L 62, 6.3.2013, bls. 27).

þar sem:

τ_s er virkniþáttur til að gera grein fyrir starfrækslutíma tiltekinna vinnsluferla (t.d. allt árið $\tau_s = 1$, ekki um helgar $\tau_s = 5/7$). Ekkert staðalgildi er fyrir hendi.

3.4.1. *Útreikningur með mældum gildum*

Fyrir kerfi þar sem engin stöðluð gildi eru fyrir hendi, sem og fyrir kælikerfi sem hafa afköst yfir 1,5 MW og fyrir fjarkælikerfi, skal reikna út endurnýjanlega kælingu á grundvelli eftirfarandi mælinga:

Mælt orkuílag: Mælt orkuílag nær yfir alla orkugjafa fyrir kælikerfið, þ.m.t. alla kæligjafa, þ.e. raforku, gas, hita o.s.frv. Það nær einnig yfir aukadælur og -viftur sem notaðar eru í kælikerfinu en ekki til dreifingar á kælingu til byggingar eða vinnsluferlis. Ef um er að ræða loftkælingu með loftræstivirkni skal aðeins aukaorkan sem hlýst af kælingunni talin með í orkuílagi kælikerfisins.

Mæld kæliorkuafhending: Mæla skal kæliorkuafhendingu sem frálag frá kælikerfinu og draga allt kuldatap frá til að meta hreina kæliorkuafhendingu til byggingarinnar eða vinnsluferlisins sem er endanlegur notandi kælingarinnar. Kuldatapið nær yfir tap í fjarkælikerfi og í kælidreifikerfi í byggingu eða á iðnaðarstöð. Ef um er að ræða loftkælingu með loftræstivirkni skal ekki reikna áhrif ferska loftsins, sem kemur inn vegna loftræstingar, með í kæliorkuafhendingunni.

Mælingarnar þurfa að fara fram fyrir það tiltekna ár sem á að gefa skýrslu um, þ.e. allt orkuílag og öll kæliorkuafhending fyrir allt árið.

3.4.2. *Fjarkæling: viðbótarkröfur*

Að því er varðar fjarkælikerfi skal taka hreina veitingu kælingar til viðskiptavinarins með í útreikningnum þegar hrein, veitt kæling, sem er tilgreind sem $Q_{C\_Supply\_net}$, er ákvörðuð. Draga skal varmatap sem verður í dreifikerfinu (Q_{c_LOSS}) frá veittri heildarkælingu ($Q_{c\_Supply\_gross}$) sem hér segir:

$$Q_{C\_Supply\_net} = Q_{c\_Supply\_gross-} - Q_{c\_LOSS}$$

3.4.2.1. *Skipting í undirkerfi*

Fjarkælikerfi kunna að skiptast í undirkerfi sem ná yfir a.m.k. einn kæligjafa eða fríkælingarkerfi. Þetta krefst þess að kæliorkuafhending og orkuílag séu mæld fyrir hvert undirkerfi, ásamt því að kuldatapi sé úthlutað til undirkerfa, sem hér segir:

$$Q_{C\_Supply\_net\_i} = Q_{C\_Supply\_gross\_i} x\ (1 - \frac{Q_{C_{LOSS}}}{(\sum_{i=1}^{n} Q_{C_{Supply_{gross_i}}})})$$

3.4.2.2. *Aukabúnaður*

Þegar kælikerfi er skipt upp í undirkerfi skal aukabúnaður (t.d. stýribúnaður, dælur og viftur) kæligjafa (eins eða fleiri) og/eða fríkælingarkerfis (eins eða fleiri), vera hluti af sama undirkerfi eða -kerfum. Ekki eru gerð skil á viðbótarorku sem samsvarar dreifingu kælingar innan byggingarinnar, t.d. viðbótardælum og endaeiningum (s.s. hitaspírölum, viftum í loftmeðhöndlunartækjum).

Hvað varðar aukabúnað sem ekki er hægt að úthluta til ákveðins undirkerfis, t.d. dælur í dreifikerfi fyrir fjarkælingu sem veita kæliorku frá öllum kæligjöfum, skal úthluta frumorkunotkun þeirra til hvers undirkælikerfis í hlutfalli við kæliorkuna sem kæligjafar og/eða fríkælingarkerfi hvers undirkerfis veita, á sama hátt og um væri að ræða kuldatap í kerfinu, sem hér segir:

$$E_{INPUT\_AUX\_i} = E_{INPUT\_AUX1\_i} + E_{INPUT\_AUX2} * \frac{Q_{C\_Supply\_net\_i}}{\sum_{i=1}^{n} Q_{C\_Supply\_net\_i}}$$

þar sem:

$E_{INPUT\_AUX1\_i}$ er viðbótarorkunotkun undirkerfisins „I“,

E_{INPUT_AUX12} er viðbótarorkunotkun alls kælikerfisins sem ekki er hægt að úthluta til tiltekins undirkælikerfis.

3.5. **Útreikningur á magni endurnýjanlegrar orku til kælingar fyrir heildarhlutdeild endurnýjanlegrar orku og fyrir hlutdeild endurnýjanlegrar orku til hitunar og kælingar**

Við útreikning á heildarhlutdeild endurnýjanlegrar orku skal magni endurnýjanlegrar orku til kælingar bæði bætt við teljarann „heildarorkunotkun frá endurnýjanlegum orkugjöfum“ og nefnarann „heildarorkunotkun“.

Við útreikning á hlutdeild endurnýjanlegrar orku til hitunar og kælingar skal magni endurnýjanlegrar orku til kælingar bæði bætt við teljarann „heildarorkunotkun frá endurnýjanlegum orkugjöfum til hitunar og kælingar“ og nefnarann „heildarorkunotkun til hitunar og kælingar“.

3.6. **Leiðbeiningar um þróun nákvæmari aðferðafræði og útreikninga**

Gert er ráð fyrir að aðildarríkin geri eigið mat á bæði árstíðabundnum afkastastuðli og jafngildisklukkustundum við fullt álag og eru þau einnig hvött til þess. Allar slíkar landsbundnar/svæðisbundnar aðferðir ættu að byggjast á nákvæmum forsendum og nægilega stórum dæmigerðum úrtökum sem leiða til umtalsvert betra mats á endurnýjanlegri orku en þess sem fæst með þeirri aðferðafræði sem sett er fram í þessari framseldu gerð. Byggja má slíka endurbætta aðferðafræði á ítarlegum útreikningum sem byggjast á tæknilegum gögnum þar sem meðal annarra þátta er tekið tillit til uppsetningarárs, gæða uppsetningar, tegundar þjöppu og stærðar vélar, notkunarhams, dreifikerfis, keðjuverkunar rafala og loftslags á svæðinu. Aðildarríki sem nota aðra aðferðafræði og/eða önnur gildi skulu leggja þau fyrir framkvæmdastjórnina ásamt skýrslu með lýsingu á aðferðinni og gögnunum sem notuð eru. Framkvæmdastjórnin mun láta þýða skjölin og birta þau á upplýsingavettvangi sínum ef nauðsyn krefur.“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/687 **2025/EES/73/03**

frá 30. janúar 2025

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/624 að því er varðar skoðun fyrir slátrun í sláturhúsum, skoðun fyrir slátrun á upprunabúinu og skoðanir eftir slátrun (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ([1]), einkum a-, d- og e-lið 7. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/624 ([2]) er mælt fyrir um sértækar reglur um opinbert eftirlit með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/625, þ.m.t. um skoðun fyrir slátrun í sláturhúsum, skoðun fyrir slátrun á upprunabúinu og skoðanir eftir slátrun.

2) Í c- og d-lið 3. mgr. 3. gr. og c- og d-lið 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/624 er vísað til berkla og öldusóttar. Vísindaheitum þessara sjúkdóma var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 ([3]), eftir því sem við á, í sýking af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* (*M. bovis*, *M. caprae* og *M. tuberculosis*) og sýking af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis*. Því er nauðsynlegt að breyta heitum þeirra í 3. og 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/624.

3) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 ([4]) eru settar fram viðmiðanir fyrir veitingu sjúkdómalausrar stöðu að því er varðar sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* og sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis*. Sú staða skal veitt innan stöðvarinnar þar sem dýrin eru í haldi fremur en innan hjarðarinnar samkvæmt þeirri framseldu reglugerð. Í 3. og 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/624 er vísað til dýra sem hafa ekki verið opinberlega lýst laus við berkla og öldusótt. Af ástæðum sem varða samræmi er nauðsynlegt að breyta þessum greinum í því skyni að vísa til sértækra ákvæða um sjúkdómalausa stöðu í reglugerð (ESB) 2020/689.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/687, 7.4.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 185/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2017/625/oj.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/624 frá 8. febrúar 2019 um sértækar reglur um framkvæmd opinbers eftirlits með framleiðslu á kjöti og með framleiðslu- og umlagningarsvæðum fyrir lifandi samlokur í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 (Stjtíð. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2019/624/oj).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) (Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2016/429/oj).

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausa stöðu með tilliti til tiltekinna skráðra og nýtilkominna sjúkdóma (Stjtíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 211, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2020/689/oj).

4) Í 41. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er takmörkunarsvæði skilgreint sem svæði þar sem takmörkunum á tilflutningi tiltekinna dýra er beitt. Þó geta undanþágur frá takmörkunum á tilflutningi á takmörkunarsvæðum gilt um landdýr í haldi skv. iii. lið b-liðar 1. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429. Þess vegna er nauðsynlegt að samræma tilvísanir til takmarkana á sviði dýraheilbrigðis í 3. og 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/624 við þessi ákvæði í reglugerð (ESB) 2016/429.

5) Í 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/624 er mælt fyrir um sértækar viðmiðanir og skilyrði til að ákvarða hvenær skoðanir fyrir slátrun megi fara fram á upprunabúinu. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 ([5]) var breytt með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1141 ([6]). Með reglugerð (EB) nr. 853/2004, eins og henni var breytt, er slátrun sauðfjár og geita á upprunabúinu heimiluð við tiltekin skilyrði. Með henni er einnig heimilað að alin veiðidýr sem er slátrað á upprunabúinu séu flutt til starfsstöðvar sem meðhöndlar veiðidýr. Laga ætti sértæku viðmiðanirnar og skilyrðin til að ákvarða hvenær skoðun fyrir slátrun megi fara fram á upprunabúinu, sem mælt er fyrir um í 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/624, að skilyrðunum sem sett eru fram í reglugerð (EB) nr. 853/2004.

6) Í 2. mgr. 6. gr. og a-lið 4. mgr. 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/624 er vísað í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/628 ([7]). Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 ([8]) kom í stað framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/628. Af ástæðum sem varða samræmi og til að komast hjá tvíræðni ætti að aðlaga tilvísanirnar og íðorðanotkunina í 2. mgr. 6. gr. og a-lið 4. mgr. 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/624 til samræmis við það.

7) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2019/624 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framseldri reglugerð (ESB) 2019/624 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 3. mgr. 3. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Undanþágurnar í 1. og 2. mgr. gilda ekki:

a) um dýr sem fara í neyðarslátrun sem um getur í VI. kafla I. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,

b) um dýr sem grunur leikur á að séu sjúk eða í slíku ástandi að það kunni að hafa neikvæð áhrif á heilbrigði manna,

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2004/853/oj).

([6]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1141 frá 14. desember 2023 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða tiltekið kjöt, lagarafurðir, mjólkurafurðir og egg (Stjtíð. ESB L, 2024/1141, 19.4.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/1141/oj).

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/628 frá 8. apríl 2019 um fyrirmyndir að opinberum vottorðum fyrir tiltekin dýr og vörur og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2074/2005 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/759 að því er varðar þessar fyrirmyndir að vottorðum (Stjtíð. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 101, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2019/628/oj).

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 frá 16. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, fyrirmyndir að opinberum vottorðum og fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af tilteknum flokkum dýra og vara og opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 599/2004, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 636/2014 og (ESB) 2019/628, tilskipun 98/68/EB og ákvörðunum 2000/572/EB, 2003/779/EB og 2007/240/EB (Stjtíð. ESB L 442, 30.12.2020, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2020/2235/oj).

c) um nautgripi frá starfsstöðvum sem eru skilgreindar í 27. lið 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 (*) sem hafa ekki fengið úthlutað þeirri stöðu að vera „lausar við sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis*“ (*M. bovis*, *M. caprae* og *M. tuberculosis*) eins og mælt er fyrir um í 1. og 2. þætti 1. kafla II. hluta IV. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 (**),

d) um nautgripi, sauðfé eða geitur frá starfsstöðvum sem eru skilgreindar í 27. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 sem hafa ekki fengið úthlutað þeirri stöðu að vera „lausar við sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* án bólusetningar“ eins og mælt er fyrir um í 1. og 2. þætti 1. kafla I. hluta IV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/689,

e) um dýr sem koma frá takmörkunarsvæðum sem um getur í iii. lið b-liðar 1. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 og falla undir takmarkanir innan þess svæðis,

f) um dýr sem falla undir strangara eftirlit vegna útbreiðslu nýtilkominna sjúkdóma eða tiltekinna sjúkdóma sem Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin hefur skráð.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) (Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2016/429/oj).

(**) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausa stöðu með tilliti til tiltekinna skráðra og nýtilkominna sjúkdóma (Stjtíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 211, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2020/689/oj).“

2) Í stað 6. gr. kemur eftirfarandi:

„6. gr.

Tegundasértækar viðmiðanir og skilyrði þar sem mælt er fyrir um hvenær heimilt er að framkvæma skoðanir fyrir slátrun á upprunabúinu

1. Lögbær yfirvöld skulu beita sértæku viðmiðununum og skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein í viðeigandi tilvikum sem varða alifugla, alin veiðidýr, tamda nautgripi, sauðfé og geitur og tamin svín og tamin staktæð hófdýr.

2. Ef um er að ræða alifugla sem eru aldir til framleiðslu á „foie gras“ (fituríkri lifur) og alifugla sem var slátrað á upprunabúinu en sem töf hefur orðið á að fjarlægja innyflin úr skal heilbrigðisvottorð, sem er útfyllt í samræmi við fyrirmyndina að heilbrigðisvottorðinu sem sett er fram í 2. kafla IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 (*), fylgja með skrokkunum sem ekki er búið að taka innyflin úr í sláturhúsið eða stykkjunarstöðina eða sent fyrirfram, á hvaða sniði sem er, í stað heilbrigðisvottorðsins sem um getur í f-lið 2. mgr. 5. gr. þessarar reglugerðar.

3. Ef um er að ræða tamda nautgripi, sauðfé, geitur og svín, tamin stakstæð hófdýr og alin veiðidýr sem er slátrað á upprunabúinu í samræmi við VI. kafla a í I. þætti eða 3. lið III. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 skal heilbrigðisvottorð, sem er útfyllt í samræmi við fyrirmyndina að heilbrigðisvottorðinu sem sett er fram í 3. kafla IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2235, fylgja með dýrunum í sláturhúsið eða, ef um er að ræða alin veiðidýr, annaðhvort í sláturhúsið eða til starfsstöðvar sem meðhöndlar veiðidýr, eða það skal sent fyrir fram, á hvaða sniði sem er, í stað heilbrigðisvottorðsins sem um getur í f-lið 2. mgr. 5. gr. þessarar reglugerðar.

4. Ef um er að ræða alin veiðidýr sem er slátrað á upprunabúinu í samræmi við a-lið 3. liðar í III. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004:

a) skal heilbrigðisvottorð, sem er útfyllt í samræmi við fyrirmyndina að heilbrigðisvottorðinu sem sett er fram í 4. kafla IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2235, fylgja með dýrunum í sláturhúsið eða til starfsstöðvar sem meðhöndlar veiðidýr eða það skal sent fyrirfram, á hvaða sniði sem er, í stað heilbrigðisvottorðsins sem um getur í f-lið 2. mgr. 5. gr. þessarar reglugerðar,

b) skal opinber dýralæknir sannreyna reglulega að þeir sem annast slátrunina og blóðtæminguna inni störf sín af hendi á tilhlýðilegan hátt.

5. Þrátt fyrir 4. mgr. 5. gr. er aðildarríkjunum heimilt að leyfa slátrun alinna veiðidýra í allt að 28 daga eftir útgáfudagsetningu heilbrigðisvottorðsins, sem um getur í f-lið 2. mgr. 5. gr., ef:

a) framleiðandinn afhendir einungis lítið magn af kjötinu af öldu veiðidýrunum beint til lokaneytenda eða til smásölufyrirtækja á staðnum sem afhenda beint til lokaneytenda og

b) að hámarki 50 dýrum er slátrað á hverju ári og á hverju upprunabúi.

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 frá 16. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, fyrirmyndir að opinberum vottorðum og fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af tilteknum flokkum dýra og vara og opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 599/2004, framkvæmdar-reglugerðum (ESB) nr. 636/2014 og (ESB) 2019/628, tilskipun 98/68/EB og ákvörðunum 2000/572/EB, 2003/779/EB og 2007/240/EB (Stjtíð. ESB L 442, 30.12.2020, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2020/2235/oj).“

3) Í stað 8. gr. kemur eftirfarandi:

„8. gr.

Framkvæmd opinbers dýralæknis á skoðunum eftir slátrun

Opinber dýralæknir skal framkvæma skoðanir eftir slátrun í eftirfarandi tilvikum:

a) dýr sem fara í neyðarslátrun sem um getur í VI. kafla I. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,

b) dýr sem grunur leikur á að séu sjúk eða í slíku ástandi að það kunni að hafa neikvæð áhrif á heilbrigði manna,

c) nautgripir frá starfsstöðvum sem eru skilgreindar í 27. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 sem hafa ekki fengið úthlutað þeirri stöðu að vera „lausar við sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis*“ (*M. bovis*, *M. caprae* og *M. tuberculosis*) eins og mælt er fyrir um í 1. og 2. þætti 1. kafla II. hluta IV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/689,

d) nautgripir, sauðfé eða geitur frá starfsstöðvum sem eru skilgreindar í 27. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 sem hafa ekki fengið úthlutað þeirri stöðu að vera „lausar við sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* án bólusetningar“ eins og mælt er fyrir um í 1. og 2. þætti 1. kafla I. hluta IV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/689,

e) dýr sem koma frá takmörkunarsvæðum sem um getur í iii. lið b-liðar 1. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 og falla undir takmarkanir innan þess svæðis,

f) ef strangara eftirlit er nauðsynlegt til að taka til greina nýtilkomna sjúkdóma eða tiltekna sjúkdóma sem Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin hefur skráð,

g) ef um er að ræða undanþágu frá tímasetningu skoðunar eftir slátrun í samræmi við 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/627.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. janúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/637 **2025/EES/73/04**

frá 29. janúar 2025

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2022/2292 að því er varðar kröfur vegna komu tiltekinna mjólkurafurða, tiltekinna matvælaaukefna sem eru unnin úr dýrum, garna úr kollageni, hakkaðs kjöts, unninna kjötvara, vélúrbeinaðs kjöts og samsettra afurða sem innihalda gelatínhylki inn í Sambandið (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ([1]), einkum 1. mgr. 126. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er mælt fyrir um reglur um framkvæmd opinbers eftirlits og annarrar opinberrar starfsemi lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna til að staðfesta að farið sé að tilskildum ákvæðum í löggjöf Sambandsins, m.a. á sviði matvæla og matvælaöryggis sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar. Með 126. gr. þeirrar reglugerðar er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir til að setja skilyrði fyrir komu dýra og vara inn í Sambandið og kveðið á um að í þessum skilyrðum skuli auðkenna dýr og vörur með því að vísa til númera þeirra úr sameinuðu nafnaskránni.

2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2292 ([2]) bætir við reglugerð (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis og tilteknum vörum, sem eru ætlaðar til manneldis, inn í Sambandið til að tryggja að þær uppfylli gildandi kröfur, sem komið var á með reglunum sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, eða kröfur sem viðurkennt er að séu a.m.k. jafngildar þeim.

3) Í a-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 ([3]) er þess krafist að stjórnendur matvælafyrirtækja sem flytja inn afurðir úr dýraríkinu frá þriðju löndum skuli sjá til þess að innflutningur fari einungis fram ef þriðja landið er tilgreint í skrá yfir þriðju lönd, þaðan sem innflutningur á þessum afurðum er leyfður, sem er tekin saman í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 ([4]) en í hennar stað komu 126. og 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625. Af þessu ákvæði í reglugerð (EB) nr. 853/2004 leiðir að innflutningur á afurðum úr dýraríkinu frá þriðju löndum sem eru ekki í þessum skrám sé ekki leyfður. Í b-lið 3. gr. framseldrar

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/637, 29.4.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 186/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2017/625/2022-01-28.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2292 frá 6. september 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis og tilteknum vörum sem eru ætlaðar til manneldis inn í Sambandið (Stjtíð. ESB L 304, 24.11.2022, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2022/2292/oj).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2004/853/oj).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis (Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2004/854/oj).

reglugerðar (ESB) 2022/2292 eru tilgreind númer í sameinuðu nafnaskránni eða vöruliðir í samræmdri tollskrá (SN/ST-númer) fyrir afurðir úr dýraríkinu sem mega einungis koma inn í Sambandið frá þriðja landi eða svæði þriðja lands sem er í skrá yfir þessar afurðir úr dýraríkinu. Til að tryggja samræmi milli a-liðar 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004 og b-liðar 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292 ætti að fella SN/ST-númer fyrir nokkrar afurðir úr dýraríkinu sem ekki var búið að fella inn í 3. gr., þ.e.a.s. tilteknar mjólkurafurðir, tiltekin matvælaaukefni sem eru unnin úr dýrum og garnir úr kollageni, inn í þá grein.

4) Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um tilteknar kröfur varðandi afurðir sem heilbrigðisáhætta stafar af og einkum varðandi hrámjólk, brodd, mjólkurafurðir og afurðir að stofni til úr broddi (IX. þáttur) og kollagen (XV. þáttur). Í b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004 er þess krafist að stjórnendur matvælafyrirtækja sem flytja inn afurðir úr dýraríkinu frá þriðju löndum skuli sjá til þess að innflutningur eigi sér ekki stað nema starfsstöðin, sem afurðin var afgreidd frá og þar sem hún var framleidd eða tilreidd, sé tilgreind í skrá yfir starfsstöðvar þaðan sem heimilt er að flytja inn þá afurð, eftir atvikum. Í a-lið 1. mgr. 13. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292 er kveðið á um að sendingar af afurðum úr dýraríkinu, sem SN/ST-númer fyrir eru tilgreind í þeirri grein og sem mælt er fyrir um kröfur fyrir í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, megi einungis koma inn í Sambandið ef þær eru sendar frá og fengnar frá eða tilreiddar í starfsstöðvum sem er að finna í skrám sem eru teknar saman og haldið uppfærðum í samræmi við 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625. Til að tryggja að farið sé að sértæku kröfunum sem mælt er fyrir um í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 og til að gæta samræmis ætti að fella SN/ST-númer tiltekinna mjólkurafurða og garna úr kollageni, sem ekki var búið að fella inn í a-lið 1. mgr. 13. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292, inn í þá grein.

5) Í 15. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292 er mælt fyrir um að sendingar af m.a. hökkuðu kjöti, unnum kjötvörum, vélúrbeinuðu kjöti og kjötafurðum megi einungis koma inn í Sambandið ef þær hafa verið framleiddar úr hráefnum sem voru fengin í sláturhúsum, starfsstöðvum sem meðhöndla veiðidýr eða stykkjunarstöðvum sem er að finna í skrá yfir starfsstöðvar sem er tekin saman og haldið uppfærðri í samræmi við e-lið 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625. Að því er varðar slíka skráningu starfsstöðva veita lögbær yfirvöld þriðju landa ábyrgðir fyrir því að þessar starfsstöðvar séu háðar skilyrðum sem uppfylla kröfur sem eru jafngildar þeim sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625. Sum þessara hráefna, t.d. til framleiðslu á kjötafurðum sem eru ætlaðar til innflutnings inn til Sambandsins, má einnig fá frá starfsstöðvum sem framleiða hakkað kjöt, unnar kjötvörur eða vélúrbeinað kjöt. Slíkar starfsstöðvar ættu því einnig að vera í skránni yfir starfsstöðvar sem hráefni verða að vera fengin frá. Því ætti að breyta 15. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292 til samræmis við það.

6) Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um tilteknar kröfur varðandi afurðir sem heilbrigðisáhætta stafar af og einkum varðandi hrámjólk, brodd, mjólkurafurðir og afurðir að stofni til úr broddi (IX. þáttur) og kollagen (XV. þáttur). Í d-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004 er þess krafist að stjórnendur matvælafyrirtækja sem flytja inn afurðir úr dýraríkinu frá þriðju löndum skuli sjá til þess að innflutningur eigi sér ekki stað nema þeim fylgi vottorð, þegar við á. Í 1. mgr. 21. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292 eru tilgreind SN/ST-númer afurða úr dýraríkinu sem mega því aðeins koma inn í Sambandið að þeim fylgi opinbert vottorð. Til að tryggja að farið sé að sértæku kröfunum sem mælt er fyrir um í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 og til að gæta samræmis ætti að fella SN/ST-númer tiltekinna mjólkurafurða og garna úr kollageni, sem ekki var búið að fella inn í 1. mgr. 21. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292, inn í þá grein.

7) Í 3. mgr. 21 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292 er kveðið á um að ekki sé gerð krafa um opinbert vottorð fyrir innflutning á gelatínhylkjum inn í Sambandið sem falla undir SN/ST-númer 3913, 3926 eða 9602 í öðrum hluta I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 ([5]) ef þessi hylki eru ekki unnin úr beinum jórturdýra. Í i. lið a-liðar 1. mgr. 22. gr. þeirrar framseldu reglugerðar er kveðið á um að tilteknum samsettum afurðum, sem innihalda einungis gelatínhylki sem eru ekki unnin úr beinum jórturdýra sem unnar afurðir úr dýraríkinu, skuli fylgja eigin staðfesting. Til að gæta samræmis í löggjöf Sambandsins ætti ekki að gera kröfu um eigin staðfestingu fyrir innflutning á samsettum afurðum inn í Sambandið sem innihalda engar unnar afurðir úr dýraríkinu aðrar en gelatínhylki sem eru ekki unnin úr beinum jórturdýra. Því ætti að breyta 22. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framseldri reglugerð (ESB) 2022/2292 er breytt sem hér segir:

1) Í stað ii. liðar b-liðar 3. gr. kemur eftirfarandi:

„ii. vöruliðir í samræmdri tollskrá („ST-vöruliðir“) 0901, 1301, 1702, 1806, 2105, 2106, 2301, 3001, 3002, 3203, 3204, 3302, 3501, 3502, 3503, 3504, 3507, 3823, 3824, 3913, 3926, 4101, 4102, 4103 eða 9602 og SN-númer 2202 99 og 3917 10 10,“.

2) Í stað ii. liðar a-liðar 1. mgr. 13. gr. kemur eftirfarandi:

„ii. ST-vöruliðir 1702, 1806, 2105, 2106, 2301, 2932, 3001, 3002, 3501, 3502, 3503, 3504, 4101, 4102 eða 4103, og SN-númer 2202 99 og 3917 10 10,“.

3) Í stað inngangsliðarins í 15. gr. kemur eftirfarandi:

„Sendingar af eftirfarandi afurðum úr dýraríkinu skulu einungis koma inn í Sambandið ef þær hafa verið framleiddar úr hráefnum sem voru fengin í sláturhúsum, starfsstöðvum sem meðhöndla veiðidýr, stykkjunarstöðvum, starfsstöðvum sem framleiða hakkað kjöt, unnar kjötvörur og vélúrbeinað kjöt og starfsstöðvum sem meðhöndla lagarafurðir sem er að finna í skrám yfir starfsstöðvar sem eru teknar saman og haldið uppfærðum í samræmi við e-lið 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 eða fengin í aðildarríkjum:“

4) Í stað ii. liðar b-liðar í 1. mgr. 21. gr. kemur eftirfarandi:

„ii. ST-vöruliðir 0901, 1702, 1806, 2105, 2106, 2301, 3001, 3002, 3302, 3501, 3502, 3503, 3504, 3507, 3913, 3926, 4101, 4102, 4103 eða 9602, og SN-númer 2202 99 og 3917 10 10,“.

5) Í stað 2. mgr. 22. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar:

a) að því er varðar samsettar afurðir sem eru undanþegnar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum í samræmi við h-lið 48. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, skal eigin staðfesting fylgja samsettu afurðunum þegar þær eru settar á markað, að undanskildum þeim afurðum sem um getur í 4. mgr. 20. gr. þessarar reglugerðar en fyrir þær skal ekki gera kröfu um eigin staðfestingu,

b) skal ekki gera kröfu um eigin staðfestingu fyrir innflutning á samsettum afurðum inn í Sambandið sem innihalda, sem einu unnu afurðina úr dýraríkinu, gelatínhylki sem eru ekki unnin úr beinum jórturdýra.“

([5]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 frá 23. júlí 1987 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána (Stjtíð. EB L 256, 7.9.1987, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/1987/2658/oj).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. janúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/2598 **2025/EES/73/05**

frá 4. október 2024

um skrána yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tiltekin dýr og afurðir úr dýraríkinu sem eru ætluð til manneldis til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar beitingu bannsins við notkun á tilteknum sýkingalyfjum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ([1]), einkum 2. mgr. 127. gr.,

með hliðsjón af framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/905 frá 27. febrúar 2023 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 að því er varðar beitingu bannsins við notkun á tilgreindum sýkingalyfjum fyrir dýr eða í afurðir úr dýraríkinu sem eru fluttar inn í Sambandið frá þriðju löndum ([2]), einkum 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er mælt fyrir um reglur um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna inna af hendi til að staðfesta að farið sé að tilskildum ákvæðum í löggjöf Sambandsins á tilteknum sviðum. Einkum er í 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 kveðið á um að sú reglugerð skuli gilda um opinbert eftirlit vegna sannprófunar á fylgni við ákvæði 1. mgr. 118. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 ([3]). Í reglugerð (ESB) 2017/625 er einnig kveðið á um að framkvæmdastjórnin geti krafist þess að sendingar af tilteknum dýrum og vörum skuli einungis koma inn í Sambandið frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem er að finna í skrá sem framkvæmdastjórnin tekur saman í þeim tilgangi.

2) Í 1. mgr. 118. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 er þess krafist, að því er varðar dýr eða afurðir úr dýraríkinu sem eru fluttar út frá þriðju löndum til Sambandsins, að ekki skuli nota eftirfarandi lyf: i. sýkingalyf í þeim tilgangi að stuðla að auknum vexti eða til að auka afrakstur og ii. sýkingalyf sem innihalda lyf sem er tilgreint í skránni yfir sýkingalyf sem eru frátekin til meðhöndlunar á tilteknum sýkingum í mönnum sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1255 ([4]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/2598, 7.10.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 187/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2017/625/oj.

([2]) Stjtíð. ESB L 116, 4.5.2023, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2023/905/oj.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 frá 11. desember 2018 um dýralyf og um niðurfellingu á tilskipun 2001/82/EB (Stjtíð. ESB L 4, 7.1.2019, bls. 43, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2019/6/oj).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1255 frá 19. júlí 2022 um að tilgreina sýkingalyf eða flokka sýkingalyfja sem eru frátekin til meðhöndlunar á tilteknum sýkingum í mönnum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 (Stjtíð. ESB L 191, 20.7.2022, bls. 58, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2022/1255/oj).

3) Framseld reglugerð (ESB) 2023/905 bætir við reglugerð (ESB) 2019/6 að því er varðar m.a. skilyrðin fyrir komu sendinga af tilteknum dýrum og afurðum úr dýraríkinu sem eru ætluð til manneldis inn í Sambandið frá þriðju löndum eða svæðum þeirra til að tryggja að þær séu í samræmi við bannið við notkun sýkingalyfja til að stuðla að auknum vexti og til að auka afrakstur og sýkingalyfja sem eru frátekin til meðhöndlunar á tilteknum sýkingum í mönnum. Meðal þeirra skilyrða eru að viðkomandi sendingar af dýrum og afurðum úr dýraríkinu megi einungis koma inn í Sambandið ef þær eru upprunnar í þriðju landi eða á svæði þess sem er að finna í skrá sem framkvæmdastjórnin tekur saman í þeim tilgangi.

4) Í samræmi við 2. mgr. 5 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/905 ætti þessi skrá einungis að taka til þriðju landa eða svæða þeirra sem hafa lagt fram viðeigandi sannanir og ábyrgðir fyrir því að viðkomandi dýr og afurðir úr dýraríkinu séu í samræmi við bannið við notkun sýkingalyfja til að stuðla að auknum vexti og til að auka afrakstur og sýkingalyfja sem eru frátekin til meðhöndlunar á tilteknum sýkingum í mönnum, þ.m.t. upplýsingar sem hafa borist um verklagsreglur sem eru fyrir hendi til að tryggja rekjanleika og uppruna.

5) Því ætti að færa þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa lagt fram sannanirnar og ábyrgðirnar sem um getur í 2. mgr. 5 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/905 á skrána yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn dýr og afurðir úr dýraríkinu sem eru ætluð til manneldis til Sambandsins.

6) Skilyrðin fyrir komu sendinga af dýrum eða afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið, sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2023/905, gilda frá og með 24 mánuðum eftir þann dag þegar framkvæmdargerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/399 ([5]) kemur til framkvæmda. Því ætti þessi reglugerð einnig að gilda frá 3. september 2026.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð er komið á fót skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra, sem um getur í a-lið 1. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/905, sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af tilteknum dýrum og afurðum úr dýraríkinu sem eru ætluð til manneldis til Sambandsins að því er varðar beitingu bannsins við notkun á tilteknum sýkingalyfjum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 118. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6.

2. gr.

Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af tilteknum dýrum og afurðum úr dýraríkinu sem eru ætluð til manneldis til Sambandsins

1. Þriðju lönd eða svæði þeirra þar sem kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/905, að því er varðar dýr og afurðir úr dýraríkinu sem eru ætluð til útflutnings til Sambandsins, eru uppfylltar eru merkt með „X“ fyrir viðkomandi tegundir eða vörur í viðaukanum við þessa reglugerð.

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/399 frá 29. janúar 2024 um breytingu á III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2235 og II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/403 að því er varðar fyrirmyndir að vottorðum vegna komu sendinga af tilteknum afurðum úr dýraríkinu og tilteknum flokkum dýra inn í Sambandið (Stjtíð. ESB L, 2024/399, 12.2.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/399/oj).

2. Þriðju lönd eða svæði þeirra þar sem ætlunin er, að því er varðar framleiðslu á afurðum sem eru ætlaðar til útflutnings til Sambandsins, að vinna einungis dýr eða afurðir úr dýraríkinu sem eru upprunnin annaðhvort í aðildarríkjum eða í öðrum þriðju löndum sem eru skráð í viðaukanum í samræmi við 1 mgr. þessarar greinar, eru merkt með „Δ“ fyrir viðkomandi tegundir eða vörur í viðaukanum.

3. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. september 2026.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. október 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af tilteknum dýrum og afurðum úr dýraríkinu sem eru ætluð til manneldis til Sambandsins að því er varðar beitingu bannsins við notkun á tilteknum sýkingalyfjum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 118. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6:

		Dýr og afurðir úr dýraríkinu sem eru ætluð til manneldis (*)											
ISO-kóði lands	Þriðja land ([1]) eða svæði þess	Nautgripir	Sauðfé/geitur	Svín	Hestar	Alifuglar	Lagareldi ([14])	Mjólk	Egg	Kanínur	Alin veiðidýr	Hunang	Garnir
AD	Andorra	X	X	Δ	X							X	
AL	Albanía		X				X ([11])		X				X
AR	Argentína	X	X		X	X	X ([11])	X	X	X	X	X	X
AU	Ástralía	X	X		X		X M	X	X		X	X	X
AZE	Aserbaísjan						X ([13])						
BA	Bosnía og Hersegóvína	X	X	X		X	X ([11])	X	X			X	
BD	Bangladess						X						
BR	Brasilía	X			X	X	X					X	X
BW	Botsvana	X											
BY	Belarús (Hvíta-Rússland)				X ([5])		X ([11])	X	X			X	X
CA	Kanada	X	X	X	X	X	X M	X	X	X	X	X	
CH	Sviss	X	X	X	X	X	X ([11]) M	X	X	X	X	X	X
CL	Chile (Síle)	X	X ([3])	X		X	X ([11]) M	X				X	X
CM	Kamerún											X	
CN	Kína					X	X		X	X		X	X
CO	Kólumbía						X						
CR	Costa Rica						X						
CU	Kúba						X ([12])					X	

		Dýr og afurðir úr dýraríkinu sem eru ætluð til manneldis (*)											
ISO-kóði lands	Þriðja land (1) eða svæði þess	Nautgripir	Sauðfé/geitur	Svín	Hestar	Alifuglar	Lagareldi (14)	Mjólk	Egg	Kanínur	Alin veiðidýr	Hunang	Garnir
DO	Dóminíska lýðveldið											X	
EC	Ekvador						X						
EG	Egyptaland												X
ET	Eþíópía											X	
FK	Falklandseyjar	X	X (3)				X (11)						
FO	Færeyjar						X (11)						
GB	Breska konungsríkið (4)	X	X	X	X	X	X (11) Δ M	X	X	Δ	X	X	X
GE	Georgía											X	
GL	Grænland		X (3)								X		
GT	Gvatemala						X (12)					X	
HK	Hong Kong						Δ		Δ				
HN	Hondúras						X						
IL	Ísrael (2)					X	X (11)	X				X	
IM	Mön	X	X (3)	X			X (11) M	X				X	
JE	Jersey	X						X					
JP	Japan	X		Δ		X	X (11) M	X	X			Δ	X
KR	Suður-Kórea					X	X M					Δ	
LB	Líbanon											X	X
MA	Marokkó					X	X (11) Δ M					X	X
MD	Moldóva					X	X (11)	X	X			X	

		Dýr og afurðir úr dýraríkinu sem eru ætluð til manneldis (*)											
ISO-kóði lands	Þriðja land (1) eða svæði þess	Nautgripir	Sauðfé/geitur	Svín	Hestar	Alifuglar	Lagareldi (14)	Mjólk	Egg	Kanínur	Alin veiðidýr	Hunang	Garnir
ME	Montenegró (Svartfjallaland)	X	X	X		X	X (11)	X	X			X	X
MG	Madagaskar						X					X	
MK	Norður-Makedónía	X	X	X		X	X (11)	X	X			X	
MM	Myanmar (Mjanmar)						X					X	
MN	Mongólía												X
MX	Mexíkó			Δ			X		X			X	
MY	Malasía					Δ	X						
NA	Namibía	X	X (3)										
NC	Nýja-Kaledónía						X (12)				X	X	
NI	Níkaragva						X (12)					X	
NZ	Nýja-Sjáland	X	X				X (11) M	X			X	X	X
PE	Perú						X M						
PH	Filippseyjar						X						
PK	Pakistan												X
PM	Sankti Pierre og Miquelon					X							
PY	Paragvæ	X											X
RU	Rússland	X	X	X		X		X	X		X (6)	X	X
RW	Rúanda											X	
SA	Sádi-Arabía						X						
SG	Singapúr	Δ	Δ	Δ		Δ	X (11)	Δ	Δ		X (7)		
SM	San Marínó	X		Δ				X				X	
SV	El Salvador											X	

		Dýr og afurðir úr dýraríkinu sem eru ætluð til manneldis (*)											
ISO-kóði lands	Þriðja land ([1]) eða svæði þess	Nautgripir	Sauðfé/geitur	Svín	Hestar	Alifuglar	Lagareldi ([14])	Mjólk	Egg	Kanínur	Alin veiðidýr	Hunang	Garnir
TG	Tógó											X	
TH	Taíland					X	X M	Δ	Δ			X	
TR	Tyrkland					X	X ([11]) M	X	X			X	X
TW	Taívan						X		X			X	
UA	Úkraína	X		X		X	X ([11]) M	X	X	X		X	X
US	Bandaríkin	X	X ([8])	X		X	X M	X	X	X	X	X	X
UY	Úrúgvæ	X	X		X			X				X	X
VE	Venesúela						X ([12])						
VN	Víetnam						X M					X	
XK	Kósovó ([9])					Δ							
ZA	Suður-Afríka						M				X ([10])		
ZM	Zambia											X	

(*) Villt dýr, afurðir úr þeim og samsettar afurðir eru undanskilin þessari töflu þar eð þessar vörur falla utan gildissviðs framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/905 frá 27. febrúar 2023 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 að því er varðar beitingu bannsins við notkun á tilgreindum sýkingalyfjum fyrir dýr eða í afurðir úr dýraríkinu sem eru fluttar inn í Sambandið frá þriðju löndum (Stjtíð. ESB L 116, 4.5.2023, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2023/905/oj).

([1]) Skrá yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði (hún takmarkast ekki við þriðju lönd sem Sambandið hefur viðurkennt).

([2]) Skilst héðan í frá sem Ísraelsríki, að undanskildum þeim yfirráðasvæðum sem hafa verið undir stjórn Ísraelsríkis eftir 5. júní 1967, þ.e. Gólanhæðir, Gasasvæðið, Austur-Jerúsalem og allur Vesturbakkinn.

([3]) Einungis sauðfé.

([4]) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. Windsor-samningsins (sjá sameiginlega yfirlýsingu Sambandsins og Breska konungsríkisins nr. 1/2023 í sameiginlegu nefndinni sem komið var á fót með samningnum um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu (Stjtíð. ESB L 102, 17.4.2023, bls. 87)), í tengslum við 2. viðauka við þennan samning, innihalda vísanir til Breska konungsríkisins, að því er varðar þennan viðauka, ekki Norður-Írland.

([5]) Útflutningur til Sambandsins á lifandi dýrum af hestaætt sem eru ætluð til slátrunar (einungis dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis).

([6]) Einungis hreindýr.

([7]) Einungis fyrir sendingar af nýju kjöti, sem er upprunnið á Nýja-Sjálandi, sem á að fara til Sambandsins og er affermt, með eða án geymslu, í Singapúr og endurfermt í samþykktri starfsstöð í umflutningi um Singapúr.

([8]) Einungis geitur.

(9) Þessi merking hefur ekki áhrif á afstöðu til stöðu Kósovó og er í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1244/1999 og álit Alþjóðadómstólsins í Haag um sjálfstæðisyfirlýsingu Kósovó.
(10) Einungis strútfuglar.
(11) Einungis fiskar og fiskafurðir.
(12) Einungis krabbadýr.
(13) Einungis fiskafurðir (t.d. hrogn og kavíar).
(14) Lagareldi nær yfir fiska, þ.m.t. ál, og afurðir úr fiskum (eins og hrogn og kavíar) og krabbadýr. Þriðju lönd eða svæði þeirra sem eru skráð varðandi lifandi, kældar, frystar eða unnar samlokur, skrápdýr, möttuldýr og sæsnigla í VIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 frá 24. mars 2021 um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tiltekin dýr og vörur, sem eru ætluð til manneldis, til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 (Stjtíð. ESB L 114, 31.3.2021, bls. 118. ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/405/oj) eru merkt með „M“ í þessum dálki. Þriðju lönd með athugasemdina „einungis villtur afli“ í VIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/405 eru ekki merkt með „M“ í þessum dálki þar eð þessar vörur falla utan gildissviðs framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/905.

FRAMKVÆMDARTILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/3010 **2025/EES/73/06**

frá 29. nóvember 2024

um breytingu á tilskipunum ráðsins 2002/55/EB og 2002/57/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/61/EBE að því er varðar skráningu plöntuskaðvalda á fræjum og öðru plöntufjölgunarefni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu grænmetisfræs ([1]), einkum 45. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/57/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu olíu- og trefjaplöntufræs ([2]), einkum 24. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2008/72/EB frá 15. júlí 2008 um markaðssetningu á fjölgunarefni og sáðplöntum matjurta, að undanskildu fræi ([3]), einkum 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2072 ([4]) er tekin saman skrá yfir ókvíaða skaðvalda sem reglur hafa verið settar um í Sambandinu (hér á eftir nefndir ókvíaðir skaðvaldar). Þar eru enn fremur settar fram kröfur varðandi flutning inn á yfirráðasvæði Sambandsins eða tilflutning innan þess á tilteknum plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum til að koma í veg fyrir að þessir skaðvaldar breiðist út á yfirráðasvæði Sambandsins.

2) Til að gæta samræmis ætti að laga þessar kröfur að viðkomandi kröfum sem settar eru fram í löggjöf Sambandsins að því er varðar setningu fræs og annars fjölgunar- og plöntunarefnis á markað.

3) Á grundvelli aðferða sem Samtök um plöntuvernd í Evrópu og á Miðjarðarhafssvæðinu (EPPO) hafa þróað ([5]) hefur Tobacco ringspot virus verið skráð í H-hluta IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2072 sem ókvíaður skaðvaldur með 0% viðmiðunarmörk í tengslum við olíu- og trefjaplöntufræ af *Glycine max* (L.) Merr.

4) Í tilskipun 2002/57/EB var komið á samræmdu vottunarkerfi fyrir framleiðslu og setningu olíu- og trefjaplöntufræs á markað innan Sambandsins, þ.m.t. kröfur um m.a. hámarkstilvist ókvíaðra skaðvalda í því fræi. Af þessum sökum og til aðlögunar að ákvæðum framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/2072 er nauðsynlegt að breyta þeirri tilskipun með því að bæta við kröfum er varða Tobacco ringspot virus fyrir *Glycine max* (L.) Merr. (sojabaunir). Með þeirri breytingu ætti að fastsetja viðmiðunarmörk við 0% fyrir þann skaðvald í öllum flokkum fræs af þeirri tegund til að tryggja samræmi við viðkomandi ákvæði í þeirri framkvæmdarreglugerð.

5) Tomato brown rugose fruit virus (ToBRFV) hefur breiðst víða út á yfirráðasvæði Sambandsins á undanförnum árum. Enn fremur kom fram í uppfærðri áhættugreiningu EPPO fyrir skaðvalda frá júní 2024 ([6]) að aðstæður varðandi þann skaðvald hafi breyst sem leiðir til aukinnar útbreiðslu um allan heim.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/3010, 4.12.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 188/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2002/55/oj.

([2]) Stjtíð. EB L 193, 20.7.2002, bls. 74, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2002/57/oj.

([3]) Stjtíð. ESB L 205, 1.8.2008, bls. 28, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2008/72/oj.

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2072 frá 28. nóvember 2019 um að koma á samræmdum skilyrðum við framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2031 að því er varðar verndarráðstafanir gegn plöntuskaðvöldum og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 690/2008 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmda-stjórnarinnar (ESB) 2018/2019 (Stjtíð. ESB L 319, 10.12.2019, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2019/2072/oj).

([5]) „A methodology for preparing a list of recommended regulated non-quarantine pests (RNQPs).“ EPPO Bulletin (2017) 47(3), bls. 551. https://doi.org/10.1111/epp.12420.

([6]) EPPO (2024), „ Pest risk analysis for tomato brown rugose fruit virus.“ EPPO, París. Aðgengilegt á https://gd.eppo.int/taxon/TOBRFV/documents.

6) Þar eð ToBRFV uppfyllir kröfurnar til að teljast ókvíaður skaðvaldur hefur hún verið skráð í IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2072 með breytingu á henni með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2970 ([7]).

7) ToBRFV hefur verið skráð í E- og H-hluta IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2072 sem ókvíaður skaðvaldur í tengslum við plöntur til plöntunar á *Solanum lycopersicum* L. og blendinga þeirra og plöntur til plöntunar á *Capsicum annuum* L., að undanskildum yrkjum sem þekkt er að hafi þol gegn ToBRFV, með 0% viðmiðunarmörk varðandi tilvist á þessum plöntum. Frekari ráðstöfunum hefur verið beitt gegn þessum skaðvaldi sem settar eru fram í V. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð varðandi flutning inn til Sambandsins og tilflutning innan þess á þessum plöntum til plöntunar.

8) Í tilskipun 2002/55/EB er komið á kröfum um setningu grænmetisfræs á markað innan Sambandsins, þ.m.t. kröfum um m.a. tilvist ókvíaðra skaðvalda á því fræi. Af þessum sökum og til aðlögunar að ákvæðum framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/2072 er nauðsynlegt að breyta þeirri tilskipun með því að setja fram kröfur varðandi tilvist ToBRFV á fræi *Capsicum annuum* L. (paprika), að undanskildu fræi sem tilheyrir yrki sem þekkt er að hafi þol fyrir ToBRFV, og varðandi tilvist skaðvaldsins á fræi *Solanum lycopersicum* L. (tómatar) og blendingum þeirra. Með þeirri breytingu ætti að fastsetja 0% viðmiðunarmörk fyrir tilvist þess skaðvalds í fræi af þeim tegundum til að tryggja samræmi við viðkomandi ákvæði í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2072.

9) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/61/EBE ([8]) eru fastsett sértæk skilyrði og gæðastaðlar sem fjölgunar- og plöntunarefni grænmetis, að undanskildu fræi, verða að uppfylla samkvæmt tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 92/33/EBE ([9]), þ.m.t. kröfur varðandi tilvist ókvíaðra skaðvalda af tilteknum tegundum á því efni. Til aðlögunar að ákvæðum framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/2072 er nauðsynlegt að breyta þeirri tilskipun með því að setja fram kröfur varðandi tilvist ToBRFV á fjölgunar- og plöntunarefni grænmetis, að undanskildu fræi af *Capsicum annuum* L. (paprika) og að undanskildu efni sem tilheyrir yrki sem þekkt er að hafi þol gegn ToBRFV. Af sömu ástæðum er nauðsynlegt að breyta þeirri tilskipun með því að setja fram kröfur varðandi tilvist skaðvaldsins á fjölgunar- og plöntunarefni, að undanskildu fræi, af *Solanum lycopersicum* L. (tómatar) og blendingum af því. Með þeim breytingum ætti að fastsetja 0% viðmiðunarmörk fyrir ToBRFV á fjölgunar- og plöntunarefni, að undanskildu fræi af þeim tegundum, til að tryggja samræmi við viðkomandi ákvæði í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2072.

10) Þessi tilskipun ætti að koma til framkvæmda frá og með 1. júní 2025 til að gefa lögbærum yfirvöldum og rekstraraðilum meiri tíma til að laga sig að ákvæðunum.

11) Ákvæðin, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breyting á tilskipun 2002/55/EB

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 2002/55/EB er breytt eins og fram kemur í 1. lið viðaukans við þessa tilskipun.

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2970 frá 29. nóvember 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2072 að því er varðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir tilvist Tomato brown rugose fruit virus á plöntum til plöntunar á *Solanum lycopersicum* L. og blendingum þeirra og *Capsicum annuum* L og um að fastsetja tíðni opinbers eftirlits (Stjtíð. ESB L 2024/2970, 2.12.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2970/oj).

([8]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/61/EBE frá 2. júlí 1993 um yfirlit yfir skilyrðin sem uppfylla þarf að því er varðar fjölgunar- og plöntunarefni matjurta, að undanskildu fræi, í samræmi við tilskipun ráðsins 92/33/EBE (Stjtíð. EB L 250, 7.10.1993, bls. 19 ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1993/61/oj).

([9]) Tilskipun ráðsins 92/33/EBE frá 28. apríl 1992 um markaðssetningu á fjölgunarefni og sáðplöntum matjurta, að undanskildu fræi (Stjtíð. EB L 157, 10.6.1992, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1992/33/oj).

2. gr.

Breyting á tilskipun 2002/57/EB

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 2002/57/EB er breytt eins og fram kemur í 2. lið viðaukans við þessa tilskipun.

3. gr.

Breyting á tilskipun 93/61/EBE

Ákvæðum viðaukans við tilskipun 93/61/EBE er breytt eins og fram kemur í 3. lið viðaukans við þessa tilskipun.

4. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. maí 2025. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

6. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. nóvember 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

1. Í b-lið 3. liðar II. viðauka við tilskipun 2002/55/EB er eftirfarandi línu bætt við töfluna undir yfirskriftinni „Veirur, veirungar, sjúkdómar áþekkir veirum og sáldvefsbakteríur“.

„Tomato brown rugose fruit virus [ToBRFV]	*Capsicum annuum* L., að undanskildu fræi sem tilheyrir yrki sem þekkt er að hafi þol gegn ToBRFV. *Solanum lycopersicum* L. og blendingar af því.	0%“

2. Eftirfarandi töflu er bætt við í 5. lið í I. lið II. viðauka við tilskipun 2002/57/EB:

„Veirur, veirungar, sjúkdómar áþekkir veirum og sáldvefsbakteríur

Ókvíaðir skaðvaldar eða einkenni af völdum ókvíaðra skaðvalda	Plöntur til plöntunar (ættkvísl eða tegund)	Viðmiðunarmörk fyrir forstofnfræ	Viðmiðunarmörk fyrir stofnfræ	Viðmiðunarmörk fyrir vottað fræ
Tobacco ringspot virus [TRSV00]	*Glycine max* (L.) Merr.	0%	0%	0%“

3. Í viðaukanum við tilskipun 93/61/EBE er eftirfarandi línu bætt við milli þriðju og fjórðu línu í töflunni „Veirur, veirungar, sjúkdómar áþekkir veirum og sáldvefsbakteríur“:

„Tomato brown rugose fruit virus (ToBRFV)	*Capsicum annuum* L., að undanskildu efni sem tilheyrir yrki sem þekkt er að hafi þol gegn ToBRFV. *Solanum lycopersicum* L. og blendingar af því.	0%“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/630 **2025/EES/73/07**

frá 31. mars 2025

um leyfi fyrir ilmpelargóníuilmkjarnaolíu úr *Pelargonium graveolens* L'Hèr., gúmviðarilmkjarnaolíu úr *Eucalyptus globulus* Labill. og sítrónugrassilmkjarnaolíu úr *Cymbopogon flexuosus* (Nees ex Steud.) Will. Watson sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Efnin ilmpelargóníuilmkjarnaolía úr *Pelargonium graveolens* L'Hèr., gúmviðarilmkjarnaolía úr *Eucalyptus globulus* Labill. og sítrónugrassilmkjarnaolía úr *Cymbopogon flexuosus* (Nees ex Steud.) Will. Watson voru leyfð án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Þessi efni voru síðan færð inn í skrá yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vörur í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. hennar, var lögð fram umsókn um leyfi fyrir ilmpelargóníuilmkjarnaolíu úr *Pelargonium graveolens* L'Hèr., gúmviðarilmkjarnaolíu úr *Eucalyptus globulus* Labill. og sítrónugrassilmkjarnaolíu úr *Cymbopogon flexuosus* (Nees ex Steud.) Will. Watson sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að aukefnin yrðu sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni" og í virka hópinn „bragðefni". Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Umsækjandinn óskaði eftir því að efnin sem um er að ræða yrðu einnig leyfð til notkunar í drykkjarvatn. Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er notkun bragðefna þó ekki leyfð í drykkjarvatn. Af þessum sökum ætti ekki að leyfa notkun þessara aukefna í drykkjarvatn.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 4. júlí 2023 ([3]), ([4]), ([5]) að ilmpelargóníuilmkjarnaolía úr *Pelargonium graveolens* L'Hèr. sé örugg upp að tillögðu hámarksnotkunarmagni í fóður og að gúmviðarilmkjarnaolía úr *Eucalyptus globulus* Labill. og sítrónugrassilmkjarnaolía úr *Cymbopogon flexuosus* (Nees ex Steud.) Will. Watson séu öruggar við tiltekinn hámarksstyrk sem er frekar tilgreindur fyrir hverja tegund. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að ekki sé búist við að notkun ilmpelargóníuilmkjarnaolíu úr *Pelargonium graveolens* L'Hèr., gúmviðarilmkjarnaolíu úr *Eucalyptus globulus* Labill. og sítrónugrassilmkjarnaolíu úr *Cymbopogon flexuosus* (Nees ex Steud.) Will. Watson í fóður skapi áhættu fyrir umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að ilmpelargóníuilmkjarnaolía úr *Pelargonium graveolens* L'Hèr., gúmviðarilmkjarnaolía úr *Eucalyptus globulus* Labill. og sítrónugrassilmkjarnaolía úr *Cymbopogon flexuosus* (Nees ex Steud.) Will. Watson ættu að teljast ertandi efni fyrir húð og augu og húð- og öndunarfæranæmar. Þar eð ilmpelargóníuolía úr *Pelargonium graveolens* og blöndur hennar, blöndur úr laufum *Eucalyptus globulus*, þ.m.t. olía þess, og *Cymbopogon flexuosus* sem er ofanjarðar og blöndur þess eru viðurkenndar sem bragðefni í matvæli og

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/630, 1.4.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 189/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1970/524/oj).

([3]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 21 7, e08161. https://doi.org/10.2903/j.efsa.2023.8161.

([4]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 21 7, e08178. https://doi.org/10.2903/j.efsa.2023.8178.

([5]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 21 7, e08180. https://doi.org/10.2903/j.efsa.2023.8180.

hlutverk þeirra í fóðri væri í raun það sama og í matvælum komst Matvælaöryggisstofnunin enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekki teljist nauðsynlegt að sýna frekar fram á verkun þeirra. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að ilmpelargóníuilmkjarnaolía úr *Pelargonium graveolens* L'Hèr., gúmviðarilmkjarnaolía úr *Eucalyptus globulus* Labill. og sítrónugrassilmkjarnaolía úr *Cymbopogon flexuosus* (Nees ex Steud.) Will. Watson uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessara efna eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnanna.

7) Framkvæmdastjórnin telur að ekki sé nauðsynlegt að gera kröfu um fastsetningu hámarksgilda af öryggisástæðum fyrir ilmpelargóníuilmkjarnaolíu úr *Pelargonium graveolens* L'Hèr., gúmviðarilmkjarnaolíu úr *Eucalyptus globulus* Labill. og sítrónugrassilmkjarnaolíu úr *Cymbopogon flexuosus* (Nees ex Steud.) Will. Watson. Til að auðvelda betra eftirlit ætti að tilgreina ráðlagt hámarksinnihald á merkimiðanum fyrir fóðuraukefnin. Þegar farið er yfir ráðlagt hámarksinnihald ætti að tilgreina tilteknar upplýsingar á merkimiða viðkomandi forblandna.

8) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efnunum sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnin, sem tilheyra aukefnaflokknum „skynræn aukefni" og virka hópnum „bragðefni" og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Fóðuraukefnin ilmpelargóníuilmkjarnaolía úr *Pelargonium graveolens* L'Hèr., gúmviðarilmkjarnaolía úr *Eucalyptus globulus* Labill. og sítrónugrassilmkjarnaolía úr *Cymbopogon flexuosus* (Nees ex Steud.) Will. Watson, sem voru leyfð samkvæmt tilskipun 70/524/EBE, og forblöndur sem innihalda aukefnin, sem eru framleidd og merkt fyrir 21. október 2025 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 21. apríl 2025, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnin sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 21. apríl 2026 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 21. apríl 2025, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnin sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 21. apríl 2027 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 21. apríl 2025, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. mars 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer fóðuraukefn-isins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
2b324-eo	Ilmpelargón-íuilmkjarnaolía	*Samsetning aukefnis* Ilmkjarnaolía úr jurtkenndum hlutum *Pelargonium graveolens* L'Hér. (samheiti: *Pelargonium graveolens* L'Herit. Ex Ait.) Vökvaform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Ilmpelargóníuilmkjarnaolía Ilmkjarnaolía eins og skilgreint er af Evrópuráðinu (1) sem er fengin úr jurtkenndum hlutum *Pelargonium graveolens* L'Hér. með gufueimingu og frekari þéttingu rokgjarnra innihaldsefna og aðskilnaði frá vatnsfasanum með afhellingu. CAS-númer: 8000-46-2 EINECS-númer: 290-140-0 FEMA-númer: 2508 CoE-númer: 324 Nákvæm skilgreining: Sítrónellól: 25–36% Geraníól: 10–18% Sítrónellýlformat: 4–9% Línalól: 4–8,5% *d,l*-ísómentón (*cis*-mentón): 4–8%	Allar dýrategundir	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald: 5 mg." 4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar ef notkunarmagnið á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir innihaldið sem um getur í 3. lið.	21. apríl 2035

Kenninúmer fóðuraukefn-isins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
		2,(2-metýlpróp-1-enýl)-4-metýltetrahýdrópýran (rósaoxíð): 0,7–1,5% *Greiningaraðferð* (2) Til að ákvarða sítrónellól (plöntuefnafræðilegt merkiefni) í fóðuraukefninu: — Gasgreining með logajónunargreiningu (GC-FID) (ISO 4731).					5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð-, augn- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	

(1) „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007).
(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

Kenninúmer fóðuraukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
2b185-eo	Gúmviðarilmkjarnaolía	*Samsetning aukefnis* Ilmkjarnaolía úr laufum og greinum *Eucalyptus globulus* Labill. Vökvaform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Gúmviðarilmkjarnaolía Ilmkjarnaolía eins og skilgreint er af Evrópuráðinu ([1]) sem er fengin úr ferskum eða þurrkuðum laufum og greinum *Eucalyptus globulus* Labill. með gufueimingu og frekari þéttingu rokgjarnra innihaldsefna og aðskilnaði frá vatnsfasanum með afhellingu. CAS-númer: 8000-48-4 EINECS-númer: 283-406-2 FEMA-númer: 2466 CoE-númer: 185 Nákvæm skilgreining: 1,8-síneól (evkalyptól): 70–87% d-límónen: 2–15% α-pínen (pín-2(3)-en): 1–10% Metýlevgenól: að hámarki 0,005%	Allar dýrategundir	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald: — 12 mg fyrir eldiskjúklinga og aukategundir alifugla til eldis, — 12 mg fyrir alla alifugla sem eru aldir til varps eða undaneldis, — 12 mg fyrir skrautfugla, — 16 mg fyrir eldiskalkúna,	21. apríl 2035

Kenninúmer fóðuraukefn-isins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
		Greiningaraðferð (2) Til að ákvarða 1,8-síneól (plöntuefnafræðilegt merkiefni) í fóðuraukefninu: — Gasgreining með logajónunargreiningu (GC-FID) (ISO 770).					— 18 mg fyrir alla alifugla til varps eða undaneldis, — 26 mg fyrir eldissvín, — 22 mg fyrir fráfærugrísi og spenagrísi af öllum svínategundum, — 22 mg fyrir eldissvín af aukategundum svína, — 32 mg fyrir öll svín sem eru ætluð til undaneldis, — 55 mg fyrir eldiskálfa allt að 6 mánaða gamla, — 48 mg fyrir sauðfé og geitur, — 48 mg fyrir eldisnautgripi, önnur eldisjórturdýr að undanskildu sauðfé, geitum og eldiskálfum allt að 6 mánaða gömlum, dýr af úlfaldaætt til eldis, — 31 mg fyrir öll önnur jórturdýr og öll önnur dýr af úlfaldaætt, — 48 mg fyrir dýr af hestaætt, — 19 mg fyrir kanínur, — 55 mg fyrir laxfiska og aukategundir fiska, — 58 mg fyrir hunda, — 75 mg fyrir skrautfiska, — 10 mg fyrir ketti, — 10 mg fyrir aðrar tegundir og flokka.“	

Kenninúmer fóðuraukefn-isins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
							4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar ef notkunarmagnið á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir innihaldið sem um getur í 3. lið. 5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð-, augn- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	

(1) „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007).

(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

Kenninúmer fóðuraukefn-isins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
2b38-eo	Sítrónugrassilm-kjarnaolía	*Samsetning aukefnis* Ilmkjarnaolía úr hlutum *Cymbopogon flexuosus* (Nees ex Steud.) Will. Watson (samheiti: *Cymbopogon flexuosu*s (Nees ex Steudel) J.F. Watson) sem eru ofanjarðar. Vökvaform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Sítrónugrassilmkjarnaolía Ilmkjarnaolía eins og skilgreint er af Evrópuráðinu ([1]) sem er fengin úr ferskum eða þurrkuðum hlutum *Cymbopogon flexuosu*s (Nees ex Steud.) Will. Watson sem eru ofanjarðar með gufueimingu og frekari þéttingu rokgjarnra innihaldsefna og aðskilnaði frá vatnsfasanum með afhellingu. CAS-númer: 8007-02-1 EINECS-númer: 289-752-0 FEMA-númer: 2624 CoE-númer: 38 Nákvæm skilgreining: *trans*-3,7-dímetýlokta-2,6-díenal (geraníal): 35–47% Neral: 25–35% Geraníól: 1,5–8% Geranýlasetat: 0,5–6% β-karýófýllen: 0,2–3,5%	Allar dýrategundir	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald: — 41 mg fyrir eldiskjúklinga og aukategundir alifugla til eldis, — 41 mg fyrir alla alifugla sem eru aldir til varps eða undaneldis, — 41 mg fyrir skrautfugla, — 55 mg fyrir eldiskalkúna, — 61 mg fyrir alla alifugla til varps eða undaneldis, — 88 mg fyrir eldissvín,	21. apríl 2025

Kenninúmer fóðuraukefn-isins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
		Metýlevgenól og elemísín: að hámarki 0,01%. *Greiningaraðferð* (2) Til að ákvarða neral og trans-3,7-dímetýlokta-2,6-díenal (geraníal) (plöntuefnafræðileg merkiefni) í fóðuraukefninu: — Gasgreining með logajónunargreiningu (GC-FID) (ISO 4718).					— 74 mg fyrir fráfærugrísi og spenagrísi af öllum svínategundum, — 74 mg fyrir eldissvín af aukategundum svína, — 100 mg fyrir öll svín sem eru ætluð til undaneldis, — 75 mg fyrir eldiskálfa allt að 6 mánaða gamla, — 75 mg fyrir sauðfé og geitur, — 75 mg fyrir eldisnautgripi, önnur eldisjórturdýr að undanskildu sauðfé, geitum og eldiskálfum allt að 6 mánaða gömlum, dýr af úlfaldaætt til eldis, — 75 mg fyrir öll önnur jórturdýr og öll önnur dýr af úlfaldaætt, — 100 mg fyrir dýr af hestaætt, — 65 mg fyrir kanínur, — 125 mg fyrir laxfiska og aukategundir fiska, — 50 mg fyrir hunda, — 50 mg fyrir skrautfiska, — 33 mg fyrir ketti, — 33 mg fyrir aðrar tegundir og flokka.“	

Kenninúmer fóðuraukefn-isins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
							4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar ef notkunarmagnið á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir innihaldið sem um getur í 3. lið. 5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð-, augn- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	

(1) „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007).
(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/634 **2025/EES/73/08**

frá 1. apríl 2025

um leyfi fyrir L-arginíni, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 7.401, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir L-arginíni sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 7.401. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir L-arginíni, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 7.401, sem fóðuraukefni til notkunar í fóður og drykkjarvatn fyrir allar dýrategundir og óskað er eftir að aukefnið verði sett í flokkinn „næringar-aukefni“ og virka hópinn „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 18. september 2024 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði sé L-arginín, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 7.401, öruggt fyrir marktegundirnar þegar því er bætt við fæði í hæfilegu magni samkvæmt næringarlegum þörfum þeirra. Hins vegar hefur Matvælaöryggisstofnunin áhyggjur varðandi öryggi L-arginíns fyrir marktegundirnar þegar efnið er gefið samtímis með drykkjarvatni og fóðri vegna hugsanlegs amínósýruójafnvægis og af ástæðum sem varða hollustuhætti. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að notkun L-arginíns, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 7.401, í fóður sé talin örugg fyrir neytendur og umhverfið. Vegna skorts á gögnum gat Matvælaöryggisstofnunin ekki komist að niðurstöðu um hvort aukefnið geti verið ertandi fyrir húð eða augu eða verið húð- eða öndunarfæranæmir. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að efnið teljist vera áhrifaríkur gjafi lífsnauðsynlegu amínósýrunnar L-arginíns fyrir tegundir sem eru ekki jórturdýr og til að efnið hafi full áhrif í jórturdýrum ætti að verja það gegn niðurbroti í vömbinni. Matvælaöryggisstofnunin taldi að ekki væri þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að L-arginín, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 7.401, uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnisins sem fóðuraukefni. Þegar L-arginín er gefið jórturdýrum þarf að verja það gegn niðurbroti í vömbinni. Rétt þykir að gera notandanum aðvart um að taka tillit til fæðutengdrar viðbótar af öllum lífsnauðsynlegum og hálfnauðsynlegum amínósýrum, einkum ef L-arginíni er bætt við með því að setja það í drykkjarvatn. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/634, 2.4.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 189/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu*, 2024 22(10), e9028.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. apríl 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer fóðurau-kefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: næringaraukefni. Virkur hópur: amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni								
3c366	L-arginín	*Samsetning aukefnis:* L-arginín ≥ 98,5% (miðað við þurrt efni) Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* L-arginín ((S)-2-amínó-5-gúanidín-pentansýra) sem er framleidd með *Escherichia coli* CGMCC 7.401 Efnaformúla: $C_6H_{14}N_4O_2$ CAS-númer: 74–79-3 *Greiningaraðferð* ([1]): Til að sanngreina L-arginín í fóðurau-kefninu: — Food Chemical Codex „L-arginine monograph“ Til að ákvarða arginín í fóðuraukefninu og í vatni: — Jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS)	Allar dýrateg-undir	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöð-ugleika við hitameðhöndlun og í vatni. 2. Nota má aukefnið í drykkjarvatn. 3. Stjórnendur fóðurfyrirtækja skulu tryggja að L-arginín sé varið gegn niðurbroti í vömb þegar það er gefið jórturdýrum. 4. Tilgreina skal rakainnihald á merkimiðanum fyrir aukefnið. 5. Á merkimiða aukefnis og forblandna skal tilgreina eftirfarandi: „Þegar L-argíníni er bætt við, einkum með því að setja það í drykkjarvatn, skal taka tillit til allra lífsnauðsynlegra og hálfnauðsyn-legra amínósýra til að forðast ójafnvægi.“	22. apríl 2035

Kenninúmer fóðurau-kefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: næringaraukefni. Virkur hópur: amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni								
		Til að ákvarða arginín í forblöndum og fóðurblöndum: — Jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 152/2009 ([2])					6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklags-reglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöf-unum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð-, augn- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 frá 27. janúar 2009 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fóðri (Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/152/oj).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/647 **2025/EES/73/09**

frá 2. apríl 2025

um breytingu og leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/913 og um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1471 um leyfi fyrir lantankarbónatoktahýdrati með kenninúmerunum 4d1 og 4d23, eftir því sem við á, sem fóðuraukefni fyrir ketti (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr. og 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Leyfi fyrir lantankarbónatoktahýdrati með kenninúmeri 4d1 var endurnýjað til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir ketti með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/913 ([2]) (leyfishafi er Bayer HealthCare AG). Lantankarbónatoktahýdrat með kenninúmeri 4d23 var einnig leyft til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir ketti með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1471 ([3]) (leyfishafi er Porus GmbH). Fyrir mistök var vísað í bæði aukefnin sem blöndu í viðaukunum við þær framkvæmdarreglugerðir. Auk þess endurspegla skilyrði fyrir notkun í viðaukunum við þær framkvæmdarreglugerðir ekki með fullnægjandi hætti niðurstöður Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) í álitum hennar frá 27. september 2007 ([4]) og 27. janúar 2022 ([5]) um að lantankarbónatoktahýdrat sé öruggt og áhrifaríkt fyrir fullorðna ketti.

3) Því ætti að leiðrétta framkvæmdarreglugerðir (ESB) 2019/913 og (ESB) 2022/1471 til samræmis við það.

4) Auk þess hefur Bayer HealthCare AG, handhafi leyfis fyrir lantankarbónatoktahýdrati með kenninúmeri 4d1 sem fóðuraukefni fyrir ketti, lagt fram umsókn fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 um að fá að breyta heiti handhafa leyfis fyrir fóðuraukefninu í Elanco GmbH.

5) Tillögð breyting á skilyrðum fyrir leyfinu varðandi heiti handhafa leyfis fyrir lantankarbónatoktahýdrati með kenninúmeri 4d1 sem fóðuraukefni fyrir ketti er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat. Matvælaöryggisstofnunin var upplýst um umsóknina.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/647, 3.4.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 189/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/913 frá 29. maí 2019 um endurnýjun á leyfi fyrir lantankarbónatoktahýdrati sem fóðuraukefni fyrir ketti og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 163/2008 (leyfishafi er Bayer HealthCare AG) (Stjtíð. ESB L 146, 5.6.2019, bls. 57, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2019/913/oj).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1471 frá 5. september 2022 um leyfi fyrir lantankarbónatoktahýdrati sem fóðuraukefni fyrir ketti (leyfishafi er Porus GmbH) (Stjtíð. ESB L 231, 6.9.2022, bls. 113, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2022/1471/oj).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2007, 542.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(2), 7168.

6) Til að gera Elanco GmbH kleift að nýta markaðssetningarrétt sinn í samræmi við 6. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er nauðsynlegt að breyta skilmálum viðkomandi leyfis með því að tilgreina heiti hans sem leyfishafa fyrir lantankarbónatoktahýdrati með kenninúmeri 4d1 sem fóðuraukefni fyrir ketti.

7) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/913 til samræmis við það.

8) Þar eð ekki er gerð krafa um, af öryggisástæðum, tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfunum fyrir lantankarbónatoktahýdrati fyrir ketti þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila til að þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leiðréttingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2019/913 og (ESB) 2022/1471 og breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/913.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leiðrétting og breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/913

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/913 kemur I. viðauki við þessa reglugerð.

2. gr.

Leiðrétting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1471

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1471 kemur II. viðauki við þessa reglugerð.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Efnið sem er tilgreint í I. og II. viðauka og forblöndur sem innihalda efnið, sem eru ætluð fyrir ketti og eru framleidd og merkt fyrir 23. október 2025 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 23. apríl 2025, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnið sem er tilgreint í I. og II. viðauka, sem eru ætluð fyrir ketti og eru framleidd og merkt fyrir 23. apríl 2027 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 23. apríl 2025, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. apríl 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Kenninúmer fóðuraukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: dýraræktaraukefni. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (minni útskilnaður fosfórs með þvagi)									
4d1	Elanco GmbH	Lantankarbónatoktahýdrat	*Samsetning aukefnis* Lantankarbónatoktahýdrat A.m.k. 85% lantankarbónatoktahýdrat sem virkt efni. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lantankarbónatoktahýdrat $La_2(CO_3)_3{*}8H_2O$ CAS-númer 6487-39-4 *Greiningaraðferð* (1) Til að magnákvarða karbónat í fóðuraukefninu: Aðferð Sambandsins, innleidd með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (2). Til að magnákvarða lantan í fóðuraukefninu og fóðurblöndum: Rafgasgeislunargreining (ICP-AES).	Kettir	—	1 500	7 500	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Einungis skal gefa fullorðnum köttum aukefnið. 3. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu skal tilgreina eftirfarandi: „Fyrir fullorðna ketti. Óráðlegt að nota samtímis fóðri með miklu fosfórinnihaldi.“ 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	25. júní 2029

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 frá 27. janúar 2009 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fóðri (Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/152/oj).

II. VIÐAUKI

Kenninúmer fóðuraukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: dýraræktaraukefni. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (minni útskilnaður fosfórs með þvagi)									
4d23	Porus GmbH	Lantankarbónatoktahýdrat	*Samsetning aukefnis* Lantankarbónatoktahýdrat með a.m.k. 85% lantankarbónatoktahýdrat sem virkt efni. Fast form. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lantankarbónatoktahýdrat $La_2(CO_3)_3{*}8H_2O$ CAS-númer 6487-39-4 *Greiningaraðferð* (1) Til að magnákvarða karbónat í fóðuraukefninu: Aðferð Sambandsins, innleidd með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (2). Til að magnákvarða lantan í fóðuraukefninu og fóðurblöndum: Rafgasgeislunargreining (ICP-AES).	Kettir	—	1 500	7 500	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Einungis skal gefa fullorðnum köttum aukefnið. 3. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu skal tilgreina eftirfarandi: „Fyrir fullorðna ketti. Óráðlegt að nota samtímis fóðri með miklu fosfórinnihaldi.“ 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	26. september 2032

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 frá 27. janúar 2009 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fóðri (Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/152/oj).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/714 **2025/EES/73/10**

frá 10. apríl 2025

um leyfi fyrir indígókarmíni sem fóðuraukefni fyrir ketti, hunda og skrautfiska (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Efnið indígókarmín var leyft með heitinu indígótín, án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir skrautfiska sem tilheyrir flokknum „litgjafar, að meðtöldum litarefnum“, undir fyrirsögninni „aðrir litgjafar“. Það var einnig leyft án tímamarka sem fóðuraukefni, sem tilheyrir flokknum „litgjafar, að meðtöldum litarefnum“ fyrir hunda og ketti undir fyrirsögninni „litunarefni sem leyfð hafa verið til litunar matvæla samkvæmt reglum Bandalagsins“. Efnið var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um leyfi fyrir indígókarmíni sem fóðuraukefni fyrir ketti, hunda og skrautfiska. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“ og virka hópinn „litgjafar: efni sem gefa fóðri lit eða gefa því aftur sinn fyrri lit“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 28. apríl 2015 ([3]) og 27. júní 2024 ([4]) að indígókarmín (hreinleiki sem nemur a.m.k. 85% litunarefni) sé öruggt fyrir ketti og hunda í magni sem nemur allt að 250 mg/kg heilfóðurs og fyrir skrautfiska í allt að 1000 mg/kg heilfóðurs. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að það væri skynsamlegt að gera ráð fyrir áhættu á váhrifum fyrir notendur við innöndun á ryki frá aukefninu og meðan upplýsingar liggja ekki fyrir um eiturhrif indígókarmíns við innöndun er litið á slíka útsetningu sem hættulega. Indígókarmín er ekki ertandi fyrir húð og augu en ætti að teljast hugsanlegur húð- og öndunarfæranæmir hjá mönnum. Indígókarmín er áhrifaríkur litgjafi fyrir fóður fyrir hunda, ketti og skrautfiska. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að indígókarmín uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/714, 11.4.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 189/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1970/524/oj).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(5), 4108 https://doi.org/10.2903/j.efsa.2015.4108.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024 22(7), e8909 https://doi.org/10.2903/j.efsa.2024.8909.

6) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efninu sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „litgjafar, efni sem gefa fóðri lit eða gefa því aftur sinn fyrri lit“, og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Fóðuraukefnið indígótín, sem var leyft samkvæmt tilskipun 70/524/EBE, og forblöndur sem innihalda aukefnið, sem eru ætluð fyrir ketti, hunda og skrautfiska og sem eru framleidd og merkt fyrir 1. nóvember 2025 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 1. maí 2025, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnið sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 1. maí 2027 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 1. maí 2025 má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir ketti, hunda og skrautfiska.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. apríl 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer fóðurau-kefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af aukefni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: skynræn aukefni. Virkur hópur: litgjafar: i. efni sem gefa fóðri lit eða gefa því aftur sinn fyrri lit								
2a132	Indígókarmín	*Samsetning aukefnis:* Indígókarmín Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* Indígókarmín, lýst sem natríumsalti, samanstendur aðallega af blöndu af dínatríum-3,3′-díoxó-2,2′-bí-indólýlíden-5,5′-dísúlfónati og dínatríum-3,3′-díoxó-2,2′-bí-indólýlíden-5,7′-dísúlfónati Kalsíum- og kalíumsölt eru einnig leyfð með sömu greiningu á eiginleikum og natríumsalt. Framleitt með efnasmíði Efnaformúla: $C_{16}H_8N_2Na_2O_8S_2$ CAS-nr.: 860-22-0/54947-75-0 Heildarmagn litunarefna ≥ 85% Dínatríum-3,3′-díoxó-2,2′-bí-indólýlíden-5,7′-dísúlfónat ≤ 18% Önnur litunarefni ≤ 1%	Kettir Hundar			250	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	1. maí 2035
			Skrautfiskar			1 000		

Kenninúmer fóðurau-kefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af aukefni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: skynræn aukefni. Virkur hópur: litgjafar: i. efni sem gefa fóðri lit eða gefa því aftur sinn fyrri lit								
		Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni (ísatín-5-súlfónsýra, 5-súlfóantranílsýra og antranílsýra) ≤ 0,5% Ósúlfuð eingreind, arómatísk amín ≤ 0,01% Efni sem er útdraganlegt í eter ≤ 0,2% í hlutlausum miðli Blý ≤ 2 mg/kg *Greiningaraðferð* Til að magnákvarða heildarmagn litunar-efna í indígókarmíni í fóðuraukefninu: — Litrófsmæling við 610 nm (Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, sameiginleg sérfræðinga-nefnd Matvæla- og landbúnaðar-stofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum, gæðalýsing efnis nr. 1, 4. bindi og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012) ([1]) fyrir indígókarmín. Til að magnákvarða indígókarmín í fóður-blöndu: — Háþrýstivökvaskiljun tengd raðmassagreiningu (LC-MS/MS)						

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð. ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2012/231/oj).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/708 **2025/EES/73/11**

frá 11. apríl 2025

um leyfi fyrir natríumferrósýaníði og kalíumferrósýaníði sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1810/2005 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Natríumferrósýaníð og kalíumferrósýaníð voru leyfð án tímamarka með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1810/2005 ([3]), í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Þessi efni voru síðan færð inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vörur sem tilheyra hópnum „bindiefni, kekkjavarnarefni og storkuefni“ í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á natríumferrósýaníði og kalíumferrósýaníði sem fóðuraukefnum fyrir allar dýrategundir. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnin yrðu sett í aukefnaflokkinn „tæknileg aukefni“ og virka hópinn „kekkjavarnarefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 21. mars 2023 ([4]) og 4. júní 2024 ([5]) að notkun natríumferrósýaníðs og kalíumferrósýaníðs væri örugg fyrir dýr þegar efnunum er bætt í natríumklóríð við hámarksinnihald sem er frekar tilgreint í álitunum og að við tillögð notkunarskilyrði valdi þau ekki vanda fyrir öryggi neytenda. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að natríumferrósýaníð og kalíumferrósýaníð séu hvorki húð- og augnertandi né húðnæmar. Vegna þess að nikkel var fyrir hendi taldist natríumferrósýaníð þó vera húð- og öndunarfæranæmir. Ekki var hægt að komast að niðurstöðu um öryggi notenda sem verða fyrir váhrifum frá kalíumferrósýaníði við innöndun. Notkun á natríumferrósýaníði og kalíumferrósýaníði sem fóðuraukefnum taldist vera örugg fyrir umhverfið. Natríumferrósýaníð og kalíumferrósýaníð töldust vera áhrifarík sem kekkjavarnarefni þegar þeim er bætt í natríumklóríð við tillagt notkunarmagn. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/708, 14.4.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 189/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1970/524/oj).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1810/2005 frá 4. nóvember 2005 um nýtt leyfi til 10 ára fyrir aukefni í fóðri, varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri og bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun tiltekinna aukefna sem þegar er leyft að nota í fóður (Stjtíð. ESB L 291, 5.11.2005, bls. 5, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2005/1810/oj).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21(4), 7960 https://doi.org/10.2903/j.efsa.2023.7960.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024 22(7), e8851 https://doi.org/10.2903/j.efsa.2024.8851.

5) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að natríumferrósýaníð og kalíumferrósýaníð uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessara efna eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda þessara aukefna.

6) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efnunum sem um er að ræða vegna öryggismála þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnin, sem tilheyra aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „kekkjavarnarefni“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Niðurfelling reglugerðar (EB) nr. 1810/2005

Reglugerð (EB) nr. 1810/2005 er felld úr gildi.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Fóðuraukefnin natríumferrósýaníð og kalíumferrósýaníð, sem voru leyfð samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1810/2005, og forblöndur sem innihalda þessi aukefni, sem eru framleidd og merkt fyrir 4. nóvember 2025 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 4. maí 2025, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnin sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 4. maí 2026 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 4. maí 2025, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnin sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 4. maí 2027 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 4. maí 2025, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. apríl 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer fóðuraukefn-isins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af natríumferrósýaníði (reiknað út sem ferrósýaníðjón)/kg NaCl			
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: kekkjavarnarefni								
1i535	Natríumferrósýaníð	*Samsetning aukefnis* Natríumferrósýaníð ≥ 99% Fast form _____ *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Natríumferrósýaníð, framleitt með efnasmíði CAS-númer: 13601-19-9 Efnaformúla: $Na_4[Fe(CN)_6]$ $10H_2O$ Raki ≤ 1% Vatnsóleysanlegt efni ≤ 0,03% Klóríðjón (Cl^-) ≤ 0,2% Súlfat (SO_4) ≤ 0,1% Óbundið sýaníð, ógreinanlegt Ferrósýaníð, ógreinanlegt _____ *Greiningaraðferð* (1) Til að greina eiginleika natríumferrósýaníðs í fóðuraukefninu: — Lýsing efnis frá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna og sameiginlegri sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum, „Ferrósýaníð af kalsíumi, kalíumi og natríumi“ Til að ákvarða ferrósýaníð í natríumklóríði: — litrófsmæling við 700 nm.	Eldiskalkúnar og kalkúnar sem eru aldir til undaneldis Varphænur Aukategundir alifugla til varps eða til undaneldis Tegundir svína Jórturdýr Dýr af úlfaldaætt Kanínur Dýr af hestaætt Fiskar Hundar Kettir	-	-	80	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Aukefnið skal eingöngu nota í natríumklóríð. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ekki má blanda natríumferrósýaníði við sterkar sýrur“ (2). 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	4. maí 2035
			Allar aðrar dýrategundir	-	-	60		

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

(2) Sterkar sýrur: sýrur með pKa-gildið < –2 í vatni

Kenninúmer fóðurau-kefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af kalíumferrósýaníði (reiknað út sem ferrósýaníðjón)/kg NaCl			
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: kekkjavarnarefni								
1i536	Kalíumfer-rósýaníð	*Samsetning aukefnis* Kalíumferrósýaníð ≥ 99% Fast form _____ *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Kalíumferrósýaníð, framleitt með efnasmíði CAS-númer: 14459-95-1 Efnaformúla: $K_4[Fe(CN)_6]$ $3H_2O$ Raki ≤ 1% Vatnsóleysanlegt efni ≤ 0,03% Klóríðjón (Cl^-) ≤ 0,2% Súlfat (SO_4) ≤ 0,1% Óbundið sýaníð, ógreinanlegt Ferrósýaníð, ógreinanlegt _____ *Greiningaraðferð* (1) Til að greina eiginleika kalíumferrósýaníðs í fóðuraukefninu: — Lýsing efnis frá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna og sameiginlegri sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum, „Ferrósýaníð af kalsíumi, kalíumi og natríumi“ Til að ákvarða ferrósýaníð í natríumklóríði: — litrófsmæling við 700 nm.	Eldiskalkúnar og kalkúnar sem eru aldir til undaneldis Varphænur Aukategundir alifugla til varps og til undaneldis Tegundir svína Jórturdýr Dýr af úlfaldaætt Kanínur Dýr af hestaætt Fiskar Hundar Kettir	-	-	80	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Aukefnið skal eingöngu nota í natríumklóríð. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ekki má blanda kalíumferrósýaníði við sterkar sýrur“ (2). 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	4. maí 2035
			Allar aðrar dýrategundir	-	-	60		

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

(2) Sterkar sýrur: sýrur með pKa-gildið < –2 í vatni

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/720 **2025/EES/73/12**

frá 15. apríl 2025

um leyfi fyrir blöndu með *Lentilactobacillus buchneri* DSM 32651 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með *Lentilactobacillus buchneri* DSM 32651. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með *Lentilactobacillus buchneri* DSM 32651 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað var eftir að aukefnið yrði sett í flokkinn „tæknileg aukefni“ og virka hópinn „aukefni í votfóður“.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 18. september 2024 ([2]) að *Lentilactobacillus buchneri* DSM 32651 og samsetta aukefnið séu örugg fyrir allar dýrategundir, neytendur og umhverfið. Að því er varðar öryggi notenda telst fóðuraukefnið vera hugsanlegur húð- og öndunarfæranæmir en það er þó ekki talið augnertandi. Sérhver útsetning fyrir fóðuraukefninu fyrir húð og öndunarveg telst vera áhætta. Viðbót *Lentilactobacillus buchneri* DSM 32651 í lágmarksstyrk sem nemur 1×10^8 CFU/kg fersks plöntuefnis getur bætt loftháðan stöðugleika votfóðurs úr fersku plöntuefni með þurrefnisinnihald á bilinu 28–45%. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunar-rannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að blandan með *Lentilactobacillus buchneri* DSM 32651 uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun blöndunnar. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/720, 16.4.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 189/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024 22(10), e9029. https://doi.org/10.2903/j.efsa.2024.9029.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votfóður“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. apríl 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer fóðurau-kefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					CFU/kg fersks efnis			
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: aukefni í votfóður								
1k21903	*Lentilactobacillus buchneri* DSM 32651	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Lentilactobacillus buchneri* DSM 32651 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{11} CFU/g aukefnis Fast form ——— *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Lentilactobacillus buchneri* DSM 32651 ——— Greiningaraðferð (1) Sanngreining: Kjarnsýrumögnun endurtekinna samleitra milligenaraða úr iðrabakteríum (ERIC-PCR) eða DNA-raðgreining eða rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE) (CENT/TS 17697) — Ákvörðun á heildarfjölda í fóðuraukefninu: Dreifingaraðferð (eða áhellingaraðferð) með MRS-agar (EN 15787)	Allar dýrateg-undir	-	-	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Nota skal aukefnið eingöngu með fersku plöntuefni sem er auðvelt og meðalerfitt að votfóðursverka (2). 3. Lágmarksskammtur aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 1×10^8 CFU/kg fersks plöntuefnis. 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráð-stöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð-, augn- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	6. maí 2035

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

(2) Fóðurjurtir sem er auðvelt að votfóðursverka: > 3% leysanleg kolvetni í fersku efni, meðalerfitt að votfóðursverka: 1,5–3% leysanleg kolvetni í fersku efni í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 frá 25. apríl 2008 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar gerð og framsetningu umsókna og mat á aukefnum í fóðri og leyfi fyrir þeim (Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/429/oj).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/752 **2025/EES/73/13**

frá 16. apríl 2025

um endurnýjun á leyfi fyrir L-týrósíni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 101/2014 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) L-týrósín var leyft til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 101/2014 ([2]).

3) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um endurnýjun á leyfi fyrir L-týrósíni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að aukefnið yrði sett í flokkinn „næringaraukefni“ og í virka hópinn „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. þeirrar reglugerðar.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 4. júní 2024 ([3]) að notkun fóðuraukefnisins í fóður sé áfram örugg fyrir markdýrategundirnar, neytendur og umhverfið. Að því er varðar öryggi notenda taldi Matvælaöryggisstofnunin að L-týrósín væri ekki ertandi fyrir húð eða augu en gat ekki komist að niðurstöðu um hvort það gæti verið húðnæmir. Váhrif frá aukefninu við innöndun fyrir aðila sem meðhöndla það eru líkleg. Matvælaöryggisstofnunin taldi að ekki væri þörf að meta verkun L-týrósíns þar eð umsóknin um endurnýjun leyfisins feli ekki í sér tillögu að breytingu á skilyrðum fyrir upprunalega leyfinu eða viðbót við þau. Tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á fót með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, taldi að niðurstöður og tilmæli úr mati sem framkvæmt var, að því er varðar greiningaraðferð fyrir L-týrósín sem fóðuraukefni í tengslum við fyrra leyfi, séu enn gild og viðeigandi fyrir núverandi umsókn. Í samræmi við c-lið 4. mgr. 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 ([4]) er því ekki þörf á matsskýrslu frá tilvísunarrannsóknarstofunni.

5) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að L-týrósín uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins. Þessar verndarráðstafanir ættu ekki að hafa ekki áhrif á aðrar kröfur um öryggi starfsfólks samkvæmt lögum Sambandsins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/752, 22.4.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 189/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 101/2014 frá 4. febrúar 2014 um leyfi fyrir L-týrósíni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 34, 5.2.2014, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2014/101/oj).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu*, 2024 22(7), e8845.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 frá 4. mars 2005 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknastofu Bandalagsins í tengslum við umsóknir um leyfi fyrir aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2005/378/oj).

6) Af endurnýjun leyfis fyrir L-týrósíni sem fóðuraukefni leiðir að fella ætti framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 101/2014 úr gildi.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun leyfis

Leyfið fyrir efninu, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ og er tilgreint í viðaukanum, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Niðurfelling framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 101/2014

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 101/2014 er felld úr gildi.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Fóðuraukefnið L-týrósín, sem var leyft með framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 101/2014, og forblöndur sem innihalda aukefnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 12. nóvember 2025 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 12. maí 2025, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda aukefnið sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 12. maí 2026 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 12. maí 2025, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnið sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 12. maí 2027 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 12. maí 2025, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. apríl 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer fóðurau-kefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: næringaraukefni. Virkur hópur: amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni								
3c401	L-týrósín	*Samsetning aukefnis* Duft með a.m.k. 95% L-týrósíninnihald *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* L-týrósín, framleitt með vatnsrofi á hyrni úr alifuglafjöðrum CAS-númer: 60-18-4 Efnaformúla: $C_9H_{11}NO_3$ Greiningaraðferð (1) Til að sanngreina L-týrósín í fóðurau-kefninu: — Eðlisskautsnúningur, Evrópska lyfja-skráin, lýsing efnis 1161 Til að ákvarða týrósín í fóðuraukefninu: — Títrunarmæling, Evrópska lyfja-skráin, lýsing efnis 1161	Allar dýrateg-undir	-	-	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu-skilyrði og stöðugleika við hitameð-höndlun. 2. Notkunarleiðbeiningarnar skulu innihalda tilmæli um að innihald L-týrósíns fari ekki yfir 5 g/kg heilfóðurs með 12% rakainni-hald fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis og 15 g/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrir-tækja koma á verklagsreglum og skipu-lagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð- og öndun-arvörn, við notkun á aukefninu og for-blöndunum.	12. maí 2035

Kenninúmer fóðurau-kefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: næringaraukefni. Virkur hópur: amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni								
		Til að ákvarða týrósín í forblöndum og fóðurblöndum: — Jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), reglugerð framkvæmda-stjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (2)						

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 frá 27. janúar 2009 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fóðri (Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/152/oj).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/756 **2025/EES/73/14**

frá 16. apríl 2025

um leyfi fyrir L-valíni, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 22721, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir L-valíni sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 22721. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir L-valíni, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 22721, sem fóðuraukefni til notkunar í fóður og drykkjarvatn fyrir allar dýrategundir og óskað er eftir að aukefnið verði sett í flokkinn „næringar-aukefni“ og virka hópinn „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 18. september 2024 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði sé L-valín, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 22721, öruggt fyrir marktegundirnar þegar því er bætt við fæði í hæfilegu magni samkvæmt næringarlegum þörfum þeirra. Hins vegar hefur Matvælaöryggisstofnunin áhyggjur varðandi öryggi L-valíns fyrir marktegundirnar þegar efnið er gefið samtímis með drykkjarvatni og fóðri vegna hugsanlegs amínósýruójafnvægis og af ástæðum sem varða hollustuhætti. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að notkun L-valíns, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 22721, í fóður teldist örugg fyrir neytendur og umhverfið. Vegna skorts á gögnum gat Matvælaöryggis-stofnunin ekki komist að niðurstöðu um hvort aukefnið geti verið ertandi fyrir húð eða augu eða húð- eða öndunarfæranæmir. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að efnið teljist vera áhrifaríkur gjafi lífsnauðsynlegu amínósýrunnar L-valíns fyrir dýr sem eru ekki jórturdýr og til að efnið hafi full áhrif í jórturdýrum ætti að verja það gegn niðurbroti í vömbinni. Matvælaöryggisstofnunin taldi að ekki væri þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að L-valín, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 22721, uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnisins sem fóðuraukefni. Þegar L-valín, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 22721, er gefið jórturdýrum þarf að verja það gegn niðurbroti í vömbinni. Rétt þykir að gera notandanum aðvart um að taka tillit til fæðutengdrar viðbótar af öllum lífsnauðsynlegum og hálfnauðsynlegum amínósýrum, einkum ef L-valíni er bætt við með því að setja það í drykkjarvatn. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/756, 22.4.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 189/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024 22(10), e9024.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. apríl 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer fóðurau-kefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: næringaraukefni. Virkur hópur: amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni								
3c374	L-valín	*Samsetning aukefnis* Innihald L-valíns a.m.k. 98% (miðað við þurrt efni). Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* L-valín ((2S)-2-amínó-3-metýlbútansýra), framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 22721 Efnaformúla: $C_5H_{11}NO_2$ CAS-númer: 72-18-4 Greiningaraðferð ([1]) Til að sanngreina L-valín í fóðuraukefninu: — Food Chemical Codex „L-valine monograph“ Til að ákvarða valín í fóðuraukefninu: — Jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS)	Allar dýrateg-undir	-	-	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu-skilyrði og stöðugleika við hitameð-höndlun og í vatni. 2. Nota má aukefnið í drykkjarvatn. 3. Stjórnendur fóðurfyrirtækja skulu tryggja að L-valín sé varið gegn niðurbroti í vömb þegar það er gefið jórturdýrum. 4. Tilgreina skal rakainnihald á merkimið-anum fyrir aukefnið. 5. Á merkimiða aukefnis og forblöndu skal tilgreina eftirfarandi: — „Þegar L-valíni er bætt við, einkum með því að setja það í drykkjarvatn, skal taka tillit til allra lífsnauð-synlegra og hálfnauðsynlegra amínósýra til að forðast ójafnvægi.“	12. maí 2035

Kenninúmer fóðurau-kefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: næringaraukefni. Virkur hópur: amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni								
		Til að ákvarða valín í forblöndum og fóðurblöndum: — Jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 ([2]) Til að ákvarða valín í vatni: — Jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS eða IEC-VIS/FLD).					6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð-, augn- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 frá 27. janúar 2009 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fóðri (Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/152/oj).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/782 **2025/EES/73/15**

frá 23. apríl 2025

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 152/2009 að því er varðar ákvörðun á karbónötum í fóðri (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ([1]), einkum 6. mgr. 34. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 ([2]) er mælt fyrir um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fóðri.

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/771 ([3]) var greiningaraðferð til að ákvarða karbónöt í fóðri felld brott. Magnákvörðun á karbónötum í leyfða fóðuraukefninu lantankarbónatoktahýdrati útheimtir þó notkun á brottfelldu greiningaraðferðinni.

3) Enn fremur er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 68/2013 ([4]) kveðið á um lögboðnar upplýsingar varðandi kalsíumkarbónat fyrir tiltekin fóðurefni. Það er nauðsynlegt að nota brottfelldu greiningaraðferðina til að ákvarða magn kalsíumkarbónats í þessum fóðurefnum.

4) Því er rétt að taka aftur upp greiningaraðferðina til að ákvarða karbónöt í fóðri.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 152/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/782, 24.4.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 189/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2017/625/oj.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 frá 27. janúar 2009 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fóðri (Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/152/oj).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/771 frá 29. febrúar 2024 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 152/2009 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fóðri (Stjtíð. ESB L, 2024/771, 15.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/771/oj).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 68/2013 frá 16. janúar 2013 um skrána yfir fóðurefni (Stjtíð. ESB L 29, 30.1.2013, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2013/68/oj).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. apríl 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 152/2009 er eftirfarandi hluta bætt við á eftir hlutanum „O. ÁKVÖRÐUN Á KLÓRI ÚR KLÓRÍÐUM“:

„P. ÁKVÖRÐUN Á KARBÓNÖTUM

1. **Tilgangur og gildissvið**

Með þessari aðferð er unnt að ákvarða innihald karbónata, venjulega gefið upp sem kalsíumkarbónat, í fóðri, að undanskildu fóðri þar sem járnkarbónat er til staðar.

2. **Meginregla**

Karbónötunum er sundrað í saltsýru; koltvísýringnum, sem losnar, er safnað í kvarðað rör og rúmmál þess borið saman við það rúmmál sem losnar við sömu skilyrði með þekktu magni af kalsíumkarbónati.

3. **Prófefni**

3.1. Saltsýra, eðlisþyngd 1,10 g/ml.

3.2. Óblandað kalsíumkarbónat

3.3. Brennisteinssýra, u.þ.b. 0,05 mól/lítra, lituð með metýlrauðu.

4. **Búnaður**

Scheibler-Dietrich-búnaður (sjá skýringarmynd í viðbætinum) eða jafngildur búnaður (kalsíummælir).

5. **Aðferð**

Vega skal sýni í magni sem ræðst af karbónatinnihaldi þess eins og lýst er hér á eftir:

a) 0,5 g fyrir afurðir, sem innihalda 50–100% af karbónötum, gefið upp sem kalsíumkarbónat,

b) 1 g fyrir afurðir, sem innihalda 40–50% af karbónötum, gefið upp sem kalsíumkarbónat,

c) 2 til 3 g fyrir aðrar afurðir.

Saltsýru (liður 3.1 hér að framan) er bætt við sýnið til að sundra karbónötum sem eru til staðar. Rúmmál koltvísýrings er mælt með því að nota Scheibler-Dietrich-búnað eða jafngildan búnað (kalsíummæli) og borið saman við rúmmál koltvísýrings sem er framleitt með 0,5 g af óblönduðu kalsíumkarbónati (liður 3.2 hér að framan).

Allar ákvarðanir skulu gerðar við sömu skilyrði til að komast hjá því að leiðrétta fyrir mismun á hitastigi og þrýstingi. Ákvörðunin skal helst gerð í hitastýrðu rými.

Aðferðinni þar sem Scheibler-Dietrich-búnaðurinn er notaður er lýst í smáatriðum í viðbætinum.

6. **Útreikningur**

Innihald karbónata, gefið upp sem óblandað kalsíumkarbónat, er reiknað út með því að nota formúluna:

$$X = \frac{V \times 100}{V_1 \times 2m}$$

þar sem:

X = % karbónata (massahlutfall) í sýninu, gefið upp sem kalsíumkarbónat

V = ml af CO_2 sem losna úr sýninu

V_1 = ml af CO_2 sem losna úr 0,5 g af CaCO3

m = þyngd sýnisins í grömmum.

7. **Athugasemdir**

7.1. Ef Scheibler-Dietrich-búnaður er notaður og sýnið vegur meira en 2 g eru fyrst settir 15 ml af eimuðu vatni í flöskuna (nr. 4 á skýringarmyndinni í viðbætinum hér á eftir) og blandað áður en prófunin er hafin með því að bæta við saltsýru (liður 3.1 hér að framan). Sama magn af eimuðu vatni er notað í samanburðarprófuninni.

7.2. Ef rúmmál þess búnaðar, sem er notaður, er annað en rúmmál Scheibler-Dietrich-búnaðarins skal gera samsvarandi breytingar á því sýni, sem var notað, og samanburðarefninu, svo og á útreikningum.

Viðbætir

Nákvæmar verklagsreglur við notkun Scheibler-Dietrich-búnaðar


Sýnið er sett í sérstaka flösku búnaðarins (nr. 4 á skýringarmyndinni), sem við er fest lítið rör úr óbrjótanlegu efni sem inniheldur 10 ml af saltsýru (liður 3.1 hér að framan), og flaskan er tengd við búnaðinn. Þríátta krananum (nr. 5 á skýringarmyndinni) er snúið þannig að kvarðaða rörið (nr. 1 á skýringarmyndinni) opnist út. Með því að nota hreyfanlega rörið (nr. 2 á skýringarmyndinni), sem fyllt er litaðri brennisteinssýru (liður 3.3 hér að framan) og tengt kvarðaða rörinu (nr. 1 á skýringarmyndinni) er vökvaborðið hækkað að núllmarkinu. Þríátta krananum (nr. 5 á skýringarmyndinni) er snúið til að tengja rör (nr. 1 og 3 á skýringarmyndinni) og ganga skal úr skugga um að vökvaborðið sé við núllið.

Saltsýran (liður 3.1 hér að framan) er látin fljóta varlega yfir sýnið um leið og sérstöku flöskunni (nr. 4 á skýringarmyndinni) er hallað. Þrýstingur er jafnaður með því að lækka hreyfanlega rörið (nr. 2 á skýringarmyndinni). Sérstaka flaskan (nr. 4 á skýringarmyndinni) er hrist uns koltvísýringur losnar ekki meir.

Þrýstingi er aftur náð með því að færa yfirborð vökvans til fyrra horfs í rörunum (nr. 1 og 2 á skýringarmyndinni). Lesið er af að fáeinum mínútum liðnum, þegar rúmmál gassins er stöðugt.

Framkvæmt er samanburðarpróf á 0,5 g af kalsíumkarbónati (liður 3.2 hér að framan) við sömu skilyrði.

SCHEIBLER-DIETRICH-BÚNAÐUR TIL AÐ ÁKVARÐA KOLTVÍSÝRING (CO_2)



(mælt í mm)“.

_____

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/711 **2025/EES/73/16**

frá 10. apríl 2025

um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49755, og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49754, sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi, varphænur, aukategundir alifugla til varps og til eldis, eldissvín af öllum svínategundum og eldiskalkúna, leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49755, og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49754, sem fóðuraukefni fyrir mjólkurgrísi (leyfishafi er AVEVE BV) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 1088/2011, (ESB) nr. 989/2012 og (ESB) nr. 1040/2013 (*)

MED/8.1 Vatnshæðarskynjari Röð 2 af 4	Kröfur um gerðarsamþykki — Regla II-1/22-1 í SOLAS 74, — Regla II-1/25 í SOLAS 74, — Regla XII/12 í SOLAS 74. Kröfur um búnað um borð í skipum og nothæfiskröfur — Regla II-1/25 í SOLAS 74, — Regla XII/12 í SOLAS 74. — IMO-ályktun A.1021(26), — IMO-ályktun MSC.188(79), — IMO-ályktun MSC.302(87), — IMO MSC.1/umburðarbr. 1572/endur-skoðun 1.	— IEC-60092-504:2016, — IEC 60529 útg. 2.2:2013, þ.m.t. leiðrétting 1:2013 og leiðrétting 2:2015, — IMO-ályktun MSC.188(79), — IMO MSC.1/umburðarbr. 1291, — EN IEC 62923-1:2018, — EN IEC 62923-2:2018. Eða: — IEC-60092-504:2016, — IEC 60529 útg. 2.2:2013, þ.m.t. leiðrétting 1:2013 og leiðrétting 2:2015, — IMO-ályktun MSC.188(79), — IMO MSC.1/umburðarbr. 1291, — IEC 62923-1:2018, — IEC 62923-2:2018.	B+D B+E B+F	15.8.2022	4.9.2027 iii.
MED/8.1 Vatnshæðarskynjari Röð 3 af 4	Kröfur um gerðarsamþykki — Regla II-1/22-1 í SOLAS 74, — Regla II-1/25 í SOLAS 74, — Regla II-1/25-1 í SOLAS 74, — Regla XII/12 í SOLAS 74. Kröfur um búnað um borð í skipum og nothæfiskröfur — Regla II-1/25 í SOLAS 74, — Regla II-1/25-1 í SOLAS 74, — Regla XII/12 í SOLAS 74. — IMO-ályktun A.1021(26), — IMO-ályktun MSC.188(79)/endurskoðun 2, — IMO-ályktun MSC.302(87), — IMO MSC.1/umburðarbr. 1572/endur-skoðun 1.	— IEC-60092-504:2016, — IEC 60529 útg. 2.2:2013, þ.m.t. leiðrétting 1:2013 og leiðrétting 2:2015, — IMO-ályktun MSC.188(79)/endurskoðun 2, — IMO MSC.1/umburðarbr. 1291, — EN IEC 62923-1:2018, — EN IEC 62923-2:2018. Eða: — IEC-60092-504:2016, — IEC 60529 útg. 2.2:2013, þ.m.t. leiðrétting 1:2013 og leiðrétting 2:2015, — IMO-ályktun MSC.188(79)/endurskoðun 2, — IMO MSC.1/umburðarbr. 1291, — IEC 62923-1:2018, — IEC 62923-2:2018.	B+D B+E B+F	4.9.2024	23.9.2028 iii.

Númer og heiti búnaðar	Reglur SOLAS 74, með áorðnum breytingum, ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar	Aðferð-areiningar við samræmismat	Fyrsta setning á markað	Síðast sett um borð
MED/8.1 Vatnshæðarskynjari Röð 4 af 4 (NÝ RÖÐ)	Kröfur um gerðarsamþykki — Regla II-1/22-1 í SOLAS 74, — Regla II-1/25 í SOLAS 74, — Regla II-1/25-1 í SOLAS 74, — Regla XII/12 í SOLAS 74.	— IEC-60092-504:2016, — IEC 60529:1989+A1:1999+A2:2013, — IMO-ályktun MSC.188(79)/endurskoðun 2, — IMO MSC.1/umburðarbr. 1291, — EN IEC 62923-1:2018, — EN IEC 62923-2:2018. Eða: — IEC-60092-504:2016, — IEC 60529:1989+A1:1999+A2:2013, — IMO-ályktun MSC.188(79)/endurskoðun 2, — IMO MSC.1/umburðarbr. 1291, — IEC 62923-1:2018, — IEC 62923-2:2018.	B+D B+E B+F	23.9.2025	
	Kröfur um búnað um borð í skipum og nothæfiskröfur — Regla II-1/25 í SOLAS 74, — Regla II-1/25-1 í SOLAS 74, — Regla XII/12 í SOLAS 74. — IMO-ályktun A.1021(26), — IMO-ályktun MSC.188(79)/endurskoðun 2, — IMO-ályktun MSC.302(87), — IMO MSC.1/umburðarbr. 1572/endur-skoðun 2.				

9. **Búnaður sem þarf ekki að gangast undir MED-vottun**

Eftirfarandi skrá er aðeins til upplýsinga

9.1. *Björgunarbúnaður*

MED/9/1.5 Kallkerfi og almennt neyðarviðvörunarkerfi (þegar þau eru notuð sem brunaviðvörunarbúnaður gildir liður MED/3.53)	Fluttur í MED/1.44a og MED/1.44b með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1157.

9.2. *Búnaður fyrir varnir gegn mengun sjávar*

Númer og heiti búnaðar	Regla MARPOL 73/78, með áorðnum breytingum, ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar
MED/9/2.4 Búnaður þar sem notaðar eru aðrar tæknilegar aðferðir til að takmarka SOx-losun	Kröfur um gerðarsamþykki — IMO-ályktun MEPC.176(58) - (Endurskoðuð regla 4 í VI. viðauka við MARPOL). — IMO-ályktun MEPC.184(59).	
	Kröfur um búnað um borð í skipum og nothæfiskröfur — IMO-ályktun MEPC.176(58) - (Endurskoðuð regla 4 í VI. viðauka við MARPOL).	

9.3. *Brunavarnarbúnaður*

Númer og heiti búnaðar	Reglur SOLAS 74, með áorðnum breytingum, ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar
MED/9/3.8 Rafknúin öryggisljós	Kröfur um gerðarsamþykki — Regla II-2/10 í SOLAS 74, — Regla X/3 í SOLAS 74, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3.	— EN 60079-röðin.
	Kröfur um búnað um borð í skipum og nothæfiskröfur — Regla II-2/10 í SOLAS 74/2009, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3.	
MED/9/3.9 Fatnaður sem veitir vörn gegn efnaáreiti	Kröfur um gerðarsamþykki — Regla II-2/19 í SOLAS 74.	— EN 943-1:2015, þ.m.t. A1:2019, — EN 943-2:2019, — EN 13832-1:2018, — EN 13832-2:2018, — EN 13832-3:2018, — EN 14605:2005, þ.m.t. A1:2009, — EN ISO 6530:2005, — ISO 6529:2013, — IMO MSC/umburðarbr. 1120.
	Kröfur um búnað um borð í skipum og nothæfiskröfur — Regla II-2/19 í SOLAS 74, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, — IMO-ályktun MSC.4(48)-(IBC-kóðinn) 14, — IMO-ályktun MSC.5(48)-(IGC-kóðinn) 14.	
MED/9/3.21 Íhlutir í slökkvikerfi fyrir rými þar sem geymd er málning og eldfimir vökvar	Kröfur um gerðarsamþykki — Regla II-2/10 í SOLAS 74.	
	Kröfur um búnað um borð í skipum og nothæfiskröfur — Regla II-2/10 í SOLAS 74, — IMO MSC/umburðarbr. 1239.	
MED/9/3.24 Froðuhandslökkvitæki	Kröfur um gerðarsamþykki — Regla II-2/10 í SOLAS 74, — Regla II-2/20 í SOLAS 74, — Regla X/3 í SOLAS 74.	
	Kröfur um búnað um borð í skipum og nothæfiskröfur — Regla II-2/10 í SOLAS 74, — Regla II-2/20 í SOLAS 74, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 4, — IMO MSC/umburðarbr. 1239, — IMO MSC.1/umburðarbr. 1313.	

Númer og heiti búnaðar	Reglur SOLAS 74, með áorðnum breytingum, ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar
MED/9/3.26 Búnaður með loftkenndu eldsneyti til nota á heimili (íhlutir)	Kröfur um gerðarsamþykki — Regla II-2/4 í SOLAS 74.	
	Kröfur um búnað um borð í skipum og nothæfiskröfur — Regla II-2/4 í SOLAS 74, — IMO MSC.1/umburðarbr. 1276/endurskoðun 1.	
MED/9/3.27 Íhlutir í fast gasslökkvikerfi (með CO_2)	Kröfur um gerðarsamþykki — Regla II-2/10 í SOLAS 74, — Regla X/3 í SOLAS 74.	Sjálfvirk rafstýrikerfi og seinkunartæki: — EN 12094-1:2003, Sjálfvirk kerfi og seinkunartæki sem eru ekki rafstýrð: — EN 12094-2:2003, Handvirkur gangsetningar- og stöðvunarbúnaður: — EN 12094-3:2003, Fyrirkomulag loka og gangsetningarbúnaður þeirra fyrir geyma: — EN 12094-4:2004, Stillilokar fyrir há- og lágþrýsting og gangsetningarbúnaður þeirra: — EN 12094-5:2006, Rofabúnaður sem er ekki rafstýrður: — EN 12094-6:2006, Stútar fyrir CO2-kerfi: — EN 12094-7:2000, þ.m.t. A1:2005, Tengibúnaður: — EN 12094-8:2006, Þrýstimælar og -rofar: — EN 12094-10:2003, Vélrænar vogir: — EN 12094-11:2003, Einstreymis- og einstefnulokar: — EN 12094-13:2001, þ.m.t. AC:2002, Lyktartæki fyrir CO2-lágþrýstikerfi: — EN 12094-16:2003.
	Kröfur um búnað um borð í skipum og nothæfiskröfur — Regla II-2/10 í SOLAS 74, — Regla II-2/20 í SOLAS 74, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 5, — IMO MSC.1/umburðarbr. 1313, — MSC.1/umburðarbr. 1318/endurskoðun 1, — IMO MSC.1/umburðarbr. 1456/endurskoðun 1.	
MED/9/3.31 Handstýrt vatnsýringarkerfi	Kröfur um gerðarsamþykki — Regla II-2/10 í SOLAS 74, — Regla II-2/19 í SOLAS 74.	
	Kröfur um búnað um borð í skipum og nothæfiskröfur — Regla II-2/10 í SOLAS 74, — Regla II-2/19 í SOLAS 74.	

Númer og heiti búnaðar	Reglur SOLAS 74, með áorðnum breytingum, ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar
MED/9/3.33 Brunaslöngur með þvermál sem er > 52 mm	Fluttur í MED/3.29 með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2025/1533.	
MED/9/3.74 Froðuslökkvikerfi með alkóhólþolinni froðu Bætt við með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1157	Kröfur um gerðarsamþykki — Regla I-1/56 í SOLAS 74, — Regla I-1/57 í SOLAS 74.	
	Kröfur um búnað um borð í skipum og nothæfiskröfur — Regla I-1/56 í SOLAS 74, — IMO-ályktun MSC.391(95)-(IGF-kóðinn), — IMO MSC.1/umburðarbr. 1621.	
MED/9/3.75 Sveigjanlegar slöngur sem henta fyrir metanól/etanól fyrir eldsneytislagnakerfi Bætt við með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1157	Kröfur um gerðarsamþykki — Regla I-1/56 í SOLAS 74, — Regla I-1/57 í SOLAS 74.	
	Kröfur um búnað um borð í skipum og nothæfiskröfur — Regla I-1/56 í SOLAS 74, — IMO-ályktun MSC.391(95)-(IGF-kóðinn), — IMO MSC.1/umburðarbr. 1621.	
MED/9/3.76 Útstreymisop fyrir gufu sem henta fyrir metanól/etanól fyrir eldsneytisgeyma Bætt við með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1157	Kröfur um gerðarsamþykki — Regla I-1/56 í SOLAS 74, — Regla I-1/57 í SOLAS 74.	
	Kröfur um búnað um borð í skipum og nothæfiskröfur — Regla I-1/56 í SOLAS 74, — IMO-ályktun MSC.5(48)-(IGC-kóðinn), — IMO MSC.1/umburðarbr. 1621.	

9.4. *Siglingatæki*

Númer og heiti búnaðar	Reglur SOLAS 74, með áorðnum breytingum, ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar
MED/9/4.20 Ferilstjórnunarkerfi fyrir háhraðaför	Kröfur um gerðarsamþykki — Regla X/3 í SOLAS 74/2009, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000).	— EN 60945:2002, þ.m.t. IEC 60945:2002, leiðrétting 1:2008, — EN 61162-röðin: EN 61162-1:2016 EN 61162-2:1998 EN 61162-3:2008 +A1:2010+A2:2014 EN IEC 61162-450:2018. — IEC 62288:2014, — IEC 62923-1:2018, — IEC 62923-2:2018.
	Kröfur um búnað um borð í skipum og nothæfiskröfur — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000), — IMO-ályktun MSC.191(79).	

Númer og heiti búnaðar	Reglur SOLAS 74, með áorðnum breytingum, ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar
		Eða — IEC 60945:2002, þ.m.t. IEC 60945:2002, leiðrétting 1:2008, — EN 61162-röðin: EN 61162-1:2016 EN 61162-2:1998 EN 61162-3:2008 +A1:2010+A2:2014 EN IEC 61162-450:2018. — IEC 62288:2014, — IEC 62923-1:2018, — IEC 62923-2:2018.
MED/9/4.21 Rafræn dagbók (ERB) Bætt við með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/1975.	Kröfur um gerðarsamþykki — Regla V/18 í SOLAS 74, — Regla X/3 í SOLAS 74, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— EN 60945:2002, þ.m.t. IEC 60945:2002, leiðrétting 1:2008, — EN 61162-röðin: EN 61162-1:2016 EN 61162-2:1998 EN 61162-3:2008 +A1:2010+A2:2014 EN IEC 61162-450:2018. — IEC 62288:2014, — IEC 62923-1:2018, — IEC 62923-2:2018, — ISO 21745:2019.
	Kröfur um búnað um borð í skipum og nothæfiskröfur — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13. — IMO-ályktun MSC.191(79), — IMO-ályktun MSC.302(87). Athugasemd: Sem stendur er engin sérstök krafa um búnað um borð í skipum samkvæmt reglum SOLAS (t.d. regla V/19 í SOLAS).	Eða — IEC 60945:2002, þ.m.t. IEC 60945:2002, leiðrétting 1:2008, — EN 61162-röðin: EN 61162-1:2016 EN 61162-2:1998 EN 61162-3:2008 +A1:2010+A2:2014 EN IEC 61162-450:2018. — IEC 62288:2014, — IEC 62923-1:2018, — IEC 62923-2:2018, — ISO 21745:2019.

Númer og heiti búnaðar	Reglur SOLAS 74, með áorðnum breytingum, ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar
MED/9/4.22 QZNSS-gervihnattaleiðsögukerfi (e. *Quasi Zenith Navigation Satellite System*, QZNSS) Athugasemd: QZNSS-gervihnattaleiðsögukerfi aðeins með GPS-, GLONASS-, Galíleó- og Beidou-staðsetningarbúnaði Nýjum búnaði bætt við með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2025/1533	Kröfur um gerðarsamþykki — Regla X/3 í SOLAS 74, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000). Kröfur um búnað um borð í skipum og nothæfiskröfur — Regla V/19 í SOLAS 74, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13, — IMO-ályktun MSC.191(79), — IMO-ályktun MSC 302(87). QZNSS-gervihnattaleiðsögukerfi: IMO-ályktun MSC 480(102)	

9.5. *Fjarskiptabúnaður*

Númer og heiti búnaðar	Reglur SOLAS 74, með áorðnum breytingum, ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar
MED/9/5.8 Tvíátta metrabylgjutalstöðvarbúnaður (VHF) fyrir flug	Fluttur í MED/5.16 með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1170.	

9.6. *Búnaður sem krafist er skv. COLREG 72*

Númer og heiti búnaðar	Reglur COLREG 72, með áorðnum breytingum, ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar
MED/9/6.2 Hljóðmerkjabúnaður	Kröfur um gerðarsamþykki — COLREG 72, viðauki III/3, Kröfur um búnað um borð í skipum og nothæfiskröfur — COLREG 72, viðauki III/3, — IMO-ályktun A.694(17).	— EN 60945:2002, þ.m.t. IEC 60945:2002, leiðrétting 1:2008, — Flautur — COLREG 72, viðauki III/1 (nothæfi), — Bjöllur eða gong — COLREG 72, viðauki III/2 (nothæfi), Eða — IEC 60945:2002, þ.m.t. IEC 60945:2002, leiðrétting 1:2008, — Flautur — COLREG 72, viðauki III/1 (nothæfi), — Bjöllur eða gong — COLREG 72, viðauki III/2 (nothæfi).

Númer og heiti búnaðar	Reglur COLREG 72, með áorðnum breytingum, ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar
MED/9/6.3 Stjórnbúnaður fyrir siglingaljós Bætt við með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/1975.	Fellt brott með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2025/1533	

9.7. *Annar öryggisbúnaður*

Númer og heiti búnaðar	Reglur SOLAS 74, með áorðnum breytingum, ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar
MED/9/7.1 Hleðslutæki Athugasemd: Sjá IACS-tilmæli nr. 48.	Kröfur um gerðarsamþykki — Regla XII/11 í SOLAS 74, — 5. ályktun SOLAS-ráðstefnunnar 1997.	— IMO MSC.1/umburðarbr. 1229.
	Kröfur um búnað um borð í skipum og nothæfiskröfur — Regla XII/11 í SOLAS 74, — 5. ályktun SOLAS-ráðstefnunnar 1997.	

9.8. *Búnaður samkvæmt kafla II-1 í SOLAS*

Númer og heiti búnaðar	Reglur SOLAS 74, með áorðnum breytingum, ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar
MED/9/8.1 Ræsibúnaður fyrir rafala í kulda	Kröfur um gerðarsamþykki — Regla II-1/44 í SOLAS 74, — Regla X/3 í SOLAS 74.	
	Kröfur um búnað um borð í skipum og nothæfiskröfur — Regla II-1/44 í SOLAS 74, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 12, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 12, — IMO MSC.1/umburðarbr. 1572/endurskoðun 2.	

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/96 **2025/EES/73/19**

frá 21. janúar 2025

um samþykki fyrir grunnefninu kjarna úr fræi *Vitis vinifera* L. (þrúgufræskjarni) í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr. í tengslum við 5. mgr. 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 4. ágúst 2020 barst framkvæmdastjórninni umsókn frá Cérience (áður Jouffray-Drillaud) um samþykki fyrir kjarna úr fræi *Vitis vinifera* L. (þrúgufræskjarni) sem grunnefni til notkunar við plöntuvernd sem sveppaeyðir á vínvið, epli, kartöflur og salat.

2) Eftir athugun á lögmæti fylgdu umsókninni, sem tekið var við í febrúar 2022, upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

3) Framkvæmdastjórnin bað Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um vísindalega aðstoð skv. 4. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Matvælaöryggisstofnunin lagði tæknilega skýrslu sína um kjarna úr fræi *Vitis vinifera* L. (þrúgufræskjarni) fyrir framkvæmdastjórnina 30. október 2023 ([2]).

4) Framkvæmdastjórnin lagði endurskoðunarskýrslu ([3]) og drög að þessari reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 21. mars 2024 og 10. júlí 2024, eftir því sem við á.

5) Upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram sýna að kjarni úr fræi *Vitis vinifera* L. (þrúgufræskjarni) er notaður sem fæðubótarefni og sem fóðuraukefni. Auk þess er efnið ekki að mestu notað í þeim tilgangi að vernda plöntur en það er gagnlegt við plöntuvernd. Á grundvelli upplýsinganna sem fylgdu umsókninni og tæknilegu skýrslunnar frá Matvælaöryggisstofnuninni er einnig hægt að komast að þeirri niðurstöðu að efnið gefi ekki tilefni til áhyggna, að það búi ekki yfir þeim eðliseiginleika að valda innkirtlatruflunum, taugaeiturhrifum eða ónæmiseitrandi áhrifum og sé ekki sett á markað sem plöntuverndarvara. Af þessum sökum uppfyllir kjarni úr fræi *Vitis vinifera* L. (þrúgufræskjarni) skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/96, 22.1.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 195/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1107/oj.

([2]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2023. „Technical report on the outcome of the consultation with Member States and EFSA on the basic substance application for approval of grape seed extract as a basic substance to be used in plant protection as a fungicide on grapevines, apples, potatoes and lettuce“. EFSA supporting publication 2023:EN-8435. 150 bls. doi:10.2903/sp.efsa.2023.EN-8435.

([3]) „Final Review report for the basic substance *Vitis vinifera* L. seed extract (grape seed extract) finalised by the Standing Committee on Plants, Animals, Food and Feed on 5 December 2024 in view of the approval of *Vitis vinifera* L. seed extract (grape seed extract) as basic substance in accordance with Regulation (EC) No 1107/2009.“

6) Nokkur möt sem skipta máli og fóru fram í samræmi við aðra löggjöf Sambandsins eins og um getur í 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 lágu fyrir. Þrjú vísindaleg álit frá Matvælaöryggisstofnuninni skiptu máli: tvö frá sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aukefni og vörur eða efni sem eru notuð í fóður og eitt frá sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um sérfæðu, næringu og ofnæmi ([4]). Matvælaöryggisstofnunin sem og framkvæmdastjórnin hafa tekið tillit til niðurstaðna þessara mata.

7) Eftir athugun á umsókninni og öllum tengdum gögnum má gera ráð fyrir að kjarni úr fræi *Vitis vinifera* L. (þrúgufræskjarni) uppfylli almennt kröfurnar sem mælt er fyrir um í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því er rétt að samþykkja kjarna úr fræi *Vitis vinifera* L. (þrúgufræskjarni) sem grunnefni.

8) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi tæknilega skýrslu Matvælaöryggisstofnunarinnar og drög framkvæmdastjórnarinnar að endurskoðunarskýrslunni. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega og tekið tilhlýðilegt tillit til þeirra.

9) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði fyrir samþykkinu.

10) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([5]) til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir grunnefni

Efnið kjarni úr fræi *Vitis vinifera* L. (þrúgufræskjarni), eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt sem grunnefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

([4]) Tilvísanir til þessara mata má finna í niðurstöðum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu. Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aukefni og vörur eða efni sem eru notuð í fóður (FEEDAP), sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um næringu, nýfæði og fæðuofnæmisvalda (NDA). EFSA supporting publication 2023:EN-8435. 20 bls. doi:10.2903/sp.efsa.2023.EN-8435.

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2011/540/oj).

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. janúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Sértæk ákvæði
Kjarni úr fræi *Vitis vinifera* L. (þrúgufræskjarni) CAS-nr.: Ekki fyrir hendi CIPAC-nr.: Ekki fyrir hendi	Ekki fyrir hendi	Lágmarksinnihald 75% af fáliðunni próantósýanidíni miðað við vatnsfrítt form	11. febrúar 2025	Nota skal kjarna úr fræi *Vitis vinifera* L. (þrúgufræskjarni) í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um kjarna úr fræi *Vitis vinifera* L. (þrúgufræskjarni) (PLAN/2024/800 rev3), einkum í I. og II. viðbæti við hana.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í C-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er eftirfarandi færslu bætt við:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Sértæk ákvæði
„28	Kjarni úr fræi *Vitis vinifera* L. (þrúgufræskjarni) CAS-nr.: Ekki fyrir hendi CIPAC-nr.: Ekki fyrir hendi	Ekki fyrir hendi	Lágmarksinnihald 75% af fáliðunni próantósýanidíni miðað við vatnsfrítt form	11. febrúar 2025	Nota skal kjarna úr fræi *Vitis vinifera* L. (þrúgufræskjarni) í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um kjarna úr fræi *Vitis vinifera* L. (þrúgufræskjarni) (PLAN/2024/800 rev3), einkum í I. og II. viðbæti við hana.“

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/99 **2025/EES/73/20**

frá 21. janúar 2025

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin *Aureobasidium pullulans* (stofnar DSM 14940 og DSM 14941), *Bacillus amyloliquefaciens* undirteg. *plantarum* D747, benalaxýl-M, sýpródiníl, díklórpróp-P, formetanat, fosetýl, halósúlfúrónmetýl, ímasamox, milbemektín, fenmedífam, pírimíkarb, *Pseudomonas* sp. af stofni DSMZ 13134, pýrimetaníl, pýríófenón, pýroxsúlam, spínósað, brennistein, *Trichoderma harzianum* Rifai af stofnum T-22 og ITEM 908, *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofnum ICC012, T-25 og TV-1, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni T11, *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080, trítíkónasól og síram (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 827/2013 ([2]) var virka efnið *Aureobasidium pullulans* (af stofnum DSM 14940 og DSM 14941) samþykkt til 31. janúar 2024.

2) Virka efnið *Bacillus amyloliquefaciens* undirteg. *plantarum*, af stofni D747, var samþykkt með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1316/2014 ([3]) til 31. mars 2025.

3) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1175/2013 ([4]) var virka efnið benalaxýl-M samþykkt til 30. apríl 2024.

4) Sýpródiníli og fosetýli var bætt við sem virkum efnum í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([5]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/64/EB ([6]) til 30. apríl 2017.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/99, 22.1.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 195/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1107/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 827/2013 frá 29. ágúst 2013 um samþykki fyrir virka efninu *Aureobasidium pullulans* (af stofnum DSM 14940 og DSM 14941), í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 232, 30.8.2013, bls. 18, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2013/827/oj).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1316/2014 frá 11. desember 2014 um samþykki fyrir virka efninu *Bacillus amyloliquefaciens* subsp. *plantarum* (stofn D747), í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 og um að heimila aðildarríkjum að framlengja bráðabirgðaleyfi sem voru veitt fyrir virka efninu (Stjtíð. ESB L 355, 12.12.2014, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2014/1316/oj).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1175/2013 frá 20. nóvember 2013 um samþykki fyrir virka efninu benalaxýl-M, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 312, 21.11.2013, bls. 18, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2013/1175/oj).

([5]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1. ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1991/414/oj).

([6]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/64/EB frá 18. júlí 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum klópýralíði, sýpródiníli, fosetýli og trínexapaki (Stjtíð. ESB L 206, 27.7.2006, bls. 107, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2006/64/oj).

5) Díklórpróp-p og pýrimetaníli var bætt við sem virkum efnum með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/74/EB ([7]) til 31. maí 2017.

6) Formetanati var bætt við sem virku efni með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/5/EB ([8]) til 30. september 2017.

7) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 356/2013 ([9]) var virka efnið halósúlfúrónmetýl samþykkt til 30. september 2023.

8) Ímasamoxi var bætt við sem virku efni með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/23/EB ([10]) til 30. júní 2013.

9) Milbemektíni var bætt við sem virku efni með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/58/EB ([11]) til 30. nóvember 2015.

10) Fenmedífami var bætt við sem virku efni með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/58/EB ([12]) til 28. febrúar 2015.

11) Pírimíkarbi og trítíkónasóli var bætt við sem virkum efnum með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/39/EB ([13]) til 31. janúar 2017.

12) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 829/2013 ([14]) var virka efnið *Pseudomonas* sp. af stofni DSMZ 13134 samþykkt til 31. janúar 2024.

13) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 833/2013 ([15]) var virka efnið pýríófenón samþykkt til 31. janúar 2024.

14) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1176/2013 ([16]) var virka efnið pýroxsúlam samþykkt til 30. apríl 2024.

([7]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/74/EB frá 21. ágúst 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum díklórprópi-P, metkónasóli, pýrimetaníli og tríklópýri (Stjtíð ESB L 235, 30.8.2006, bls. 17, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2006/74/oj).

([8]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/5/EB frá 7. febrúar 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum kaptani, fólpeti, formetanati og metíókarbi (Stjtíð ESB L 35, 8.2.2007, bls. 11, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2007/5/oj).

([9]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 356/2013 frá 18. apríl 2013 um samþykki fyrir virka efninu halósúlfúrónmetýli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 109, 19.4.2013, bls. 18, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2013/356/oj).

([10]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/23/EB frá 25. mars 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum ímasamoxi, oxasúlfúroni, etoxýsúlfúroni, foramsúlfúroni, oxadíargýli og sýasófamíði (Stjtíð ESB L 81, 28.3.2003, bls. 39, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2003/23/oj).

([11]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/58/EB frá 21. september 2005 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum bífenasati og milbemektíni (Stjtíð. ESB L 246, 22.9.2005, bls. 17, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2005/58/oj).

([12]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/58/EB frá 23. apríl 2004 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum alfa-sýpermetríni, benalaxýli, brómxýníli, desmedífami, joxýníli og fenmedífami (Stjtíð ESB L 120, 24.4.2004, bls. 26, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2004/58/oj).

([13]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/39/EB frá 12. apríl 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum klódínafópi, pírimíkarbi, rímsúlfúroni, tólklófosmetýli og trítíkonasóli (Stjtíð ESB L 104, 13.4.2006, bls. 30, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2006/39/oj).

([14]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 829/2013 frá 29. ágúst 2013 um samþykki fyrir virka efninu Pseudomonas sp. af stofni DSMZ 13134, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 232, 30.8.2013, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2013/829/oj).

([15]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 833/2013 frá 30. ágúst 2013 um samþykki fyrir virka efninu pýríófenóni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 233, 31.8.2013, bls. 7, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2013/833/oj).

([16]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1176/2013 frá 20. nóvember 2013 um samþykki fyrir virka efninu pýroxsúlami, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 312, 21.11.2013, bls. 23, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2013/1176/oj).

15) Spínósaði var bætt við sem virku efni með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/6/EB ([17]) til 31. janúar 2017.

16) Brennisteini var bætt við sem virku efni með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/70/EB ([18]) til 31. desember 2019.

17) Nokkrum örverum, s.s. *Trichoderma harzianum* Rifai af stofnum T-22 og ITEM 908, *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofnum ICC012, T-25 og TV-1, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni T11 og *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080, var bætt við sem virkum efnum með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/113/EB ([19]) til 30. apríl 2019.

18) Sírami var bætt við sem virku efni með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/81/EB ([20]) til 31. júlí 2014.

19) Virku efnunum sýpródiníli, díklórpróp-P, formetanati, fosetýli, milbemektíni, fenmedífami, pírimíkarbi, pýrimetaníli, spínósaði, brennisteini, *Trichoderma harzianum* Rifai af stofnum T-22 og ITEM 908, *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofnum ICC012, T-25 og TV-1, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni T11, *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080, trítíkónasóli og sírami var bætt við í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([21]). Virku efnunum *Aureobasidium pullulans* (af stofnum DSM 14940 og DSM 14941), *Bacillus amyloliquefaciens* undirteg. *plantarum* D747, benalaxýl-M, halósúlfúrónmetýli, *Pseudomonas* sp. af stofni DSMZ 13134, pýríófenóni og pýroxsúlami var bætt við í B-hluta og virka efninu ímasamoxi var bætt við í E-hluta viðaukans við þá framkvæmdarreglugerð.

20) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2007 ([22]) voru samþykkistímabilin fyrir virku efnin *Aureobasidium pullulans* (af stofnum DSM 14940 og DSM 14941), *Pseudomonas* sp. af stofni DSMZ 13134, pýríófenón og ímasamox framlengd til 31. janúar 2025 og samþykkistímabilin fyrir virku efnin benalaxýl-M og pýroxsúlam framlengd til 30. apríl 2025.

([17]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/6/EB frá 14. febrúar 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum metrafenóni, *Bacillus subtilis*, spínósaði og þíametoxami (Stjtíð ESB L 43, 15.2.2007, bls. 13, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2007/6/oj).

([18]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/70/EB frá 25. júní 2009 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum dífenakúmi, dídekýldímetýlammóníumklóríði og brennisteini (Stjtíð. ESB L 164, 26.6.2009, bls. 59, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2009/70/oj).

([19]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/113/EB frá 8. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við nokkrum örverum sem virkum efnum (Stjtíð ESB L 330, 9.12.2008, bls. 6, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2008/113/oj).

([20]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/81/EB frá 5. september 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum mólínati, þírami og sírami (Stjtíð ESB L 224, 6.9.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2003/81/oj).

([21]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2011/540/oj).

([22]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2007 frá 8. desember 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 1-dekanól, 1,4-dímetýlnaftalín, 6-bensýladenín, asekínósýl, *Adoxophyes orana*-kyrningaveiru, álsúlfat, amísúlbróm, *Aureobasidium pullulans* (stofnum DSM 14940 og DSM 14941), asadíraktín, *Bacillus pumilus* QST 2808, benalaxýl-M, bixafen, búpírímat, *Candida oleophila* af stofni O, klórantranilípról, dínatríumfosfónat, díþíanón, dódín, emamektín, flúbendíamíð, flúómetúrón, flúxapýroxað, flútríafól, hexýþíasox, ímasamox, ipkónasól, ísoxaben, L-askorbínsýru, brennisteinskalk, appelsínuolíu, *Paecilomyces fumosoroseus* af stofni FE 9901, pendímetalín, penflúfen, penþíópýrað, kalsíumfosfónat, prósúlfúrón, *Pseudomonas* sp. af stofni DSMZ 13134, pýridalýl, pýríófenón, pýroxsúlam, kínmerak, S-absisínsýru, sedaxan, sintófen, natríumsilfurþíósúlfat, spínetóram, spírótetramat, *Streptomyces lydicus* af stofni WYEC 108, táflúvalínat, tebúfenósíð, tembótríón, þíenkarbasón, valífenalat og sinkfosfíð (Stjtíð. ESB L 414, 9.12.2020, bls. 10, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2020/2007/oj).

21) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/689 ([23]) voru samþykkistímabilin fyrir virku efnin sýpródiníl, díklórpróp-P, fosetýl, pírimíkarb, pýrimetaníl, spínósað, trítíkónasól og síram framlengd til 15. mars 2025 og samþykkistímabilin fyrir virku efnin *Trichoderma harzianum* Rifai af stofnum T-22 and ITEM 908, *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofnum ICC012, T-25 og TV-1, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni T11 og *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080 framlengd til 15. apríl 2025.

22) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/918 ([24]) voru samþykkistímabilin fyrir virku efnin formetanat, milbemektín og fenmedífam framlengd til 15. febrúar 2025.

23) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1446 ([25]) var samþykkistímabilið fyrir virka efnið halósúlfúrónmetýl framlengt til 31. mars 2025.

24) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2592 ([26]) var samþykkistímabilið fyrir virka efnið brennistein framlengt til 15. apríl 2025.

25) Umsóknir og viðbótarmálsskjöl fyrir viðkomandi endurnýjun á samþykki fyrir hverju þessara virku efna voru lögð fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1740 ([27]).

([23]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/689 frá 20. mars 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin *Bacillus subtilis* (Cohn 1872) af stofni QST 713, *Bacillus thuringiensis* undirtegund Aizawai af stofnum ABTS-1857 og GC-91, *Bacillus thuringiensis* undirtegund Israeliensis (sermigerð H-14) af stofni AM65-52, *Bacillus thuringiensis* undirtegund Kurstaki af stofnum ABTS 351, PB 54, SA 11, SA12 og EG 2348, *Beauveria bassiana* af stofnum ATCC 74040 og GHA, klódínafóp, *Cydia pomonella*-kyrningaveiru (CpGV), sýpródiníl, díklórpróp-P, fenpýroxímat, fosetýl, malaþíón, mepanípýrím, metkónasól, metrafenón, pírimíkarb, pýridaben, pýrimetaníl, rimsúlfúrón, spínósað, *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofnum ICC012, T25 og TV1, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni T11, *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080, *Trichoderma harzianum* af stofnum T-22 og ITEM 908, tríklópýr, trínexapak, trítíkónasól og síram (Stjtíð. ESB L 91, 29.3.2023, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/689/oj).

([24]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/918 frá 4. maí 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin aklónífen, ametóktradín, beflúbútamíð, benþíavalíkarb, boskalíð, kaptan, kletódím, sýkloxýdím, sýflúmetófen, dasómet, díklófóp, dímetómorf, etefón, fenasakín, flúópíkólíð, flúoxastróbín, flúrklóridón, fólpet, formetanat, *Helicoverpa armigera*-kjarnmargflötungaveiru, hýmexasól, indólýlsmjörsýru, mandípropamíð, metalaxýl, metaldehýð, metam, metasaklór, metríbúsín, milbemektín, paklóbútrasól, penoxsúlam, fenmedífam, pírimífosmetýl, própamókarb, prókínasíð, próþíókónasól, S-metólaklór, Spodoptera littoralis-kjarnmargflötungaveiru, *Trichoderma asperellum* af stofni T34 og *Trichoderma atroviride* af stofni I-1237 (Stjtíð. ESB L 119, 5.5.2023, bls. 160, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/918/oj).

([25]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1446 frá 12. júlí 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 2,5-díklóróbensósýrumetýlester, ediksýru, álammón-íumsúlfat, álfosfíð, álsílíkat, kalsíumkarbíð, sýmoxaníl, dódemorf, etýlen, útdrátt úr teviði, fitueimingarleifar, fitusýrur C7-C20, flónikamíð (IKI-220), gibberellsýru, gibberellín, halósúlfúrónmetýl, vatnsrofin prótín, járnsúlfat, magnesíumfosfíð, maltódextrín, metamítrón, plöntuolíu/negulolíu, plöntuolíu/repjuolíu, plöntuolíu/garðmintuolíu, pýretrín, súlkótríón, tebúkónasól og þvagefni (Stjtíð. ESB L 178, 13.7.2023, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/1446/oj).

([26]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2592 frá 21. nóvember 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 1-naftýlasetamíð, 1-naftýlediksýru, 2-fenýlfenól (þ.m.t. sölt þess, s.s. natríumsalt), 8-hýdroxýkínólín, amíðósúlfúrón, bífenox, díkamba, difenókónasól, díflúfeníkan, dímetaklór, esfenvalerat, etófenprox, fenoxapróp-P, fenprópidín, fenpýrasamín, flúasífóp-P, lenasíl, naprópamíð, níkósúlfúrón, paraffínolíur, paraffínolíu, penkónasól, píklóram, próhexadíón, spíroxamín, brennistein, tetrakónasól og tríallat (Stjtíð. ESB L, 2023/2592, 22.11.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/2592/oj).

([27]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1740 frá 20. nóvember 2020 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni, eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 (Stjtíð. ESB L 392, 23.11.2020, bls. 20, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2020/1740/oj).

26) Hinn 1. október 2014, 27. nóvember 2015, 6. apríl 2016, 16. desember 2015, 10. desember 2020, 17. júní 2015, 15. maí 2015, 1. febrúar 2016, 10. desember 2015, 26. nóvember 2015, 21. febrúar 2017, 31. maí 2016, 30. nóvember 2015 og 31. október 2014 upplýstu skýrslugjafaraðildarríkin fyrir virku efnin sýpródiníl, díklórpróp-P, formetanat, fosetýl, halósúlfúrónmetýl, milbemektín, fenmedífam, pírimíkarb, pýrimetaníl, spínósað, brennistein, *Trichoderma harzianum* Rifai af stofnum T-22 og ITEM 908, *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofnum ICC012, T-25 og TV-1, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni T11, *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080, trítíkónasól og síram meðskýrslugjafaraðildarríkin, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um að þau hefðu metið lögmæti, einkum heildstæðni og tímanleika, hverrar umsóknar um endurnýjun á samþykki fyrir hverju þessara virku efna og komist að þeirri niðurstöðu að þær væru tækar.

27) Viðbótarmálsskjöl fyrir endurnýjun á samþykki fyrir virku efnunum *Aureobasidium pullulans* (af stofnum DSM 14940 og DSM 14941), *Bacillus amyloliquefaciens* undirteg. *plantarum* D747, benalaxýl-M, ímasamoxi, *Pseudomonas* sp. af stofni DSMZ 13134, pýríófenóni og pýroxsúlami voru lögð fram í gegnum miðlæga framlagningarkerfið 28. janúar 2022, 31. mars 2022, 27. apríl 2022, 31. janúar 2022, 28. janúar 2022, 27. janúar 2022 og 30. apríl 2022, eftir því sem við á, og skýrslugjafaraðildarríkin eru enn að meta lögmæti umsóknanna um endurnýjun á samþykki fyrir hverju þessara virku efna. Af þessum sökum hafa viðkomandi skýrslugjafaraðildarríki enn ekki lokið áhættumati skv. 11. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/1740 og þörf er á meiri tíma til að ljúka þeim skrefum sem eftir eru í hverri málsmeðferð við endurnýjun. Matvælaöryggisstofnun hefur birt umsóknirnar um endurnýjun á samþykki fyrir virku efnunum *Bacillus amyloliquefaciens* undirteg. *plantarum* D747, ímasamoxi, pýríófenóni og pýroxsúlami skv. 10. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/1740.

28) Að því er varðar virku efnin *Trichoderma harzianum* Rifai af stofnum T-22 og ITEM 908, *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofnum ICC012, T-25 og TV-1, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni T11 og *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080 þarf Matvælaöryggisstofnunin meiri tíma til að ljúka áhættumati sem gert var fyrir efnin, þ.m.t., eftir því sem við á, að skipuleggja samráð við almenning og samráð við sérfræðinga. Framkvæmdastjórnin þarf líka meiri tíma til að samþykkja ákvarðanir um áhættustjórnun í kjölfarið.

29) Að því er varðar efnin fosetýl, fenmedífam og spínósað, í tengslum við mat á viðmiðunum fyrir samþykki sem settar eru fram í liðum 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 ([28]), og í samræmi við 1. mgr. a í 14. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([29]), þarf Matvælaöryggisstofnunin meiri tíma til að gefa út niðurstöðurnar í tengslum við þessar viðmiðanir fyrir samþykki. Framkvæmdastjórnin þarf líka meiri tíma til að samþykkja ákvarðanir um áhættustjórnun í kjölfarið.

30) Að því er varðar virku efnin sýpródiníl, formetanat, halósúlfúrónmetýl, pírimíkarb, trítíkónasól og síram óskaði Matvælaöryggisstofnunin eftir viðbótarupplýsingum, skv. 3. mgr. a í 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, að því er varðar mat á viðmiðunum fyrir samþykki sem settar eru fram í liðum 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) 2018/605, og lögðu umsækjendur þær fram innan gefins frests. Hins vegar er þörf á meiri tíma fyrir mat Matvælaöryggisstofnunarinnar og fyrir útgáfu áhættumatsmanna á tengdum niðurstöðum sem og fyrir framkvæmdastjórnina til að samþykkja ákvarðanir um áhættustjórnun í kjölfarið.

([28]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 frá 19. apríl 2018 um breytingu á II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 með því að setja fram vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika (Stjtíð ESB L 101, 20.4.2018, bls. 33, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/605/oj).

([29]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2012/844/oj).

31) Að því er varðar virka efnið díklórpróp-P lagði Matvælaöryggisstofnunin niðurstöður sínar fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina. Í þágu skilvirkni bíður framkvæmdastjórnin hins vegar eftir niðurstöðu úr mati Matvælaöryggisstofnunarinnar á samhliða umsókn varðandi sama efnið, sem var lögð fram skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, áður en hún leggur endurnýjunarskýrslu og drög að reglugerð um endurnýjun á samþykki fyrir þessu virka efni fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

32) Að því er varðar virku efnin milbemektín, pýrimetaníl og brennistein lagði Matvælaöryggisstofnunin niðurstöður sínar fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina. Framkvæmdastjórnin lagði endurnýjunarskýrslu og drög að reglugerð um endurnýjun á samþykki fyrir þessum virku efnum fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður. Þörf er á meiri tíma fyrir nefndina til að skila áliti og fyrir framkvæmdastjórnina til að samþykkja ákvarðanir um áhættustjórnun í kjölfarið.

33) Því er líklegt að ekki sé unnt að taka ákvörðun um endurnýjun á samþykki fyrir öllum þessum virku efnum, sem falla undir þessa reglugerð, áður en samþykkistímabilin þeirra renna út, á tímabilinu frá 31. janúar til 30. apríl 2025, eftir því sem við á. Viðkomandi umsækjendur ráða ekki heldur við ástæður fyrir töfunum í málsmeðferðarreglunum er varða endurnýjun. Því ætti að framlengja samþykkistímabilin fyrir þessi virku efni til að gera það kleift að ljúka mötum sem krafist er og ljúka viðkomandi málsmeðferð við endurnýjun á samþykki.

34) Að því er varðar virku efnin *Aureobasidium pullulans* (af stofnum DSM 14940 og DSM 14941), *Bacillus amyloliquefaciens* undirteg. *plantarum* D747, benalaxýl-M, ímasamox, *Pseudomonas* sp. af stofni DSMZ 13134, pýríófenón og pýroxsúlam, þar eð viðkomandi skýrslugjafaraðildarríki hafa enn ekki lokið áhættumati og í ljósi þeirra skrefa sem eftir eru sem þarf að ljúka í hverri málsmeðferð við endurnýjun, ætti að fastsetja tímalengd framlengingar á samþykkistímabilum við 29 mánuði.

35) Að því er varðar sýpródiníl, formetanat, fosetýl, halósúlfúrónmetýl, fenmedífam, pírimíkarb, spínósað, *Trichoderma harzianum* Rifai af stofnum T-22 og ITEM 908, *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofnum ICC012, T-25 og TV-1, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni T11 og *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080, þar eð Matvælaöryggisstofnunin þarf meiri tíma til að komast að niðurstöðu um áhættumatið og í ljósi þeirra skrefa sem eftir eru sem þarf að ljúka í hverri málsmeðferð við endurnýjun, ætti að fastsetja framlengingu á samþykkistímabili fyrir hvert þessara virku efna við nítján mánuði og tvær vikur.

36) Að því er varðar virku efnin trítíkónasól og síram þarf Matvælaöryggisstofnunin meiri tíma til að komast að niðurstöðu um áhættumatið þar eð viðkomandi skýrslugjafaraðildarríki hafa enn ekki lokið mati á viðbótarupplýsingunum sem umsækjendurnir lögðu fram. Í ljósi þeirra skrefa sem eftir eru sem þarf að ljúka í þessum málsmeðferðum við endurnýjun ætti að fastsetja tímalengd framlengingar á samþykkistímabili fyrir þessi virku efni við 22 mánuði og tvær vikur.

37) Að því er varðar virku efnin díklórpróp-P, milbemektín, pýrimetaníl og brennistein, þar eð beðið er eftir áliti frá fastanefndinni um plöntur, dýr, matvæli og fóður og í ljósi þeirra skrefa sem eftir eru sem þarf að ljúka í þessum málsmeðferðum við endurnýjun, ætti að fastsetja tímalengd framlengingar á samþykkistímabili við nítján mánuði og tvær vikur fyrir díklórpróp-P, meðan beðið er eftir niðurstöðu úr mati Matvælaöryggisstofnunarinnar á samhliða umsókn um breytingu á skilyrðum fyrir samþykki, og við fimmtán mánuði og tvær vikur fyrir hin virku efnin.

38) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

39) Ef framkvæmdastjórnin samþykkir reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað mun framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma við gildistökudag þeirrar reglugerðar eða sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir samþykkt þessarar reglugerðar, ef sá dagur er síðar. Ef framkvæmdastjórnin samþykkir reglugerð þar sem kveðið er á um endurnýjun samþykkis fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin fastsetja, eins og við á með tilliti til aðstæðna, gildistökudag eins fljótt og unnt er.

40) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. janúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

1. Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 74, síram, kemur „31. janúar 2027“.

2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 88, fenmedífam, kemur „30. september 2026“.

3) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 110, milbemektín, kemur „31. maí 2026“.

4) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 124, pírimíkarb, kemur „31. október 2026“.

5) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 127, trítíkónasól, kemur „31. janúar 2027“.

6) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 130, sýpródiníl, kemur „31. október 2026“.

7) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 131, fosetýl, kemur „31. október 2026“.

8) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 133, díklórpróp-P, kemur „31. október 2026“.

9) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 135, pýrimetaníl, kemur „30. júní 2026“.

10) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 139, spínósað, kemur „31. október 2026“.

11) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 147, formetanat, kemur „30. september 2026“.

12) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 204, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni T11, kemur „30. nóvember 2026“.

13) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 206, *Trichoderma harzianum Rifai* af stofnum T-22 og ITEM 908, kemur „30. nóvember 2026“.

14) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 207, *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofnum ICC012, T-25 og TV-1, kemur „30. nóvember 2026“.

15) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 208, *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080, kemur „30. nóvember 2026“.

16) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 292, brennisteinn, kemur „31. júlí 2026“.

2. Ákvæðum B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 35, halósúlfúrónmetýl, kemur „15. nóvember 2026“.

2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 50, *Pseudomonas* sp. af stofni DSMZ 13134, kemur „30. júní 2027“.

3) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 52, *Aureobasidium pullulans* (af stofnum DSM 14940 og DSM 14941), kemur „30. júní 2027“.

4) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 53, pýríófenón, kemur „30. júní 2027“.

5) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 58, benalaxýl-M, kemur „30. september 2027“.

6) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 61, pýroxsúlam, kemur „30. september 2027“.

7) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 83, *Bacillus amyloliquefaciens* undirteg. *plantarum* D747, kemur „31. ágúst 2027“.

3. Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki í E-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, „Samþykki rennur út“, í línu 8, ímasamox, kemur „30. júní 2027“.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/102 **2025/EES/73/21**

frá 21. janúar 2025

um samþykki fyrir virka efninu *Pythium oligandrum* B301, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 15. mars 2021 barst Belgíu umsókn skv. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 frá Biovitis S.A. um samþykki fyrir virka efninu *Pythium oligandrum* B301.

2) Belgía tilkynnti sem skýrslugjafaraðildarríki umsækjandanum, hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um lögmæti umsóknarinnar 9. apríl 2021 í samræmi við 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

3) Hinn 13. júní 2022 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnunina þar sem metið er hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

4) Matvælaöryggisstofnunin dreifði drögum að matsskýrslu frá skýrslugjafaraðildarríkinu til umsækjandans og annarra aðildarríkja. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór Matvælaöryggisstofnunin fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu 19. júní 2023.

5) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([2]), að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið *Pythium oligandrum* B301 uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 18. júlí 2024. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.

6) Framkvæmdastjórnin lagði endurskoðunarskýrslu og drög að reglugerð um *Pythium oligandrum* B301 fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 2. október 2024 og 4. desember 2024 eftir því sem við á.

7) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og, í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, endurskoðunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/102, 22.1.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 195/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1107/oj.

([2]) „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance *Pythium oligandrum* B301.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024 (22): e8975, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2024.8975.

8) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur *Pythium oligandrum* B301, og einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslunni, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

9) Því er rétt að samþykkja *Pythium oligandrum* B301.

10) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að setja tiltekin skilyrði til að tryggja að farið sé að viðeigandi viðmiðunarmörkum um örverumengun og vernd notenda og starfsmanna með hliðsjón af því að litið er svo á að örverur sem slíkar kunni að vera næmandi.

11) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 ([3]) til samræmis við það.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni

Virka efnið *Pythium oligandrum* B301, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. janúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2011/540/oj).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Pythium oligandrum B301	Á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	11. febrúar 2025	10. febrúar 2035	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Pythium oligandrum* B301, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er á örverur sem hugsanlega næma í sjálfu sér, og tryggja að viðeigandi persónuhlífar séu hluti af notkunarskilyrðunum. — tryggingu frá framleiðanda á algjörri stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti af hálfu framleiðandans meðan á framleiðsluferlinu stendur til að tryggja að farið sé að viðmiðunarmörkum um örverumengun sem sett eru fram í „Issue Paper on Microbial Contaminant Limits for Microbial Pest Control Products“ efnahags- og framfarastofnunarinnar nr. 65 (2). Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

(2) Efnahags- og framfarastofnunin (2014), „Issue Paper on Microbial Contaminants Limits for Microbial Pest Control Products“, ritröð um varnarefni og sæfiefni nr. 65, OECD Publishing, París, https://doi.org/10.1787/9789264221642-en.

II. VIÐAUKI

Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er eftirfarandi færslu bætt við:

„174	*Pythium oligandrum* B301	Á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	11. febrúar 2025	10. febrúar 2035	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Pythium oligandrum* B301, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er á örverur sem hugsanlega næma í sjálfu sér, og tryggja að viðeigandi persónuhlífar séu hluti af notkunarskilyrðunum. — tryggingu frá framleiðanda á algjörri stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti af hálfu framleiðandans meðan á framleiðsluferlinu stendur til að tryggja að farið sé að viðmiðunarmörkum um örverumengun sem sett eru fram í „Issue Paper on Microbial Contaminant Limits for Microbial Pest Control Products“ efnahags- og framfarastofnunarinnar nr. 65 ([1]). Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

([1]) Efnahags- og framfarastofnunin (2014), „Issue Paper on Microbial Contaminants Limits for Microbial Pest Control Products“, ritröð um varnarefni og sæfiefni nr. 65, OECD Publishing, París, https://doi.org/10.1787/9789264221642-en.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/103 **2025/EES/73/22**

frá 22. janúar 2025

um samþykki fyrir virka efninu *Betabaculovirus phoperculellae* sem áhættulitlu virku efni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr. í tengslum við 1. mgr. 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 30. nóvember 2018 barst Hollandi (Niðurlandi) umsókn skv. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 frá Andermatt Biocontrol Suisse AG um samþykki fyrir virka efninu *Phthorimaea operculella* kyrningaveiru.

2) Heitinu *Phthorimaea operculella* kyrningaveira var breytt í *Betabaculovirus phoperculellae* árið 2023 af alþjóðlegri nefnd um flokkunarfræði veira. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) staðfesti að flokkunarfræðilega endurúthlutunin sé vísindalega rétt.

3) Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar tilkynnti Holland (Niðurland), sem skýrslugjafaraðildarríki, umsækj andanum, hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnuninni um lögmæti umsóknarinnar 7. júní 2019.

4) Hinn 25. mars 2022 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnunina þar sem metið er hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

5) Matvælaöryggisstofnunin dreifði drögum að matsskýrslu frá skýrslugjafaraðildarríkinu til umsækjandans og annarra aðildarríkja. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór Matvælaöryggisstofnunin fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggis-stofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu 10. nóvember 2023.

6) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið sem um er að ræða uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ([2]), fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 22. júlí 2024. Í niðurstöðunum er enn vísað til heitisins *Phthorimaea operculella* kyrningaveiru. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.

7) Framkvæmdastjórnin lagði endurskoðunarskýrslu og drög að reglugerð um *Betabaculovirus phoperculellae* fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 2. október 2024 og 4. desember 2024 eftir því sem við á.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/103, 23.1.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 195/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1107/oj.

([2]) „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance *Phthorimaea operculella granulovirus.“ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024 (22): e8976, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2024.8976.

8) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvæla-öryggisstofnunarinnar og, í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, endurskoðunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

9) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, og einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslunni, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

10) Framkvæmdastjórnin telur enn fremur að *Betabaculovirus phoperculellae* sé áhættulítið virkt efni skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. *Betabaculovirus phoperculellae* er ekki efni sem gefur tilefni til áhyggna og uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í lið 5.2.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 í útgáfu hennar sem gildir um málsmeðferð við samþykki fyrir virka efninu, þar eð það tilheyrir *Baculoviridiae*-ætt og hefur ekki sýnt skaðleg áhrif á skordýr utan markhóps.

11) Því er rétt að samþykkja *Betabaculovirus phoperculellae* sem áhættulítið virkt efni.

12) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar er nauðsynlegt að setja tiltekin skilyrði til að tryggja að farið sé að viðeigandi viðmiðunarmörkum um örverumengun og vernd notenda og starfsmanna með hliðsjón af því að litið er svo á að allar örverur kunni að vera næmandi.

13) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 2. mgr. 22. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([3]) til samræmis við það.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni

Virka efnið *Betabaculovirus phoperculellae*, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim I. viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2011/540/oj).

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. janúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Betabaculovirus phoperculellae	Á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	12. febrúar 2025	12. febrúar 2040	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Betabaculovirus phoperculellae*, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er á allar örverur sem hugsanlega næma, og tryggja að viðeigandi persónuhlífar séu hluti af notkunarskilyrðunum, — tryggingu frá framleiðanda á algjörri stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti af hálfu framleiðandans meðan á framleiðsluferlinu stendur til að tryggja að farið sé að viðmiðunarmörkum um örverumengun sem sett eru fram í „Issue Paper on Microbial Contaminant Limits for Microbial Pest Control Products“ efnahags- og framfarastofnunarinnar nr. 65 (2). Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

(2) Efnahags- og framfarastofnunin (2014), „Issue Paper on Microbial Contaminants Limits for Microbial Pest Control Products“, ritröð um varnarefni og sæfiefni nr. 65, OECD Publishing, París, https://doi.org/10.1787/9789264221642-en.

II. VIÐAUKI

Í D-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er eftirfarandi færslu bætt við:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„49	*Betabaculovirus phoperculellae*	Á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	12. febrúar 2025	12. febrúar 2040	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Betabaculovirus phoperculellae*, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er á allar örverur sem hugsanlega næma, og tryggja að viðeigandi persónuhlífar séu hluti af notkunarskilyrðunum, — tryggingu frá framleiðanda á algjörri stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti af hálfu framleiðandans meðan á framleiðsluferlinu stendur til að tryggja að farið sé að viðmiðunarmörkum um örverumengun sem sett eru fram í „Issue Paper on Microbial Contaminant Limits for Microbial Pest Control Products“ efnahags- og framfarastofnunarinnar nr. 65 (2). Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

(2) Efnahags- og framfarastofnunin (2014), „Issue Paper on Microbial Contaminants Limits for Microbial Pest Control Products“, ritröð um varnarefni og sæfiefni nr. 65, OECD Publishing, París, https://doi.org/10.1787/9789264221642-en.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/106 **2025/EES/73/23**

frá 22. janúar 2025

um samþykki fyrir virka efninu *Bacillus subtilis* af stofni RTI477 sem áhættulitlu virku efni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr. í tengslum við 1. mgr. 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 1. apríl 2019 barst Hollandi (Niðurlandi) umsókn skv. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 frá FMC Agricultural Solutions A/S um samþykki fyrir virka efninu *Bacillus subtilis* af stofni RTI477.

2) Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 tilkynnti Holland (Niðurland), sem skýrslugjafaraðildarríki, umsækjandanum, hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um lögmæti umsóknarinnar 17. maí 2019.

3) Hinn 3. ágúst 2022 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnunina þar sem metið er hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

4) Matvælaöryggisstofnunin dreifði drögum að matsskýrslu frá skýrslugjafaraðildarríkinu til umsækjandans og annarra aðildarríkja. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór Matvælaöryggisstofnunin fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu í mars 2024.

5) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([2]), að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið *Bacillus subtilis* af stofni RTI477 uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 31. júlí 2024. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.

6) Framkvæmdastjórnin lagði endurnýjunarskýrslu og drög að reglugerð um *Bacillus subtilis* af stofni RTI477 fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 2. október 2024 og 5. desember 2024 eftir því sem við á.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/106, 23.1.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 195/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1107/oj.

([2]) „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance *Bacillus subtilis* strain RTI477.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024 (22): e8989, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2024.8989.

7) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvæla-öryggisstofnunarinnar og, í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, endurskoðunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

8) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, og einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslunni, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

9) Framkvæmdastjórnin telur enn fremur að *Bacillus subtilis* af stofni RTI477 sé áhættulítið virkt efni skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. *Bacillus subtilis* af stofni RTI477 uppfyllir skilyrðin sem eru sett fram í lið 5.2.1 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 í útgáfu hennar sem gildir um málsmeðferð við samþykki fyrir *Bacillus subtilis* af stofni RTI477 vegna þess *Bacillus subtilis* af stofni RTI477 hefur á grundvelli stofns ekki sýnt margþætt þol gegn sýkingalyfjum sem eru notuð við lækningar manna og dýra.

10) Því er rétt að samþykkja *Bacillus subtilis* af stofni RTI477 sem áhættulítið efni.

11) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar er þó nauðsynlegt að setja tiltekin skilyrði til að tryggja að farið sé að viðeigandi viðmiðunarmörkum um örverumengun og vernd notenda og starfsmanna með hliðsjón af því að litið er svo á að örverur sem slíkar kunni að vera næmandi.

12) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 2. mgr. 22. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 ([3]) til samræmis við það.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni

Virka efnið *Bacillus subtilis* af stofni RTI477, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2011/540/oj).

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. janúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Bacillus subtilis RTI477	Á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	12. febrúar 2025	12. febrúar 2040	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Bacillus subtilis* RTI477, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er á örverur sem hugsanlega næma í sjálfu sér, og tryggja að viðeigandi persónuhlífar séu hluti af notkunarskilyrðunum, — algjörri stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti af hálfu framleiðandans meðan á framleiðsluferlinu stendur til að tryggja að farið sé að viðmiðunarmörkum um örverumengun sem sett eru fram í „Issue Paper on Microbial Contaminant Limits for Microbial Pest Control Products“ efnahags- og framfarastofnunarinnar nr. 65 (2). Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.
(2) Efnahags- og framfarastofnunin (OECD): https://doi.org/10.1787/9789264221642-en.

II. VIÐAUKI

Í D-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er eftirfarandi færslu bætt við:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„50	*Bacillus subtilis* RTI477	Á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	12. febrúar 2025	12. febrúar 2040	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Bacillus subtilis* RTI477, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er á örverur sem hugsanlega næma í sjálfu sér, og tryggja að viðeigandi persónuhlífar séu hluti af notkunarskilyrðunum, — algjörri stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti af hálfu framleiðandans meðan á framleiðsluferlinu stendur til að tryggja að farið sé að viðmiðunarmörkum um örverumengun sem sett eru fram í „Issue Paper on Microbial Contaminant Limits for Microbial Pest Control Products“ efnahags- og framfarastofnunarinnar nr. 65 (2). Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.
(2) Efnahags- og framfarastofnunin (OECD): https://doi.org/10.1787/9789264221642-en.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/109 **2025/EES/73/24**

frá 22. janúar 2025

um samþykki fyrir virka efninu *Bacillus velezensis* af stofni RTI301 sem áhættulitlu virku efni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr. í tengslum við 1. mgr. 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 1. apríl 2019 barst Hollandi (Niðurlandi) umsókn skv. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 frá FMC Agricultural Solutions A/S um samþykki fyrir virka efninu *Bacillus velezensis* af stofni RTI301.

2) Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 tilkynnti Holland (Niðurland), sem skýrslugjafaraðildarríki, umsækjandanum, hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um lögmæti umsóknarinnar 17. maí 2019.

3) Hinn 3. ágúst 2022 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnunina þar sem metið er hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

4) Matvælaöryggisstofnunin dreifði drögum að matsskýrslunni sem henni barst frá skýrslugjafaraðildarríkinu til umsækj andans og annarra aðildarríkja. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór Matvælaöryggisstofnunin fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu í mars 2024.

5) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([2]), að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið *Bacillus velezensis* af stofni RTI301 uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 31. júlí 2024. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.

6) Framkvæmdastjórnin lagði endurnýjunarskýrslu og drög að reglugerð um *Bacillus velezensis* af stofni RTI301 fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 2. október 2024 og 4. desember 2024 eftir því sem við á.

7) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og, í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, endurskoðunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/109, 23.1.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 195/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1107/oj.

([2]) „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance *Bacillus velezensis* strain RTI301.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024 (22): e8988, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2024.8988.

8) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, og einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslunni, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

9) Framkvæmdastjórnin telur enn fremur að *Bacillus velezensis* af stofni RTI301 sé áhættulítið virkt efni skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. *Bacillus velezensis* af stofni RTI301 uppfyllir skilyrðin sem eru sett fram í lið 5.2.1 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 í útgáfu hennar sem gildir um málsmeðferð við samþykki fyrir *Bacillus velezensis* af stofni RTI301 vegna þess *Bacillus velezensis* af stofni RTI301 hefur á grundvelli stofns ekki sýnt margþætt þol gegn sýkingalyfjum sem eru notuð við lækningar manna og dýra.

10) Því er rétt að samþykkja *Bacillus velezensis* af stofni RTI301 sem áhættulítið efni.

11) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að setja tiltekin skilyrði til að tryggja að farið sé að viðeigandi viðmiðunarmörkum um örverumengun og vernd notenda og starfsmanna með hliðsjón af því að litið er svo á að örverur sem slíkar kunni að vera næmandi.

12) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 2. mgr. 22. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([3]) til samræmis við það.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni

Virka efnið *Bacillus velezensis* af stofni RTI301, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2011/540/oj).

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. janúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Bacillus velezensis RTI301	Á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	12. febrúar 2025	12. febrúar 2040	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Bacillus velezensis* RTI301, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er á örverur sem hugsanlega næma í sjálfu sér, og tryggja að viðeigandi persónuhlífar séu hluti af notkunarskilyrðunum, — algjörri stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti af hálfu framleiðandans meðan á framleiðsluferlinu stendur til að tryggja að farið sé að viðmiðunarmörkum um örverumengun sem sett eru fram í „Issue Paper on Microbial Contaminant Limits for Microbial Pest Control Products“ efnahags- og framfarastofnunarinnar nr. 65 (2). Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.
(2) Efnahags- og framfarastofnunin (OECD): https://doi.org/10.1787/9789264221642-en

II. VIÐAUKI

Í D-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er eftirfarandi færslu bætt við:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„51	*Bacillus velezensis* RTI301	Á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	12. febrúar 2025	12. febrúar 2040	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Bacillus velezensis* RTI301, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er á örverur sem hugsanlega næma í sjálfu sér, og tryggja að viðeigandi persónuhlífar séu hluti af notkunarskilyrðunum. — algjörri stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti af hálfu framleiðandans meðan á framleiðsluferlinu stendur til að tryggja að farið sé að viðmiðunarmörkum um örverumengun sem sett eru fram í „Issue Paper on Microbial Contaminant Limits for Microbial Pest Control Products“ efnahags- og framfarastofnunarinnar nr. 65 ([2]). Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.
([2]) Efnahags- og framfarastofnunin (OECD): https://doi.org/10.1787/9789264221642-en“.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/119 **2025/EES/73/25**

frá 24. janúar 2025

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir áhættulitla virka efninu vatnskenndum útdrætti úr spíruðum fræjum sætra ljósalúpína (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 3. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/567 ([2]) var vatnskenndur útdráttur úr spíruðum fræjum sætra ljósalúpína samþykktur sem áhættulítið virkt efni í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009. Samþykkið var háð tilteknum skilyrðum, einkum framlagningu umsækjandans á upplýsingum til staðfestingar að því er varðar tækniforskrift fyrir framleitt, virkt efni (byggt á framleiðslu í ábataskyni) og samræmi framleiðslulotanna við staðfestu tækniforskriftarinnar að því er varðar eiturhrif. Upplýsingarnar til staðfestingar vörðuðu einkum hámarksinnihald kínólísídínbeiskjuefna (*lúpanín, 13α-OH-lúpanín, 13α-angelóýloxýlúpanín, lúpinín, albín, angústófólín, 13α-tíglóýloxýlúpanín, α-ísólúpanín, tetrahýdrórombífólín, múltiflórin, spartein*).

2) Í samræmi við þá kröfu lagði umsækjandinn fram uppfærð málsskjöl í október 2021, sem skýrslugjafaraðildarríkið Holland lagði mat á, í formi endurskoðaðra draga að matsskýrslu.

3) Hinn 9. desember 2022 dreifði Holland endurskoðuðu drögunum að matsskýrslu til hinna aðildarríkjanna, umsækjandans og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) til að fá athugasemdir þeirra. Hinn 22. september 2023 bætti Matvælaöryggisstofnunin við vísindalegum skoðunum sínum varðandi sérstök atriði sem komu fram í athugasemdunum. Hinn 5. desember 2023 gaf Matvælaöryggisstofnunin út tæknilega skýrslu ([3]) með samantekt á niðurstöðu samráðsferlisins um vatnskenndan útdrátt úr spíruðum fræjum sætra ljósalúpína.

4) Í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um vatnskenndan útdrátt úr spíruðum fræjum sætra ljósalúpína frá 23. maí 2024 ([4]) tók hún það fram að fella þyrfti brott þá tilgreiningu að forskriftin fyrir tæknilega efnið sé til bráðabirgða, eins og komið var á í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/567.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/119, 27.1.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 195/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1107/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/567 frá 6. apríl 2021 um samþykki fyrir áhættulitla virka efninu vatnskenndum útdrætti úr spíruðum fræjum sætra ljósalúpína, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 118, 7.4.2021, bls. 6, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/567/oj).

([3]) „Outcome of the consultation with Member States, the applicant and EFSA on the pesticide risk assessment for the aqueous extract from the germinated seeds of sweet *Lupinus albus* in light of confirmatory data“ (https://efsa.onlinelibrary.wiley.com/doi/pdf/10.2903/sp.efsa.2023.EN-8500).

([4]) Endurskoðunarskýrsla fyrir virka efnið vatnskenndan útdrátt úr spíruðum fræjum sætra ljósalúpína.

5) Á grundvelli móttekinna upplýsinga til staðfestingar ætti enn fremur að viðhalda hámarksinnihaldi kínólísídínbeiskjuefna *(lúpanín, 13α-OH-lúpanín, 13α-angelóýloxýlúpanín, lúpinín, albín, angústófólín, 13α-tíglóýloxýlúpanín, α-ísólúpanín, tetrahýdrórombífólín, múltiflórin, spartein*) við 0,05 g/kg. Auk þess telur framkvæmdastjórnin, á grundvelli niðurstaðna úr matinu, að fastsetja skuli *lúpanín* sem merkiefni þessara kínólísídínbeiskjuefna og hámarksinnihald þessa efnasambands telst vera fastsett við 0,035 g/kg.

6) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi endurskoðunarskýrsluna og framkvæmdastjórnin fór vandlega yfir þær.

7) Til þess að tryggja víðtæka vernd fyrir neytendur er rétt að fastsetja hámarksgildi fyrir óhreinindi sem skipta máli í tækniforskriftinni fyrir virka efnið. Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

8) Gefa ætti aðildarríkjunum nægan tíma til að breyta eða afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum, sem innihalda vatnskenndan útdrátt úr spíruðum fræjum sætra ljósalúpína, sem eru ekki í samræmi við forskriftina fyrir tæknilega efnið sem framleitt er sem verslunarvara.

9) Ef aðildarríki veita einhvern frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda vatnskenndan útdrátt úr spíruðum fræjum sætra ljósalúpína ætti sá frestur að renna út eigi síðar en 15 mánuðum eftir gildistökudag þessarar reglugerðar.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. janúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Í D-hluta viðaukans er 28. línu, vatnskenndur útdráttur úr spíruðum fræjum sætra ljósalúpína, breytt sem hér segir:

1) Í stað dálksins „Hreinleiki“ kemur eftirfarandi:

„Lágmarkshreinleiki á ekki við um útdráttinn.

Innihald BLAD-prótíns: 195–210 g/kg.

Eftirfarandi óhreinindi sem skipta máli (sem eru eiturefnafræðilegt, visteiturefnafræðilegt eða umhverfislegt athugunarefni) í framleidda virka efninu voru greind:

Heildarmagn kínólísídínbeiskjuefna: (*lúpanín, 13α-OH-lúpanín, 13α-angelóýloxýlúpanín, lúpinín, albín, angústófólín, 13α-tíglóýloxýlúpanín, α-ísólúpanín, tetrahýdrórombífólín, múltiflórin, spartein*)

Hámarksinnihald: fastsett við 0,05 g/kg.

Magn lúpaníns, sem merkiefnasambands: fastsett við 0,035 g/kg.“

2) Í stað dálksins „Sértæk ákvæði“ kemur eftirfarandi:

Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um vatnskenndan útdrátt úr spíruðum fræjum sætra ljósalúpína, einkum í I. og II. viðbæti við hana.

Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að nauðsynlegum leiðbeiningum um merkingar að því er varðar ráðstafanir til að taka á froðumyndun og stöðugleika þynningar lögunarinnar.“

_____

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/150 **2025/EES/73/26**

frá 29. janúar 2025

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu mepíkvatklóríði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/108/EB ([2]) var mepíkvatklóríði bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([3]) undir heitinu „mepíkvat“.

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir þessu virka efni, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 15. október 2025.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu mepíkvatklóríði var lögð fyrir skýrslugjafaraðildarríkið Finnland og meðskýrslugjafaraðildarríkið Eistland í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) og innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði viðbótarmálsskjöl sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 fyrir skýrslugjafaraðildarríkið, meðskýrslugjafaraðildarríkið, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin). Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri lögmæt.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman drög að matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnunina og framkvæmdastjórnina 19. desember 2018. Í drögum sínum að matsskýrslu um endurnýjun gat skýrslugjafaraðildarríkið ekki mælt með því að endurnýja samþykkið fyrir mepíkvatklóríði þar eð þörf var á frekari upplýsingum til að útiloka innkirtlatruflandi eiginleika virka efnisins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/150, 30.1.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 195/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1107/oj.

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/108/EB frá 26. nóvember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum flútólaníli, benflúralíni, flúasínami, fúberídasóli og mepíkvati (Stjtíð ESB L 317, 27.11.2008, bls. 6, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2008/108/oj).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1. ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1991/414/oj).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2011/540/oj).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2012/844/oj).

7) Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum aðgengilega almenningi. Matvælaöryggisstofnunin sendi einnig drögin að matsskýrslunni um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og hóf samráð við almenning um þau. Matvælaöryggisstofnunin sendi mótteknar athugasemdir til framkvæmdastjórnarinnar.

8) Hinn 20. apríl 2020 óskaði Matvælaöryggisstofnunin eftir viðbótarupplýsingum frá umsækjandanum um innkirtlatrufl andi eiginleika mepíkvatklóríðs samkvæmt fyrstu undirgrein 3. mgr. a í 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Umsækjandinn lagði fram upplýsingar til að Matvælaöryggisstofnunin gæti lokið matinu á því hvort að vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika, sem settar eru fram í liðum 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og voru innleiddar með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 ([6]), voru uppfylltar.

9) Í apríl 2023 gerði skýrslugjafaraðildarríkið uppfærð drög að matsskýrslu um endurnýjun aðgengileg fyrir Matvæla öryggisstofnunina, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina. Í uppfærðum drögum sínum að matsskýrslu um endurnýjun tók skýrslugjafaraðildarríkið viðbótarupplýsingarnar, sem umsækjandinn lagði fram um viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika, til athugunar og komst að þeirri niðurstöðu að mepíkvatklóríð hefði enga slíka eiginleika að því er varðar menn, spendýrategundir og aðrar lífverur utan markhóps.

10) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([7]), sem benda til þess að búast megi við að mepíkvatklóríð uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 4. júlí 2024.

11) Framkvæmdastjórnin lagði fram endurnýjunarskýrslu og drög að þessari reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 2. október 2024.

12) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvæla öryggisstofnunarinnar og, í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, um endurnýjunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega og tekið tillit til þeirra.

13) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið mepíkvatklóríð, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

14) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir mepíkvatklóríði.

15) Áhættumatið vegna endurnýjunar á samþykki fyrir virka efninu mepíkvatklóríði byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun en þetta takmarkar þó ekki þá notkun sem leyfa má á plöntuverndarvörum sem innihalda mepíkvatklóríð. Því er rétt að takmarka ekki notkunina á mepíkvatklóríði við notkun sem plöntuvaxtarstýriefni.

16) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar og niðurstöðunnar úr áhættumatinu, er þó nauðsynlegt að kveða á um tiltekin skilyrði, einkum að því er varðar forskrift fyrir tæknilega efnið og vernd notenda. Ekki er lengur nauðsynlegt að viðhalda því sértæka skilyrði að aðildarríki gefi sérstakan gaum að leifum í matvælum úr jurta- og dýraríkinu og meti fæðutengd váhrif á neytendur þar eð bráðabirgðamat á áhættu fyrir neytendur sýndi viðunandi áhættu, jafnvel fyrir mikilvæga neytendahópa.

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 frá 19. apríl 2018 um breytingu á II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 með því að setja fram vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika (Stjtíð ESB L 101, 20.4.2018, bls. 33, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/605/oj).

([7]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2024. „Peer review of the pesticide risk assessment of the active substance mepiquat (evaluated variant mepiquat chloride).“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024 22(7): e8923 https://doi.org/10.2903/j.efsa.2024.8923.

17) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

18) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/324 ([8]) var samþykkistímabilið fyrir mepíkvat framlengt til 15. október 2025 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið fyrir virka efnið rynni út. Þar eð ákvörðun um að endurnýja samþykkið fyrir þessu virka efni var tekin fyrir þessa framlengdu lokadagsetningu ætti þó þessi reglugerð að taka gildi fyrir þá dagsetningu.

19) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu mepíkvatklóríði, eins og það er tilgreint í I. viðauka við þessa reglugerð, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. mars 2025.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. janúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/324 frá 19. janúar 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilunum fyrir virku efnin bensóvindíflúpýr, brómúkónasól, búprófesín, sýflúfenamíð, flúasínam, flúópýram, flútólaníl, lambda-sýhalótrín, mekópróp-P, mepíkvat, metsúlfúrónmetýl, fosfan og pýraklóstróbín (Stjtíð. ESB L, 2024/324, 22.1.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/324/oj).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Mepíkvatklóríð CAS-nr.: 24307-26-4 CIPAC-nr.: 440.302	1,1-dímetýlpíperidíníumklóríð	≥ 990 g/kg (fræðilegt þurrt tæknilegt efni) 615-665 g/l (tæknilegt þykkni) Óhreinindin N-metýlpíperidín skulu ekki fara yfir 3 g/kg (miðað við fræðilega þurrvigt) eða 2 g/l (í tæknilega þykkninu).	1. mars 2025	29. febrúar 2040	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um mepíkvatklóríð, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — forskrift fyrir tæknilega efnið sem framleitt er sem verslunarvara, — vernd notenda, tryggt skal að notkunarskilyrðin innihaldi fyrirmæli um notkun á fullnægjandi persónuhlífum. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta fellur færsla 191 um mepíkvat brott.

2) Í B-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„173	Mepíkvatklóríð CAS-nr.: 24307-26-4 CIPAC-nr.: 440.302	1,1-dímetýlpíperidíníumklóríð	≥ 990 g/kg (fræðilegt þurrt tæknilegt efni) 615-665 g/l (tæknilegt þykkni) Óhreinindin N-metýlpíperidín skulu ekki fara yfir 3 g/kg (miðað við fræðilega þurrvigt) eða 2 g/l (í tæknilega þykkninu).	1. mars 2025	29. febrúar 2040	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um mepíkvatklóríð, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — forskrift fyrir tæknilega efnið sem framleitt er sem verslunarvara, — vernd notenda, tryggt skal að notkunarskilyrðin innihaldi fyrirmæli um notkun á fullnægjandi persónuhlífum. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/808 **2025/EES/73/27**

frá 5. maí 2025

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/408 að því er varðar að fella virku efnin gammasýhalótrín, ipkónasól og oxamýl brott úr skránni yfir virk efni sem teljast efni sem ráðgert er að skipta út (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Viðaukinn við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/408 ([2]) inniheldur skrá yfir virk efni sem uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í 4. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 fyrir því að teljast efni sem ráðgert er að skipta út.

2) Samþykki fyrir virka efninu gammasýhalótríni rann út 31. mars 2025, samþykki fyrir virka efninu ipkónasól var afturkallað með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/939 ([3]) og samþykki fyrir virka efninu oxamýli var ekki endurnýjað með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/741 ([4]) Því á skráning þeirra í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/408 ekki lengur við. Til glöggvunar og gagnsæis ætti að fella þau brott úr þeim viðauka.

3) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/408 til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/408 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/808, 6.5.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 196/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1107/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/408 frá 11. mars 2015 um framkvæmd 7. mgr. 80. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um að koma á skrá yfir efni sem ráðgert er að skipta út (Stjtíð. ESB L 67, 12.3.2015, bls. 18, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2015/408/oj).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/939 frá 10. maí 2023 um að afturkalla samþykki fyrir virka efninu ipkónasóli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 og niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 571/2014 (Stjtíð. ESB L 125, 11.5.2023, bls. 19, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/939/oj).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/741 frá 5. apríl 2023 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu oxamýli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 98, 11.4.2023, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/741/oj).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. maí 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/408 falla færslurnar fyrir gammasýhalótrín, ipkónasól og oxamýl brott.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/833 **2025/EES/73/28**

frá 5. maí 2025

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu lenasíli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 og (ESB) 2015/408 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Lenasíli var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/69/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu lenasíli, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 15. ágúst 2025.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu lenasíli var lögð fyrir skýrslugjafaraðildarríkið Belgíu og meðskýrslugjafaraðildarríkið Austurríki í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) og innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði viðbótarmálsskjöl sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 fyrir skýrslugjafaraðildarríkið, meðskýrslugjafaraðildarríkið, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin). Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri lögmæt.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman drög að matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnunina og framkvæmdastjórnina 2. janúar 2019. Í drögum sínum að matsskýrslu um endurnýjun mælti skýrslugjafaraðildarríkið með því að endurnýja samþykkið fyrir lenasíli.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/833, 6.5.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 196/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1107/oj.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1. ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1991/414/oj).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/69/EB frá 1. júlí 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum klófentesíni, díkamba, dífenókónasóli, díflúbensúróni, ímasakíni, lenasíli, oxadíasóni, píklórami og pýriproxýfeni (Stjtíð. ESB L 172, 2.7.2008, bls. 9, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2008/69/oj).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2011/540/oj).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2012/844/oj).

7) Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum aðgengilega almenningi. Matvælaöryggisstofnunin sendi einnig drögin að matsskýrslunni um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og hóf samráð við almenning um þau. Matvælaöryggisstofnunin sendi mótteknar athugasemdir til framkvæmdastjórnarinnar.

8) Í mars 2020 óskaði Matvælaöryggisstofnunin eftir viðbótarupplýsingum frá umsækjandanum um innkirtlatruflandi eiginleika lenasíls samkvæmt fyrstu undirgrein 3. mgr. a í 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 til að Matvælaöryggisstofnunin gæti lokið matinu á því hvort að vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika, sem settar eru fram í liðum 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og voru innleiddar með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 ([6]), voru uppfylltar. Umsækjandinn lagði umbeðnar upplýsingar fyrir Matvælaöryggisstofnunina.

9) Í maí 2023 gerði skýrslugjafaraðildarríkið uppfærð drög að matsskýrslu um endurnýjun aðgengileg fyrir Matvælaöryggisstofnunina, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina. Í uppfærðum drögum sínum að matsskýrslu um endurnýjun tók skýrslugjafaraðildarríkið viðbótarupplýsingarnar um viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika til athugunar og lagði til að samþykkið fyrir lenasíli yrði endurnýjað.

10) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöðu sína ([7]), þar sem greint var frá því að búast megi við því að plöntuverndarvörur sem innihalda lenasíl uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 11. júní 2024, þ.m.t. að lenasíl hafi enga innkirtlatruflandi eiginleika.

11) Framkvæmdastjórnin lagði endurnýjunarskýrslu og drög að þessari reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 4. desember 2024 og 12. mars 2025, eftir því sem við á.

12) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og, í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, um endurnýjunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega og tekið tillit til þeirra.

13) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið lenasíl, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

14) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir lenasíli.

15) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar og niðurstaðna úr áhættumatinu, er þó nauðsynlegt að kveða á um tiltekin skilyrði.

Einkum er nauðsynlegt að gefa gaum að mögulegri þörf á viðbótarvettvangsrannsóknum á plöntum í skiptiræktun og váhrifamati á búfé þar til skýrslugjafaraðildarríkið hefur metið tilskildar upplýsingar til staðfestingar og Matvælaöryggisstofnunin hefur framkvæmt mat á þeim.

Gerð er krafa um frekari upplýsingar til staðfestingar um vettvangsrannsóknir á plöntum í skiptiræktun, þ.m.t. greiningu á þekktum og hugsanlegum nýjum umbrotsefnum.

16) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 frá 19. apríl 2018 um breytingu á II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 með því að setja fram vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika (Stjtíð ESB L 101, 20.4.2018, bls. 33, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/605/oj).

([7]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2024. „Peer review of the pesticide risk assessment of the active substance lenacil.“ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2024 22(7): e8860 https://doi.org/10.2903/j.efsa.2024.8860.

17) Lenasíl var fært á skrána yfir efni sem ráðgert er að skipta út, sem komið var á í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/408 ([8]), þar eð talið var að efnið væri þrávirkt og eitrað. Samþykkja skal virkt efni sem efni sem ráðgert er að skipta út skv. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ef það uppfyllir tvær af viðmiðunum til að teljast þrávirkt efni sem safnast fyrir í lífverum og er eitrað (PBT-efni). Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir lenasíli sýndi að efnið uppfyllir ekki viðmiðanir til að teljast efni sem safnast fyrir í lífverum og er eitrað, í samræmi við liði 3.7.2.2 og 3.7.2.3 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, í þeirri röð. Þar eð tvær af þremur viðmiðunum eru ekki uppfylltar ætti lenasíl ekki lengur að teljast efni sem ráðgert er að skipta út. Því er rétt að fella færsluna fyrir virka efnið lenasíl brott úr viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/408.

18) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2592 ([9]) var samþykkistímabilið fyrir lenasíl framlengt til 15. ágúst 2025 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið fyrir virka efnið rynni út. Þar eð ákvörðun um að endurnýja samþykkið fyrir lenasíli var tekin fyrir þessa framlengdu lokadagsetningu ætti þó þessi reglugerð að taka gildi fyrir þá dagsetningu.

19) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu lenasíli, eins og það er tilgreint í I. viðauka við þessa reglugerð, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/408

Færslan fyrir lenasíl fellur brott úr viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/408.

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/408 frá 11. mars 2015 um framkvæmd 7. mgr. 80. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um að koma á skrá yfir efni sem ráðgert er að skipta út (Stjtíð. ESB L 67, 12.3.2015, bls. 18, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2015/408/oj).

([9]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2592 frá 21. nóvember 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 1-naftýlasetamíð, 1-naftýlediksýru, 2-fenýlfenól (þ.m.t. sölt þess, s.s. natríumsalt), 8-hýdroxýkínólín, amíðósúlfúrón, bífenox, díkamba, difenókónasól, díflúfeníkan, dímetaklór, esfenvalerat, etófenprox, fenoxapróp-P, fenprópidín, fenpýrasamín, flúasífóp-P, lenasíl, naprópamíð, níkósúlfúrón, paraffínolíur, paraffínolíu, penkónasól, píklóram, próhexadíón, spíroxamín, brennistein, tetrakónasól og tríallat (Stjtíð. ESB L, 2023/2592, 22.11.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/2592/oj).

4. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2025.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. maí 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Lenasíl CAS-nr.: 2164-08-01 CIPAC-nr.: 163	3-sýklóhexýl-6,7-díhýdró-1H-sýklópenta[d]pýrimídín-2,4(3H,5H)-díón eða 3-sýklóhexýl-1,5,6,7-tetra-hýdrósýklópentapýrimídín-2,4(3H)-díón	975 g/kg	1. júlí 2025	30. júní 2040	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um lenasíl, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að mögulegri þörf á viðbótarvettvangsrannsóknum á plöntum í skiptiræktun og váhrifamati á búfé þar til skýrslugjafaraðildarríkið hefur metið tilskildar upplýsingar til staðfestingar og Matvælaöryggisstofnunin hefur framkvæmt mat á þeim. Eigi síðar en 25. mars 2027 skal umsækjandinn leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaör-yggisstofnunina upplýsingar til staðfestingar um vettvangsprófanir á plöntum í skiptiræktun, þ.m.t. greiningu á þekktum og hugsanlegum nýjum umbrots-efnum. Ef ný umbrotsefni finnast er umsækjandanum gert að framkvæma eiturefnafræðilegar rannsóknir til að meta þessi umbrotsefni. Ef nauðsyn krefur er umsækjandanum gert að framkvæma viðeigandi váhrifamat á búfénaði.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta fellur færsla 176 um lenasíl brott.

2) Í B-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„175	Lenasíl CAS-nr.: 2164-08-01 CIPAC-nr.: 163	3-sýklóhexýl-6,7-díhýdró-1H-sýklópenta[d]pýrimídín-2,4(3H,5H)-díón eða 3-sýklóhexýl-1,5,6,7-tetrahýdrósýklópentapýrimídín-2,4(3H)-díón	975 g/kg	1. júlí 2025	30. júní 2040	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um lenasíl, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að mögulegri þörf á viðbótarvettvangsrannsóknum á plöntum í skiptiræktun og váhrifamati á búfé þar til skýrslugjafaraðildarríkið hefur metið tilskildar upplýsingar til staðfestingar og Matvæla-öryggisstofnunin hefur framkvæmt mat á þeim. Eigi síðar en 25. mars 2027 skal umsækjandinn leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina upplýsingar til staðfestingar um vettvangsprófanir á plöntum í skiptiræktun, þ.m.t. greiningu á þekktum og hugsanlegum nýjum umbrotsefnum. Ef ný umbrotsefni finnast er umsækjandanum gert að framkvæma eiturefnafræðilegar rannsóknir til að meta þessi umbrotsefni. Ef nauðsyn krefur er umsækjandanum gert að framkvæma viðeigandi váhrifamat á búfénaði.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/845 **2025/EES/73/29**

frá 5. maí 2025

um samþykki fyrir virka efninu járni (sem frumefni) sem áhættulitlu virku efni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr. í tengslum við 1. mgr. 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 28. júní 2018 barst Austurríki, sem skýrslugjafaraðildarríki, umsókn skv. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 frá ADAMA Agriculture B.V. um samþykki fyrir virka efninu járni (sem frumefni).

2) Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 tilkynnti skýrslugjafaraðildarríkið umsækjandanum, hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um lögmæti umsóknarinnar 9. ágúst 2018.

3) Hinn 2. júlí 2021 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnunina þar sem metið er hvort búast megi við því að járn (sem frumefni) uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

4) Matvælaöryggisstofnunin dreifði drögum að matsskýrslunni sem henni barst frá skýrslugjafaraðildarríkinu til umsækjandans og annarra aðildarríkja í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

5) Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór Matvælaöryggisstofnunin fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu 25. apríl 2022.

6) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([2]), að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið járn (sem frumefni) uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 2. október 2024. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.

7) Framkvæmdastjórnin lagði endurskoðunarskýrslu og drög að reglugerð um járn (sem frumefni) fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 4. desember 2024 og 11. mars 2025 eftir því sem við á.

8) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvæla-öryggisstofnunarinnar og, í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, endurskoðunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

9) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, og einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslunni, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/845, 6.5.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 196/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1107/oj.

([2]) „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance elemental iron“, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024 22 e9056, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2024.9056.

10) Framkvæmdastjórnin telur enn fremur að járn (sem frumefni) sé áhættulítið virkt efni skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Járn (sem frumefni) er ekki efni sem gefur tilefni til áhyggna og uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 5. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

11) Því er rétt að samþykkja járn (sem frumefni) sem áhættulítið virkt efni.

12) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 2. mgr. 22. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([3]) til samræmis við það.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni

Virka efnið járn (sem frumefni), eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. maí 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2011/540/oj).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Járn (sem frumefni) CAS-nr.: 7439-89-6 CIPAC-nr.: –	Járn	≥ 989 g/kg af heildarinnihaldi járns Eftirfarandi óhreinindi eru varasöm í eiturefnafræðilegu tilliti og magn þeirra í tæknilega efninu skal ekki vera meira en eftirfarandi: Arsen: Að hámarki 0,003 g/kg Kvikasilfur: Að hámarki 0,001 g/kg Blý: Að hámarki 0,01 g/kg	26.5.2025	26.5.2040	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um járn (sem frumefni), einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í D-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er eftirfarandi færslu bætt við:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki[1]	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„52	Járn (sem frumefni) CAS-nr.: 7439-89-6 CIPAC-nr.: –	Járn	≥ 989 g/kg af heildarinnihaldi járns Eftirfarandi óhreinindi eru varasöm í eiturefnafræðilegu tilliti og magn þeirra í tæknilega efninu skal ekki vera meira en eftirfarandi: Arsen: Að hámarki 0,003 g/kg Kvikasilfur: Að hámarki 0,001 g/kg Blý: Að hámarki 0,01 g/kg	26.5.2025	26.5.2040	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um járn (sem frumefni), einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1973 **2025/EES/73/30**

frá 18. júlí 2024

um að koma á fót skrá yfir sýkingalyf sem skulu ekki notuð í samræmi við 112. og 113. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 eða skulu einungis notuð í samræmi við þessar greinar með fyrirvara um tiltekin skilyrði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 frá 11. desember 2018 um dýralyf og um niðurfellingu á tilskipun 2001/82/EB ([1]), einkum 6. mgr. 107. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2019/6 er mælt fyrir um reglur um notkun dýralyfja, þ.m.t. krafan um að nota þau í samræmi við skilmálana í markaðsleyfum þeirra. Ef ekkert dýralyf er leyft eða fáanlegt í aðildarríki fyrir dýrategund eða fyrir ábendingu geta dýralæknar, upp á sína eigin ábyrgð, einkum til að komast hjá því að valda ólíðandi þjáningum, notað lyf sem eru ekki samkvæmt skilmálum markaðsleyfanna í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í 112., 113. eða 114. gr. þeirrar reglugerðar, eftir því sem við á fyrir dýrategundina sem um er að ræða.

2) Í fyrstu undirgrein 6. mgr. 107. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 er kveðið á um þann möguleika, með framkvæmdargerðum og með tilliti til vísindalegrar ráðgjafar Lyfjastofnunar Evrópu, að taka saman skrár til að banna notkun tiltekinna sýkingalyfja í samræmi við 112., 113. og 114. gr. þeirrar reglugerðar eða takmarka notkun tiltekinna sýkingalyfja samræmi við 112., 113. og 114. gr. þeirrar reglugerðar nema að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

3) Í 3. mgr. 114. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 er kveðið á um að taka saman, með framkvæmdargerðum, skrá yfir efni sem eru notuð í dýralyf sem eru leyfð í Sambandinu til notkunar fyrir landdýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða efni sem eru í mannalyfjum sem eru leyfð í Sambandinu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB ([2]) eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([3]) sem nota má fyrir lagartegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis í samræmi við 1. mgr. 114 gr. reglugerðar (ESB) 2019/6.

4) Í 5. mgr. 115. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 er kveðið á um að taka saman, með framkvæmdargerðum, skrá yfir efni sem eru nauðsynleg fyrir meðhöndlun á dýrum af hestaætt eða sem hafa í för með sér aukinn klínískan ávinning í samanburði við aðra valkosti sem í boði eru til meðhöndlunar dýra af hestaætt og skal biðtími til afurðanýtingar fyrir dýr af hestaætt vegna þeirra vera sex mánuðir.

5) Til að tryggja réttaröryggi fyrir lögbær yfirvöld, dýralækna, umsjónarmenn dýra og rekstraraðila sem um er að ræða, sem og samræmi milli ákvæða þessarar reglugerðar og framkvæmdargerða sem skal samþykkja skv. 3. mgr. 114. gr. og 5. mgr. 115. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6, ættu lagartegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis og dýr af hestaætt að falla utan gildissviðs þessarar reglugerðar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1973, 19.7.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 4, 7.1.2019, bls. 43, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2019/6/oj.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum (Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2001/83/oj).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 frá 31. mars 2004 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir manna- og dýralyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu (Stjtíð. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2004/726/oj).

6) Á grundvelli viðmiðana sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 6. mgr. 107. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 lagði Lyfjastofnun Evrópu mat á sýkingalyf og flokka sýkingalyfja sem hugsanlega er hægt að nota við dýralækningar í Sambandinu ([4]), að teknu tilliti til nýjustu fyrirliggjandi vísindaþekkingar, reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 ([5]) og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ([6]). Lyfjastofnun Evrópu tók einnig tillit til upplýsinga sem aflað var í opinberu kalli eftir gögnum ([7]), þar sem hagsmunaaðilum var boðið að leggja fram upplýsingar um notkun og framboð á sýkingalyfjum í Sambandinu til að meðhöndla alvarlegar sýkingar í dýrum, þ.m.t. notkun sem er ekki samkvæmt skilmálum markaðsleyfis, og notaði til viðmiðunar ýmsa flokka sýkingalyfja sem alþjóðastofnanir eða Lyfjastofnun Evrópu hefur þróað.

7) Sýkingalyfin og flokkar sýkingalyfja í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1255 ([8]) eru bönnuð til allrar notkunar fyrir dýr; þ.m.t. notkunar í samræmi við 112. og 113. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6. Þess vegna lagði Lyfjastofnun Evrópu ekki mat á þessi sýkingalyf.

8) Lyfjastofnun Evrópu tók til athugunar mismunandi tilvik notkunar í samræmi við 112. og 113. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6. Þetta tók til notkunar vegna ábendinga, dýrategunda eða með íkomuleiðum sem falla ekki undir skilmála markaðsleyfis fyrir dýralyf, notkunar á mannalyfjum sem eru leyfð í samræmi við tilskipun 2001/83/EB eða reglugerð (EB) nr. 726/2004, notkunar á dýralyfjum sem eru búin til á staðnum í samræmi við forskrift dýralæknis og notkunar á dýralyfjum sem eru leyfð í þriðja landi fyrir sömu dýrategund og sömu ábendingu.

9) Lyfjastofnun Evrópu taldi að notkun sumra sýkingalyfja í samræmi við 112. og 113. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6, í tilvikum þegar meðferðartengdar þarfir útheimta að lyf sé gefið með íkomuleiðum sem falla ekki undir skilmála markaðsleyfis fyrir því, gæti aukið verulega áhættur á ónæmi gegn sýkingalyfjum. Til að hjálpa við að draga úr þessari áhættu var lagt til skilyrði til að takmarka notkun þessara sýkingalyfja eingöngu við stök dýr.

10) Í samræmi við 4. mgr. 113. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 má einungis nota virk efni sem eru leyfð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009 og allar gerðir sem eru samþykktar á grundvelli hennar að því er varðar þá grein. Skilyrðin sem eru sett með þessari reglugerð ættu því ekki að hafa áhrif á það ákvæði.

11) Með tilliti til ráðgjafar Lyfjastofnunar Evrópu ætti notkun tiltekinna sýkingalyfja í samræmi við 112. og 113. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 að vera með fyrirvara um tiltekin skilyrði, þ.m.t., í tilteknum tilvikum, bann við notkun þeirra fyrir tilteknar dýrategundir.

([4]) „Scientific advice under Article 107(6) of Regulation (EU) 2019/6 for the establishment of a list of antimicrobials which shall not be used in accordance with Articles 112, 113 and 114 of the same Regulation or which shall only be used in accordance with these articles subject to certain conditions“ (Vísindaleg ráðgjöf skv. 6. mgr. 107. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 um að taka saman skrá yfir sýkingalyf sem ekki skal nota í samræmi við 112., 113. og 114. gr. sömu reglugerðar eða sem skal einungis nota í samræmi við þær greinar að uppfylltum tilteknum skilyrðum (Dýralyfjanefnd Lyfjastofnunar Evrópu/151584/2021, 15. júní 2023).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/470/oj).

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/37(1)/oj).

([7]) Bakgrunnsupplýsingar og yfirlitsskýrsla að hluta til um niðurstöður úr opinberu kalli eru birtar í 4. lið viðaukans við „EMA Advice on the designation of antimicrobials or groups of antimicrobials reserved for treatment of certain infections in humans – in relation to implementing measures under Article 37(5) of Regulation (EU) 2019/6 on veterinary medicinal products“ (Dýralyfjanefnd Lyfjastofnunar Evrópu/678496/2021-endursk., 25. maí 2022).

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1255 frá 19. júlí 2022 um að tilgreina sýkingalyf eða flokka sýkingalyfja sem eru frátekin til meðhöndlunar á tilteknum sýkingum í mönnum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 (Stjtíð. ESB L 191, 20.7.2022, bls. 58, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2022/1255/oj).

12) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 ([9]) er kveðið á um þann möguleika að leggja á bönn og takmarkanir á notkun dýralyfja til forvarna og varna gegn tilteknum sjúkdómum. Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 ([10]) má banna notkun dýralyfja sem hluta af landsbundnum eftirlitsáætlunum. Auk þess er aðildarríkjum heimilt skv. 7. mgr. 107. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 að samþykkja ráðstafanir til að takmarka enn frekar eða banna notkun sýkingalyfja fyrir dýr á viðkomandi yfirráðasvæðum sínum ef inngjöf slíkra sýkingalyfja fyrir dýr er andstæð framkvæmd innlendrar stefnu um varfærni í notkun sýkingalyfja. Þessi reglugerð ætti því að gilda með fyrirvara um slíkar landsbundnar ráðstafanir og ákvæði sem mælt er fyrir um í þessum reglugerðum eða öllum gerðum sem eru samþykktar á grundvelli þeirra.

13) Í vísindalegri ráðgjöf sinni mælti Lyfjastofnun Evrópu með því að notkun tiltekinna sýkingalyfja í samræmi við 112. og 113. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 ætti að byggjast á niðurstöðum úr fyrri greiningu á marksjúkdómsvaldi og prófun á þoli gegn sýkingalyfjum sem sýni fram á að líklegt sé að sýkingalyfið sem um er að ræða sé áhrifaríkt og að ákjósanlegri sýkingalyf í samræmi við flokkun Lyfjastofnunar Evrópu á sýkingalyfjum í Evrópusambandinu ([11]) væru ekki áhrifarík. Í raun er þó ekki alltaf mögulegt fyrir dýralækninn að byggja val á sýkingalyfi til notkunar í samræmi við þessar greinar á slíkri greiningu og prófun á þoli. Í þeim tilvikum ætti ábyrgur dýralæknir að geta sýnt fram á hvers vegna notkun á tilteknu sýkingalyfi gat ekki byggst á slíkri greiningu og prófun á þoli. Í tilvikum þar sem ástand dýra kallar á að dýralæknirinn hefji án tafar notkun á viðkomandi sýkingalyfi ætti ábyrgum dýralækni að vera heimilt að hefja notkun á viðkomandi sýkingalyfi áður en niðurstöður úr greiningu á marksjúkdómsvaldi eða prófun á þoli gegn sýkingalyfjum eru þekktar. Til að tryggja varfærni í notkun sýkingalyfja ætti að aðlaga valið á sýkingalyfinu, ef þörf krefur, eftir að niðurstöður úr slíkri greiningu og prófun á þoli verða tiltækar.

14) Ef sýkingalyf er þegar leyft til notkunar fyrir nautgripi, sauðfé til kjötframleiðslu, svín, kjúklinga, hunda eða ketti er líklegt að umfang aukinna váhrifa af sýkingalyfinu vegna notkunar fyrir önnur dýr verði tiltölulega lítið. Auk þess eru færri sýkingalyf fyrir dýr leyfð til notkunar fyrir sauðfé, þ.m.t. sauðfé til kjötframleiðslu. Til þess að geirar þessara dýra, þar sem færri sýkingalyf eru fáanleg, verði ekki fyrir óhagræði og til að tryggja framboð á sýkingalyfjum fyrir önnur dýr en nautgripi, svín, kjúklinga, hunda eða ketti og til að viðhalda velferð þessara dýra ætti því skilyrðið um greiningu á marksjúkdómsvaldi og prófun á þoli gegn sýkingalyfjum ekki að eiga við um notkun í samræmi við 112. eða 113. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 fyrir þessi dýr ef sýkingalyfið sem um er að ræða er í dýralyfi sem er leyft í Sambandinu til notkunar fyrir nautgripi, sauðfé til kjötframleiðslu, svín, kjúklinga, hunda eða ketti.

15) Til að gefa lögbærum yfirvöldum, dýralæknum, umsjónarmönnum dýra og rekstraraðilum nægan tíma til að laga sig að kröfunum í þessari reglugerð ætti að fresta beitingu hennar.

16) Skráin yfir sýkingalyf og tengdar takmarkanir sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð ætti að vera í stöðugri endurskoðun í ljósi nýrrar vísindaþekkingar eða nýtilkominna upplýsinga, þ.m.t. uppkoma nýrra sjúkdóma, breytingar á faraldsfræði sjúkdóma sem fyrir eru, breytingar á þoli gegn sýkingalyfjum eða breytingar á framboði á eða notkunarmynstrum sýkingalyfja sem og markaðsleyfum nýrra dýralyfja eða mannalyfja.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) (Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2016/429/oj).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 frá 17. nóvember 2003 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum (Stjtíð. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/2160/oj).

([11]) „European Medicines Agency Categorisation of antibiotics in the European Union; Answer to the request from the European Commission for updating the scientific advice on the impact on public health and animal health of the use of antibiotics in animals of 12 December 2019“ (Flokkun Lyfjastofnunar Evrópu á sýkingalyfjum í Evrópusambandinu, svar við beiðni frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um uppfærslu á vísindalegri ráðgjöf um áhrifin af notkun sýkingalyfja fyrir dýr á lýðheilsu og heilbrigði dýra frá 12. desember 2019 (Dýralyfjanefnd Lyfjastofnunar Evrópu/mannalyfjanefndin/682198/2017).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um notkun sýkingalyfja í samræmi við 112. og 113. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 fyrir önnur dýr en dýr af hestaætt.

2. gr.

Skilyrði fyrir notkun sýkingalyfja í samræmi við 112. og 113. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6

1. Sýkingalyf eða flokkar sýkingalyfja sem talin eru upp í viðaukanum skulu notuð að uppfylltum þeim skilyrðum sem gilda um þau eins og þar er tilgreint.

2. Skilyrðin sem gilda um viðkomandi sýkingalyf eða flokka sýkingalyfja sem talin eru upp í viðaukanum skulu vera samanlögð.

3. Skilyrðin sem sett eru fram í viðaukanum skulu gilda með fyrirvara um beitingu:

a) ákvæða 4. mgr. 113. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6,

b) hvers konar ráðstafana sem eru samþykktar í samræmi við 7. mgr. 107. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6,

c) hvers konar takmarkana varðandi notkun sýkingalyfja eða flokka sýkingalyfja sem eru settar með reglugerð (ESB) 2016/429 eða reglugerð (EB) nr. 2160/2003 og allra gerða sem eru samþykktar á grundvelli þeirra.

3. gr.

Skilyrði fyrir fyrri greiningu á marksjúkdómsvaldi og prófun á þoli gegn sýkingalyfjum

1. Litið skal svo á að ekki sé mögulegt að framkvæma fyrri greiningu á marksjúkdómsvaldi eða prófun á þoli gegn sýkingalyfjum ef ábyrgur dýralæknir getur sýnt fram á að slík greining eða prófun á þoli sé ekki möguleg.

2. Ef sjúkdómsástand dýrs kallar á að dýralæknir hefji notkun viðkomandi sýkingalyfs áður en niðurstöður úr greiningu á marksjúkdómsvaldi og prófun á þoli gegn sýkingalyfjum verða tiltækar er ábyrgum dýralækni heimilt að nota viðkomandi sýkingalyf áður en þessar niðurstöður verða tiltækar.

Í því tilviki skal dýralæknirinn sýna fram á að val á viðkomandi sýkingalyfi hafi byggst á viðeigandi upplýsingum sem benda til þess að líklegt sé að viðkomandi sýkingalyf sé klínískt áhrifaríkt og að ákjósanlegri sýkingalyf yrðu ekki klínískt áhrifarík, þ.m.t. sjúkdómsástand eða heilsufarssaga dýrsins, faraldsfræðilegar upplýsingar og þekking á þoli marksjúkdómsvaldsins gegn sýkingalyfjum á býli, á staðar- eða svæðisvísu. Dýralæknirinn skal aðlaga val á sýkingalyfi, ef þörf krefur, á grundvelli niðurstaðna úr greiningu á marksjúkdómsvaldi eða prófunar á þoli gegn sýkingalyfjum um leið og þær verða tiltækar.

3. Ekki skal krefjast fyrri greiningar á marksjúkdómsvaldi og prófunar á þoli gegn sýkingalyfjum ef sýkingalyfið sem um er að ræða er í dýralyfi sem er leyft í Sambandinu fyrir nautgripi, sauðfé til kjötframleiðslu, svín, kjúklinga, hunda eða ketti og það á að nota það í samræmi við 112. eða 113. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 fyrir önnur dýr en nautgripi, svín, kjúklinga, hunda eða ketti.

4. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 8. ágúst 2026.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. júlí 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Sýkingalyf eða flokkar sýkingalyfja	Skilyrði fyrir notkun í samræmi við 112. og 113. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6
Amínópenisillín í samsetningu með betalaktamasahemlum	1) Ef um er að ræða notkun á amínópenisillíni í samsetningu með betalaktamasahemlum fyrir ábendingar sem falla ekki undir skilmála markaðsleyfis fyrir lyf sem er leyft í Sambandinu og inniheldur þessi sýkingalyf skal ábyrgur dýralæknir ávísa þessum sýkingalyfjum á grundvelli fyrri greiningar á marksjúkdómsvaldi og prófunar á þoli gegn sýkingalyfjum, ef unnt er. Prófun á þoli gegn sýkingalyfjum skal sýna fram á að: a) líklegt sé að amínópenisillín í samsetningu með betalaktamasahemlum sé klínískt áhrifaríkt, b) ákjósanlegri sýklalyf í samræmi við flokkun Lyfjastofnunar Evrópu á sýkingalyfjum í Evrópusambandinu eða í samræmi við strangari reglur sem gilda í viðkomandi aðildarríki væru ekki klínískt áhrifarík. 2) Amínópenisillín í samsetningu með betalaktamasahemlum skal ekki notað í samræmi við 113. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 fyrir alifugla.
Þriðju og fjórðu kynslóðar sefalósporín	1) Ef um er að ræða notkun á þriðju eða fjórðu kynslóðar sefalósporíni fyrir ábendingar sem falla ekki undir skilmála markaðsleyfis fyrir lyf sem er leyft í Sambandinu og inniheldur þessi sýkingalyf skal ábyrgur dýralæknir ávísa þessum sýkingalyfjum á grundvelli fyrri greiningar á marksjúkdómsvaldi og prófunar á þoli gegn sýkingalyfjum, ef unnt er. Prófun á þoli gegn sýkingalyfjum skal sýna fram á að: a) líklegt sé að þriðju eða fjórðu kynslóðar sefalósporín sé klínískt áhrifaríkt, b) ákjósanlegri sýklalyf í samræmi við flokkun Lyfjastofnunar Evrópu á sýkingalyfjum í Evrópusambandinu eða í samræmi við strangari reglur sem gilda í viðkomandi aðildarríki væru ekki klínískt áhrifarík. 2) Notkunin skal takmörkuð við inngjöf til stakra dýra eingöngu. Þetta skilyrði skal ekki gilda um notkun í samræmi við 112. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 fyrir lagardýr sem eru haldin í lokuðum vatnstönkum. 3) Þriðju eða fjórðu kynslóðar sefalósporín skal ekki notað í samræmi við 113. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 fyrir alifugla. 4) Ef um er að ræða meðhöndlun á salmonellusýkingu hjá öðrum dýrum en alifuglum skal notkun í samræmi við 113. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 takmörkuð við inndælanleg lyf sem eru gefin stökum dýrum með hugsanlega lífshættulegar sýkingar.
Pólýmýxín	1) Ef um er að ræða notkun á pólýmýxíni fyrir ábendingar sem falla ekki undir skilmála markaðsleyfis fyrir lyf sem er leyft í Sambandinu og inniheldur þetta sýkingalyf skal ábyrgur dýralæknir ávísa þessu sýkingalyfi á grundvelli fyrri greiningar á marksjúkdómsvaldi og prófunar á þoli gegn sýkingalyfjum, ef unnt er. Prófun á þoli gegn sýkingalyfjum skal sýna fram á að: a) líklegt sé að pólýmýxín sé klínískt áhrifaríkt,

	b) ákjósanlegri sýklalyf í samræmi við flokkun Lyfjastofnunar Evrópu á sýkingalyfjum í Evrópusambandinu eða í samræmi við strangari reglur sem gilda í viðkomandi aðildarríki væru ekki klínískt áhrifarík. 2) Að því er varðar salmonellusýkingu skal ekki nota pólýmýxín í samræmi við 113. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 fyrir alifugla. 3) Að því er varðar salmonellusýkingu hjá öðrum dýrum en alifuglum má nota dýralyf, sem eru leyfð til inngjafar um munn fyrir hópa dýra, í samræmi við 113. gr. reglugerðar (ESB 2019/6 eingöngu til að meðhöndla stök dýr. 4) Í hverju eftirfarandi tilviki fyrir sig skal inngjöf lyfsins eingöngu takmarkast við stök dýr: a) notkun dýralyfs í samræmi við 112. eða 113. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 með ákomuleið sem fellur ekki undir skilmála markaðsleyfis fyrir því, b) notkun mannalyfs sem er leyft í samræmi við tilskipun 2001/83/EB eða reglugerð (EB) nr. 726/2004, c) notkun dýralyfs sem er búið til á staðnum í samræmi við forskrift dýralæknis.
Amfeníkól	Ef um er að ræða notkun á amfeníkóli fyrir ábendingar sem falla ekki undir skilmála markaðsleyfis fyrir lyf sem er leyft í Sambandinu og inniheldur þetta sýkingalyf skal ábyrgur dýralæknir ávísa þessu sýkingalyfi á grundvelli fyrri greiningar á marksjúkdómsvaldi og prófunar á þoli gegn sýkingalyfjum, ef unnt er. Prófun á þoli gegn sýkingalyfjum skal sýna fram á að: a) líklegt sé að amfeníkól sé klínískt áhrifaríkt, b) ákjósanlegri sýklalyf í samræmi við flokkun Lyfjastofnunar Evrópu á sýkingalyfjum í Evrópusambandinu eða í samræmi við strangari reglur sem gilda í viðkomandi aðildarríki væru ekki klínískt áhrifarík.
Kínólón (þ.m.t. flúorókínólón)	1) Ef um er að ræða notkun á kínólóni (þ.m.t. flúorókínólón) fyrir ábendingar sem falla ekki undir skilmála markaðsleyfis fyrir lyf sem er leyft í Sambandinu og inniheldur þessi sýkingalyf skal ábyrgur dýralæknir ávísa þessum sýkingalyfjum á grundvelli fyrri greiningar á marksjúkdómsvaldi og prófunar á þoli gegn sýkingalyfjum, ef unnt er. Prófun á þoli gegn sýkingalyfjum skal sýna fram á að: a) líklegt sé að kínólón (þ.m.t. flúorókínólón) sé klínískt áhrifaríkt, b) ákjósanlegri sýklalyf í samræmi við flokkun Lyfjastofnunar Evrópu á sýkingalyfjum í Evrópusambandinu eða í samræmi við strangari reglur sem gilda í viðkomandi aðildarríki væru ekki klínískt áhrifarík. 2) Að því er varðar salmonellusýkingu skal kínólón (þ.m.t. flúorókínólón) ekki notað í samræmi við 113. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 fyrir alifugla. 3) Að því er varðar verndarmeðferð gegn salmonellusýkingu skal kínólón (þ.m.t. flúorókínólón) ekki notað í samræmi við 113. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 fyrir önnur dýr en alifugla.

	4) Ef um er að ræða meðhöndlun á salmonellusýkingu hjá öðrum dýrum en alifuglum skal notkun kínólóns (þ.m.t. flúorókínólón) í samræmi við 113. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 takmörkuð við inndælanleg lyf sem eru gefin stökum dýrum með hugsanlega lífshættulegar sýkingar. 5) Í hverju eftirfarandi tilviki fyrir sig skal inngjöf lyfsins eingöngu takmarkast við stök dýr: a) notkun dýralyfs í samræmi við 112. eða 113. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 með ákomuleið sem fellur ekki undir skilmála markaðsleyfis fyrir því, b) notkun mannalyfs sem er leyft í samræmi við tilskipun 2001/83/EB eða reglugerð (EB) nr. 726/2004, c) notkun dýralyfs sem er búið til á staðnum í samræmi við forskrift dýralæknis.
Rifamýsín að undanskildu rifaximíni	1) Ábyrgur dýralæknir skal ávísa rifamýsíni, að undanskildu rifaximíni, á grundvelli fyrri greiningar á marksjúkdómsvaldi og prófunar á þoli gegn sýkingalyfjum, ef unnt er. Prófun á þoli gegn sýkingalyfjum skal sýna fram á að: a) líklegt sé að rifamýsín sé klínískt áhrifaríkt, b) ákjósanlegri sýklalyf í samræmi við flokkun Lyfjastofnunar Evrópu á sýkingalyfjum í Evrópusambandinu eða í samræmi við strangari reglur sem gilda í viðkomandi aðildarríki væru ekki klínískt áhrifarík. 2) Notkunin skal takmörkuð við inngjöf til stakra dýra til meðhöndlunar gegn mýkóbakteríum eða klasakokkum með fjölónæmi fyrir lyfjum, eingöngu í samsetningu með öðrum sýkingalyfjum sem líklegt er að séu klínískt áhrifarík.
Rifaximín	Ef önnur lyf en dýralyf sem eru leyfð í Sambandinu eru notuð skal ábyrgur dýralæknir ávísa rifaximíni á grundvelli fyrri greiningar á marksjúkdómsvaldi og prófunar á þoli gegn sýkingalyfjum, ef unnt er. Prófun á þoli gegn sýkingalyfjum skal sýna fram á að: a) líklegt sé að rifaximín sé klínískt áhrifaríkt, b) ákjósanlegri sýklalyf í samræmi við flokkun Lyfjastofnunar Evrópu á sýkingalyfjum í Evrópusambandinu eða í samræmi við strangari reglur sem gilda í viðkomandi aðildarríki væru ekki klínískt áhrifarík.
Efni sem eru eingöngu notuð til að meðhöndla berkla eða aðra sjúkdóma af völdum mýkóbaktería	1) Ábyrgur dýralæknir skal ávísa efnum sem eru eingöngu notuð til að meðhöndla berkla eða aðra sjúkdóma af völdum mýkóbaktería á grundvelli fyrri greiningar á marksjúkdómsvaldi og prófunar á þoli gegn sýkingalyfjum, ef unnt er. Prófun á þoli gegn sýkingalyfjum skal sýna fram á að: a) líklegt sé að þessi efni séu klínískt áhrifarík, b) ákjósanlegri sýklalyf í samræmi við flokkun Lyfjastofnunar Evrópu á sýkingalyfjum í Evrópusambandinu eða í samræmi við strangari reglur sem gilda í viðkomandi aðildarríki væru ekki klínískt áhrifarík. 2) Notkunin skal takmörkuð við inngjöf til stakra dýra eingöngu.

Rimínófenasín	1) Ábyrgur dýralæknir skal ávísa rimínófenasíni á grundvelli fyrri greiningar á marksjúkdómsvaldi og prófunar á þoli gegn sýkingalyfjum, ef unnt er. Prófun á þoli gegn sýkingalyfjum skal sýna fram á að: a) líklegt sé að rimínófenasín sé klínískt áhrifaríkt, b) ákjósanlegri sýklalyf í samræmi við flokkun Lyfjastofnunar Evrópu á sýkingalyfjum í Evrópusambandinu eða í samræmi við strangari reglur sem gilda í viðkomandi aðildarríki væru ekki klínískt áhrifarík. 2) Notkunin skal takmörkuð við inngjöf til stakra dýra, eingöngu til meðhöndlunar gegn mýkóbakteríum.
Pseudómónsýrur	1) Ábyrgur dýralæknir skal ávísa pseudómónsýrum á grundvelli fyrri greiningar á marksjúkdómsvaldi og prófunar á þoli gegn sýkingalyfjum, ef unnt er. Prófun á þoli gegn sýkingalyfjum skal sýna fram á að: a) líklegt sé að pseudómónsýrur séu klínískt áhrifaríkar, b) ákjósanlegri sýklalyf í samræmi við flokkun Lyfjastofnunar Evrópu á sýkingalyfjum í Evrópusambandinu eða í samræmi við strangari reglur sem gilda í viðkomandi aðildarríki væru ekki klínískt áhrifarík. 2) Einungis má nota pseudómónsýrur ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt: a) lyfið skal notað til að meðhöndla sýkingar af völdum meþisillínónæmra *Staphylococcus aureus* eða meþisillínónæmra *Staphylococcus pseudointermedius,* b) notkun dýralyfja sem eru leyfð til meðhöndlunar gegn klasakokkasýkingum eftir staðbundinni íkomuleið hefur ekki verið klínískt áhrifarík, c) lyfið skal gefið stökum dýrum, d) lyfið skal gefið inn eftir staðbundinni íkomuleið. 3) Pseudómónsýrur skulu ekki notaðar til reglubundinnar aflitunar á meþisillínónæmum *Staphylococcus aureus* eða meþisillínónæmum *Staphylococcus pseudintermedius*.
Remdesivir	Einungis má nota remdesivir í samræmi við 112. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 til að meðhöndla smitandi lífhimnubólgu í köttum.
Ekínókandín	1) Ábyrgur dýralæknir skal ávísa ekínókandíni á grundvelli fyrri greiningar á marksjúkdómsvaldi og prófunar á þoli gegn sýkingalyfjum, ef unnt er. Prófun á þoli gegn sýkingalyfjum skal sýna fram á að líklegt sé að þessi sýkingalyf séu klínískt áhrifarík. 2) Einungis má nota ekínókandín ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt: a) lyfið skal gefið stökum dýrum, b) lyfið skal notað til að meðhöndla ífarandi myglusveppasýkingu eða hvítsveppasýkingu, c) lyfið skal gefið sem síðasta úrræði.
Amfóterisín B	Ef um er að ræða meðhöndlun við leishmanssótt eða öðrum sjúkdómum hjá dýrum á svæðum þar sem leishmanssótt er landlæg má einungis nota amfóterisín B sem síðasta úrræði.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/117 **2025/EES/73/31**

frá 24. janúar 2025

um reglur um beitingu reglugerðar (ESB) 2021/2282 að því er varðar málsmeðferðarreglur um sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2282 frá 15. desember 2021 um heilbrigðistæknimat og um breytingu á tilskipun 2011/24/ESB ([1]), einkum a-, b- og d-lið 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2021/2282 er mælt fyrir um stuðningsramma og verklagsreglur fyrir samstarf milli aðildarríkja um heilbrigðistækni á vettvangi Sambandsins og komið á fót samræmingarhópi aðildarríkja um mat á heilbrigðistækni (hér á eftir nefndur samræmingarhópurinn).

2) Samkvæmt 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2282 skal samræmingarhópurinn annast sameiginlegt vísindalegt samráð við þróunaraðila heilbrigðistækni um upplýsingaskipti varðandi þróunaráætlanir þeirra fyrir lækningatæki eða lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi. Markmiðið með slíku samráði er að auðvelda ferlið við undirbúning sameiginlegra klínískra mata á lækningatækjum og lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi þar eð þau gera þróunaraðilum heilbrigðistækni kleift að afla leiðbeininga frá samræmingarhópnum varðandi upplýsingar, gögn, greiningar og önnur sönnunargögn sem líklegt er að klínískar rannsóknir verði að setja fram fyrir sameiginlegt klínískt mat á þessum tækjum. Sameiginlegt vísindalegt samráð getur einnig auðveldað ferlið við undirbúning viðeigandi uppfærslna á sameiginlegum klínískum mötum fyrir lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi þegar beiðnirnar uppfylla hæfis- og valviðmiðanir.

3) Til að tryggja fullnægjandi fyrirsjáanleika fyrir þróunaraðila heilbrigðistækni að því er varðar tækifæri þeirra til að taka þátt í sameiginlegu vísindalegu samráði um lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi ásamt samræmingarhópnum er nauðsynlegt að tilgreina frest fyrir samræmingarhópinn til að fastsetja dagsetningar beiðnatímabila fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi fyrir komandi ár sem og lágmarksfjölda slíkra beiðnatímabila á hverju ári. Samkvæmt b-lið 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2282 skal samræmingarhópurinn setja fram í árlegri vinnuáætlun sinni hversu oft sameiginlegt vísindalegt samráð er áætlað. Til að gefa þróunaraðilum heilbrigðistækni nægan tíma til að skipuleggja og undirbúa sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi ætti samræmingarhópurinn að fastsetja beiðnatímabilin fyrir þetta samráð eigi síðar en þann dag sem hann samþykkir árlega vinnuáætlun sína, þ.e. eigi síðar en 30. nóvember á hverju ári.

4) Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2282 skal framkvæmdastjórnin koma á fót og halda úti upplýsingatæknivettvangi sem samanstendur m.a. af öruggu kerfi fyrir upplýsingaskipti milli samræmingarhópsins og undirhópa hans við þróunaraðila heilbrigðistækni og sérfræðinga sem taka þátt í sameiginlegu vinnunni (hér á eftir nefnt upplýsingatæknivettvangurinn fyrir mat á heilbrigðistækni) Þróunaraðilar heilbrigðistækni ættu því að leggja fram beiðnir um sameiginlegt vísindalegt samráð, málsskjöl með upplýsingum, gögnum, greiningum og öðrum sönnunargögnum fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, þ.m.t. spurningalista (hér á eftir nefnt kynningarpakki) og öll frekari gögn í gegnum upplýsingatæknivettvanginn fyrir mat á heilbrigðistækni. Þessar beiðnir og þessi málsskjöl ætti að leggja fram með því að nota sniðmátin sem samræmingarhópurinn setur fram skv. a- og b-lið 21. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2282.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/117, 27.1.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 198/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 458, 22.12.2021, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2021/2282/oj.

5) Að fenginni beiðni frá þróunaraðila heilbrigðistækni getur sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki farið fram samhliða samráði við sérfræðingahóp sem er tilnefndur í samræmi við 1. mgr. 106. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 ([2]) (hér á eftir nefndur sérfræðingahópurinn) skv. 2. mgr. 61. gr. þeirrar reglugerðar (hér á eftir nefnt samráð með sérfræðingahópnum). Til þess að undirhópur samræmingarhópsins fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð (hér á eftir nefndur undirhópurinn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð) geti auðkennt beiðnir um að sameiginlegt vísindalegt samráð fari fram samhliða samráði með sérfræðingahópnum ætti þróunaraðili heilbrigðistækni að tilgreina það í beiðninni um sameiginlegt vísindalegt samráð ef hann óskar eftir því að samráð með sérfræðingahópnum fari fram samhliða.

6) Samkvæmt i-lið 28. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2282 skal framkvæmdastjórnin, sem annast skrifstofuhald samræmingarhópsins (hér á eftir nefnt skrifstofan fyrir mat á heilbrigðistækni), greiða fyrir samstarfi við sérfræðingahópa. Samkvæmt 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/123 ([3]) annast Lyfjastofnun Evrópu skrifstofuhald fyrir sérfræðingahópana. Skipti á upplýsingum við sérfræðingahópana um sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki ætti því að fara fram fyrir milligöngu skrifstofunnar fyrir mat á heilbrigðistækni og Lyfjastofnunar Evrópu sem annast skrifstofuhald fyrir sérfræðingahópana.

7) Skrifstofan fyrir mat á heilbrigðistækni ætti að deila skránni yfir beiðnir um sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki, þar sem þróunaraðili heilbrigðistækni tilgreindi að hann óskaði eftir því að samráð með sérfræðingahópnum fari fram samhliða, með Lyfjastofnun Evrópu. Skrifstofan fyrir mat á heilbrigðistækni og Lyfjastofnun Evrópu ættu að upplýsa hvor aðra um það hverjar af beiðnunum voru valdar fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð og hverjar voru samþykktar fyrir samráð með sérfræðingahópnum.

8) Ef sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki fer fram samhliða samráði með sérfræðingahópnum ættu skrifstofan fyrir mat á heilbrigðistækni og Lyfjastofnun Evrópu að skiptast á viðeigandi upplýsingum til að tryggja að tímaáætlun samhliða samráðsins sé samstillt.

9) Ef samræmingarhópurinn, skv. 4. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2282, upplýsir þróunaraðila heilbrigðistækni, fyrir milligöngu skrifstofunnar fyrir mat á heilbrigðistækni, um það að hann muni taka þátt í sameiginlegu vísindalegu samráði ætti hann einnig að upplýsa þróunaraðila heilbrigðistækni um tímaáætlunina fyrir sameiginlega vísindalega samráðið, þ.m.t. frestinn til að leggja fram kynningarpakkann. Til að tryggja að tímaáætlun sameiginlegs vísindalegs samráðs um lækningatæki sem fer fram samhliða samráði með sérfræðingahópnum sé samstillt ætti tímaáætlunin að vera samstillt við ferlið við samráðið með sérfræðingahópnum.

10) Beiðni um samráð með sérfræðingahópnum og sameiginlegt vísindalegt samráð um áætlanir um klíníska þróun er nýtt ferli fyrir þróunaraðila heilbrigðistækni á sviði lækningatækja og lækningatækja til sjúkdómsgreiningar í glasi. Þróunaraðilar heilbrigðistækni ættu því að geta fengið aðstoð við undirbúning á tímanlegum og vönduðum kynningarpakka frá matsaðila og meðmatsaðila fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð, sem eru tilnefndir skv. 3. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2282, (hér á eftir nefndir matsaðili og meðmatsaðili) og frá starfsfólki skrifstofunnar fyrir mat á heilbrigðistækni sem ber ábyrgð á að veita skrifstofuaðstoð fyrir undirhópinn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð.

11) Til að tryggja virka þátttöku sjúklinga, klínískra sérfræðinga og annarra viðeigandi sérfræðinga (hér á eftir nefndir einstakir sérfræðingar) í sameiginlegu vísindalegu samráði um lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi ætti skrifstofan fyrir mat á heilbrigðistækni að hefja greiningu sína eins snemma og hægt er. Þar af leiðandi ætti undirhópurinn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð, á sama tíma og hann velur lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi sem eiga að falla undir sameiginlegt vísindalegt samráð, einnig að tilgreina, fyrir hvert sameiginlegt vísindalegt samráð, sjúkdóminn, viðkomandi meðferðarsvið og aðra sértæka sérþekkingu og á þeim

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki, um breytingu á tilskipun 2001/83/EB, reglugerð (EB) nr. 178/2002 og reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 90/385/EBE og 93/42/EBE (Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2017/745/oj).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/123 frá 25. janúar 2022 um að styrkja hlutverk Lyfjastofnunar Evrópu að því er varðar viðbúnað við krísu og krísustjórnun varðandi lyf og lækningatæki (Stjtíð. ESB L 20, 31.1.2022, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2022/123/oj).

grundvelli skal skrifstofan fyrir mat á heilbrigðistækni tilgreina einstaka sérfræðinga sem hafa skal samráð við meðan á þessu sameiginlega vísindalega samráði stendur. Til að tilgreina einstaka sérfræðinga ætti skrifstofan fyrir mat á heilbrigðistækni að hafa samráð við net hagsmunaaðila sem komið var á fót skv. 29. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2282, evrópsk tilvísunarnet fyrir sjaldgæfa og flókna sjúkdóma og aðrar viðeigandi heimildir, stofnanir og samtök. Við endanlegt val ætti undirhópurinn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð að setja í forgang einstaka sérfræðinga sem búa yfir sérfræðiþekkingu, sem tekur til nokkurra aðildarríkja, á sjúkdómnum, meðferðarsviðinu eða tegund heilbrigðistækni sem er viðfangsefni sameiginlega vísindalega samráðsins.

12) Undirhópurinn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð ætti, fyrir milligöngu skrifstofunnar fyrir mat á heilbrigðistækni, að deila kynningarpakkanum með völdum einstökum sérfræðingum og ætti að gefa þeim tækifæri til að leggja sitt til málanna varðandi sameiginlega vísindalega samráðið. Skrifstofan fyrir mat á heilbrigðistækni ætti að bjóða völdum einstökum sérfræðingum á fundinn til skoðanaskipta við þróunaraðila heilbrigðistækni sem um getur í 7. og 8. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2282. Hvenær sem er meðan á sameiginlegu vísindalegu samráði stendur ætti undirhópurinn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð að eiga þess kost að hafa samráð við hagsmunasamtök. Slíkt samráð ætti einkum að fela í sér almennara innlegg um sjúkdóminn og meðferðarsviðið frá samtökum sjúklinga, fagfélögum heilbrigðisstarfsmanna eða klínískum félögum og vísindafélögum fyrir milligöngu meðlima í neti hagsmunaaðila. Við slíkt samráð skal ekki upplýsa um raunverulegt lækningatæki eða lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi sem fellur undir sameiginlegt vísindalegt samráð.

13) Til að tryggja að einstakir sérfræðingar taki þátt í sameiginlegu vísindalegu samráði á óháðan og gagnsæjan hátt og án þess að um hagsmunaárekstra sé að ræða ættu þeir ekki að vera valdir og taka þátt í sameiginlegu vísindalegu samráði fyrr en eftir að framkvæmdastjórnin hefur metið yfirlýsta hagsmuni þeirra í samræmi við 5. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2282 og 4. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2745 ([4]).

14) Til að draga úr stjórnsýslubyrði og komast hjá tvítekningu þegar sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki fer fram samhliða samráði með sérfræðingahópnum ætti þróunaraðili heilbrigðistækni að leggja sömu gögn fyrir skrifstofuna fyrir mat á heilbrigðistækni og fyrir sérfræðingahópinn. Í þeim tilgangi ætti samræmingarhópurinn, áður en sniðmátið fyrir kynningarpakkann er fastsett skv. b-lið 21. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2282, sem á að nota þegar sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki fer fram samhliða samráði með sérfræðingahópnum, að hafa samráð við og ná samkomulagi við Lyfjastofnun Evrópu um sniðmátið í samráði við sérfræðingahópana.

15) Til að tryggja að tímaáætlun sameiginlegs vísindalegs samráðs um lækningatæki sem fer fram samhliða samráði með sérfræðingahópnum sé samstillt ætti þróunaraðili heilbrigðistækni að leggja viðeigandi gögn um sameiginlegt vísindalegt samráð og samráð með sérfræðingahópnum á sama tíma fyrir skrifstofuna fyrir mat á heilbrigðistækni og fyrir Lyfjastofnun Evrópu. Enn fremur ætti undirhópurinn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð eða samræmingarhópurinn og sérfræðingahópurinn, innan fastsettrar tímaáætlunar, að samþykkja, gefa út og leggja fyrir þróunaraðila heilbrigðistækni skrár yfir atriði, skjal með niðurstöðum sameiginlegs vísindalegs samráðs og bréf með ráðleggingum.

16) Með það fyrir augum að greiða fyrir umræðum við þróunaraðila heilbrigðistækni og samráði við einstaka sérfræðinga á fundinum sem um getur í 7. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2282 ætti undirhópurinn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð, fyrir milligöngu skrifstofunnar fyrir mat á heilbrigðistækni, að deila með þróunaraðila heilbrigðistækni skránni yfir atriði þar sem fram koma þau efnisatriði sem á að fjalla um á fundinum og, ef við á, sérstakar spurningar sem á einungis að fjalla um skriflega fyrir þann fund (hér á eftir nefnd skráin yfir atriði). Undirhópurinn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð ætti að gefa þróunaraðila heilbrigðistækni tækifæri til að bregðast skriflega við skránni yfir atriði tímanlega fyrir fundinn.

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2745 frá 25. október 2024 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2282 að því er varðar stjórnun hagsmunaárekstra í sameiginlegu starfi samræmingarhóps aðildarríkja um mat á heilbrigðistækni og undirhópa hans (Stjtíð. ESB L, 2024/2745, 28.10.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2745/oj).

17) Ef sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki fer fram samhliða samráði með sérfræðingahópnum ættu skrifstofan fyrir mat á heilbrigðistækni og Lyfjastofnun Evrópu að skiptast á viðeigandi skrám yfir atriði. Undirhópurinn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð og sérfræðingahópurinn ættu að ræða skrárnar yfir atriði við þróunaraðila heilbrigðistækni á einum fundi. Tilgreina ætti hvaða aðilum skal bjóða á þennan sameiginlega fund. Fundurinn ætti að vera sýndarfundur undir formennsku matsaðilans eða meðmatsaðilans fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð og eins af skýrslugjöfunum fyrir samráðið með sérfræðingahópnum.

18) Til að tryggja gagnsæi, rekjanleika og þagnarskyldu ætti að senda gögn sem tengjast sameiginlegu vísindalegu samráði um lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi á stafrænu formi og skiptast á þeim, gegnum upplýsingatæknivettvanginn fyrir mat á heilbrigðistækni, við og á milli samræmingarhópsins, undirhópsins fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð, skrifstofunnar fyrir mat á heilbrigðistækni, þróunaraðila heilbrigðistækni og einstakra sérfræðinga meðan á sameiginlegu vísindalegu samráði stendur.

19) Í samræmi við a-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([5]) er nauðsynlegt að mæla fyrir um reglur um vinnslu persónuupplýsinga í þeim tilgangi að inna af hendi sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi. Einkum er nauðsynlegt að tilgreina persónuupplýsingarnar sem má vinna, þ.e. tilteknar persónuupplýsingar sem varða einstaka sérfræðinga sem taka þátt í sameiginlegu vísindalegu samráði og tilteknar persónuupplýsingar sem varða fulltrúa sem voru tilnefndir í samræmingarhópinn og undirhópinn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð, fulltrúa þróunaraðila heilbrigðistækni og fulltrúa meðlima í neti hagsmunaaðila. Ef sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki fer fram samhliða samráði með sérfræðingahópnum ætti framkvæmdastjórnin að fá skrá frá Lyfjastofnun Evrópu yfir þá þátttakendur í samráðinu við sérfræðingahópinn sem er boðið á fundinn með þróunaraðila heilbrigðistækni.

20) Framkvæmdastjórnin ætti að teljast vera ábyrgðaraðili fyrir vinnslu persónuupplýsinga í skilningi 8. liðar 3. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725. Öll vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Lyfjastofnunar Evrópu og meðlima samræmingarhópsins og undirhópsins fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð og fulltrúa þeirra utan upplýsingatæknivettvangsins fyrir mat á heilbrigðistækni skal fara fram í samræmi við, eftir því sem við á, reglugerð (ESB) 2018/1725 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([6]).

21) Til að tryggja möguleikann á að sannprófa hvort sameiginlegt vísindalegt samráð hafi farið fram á óháðan og óhlutdrægan hátt, t.d. ef um er að ræða kvartanir eða málaferli, sem og til að tryggja viðeigandi ítarlega sérhæfða sérþekkingu í sameiginlegu vísindalegu samráði og til að sannprófa samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 4. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2282 um að matsaðili og meðmatsaðili fyrir sameiginlegt klínískt mat skuli vera aðrir en matsaðilinn og meðmatsaðilinn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð, þykir rétt að kveða á um viðeigandi varðveislutímabil varðandi persónuupplýsingar og um reglulega endurskoðun þeirra.

22) Auðkenni sjúklinga getur leitt í ljós heilbrigðisástand sjúklingsins í tengslum við viðfangsefni sameiginlegs vísindalegs samráðs og ætti því að teljast vera sérstakur flokkur persónuupplýsinga skv. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725. Slík gögn ætti einungis að vinna ef viðmiðanir sem settar eru fram í i-lið 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar eru uppfylltar. Nauðsynlegt er að kveða á um hentugar og sértækar ráðstafanir til að vernda réttindi og frelsi sjúklingsins. Einkum ætti sjúklingum ekki að vera skylt að upplýsa þróunaraðila heilbrigðistækni um auðkenni sín. Samkvæmt 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2282 gilda kröfur um þagnarskyldu um fulltrúana sem eru skipaðir í samræmingarhópinn og í undirhópinn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð, sem og um einstaka sérfræðinga sem taka þátt í sameiginlegu

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11. 2018, bls. 39, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1725/oj).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2016/679/oj).

vísindalegu samráði, jafnvel eftir að skyldustörfum þeirra lýkur. Til að tryggja vernd persónuupplýsinga og trúnaðarupplýsinga er nauðsynlegt að kveða á um að eingöngu einstakir sérfræðingar sem hafa undirritað samkomulag varðandi trúnað megi taki þátt í sameiginlegu vísindalegu samráði.

23) Haft var samráð við samræmingarhópinn um þessar verklagsreglur 19. september 2024 í samræmi við 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2282.

24) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 42. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725 og skilaði hún áliti 11. desember 2024.

25) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um mat á heilbrigðistækni.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ítarlegar verklagsreglur vegna sameiginlegs vísindalegs samráðs sem fer fram skv. 16. til 21. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2282 að því er varðar:

a) framlagningu beiðna frá þróunaraðilum heilbrigðistækni um sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi,

b) val á og samráð við hagsmunasamtök og sjúklinga, klíníska sérfræðinga og aðra viðeigandi sérfræðinga (hér á eftir nefndir einstakir sérfræðingar) í sameiginlegu vísindalegu samráði um lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi,

c) samstarf, einkum með upplýsingaskiptum, við sérfræðingahópana um sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki ef þróunaraðili heilbrigðistækni fer fram á að samráðið fari fram samhliða samráði með sérfræðingahópnum skv. 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2282 (hér á eftir nefnt samráð með sérfræðingahópnum).

2. gr.

Fastsetning beiðnatímabila fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð

1. Eigi síðar en 30. nóvember á hverju ári skal samræmingarhópurinn fastsetja dagsetningar beiðnatímabila fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi fyrir komandi ár og hversu oft sameiginlegt vísindalegt samráð er áætlað á hverju þessara beiðnatímabila.

2. Samræmingarhópurinn skal fastsetja a.m.k. þrjú beiðnatímabil fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi á hverju ári.

3. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. skal samræmingarhópurinn, eigi síðar en 31. mars 2025, fastsetja a.m.k. eitt beiðnatímabil fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi fyrir árið 2025.

3. gr.

Framlagning beiðna um sameiginlegt vísindalegt samráð

1. Þróunaraðili heilbrigðistækni getur, hvenær sem er á beiðnatímabilinu sem er birt skv. 3. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2282, lagt fram beiðni um sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki eða lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi gegnum upplýsingatæknivettvanginn sem um getur í 30. gr. þeirrar reglugerðar (hér á eftir nefndur upplýsingatækni-vettvangurinn fyrir mat á heilbrigðistækni).

Beiðnin skal fylgja sniðmátinu sem samræmingarhópurinn kom á skv. a-lið 21. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2282.

2. Við framlagningu beiðni um sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki skal þróunaraðili heilbrigðistækni tilgreina hvort hann óskar eftir því að samráð með sérfræðingahópnum fari fram samhliða.

4. gr.

Skipti á upplýsingum um valdar beiðnir um sameiginlegt vísindalegt samráð

1. Við lok beiðnatímabils skal framkvæmdastjórnin, sem annast skrifstofuhald fyrir samræmingarhópinn (hér á eftir nefnd skrifstofan fyrir mat á heilbrigðistækni) framkvæma eftirfarandi aðgerðir:

a) gera aðgengilegar, gegnum upplýsingatæknivettvanginn fyrir mat á heilbrigðistækni, beiðnir um sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, sem uppfylla kröfurnar í annarri undirgrein 1. mgr. 3. gr., undirhópi samræmingarhópsins fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð (hér á eftir nefndur undirhópurinn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð) og tilgreina fyrir hvora beiðnina, sem varðar lækningatæki, var óskað eftir að samráð með sérfræðingahópnum fari fram samhliða,

b) deila með Lyfjastofnun Evrópu skránni yfir beiðnir um sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki þar sem þróunaraðili heilbrigðistækni tilgreindi að hann óskaði eftir að samráð með sérfræðingahópnum fari fram samhliða.

2. Innan 15 virkra daga eftir lok hvers beiðnatímabils skal skrifstofan fyrir mat á heilbrigðistækni upplýsa Lyfjastofnun Evrópu um það hverjar af beiðnunum, sem um getur í b-lið 1. mgr., voru valdar fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð og Lyfjastofnun Evrópu skal upplýsa skrifstofuna fyrir mat á heilbrigðistækni um það hverjar af beiðnunum um að samráð með sérfræðingahópnum fari fram samhliða í samræmi við b-lið 1. mgr. voru samþykktar.

5. gr.

Miðlun upplýsinga til þróunaraðila heilbrigðistækni um þátttöku í sameiginlegu vísindalegu samráði

1. Að því er varðar sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi skal undirhópurinn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð leggja fram upplýsingarnar sem um getur í 4. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2282, fyrir milligöngu skrifstofunnar fyrir mat á heilbrigðistækni, og skal, eftir atvikum, láta fylgja tímaáætlun fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð.

2. Ef sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki á að fara fram samhliða samráði með sérfræðingahópnum skulu skrifstofan fyrir mat á heilbrigðistækni, í samráði við undirhópinn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð, og Lyfjastofnun Evrópu, í samráði við sérfræðingahópinn, koma sér saman um tímaáætlunina sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og samstilla hana við tímasetningu ferlisins fyrir samráðið með sérfræðingahópnum eins og tilgreint er í 8. gr. (a- og e-lið 6. mgr.), 10. gr. (a-lið 2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.) og 14. gr. (a-lið).

6. gr.

Val á einstökum sérfræðingum fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð

1. Við val á lækningatækjum og lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi sem eiga að falla undir sameiginlegt vísindalegt samráð skal undirhópurinn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð tilgreina eftirfarandi fyrir hvert lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi:

a) sjúkdóminn,

b) meðferðarsviðið,

c) aðra sértæka sérþekkingu, s.s. tegund heilbrigðistækni, ef þörf krefur til að annast sameiginlegt vísindalegt samráð.

2. Á grundvelli upplýsinganna sem eru tilgreindar í 1. mgr. skal skrifstofan fyrir mat á heilbrigðistækni tilgreina einstaka sérfræðinga sem hafa skal samráð við meðan á sameiginlegu vísindalegu samráði stendur og skal taka saman skrá yfir viðkomandi einstaka sérfræðinga, í samráði við undirhópinn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð og matsaðila og meðmatsaðila fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð sem eru tilnefndir skv. 3. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2282 (hér á eftir nefndir matsaðili og meðmatsaðili). Við samantekt á skránni getur skrifstofan fyrir mat á heilbrigðistækni haft samráð við einn eða fleiri af eftirfarandi:

a) meðlimi í neti hagsmunaaðila sem var komið á fót skv. 29. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2282,

b) evrópskt tilvísunarnet fyrir sjaldgæfa og flókna sjúkdóma og viðkomandi evrópska stuðningshópa fyrir sjúklinga,

c) gáttina fyrir sjaldgæfa sjúkdóma og lyf við fátíðum sjúkdómum,

d) landsbundna tengiliði sem eru tilnefndir í samræmi við 1. mgr. 83. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 536/2014 ([7]),

e) Lyfjastofnun Evrópu.

3. Ef ekki er unnt að tilgreina nægan fjölda viðeigandi einstakra sérfræðinga með samráði við þá aðila sem um getur í 2. mgr. getur skrifstofan fyrir mat á heilbrigðistækni skoðað eftirfarandi til að taka saman skrá yfir einstaka sérfræðinga:

a) aðra gagnagrunna eða skrár en þær sem eru tilgreindar í 2. mgr.,

b) meðlimi í samræmingarhópnum og undirhópum hans,

c) viðeigandi samtök og stofnanir á vettvangi Sambandsins og á alþjóðavísu.

4. Eftir að framkvæmdastjórnin hefur, í samræmi við reglurnar sem eru settar fram í 5. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2282 og 4. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/2745, metið yfirlýsta hagsmuni einstakra sérfræðinga í skránni sem skrifstofan fyrir mat á heilbrigðistækni tók saman í samræmi við 1. til 3. mgr. þessarar greinar skal skrifstofan fyrir mat á heilbrigðistækni láta undirhópnum fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð í té skrá yfir tiltæka einstaka sérfræðinga.

5. Undirhópurinn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð skal annast endanlegt val á einstökum sérfræðingum, sem hafa skal samráð við meðan á sameiginlegu vísindalegu samráði stendur, úr skránni yfir einstaka sérfræðinga sem skrifstofan fyrir mat á heilbrigðistækni lætur í té í samræmi við 4. mgr. Við endanlegt val skal undirhópurinn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð setja í forgang einstaka sérfræðinga sem búa yfir sérfræðiþekkingu, sem tekur til fjölda aðildarríkja, á sjúkdómnum, meðferðarsviðinu eða tegund heilbrigðistækni sem er viðfangsefni sameiginlega vísindalega samráðsins.

7. gr.

Skuldbindingar einstakra sérfræðinga um þagnarskyldu

Skrifstofan fyrir mat á heilbrigðistækni skal tryggja að einungis einstakir sérfræðingar sem hafa undirritað samkomulag varðandi trúnað taki þátt í sameiginlegu vísindalegu samráði um lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi.

8. gr.

Kynningarpakki og frekari gögn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð

1. Þróunaraðili heilbrigðistækni skal leggja fram málsskjöl með upplýsingum, gögnum, greiningum og öðrum sönnunargögnum fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð skv. b-lið 21. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2282, þ.m.t. spurningalista, (hér á eftir nefndur kynningarpakki) með því að nota sniðmátið sem samræmingarhópurinn kom á skv. b-lið 21. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2282 eða skv. 9. gr. þessarar reglugerðar í gegnum upplýsingatæknivanginn fyrir mat á heilbrigðistækni.

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 536/2014 frá 16. apríl 2014 um klíníska prófanir á mannalyfjum og niðurfellingu á tilskipun 2001/20/EB (Stjtíð. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2014/536/oj).

2. Við framlagningu beiðni sem um getur í 1. mgr. 3. gr. getur þróunaraðili heilbrigðistækni farið fram á fund með matsaðila og meðmatsaðila og starfsfólki skrifstofunnar fyrir mat á heilbrigðistækni, sem ber ábyrgð á að veita skrifstofuaðstoð fyrir undirhópinn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð, til að leita aðstoðar sem skiptir máli við undirbúning kynningarpakkans. Meðlimum undirhópsins fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð skal boðið á þennan fund.

3. Fresturinn til að leggja fram kynningarpakkann skal fastsettur í tímaáætluninni sem um getur í 1. mgr. 5. gr. Skrifstofan fyrir mat á heilbrigðistækni skal gera kynningarpakka sem uppfyllir kröfurnar í 1. mgr. aðgengilegan fyrir matsaðila og meðmatsaðila og undirhópinn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð gegnum upplýsingatæknivettvanginn fyrir mat á heilbrigðistækni.

4. Telji matsaðili eða meðmatsaðili að þörf sé á frekari skilgreiningum eða nánari útlistunum eða viðbótarupplýsingum, gögnum, greiningum eða öðrum sönnunargögnum í kynningarpakkanum eða að ein eða fleiri spurningar sem þróunaraðili heilbrigðistækni lagði fram séu utan sviðs sameiginlegs vísindalegs samráðs skal skrifstofan fyrir mat á heilbrigðistækni fara fram á það við þróunaraðila heilbrigðistækni að hann leggi fram breyttan kynningarpakka innan þess frests sem er fastsettur í tímaáætluninni sem um getur í 1. mgr. 5. gr.

5. Telji matsaðili eða meðmatsaðili, hvenær sem er meðan á gerð draga að skjali með niðurstöðum sameiginlegs vísindalegs samráðs stendur, að þörf sé á frekari skilgreiningum eða nánari útlistunum eða viðbótarupplýsingum, gögnum, greiningum eða öðrum sönnunargögnum skal skrifstofan fyrir mat á heilbrigðistækni fara fram á það við þróunaraðila heilbrigðistækni að hann leggi fram slíkar upplýsingar, gögn, greiningar eða sönnunargögn innan þess frests sem matsaðili og meðmatsaðili fastsettu.

6. Ef sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki fer fram samhliða samráði með sérfræðingahópnum gildir eftirfarandi til viðbótar við reglurnar sem settar eru fram í 1. til 5. mgr.:

a) þróunaraðili heilbrigðistækni skal leggja kynningarpakkann, sem inniheldur nauðsynlegar upplýsingar fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki og fyrir samráð með sérfræðingahópnum, fyrir skrifstofuna fyrir mat á heilbrigðistækni og Lyfjastofnun Evrópu á sama tíma innan þeirra tímamarka sem eru fastsett í tímaáætluninni sem um getur í 1. mgr. 5. gr.,

b) einn af skýrslugjöfunum fyrir samráðið með sérfræðingahópnum og starfsmaður Lyfjastofnunar Evrópu sem ber ábyrgð á að veita skrifstofuaðstoð fyrir sérfræðingahópinn skulu taka þátt í fundinum sem um getur í 2. mgr.,

c) ráðgjöfum sérfræðingahópsins sem taka þátt í samráðinu skal boðið á fundinn sem um getur í 2. mgr.,

d) skrifstofan fyrir mat á heilbrigðistækni og Lyfjastofnun Evrópu skulu skiptast á viðeigandi beiðnum sínum um að leggja fram breyttan kynningarpakka, ef um slíkt er að ræða, á sama tíma og þær senda þessar beiðnir til þróunaraðila heilbrigðistækni,

e) þróunaraðili heilbrigðistækni skal leggja breytta kynningarpakkann fyrir skrifstofuna fyrir mat á heilbrigðistækni og Lyfjastofnun Evrópu á sama tíma innan þeirra tímamarka sem eru fastsett í tímaáætluninni sem um getur í 1. mgr. 5. gr.,

f) skrifstofan fyrir mat á heilbrigðistækni og Lyfjastofnun Evrópu skulu skiptast á staðfestingu á móttöku kynningarpakkans sem um getur í a- og e-lið á sama tíma og þær senda staðfestingu á móttöku til þróunaraðila heilbrigðistækni,

g) Lyfjastofnun Evrópu skal tilkynna skrifstofunni fyrir mat á heilbrigðistækni um gildingu sérfræðingahópsins á umsókninni um samráð við sérfræðingahópinn,

h) skrifstofan fyrir mat á heilbrigðistækni skal tilkynna Lyfjastofnun Evrópu um samþykki undirhópsins fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð fyrir kynningarpakkanum fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð,

i) þróunaraðili heilbrigðistækni skal leggja upplýsingar, gögn, greiningar eða önnur sönnunargögn sem um getur í 5. mgr. fyrir skrifstofuna fyrir mat á heilbrigðistækni og sérfræðingahópinn á sama tíma.

7. Fyrir fundinn sem um getur í 2. mgr. skal Lyfjastofnun Evrópu senda skrifstofunni fyrir mat á heilbrigðistækni skrána yfir þátttakendur á fundinum sem skal bjóða á fundinn í samræmi við b- og c-lið 6. mgr.

9. gr.

Fastsetning sniðmáts fyrir kynningarpakka þegar sameiginlegt vísindalegt samráð fer fram samhliða samráði með sérfræðingahópnum

Samræmingarhópurinn skal, að höfðu samráði við og eftir að hafa náð samkomulagi við Lyfjastofnun Evrópu, í samráði við sérfræðingahópana, fastsetja sérstakt sniðmát fyrir kynningarpakkann sem skal nota þegar sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki fer fram samhliða samráði með sérfræðingahópnum.

10. gr.

Skráin yfir atriði sem skal ræða á fundi til skoðanaskipta

1. Eftir að hafa metið kynningarpakkann og, eftir atvikum, gögnin sem um getur í 5. mgr. 8. gr. skal undirhópurinn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð, fyrir milligöngu skrifstofunnar fyrir mat á heilbrigðistækni, deila með þróunaraðila heilbrigðistækni skránni yfir atriði þar sem fram koma þau efnisatriði sem á að fjalla um á fundinum sem um getur í 7. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2282 og, ef við á, sérstakar spurningar sem á einungis að fjalla um skriflega fyrir þann fund (hér á eftir nefnd skráin yfir atriði). Þróunaraðili heilbrigðistækni skal láta undirhópnum fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð í té, fyrir milligöngu skrifstofunnar fyrir mat á heilbrigðistækni, skrifleg svör, ef einhver eru, við skránni yfir atriði sem og hvers konar nauðsynlegt efni eða kynningar fyrir fundinn í síðasta lagi 10 dögum fyrir þennan fund.

2. Ef sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki fer fram samhliða samráði með sérfræðingahópnum gildir eftirfarandi til viðbótar við reglurnar sem settar eru fram í 1. mgr.:

a) undirhópurinn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð, fyrir milligöngu skrifstofunnar fyrir mat á heilbrigðistækni, og sérfræðingahópurinn, fyrir milligöngu Lyfjastofnunar Evrópu, skulu senda viðeigandi skrár sínar yfir atriði til þróunaraðila heilbrigðistækni innan þess frests sem er fastsettur í tímaáætluninni sem um getur í 1. mgr. 5. gr.,

b) skrifstofan fyrir mat á heilbrigðistækni og Lyfjastofnun Evrópu skulu skiptast á skránum yfir atriði sama dag og þær senda skrárnar til þróunaraðila heilbrigðistækni,

c) þróunaraðili heilbrigðistækni skal senda undirhópnum fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð, fyrir milligöngu skrifstofunnar fyrir mat á heilbrigðistækni, afrit af skriflegum svörum sínum, ef einhver eru, við skránni yfir atriði sem sérfræðingahópurinn lét í té á sama tíma og hann sendir þessi svör til Lyfjastofnunar Evrópu,

d) þróunaraðili heilbrigðistækni skal senda Lyfjastofnun Evrópu afrit af skriflegum svörum sínum, ef einhver eru, við skránni yfir atriði sem undirhópurinn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð lét í té á sama tíma og hann sendir þessi svör til skrifstofunnar fyrir mat á heilbrigðistækni.

11. gr.

Framlag einstakra sérfræðinga til sameiginlegs vísindalegs samráðs

Eigi síðar en 30 dögum eftir framlagningu á breytta kynningarpakkanum sem um getur í 4. mgr. 8. gr. eða, ef sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki fer fram samhliða samráði með sérfræðingahópnum, eigi síðar en 30 dögum eftir gildingu umsóknarinnar sem um getur í g-lið 6. mgr. 8. gr. skal undirhópurinn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð, fyrir milligöngu skrifstofunnar fyrir mat á heilbrigðistækni, deila kynningarpakkanum með einstökum sérfræðingum sem voru valdir í samræmi við 6. gr. og gefa þeim tækifæri til að leggja sitt til málanna varðandi sameiginlega vísindalega samráðið.

12. gr.

Samráð við hagsmunasamtök meðan á sameiginlegu vísindalegu samráði stendur

1. Hvenær sem er meðan á sameiginlegu vísindalegu samráði stendur getur undirhópurinn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð leitað eftir, fyrir milligöngu skrifstofunnar fyrir mat á heilbrigðistækni, innleggi varðandi sjúkdóminn, meðferðarsviðið eða önnur svið sem skipta máli fyrir lækningatækið eða lækningatækið til sjúkdómsgreiningar í glasi frá samtökum sjúklinga, fagfélögum heilbrigðisstarfsmanna eða klínískum félögum og vísindafélögum fyrir milligöngu meðlima í neti hagsmunaaðila, sem var komið á fót skv. 29. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2282, en virt um leið trúnaðareðli beiðninnar um sameiginlegt vísindalegt samráð.

2. Ef sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki fer fram samhliða samráði með sérfræðingahópnum skal skrifstofan fyrir mat á heilbrigðistækni deila innlegginu, sem um getur í 1. mgr., með Lyfjastofnun Evrópu á sama tíma og hún deilir því með undirhópnum fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð.

13. gr.

Fundur með þróunaraðila heilbrigðistækni

1. Eftirfarandi þátttakendum skal boðið á fundinn sem um getur í 7. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2282:

a) fulltrúum þróunaraðila heilbrigðistækni,

b) matsaðila og meðmatsaðila,

c) einstökum sérfræðingum sem eru valdir í samræmi við 6. gr.,

d) öðrum fulltrúum undirhópsins fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð en þeim sem eru tilgreindir í b-lið,

e) starfsfólki skrifstofunnar fyrir mat á heilbrigðistækni sem ber ábyrgð á að veita skrifstofuaðstoð fyrir undirhópinn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð.

2. Ef sameiginlegt vísindalegt samráð fer fram samhliða samráði með sérfræðingahópnum skal bjóða eftirfarandi þátttakendum, til viðbótar við þátttakendurna sem eru tilgreindir í 1. mgr., á fundinn eins og um getur í 8. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2282:

a) ráðgjöfum sérfræðingahópsins sem taka þátt í samráðinu með sérfræðingahópnum,

b) starfsfólki Lyfjastofnunar Evrópu sem veitir skrifstofuaðstoð fyrir sérfræðingahópinn.

Að fenginni beiðni frá Lyfjastofnun Evrópu er heimilt að bjóða sjúklingum, sem eru valdir í samræmi við viðeigandi reglur Lyfjastofnunar Evrópu til að taka þátt meðan samráðið við sérfræðingahópana stendur yfir, á fundinn til skoðanaskipta.

Að fenginni beiðni frá þróunaraðila heilbrigðistækni er heimilt að bjóða fulltrúum frá tilkynnta aðilanum, sem þróunaraðili heilbrigðistækni valdi, sem áheyrnarfulltrúum á fundinn til skoðanaskipta.

3. Fundurinn sem um getur í 2. mgr. skal vera sýndarfundur. Hann skal vera undir formennsku matsaðilans eða meðmatsaðilans og eins af skýrslugjöfunum fyrir samráðið með sérfræðingahópnum.

4. Fyrir fundinn sem um getur í 2. mgr. skal Lyfjastofnun Evrópu senda skrifstofunni fyrir mat á heilbrigðistækni skrána yfir þátttakendur á fundinum sem skal bjóða á fundinn í samræmi við 2. mgr.

14. gr.

Skjal með niðurstöðum sameiginlegs vísindalegs samráðs fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð sem fer fram samhliða samráði með sérfræðingahópnum

Ef sameiginlegt vísindalegt samráð fer fram samhliða samráði með sérfræðingahópnum gildir eftirfarandi:

a) samræmingarhópurinn skal samþykkja skjal með niðurstöðum sameiginlegs vísindalegs samráðs og sérfræðingahópurinn skal gefa út bréf með ráðleggingum til þróunaraðila heilbrigðistækni innan þess frests sem er fastsettur í tímaáætluninni sem um getur í 1. mgr. 5. gr.,

b) skrifstofan fyrir mat á heilbrigðistækni og Lyfjastofnun Evrópu skulu skiptast á skjalinu með niðurstöðunum sem samræmingarhópurinn samþykkti og bréfinu með ráðleggingunum sem sérfræðingahópurinn gaf út sama dag og þau eru send til þróunaraðila heilbrigðistækni.

15. gr.

Bréfaskipti meðan á sameiginlegu vísindalegu samráði stendur

Öll gögn sem um getur í reglugerð (ESB) 2021/2282 og í þessari reglugerð skulu send á stafrænu formi og skipst skal á þeim við og á milli samræmingarhópsins, undirhópsins fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð, skrifstofunnar fyrir mat á heilbrigðistækni, þróunaraðila heilbrigðistækni og einstakra sérfræðinga, gegnum upplýsingatæknivettvanginn fyrir mat á heilbrigðistækni, meðan á sameiginlegu vísindalegu samráði um lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi stendur.

16. gr.

Vinnsla persónuupplýsinga

1. Framkvæmdastjórnin skal vera ábyrgðaraðili fyrir vinnslu persónuupplýsinga sem er safnað í þeim tilgangi að inna af hendi sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi samkvæmt þessari reglugerð.

2. Flokkar persónuupplýsinga sem eru nauðsynlegir í þeim tilgangi sem um getur í 1. mgr. eru:

a) auðkenni, tölvupóstfang og tengsl fulltrúa sem voru tilnefndir í samræmingarhópinn og undirhópinn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð,

b) auðkenni og tölvupóstfang einstakra sérfræðinga í öllum eftirfarandi tilvikum:

   i. þeir eru auðkenndir þannig að þeir skipti máli fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð,

   ii. þeir eru valdir til að hafa samráð við þá í sameiginlegu vísindalegu samráði,

   iii. haft er samráð við þá í sameiginlegu vísindalegu samráði,

c) auðkenni, tölvupóstfang og tengsl fulltrúa þróunaraðila heilbrigðistækni,

d) auðkenni, tölvupóstfang og tengsl fulltrúa meðlima í neti hagsmunaaðila sem var komið á fót skv. 29. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2282,

e) auðkenni, tölvupóstfang og tengsl þátttakenda sem taka þátt í samráðinu með sérfræðingahópnum sem um getur í b- og c-lið 6. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 13. gr. sem skal bjóða á fundinn með þróunaraðila heilbrigðistækni,

f) auðkenni, tölvupóstfang og tengsl þátttakenda sem um getur í þriðju undirgrein 2. mgr. 13. gr. sem skal bjóða á fundinn með þróunaraðila heilbrigðistækni.

3. Fulltrúarnir sem eru tilnefndir í samræmingarhópinn og undirhópinn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð skulu einungis hafa aðgang að þeim hlutum öruggs kerfis í upplýsingatæknivettvanginum fyrir mat á heilbrigðistækni sem skipta máli fyrir framkvæmd verkefna þeirra. Fulltrúar geta starfað með öðrum fulltrúum sem eru tilnefndir í samræmingarhópinn eða í undirhópinn fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð sem þeir tilheyra, gegnum upplýsingatæknivettvanginn fyrir mat á heilbrigðistækni, í þeim tilgangi að inna af hendi sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi.

4. Á fundinum sem um getur í 13. gr. skal sjúklingum ekki að vera skylt að upplýsa þróunaraðila heilbrigðistækni um auðkenni sín.

5. Framkvæmdastjórnin skal einungis geyma persónuupplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. svo lengi sem nauðsyn krefur í þeim tilgangi sem um getur í 1. mgr. og ekki lengur en í 15 ár eftir að skráður einstaklingur hefur hætt þátttöku í sameiginlegu vísindalegu samráði. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þörfina fyrir að geyma persónuupplýsingar á tveggja ára fresti.

Framkvæmdastjórnin skal einungis geyma persónuupplýsingar einstakra sérfræðinga sem voru ekki valdir til samráðs í sameiginlegu vísindalegu samráði svo lengi sem nauðsyn krefur til að tryggja viðeigandi ítarlega sérhæfða sérþekkingu í sameiginlegu vísindalegu samráði og ekki lengur en í þrjú ár eftir að framkvæmdastjórnin tók við þessum gögnum.

17. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. janúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2024/2838 **2025/EES/73/32**

frá 23. október 2024

um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1379/2013, (ESB) nr. 167/2013 og (ESB) nr. 168/2013 að því er varðar tilteknar kröfur um skýrslugjöf (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 43. gr. og 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Kröfur um skýrslugjöf gegna lykilhlutverki við að tryggja tilhlýðilega vöktun og rétta framkvæmd réttargerða Sambandsins. Þó er mikilvægt að einfalda slíkar kröfur til að tryggja að þær þjóni þeim tilgangi sem þeim var ætlað og til að takmarka stjórnsýsluálag.

2) Framkvæmdastjórnin lítur því á það sem forgangsverkefni sitt að einfalda skyldur um skýrslugjöf og draga úr stjórnsýsluálagi. Reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1379/2013 ([3]), (ESB) nr. 167/2013 ([4]) og (ESB) nr. 168/2013 ([5]) innihalda allmargar kröfur um skýrslugjöf á sviði markaðsstaðla og markaðseftirlits sem ætti að einfalda í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 16. mars 2023 sem ber yfirskriftina „Samkeppnishæfni ESB til lengri tíma litið – eftir 2030“.

3) Með þessari reglugerð eru kröfur um skýrslugjöf, sem teljast ekki lengur nauðsynlegar á sviði sameiginlegs markaðskerfis fyrir fisk- og lagareldisafurðir, og hafa áhrif á fiskiðnaðinn, og á sviði gerðarviðurkenningar og markaðseftirlits með ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt, ökutækjum á tveimur og þremur hjólum og fjórhjólum, felldar brott og einfaldaðar.

4) Í reglugerð (ESB) nr. 1379/2013 er kveðið á um að reglur sem gilda um almenna markaðsstaðla, einkum þær reglur sem m.a. er mælt fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 2406/96 ([6]), eigi að gilda áfram.

5) Í 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 2406/96 er þess krafist að hvert aðildarríki, eigi síðar en einum mánuði fyrir gildistöku þeirrar reglugerðar, sendi hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni skrá yfir nöfn og heimilisföng sérfræðinga og atvinnugreinasamtaka sem tilnefnd eru til að flokka fiskafurðir eftir ferskleika og stærð og í kjölfarið á það að tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um hvers konar breytingar sem gerðar eru á skránni. Þar sem þessi krafa er úrelt og ekki lengur nauðsynleg til að ná markmiðum reglugerðar (ESB) nr. 1379/2013 ætti hún ekki lengur að gilda.

6) Í reglugerð (ESB) nr. 167/2013 eru settar fram reglur um viðurkenningu á og markaðseftirlit með ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/2838, 7.11.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 199/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C, C/2024/1587, 5.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/C/2024/1587/oj.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 28. febrúar 2024 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 8. október 2024.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1379/2013 frá 11. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir fisk- og lagareldisafurðir, um breytingu á reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1184/2006 og (EB) nr. 1224/2009 og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 104/2000 (Stjtíð. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 frá 5. febrúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með ökutækjum fyrir landbúnað eða skógrækt (Stjtíð. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 frá 15. janúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum (Stjtíð. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 52).

([6]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2406/96 frá 26. nóvember 1996 um sameiginlega markaðsstaðla fyrir tilteknar fiskafurðir (Stjtíð. EB L 334, 23.12.1996, bls. 1).

7) Í 74. og 75. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 er þess krafist að aðildarríkin upplýsi framkvæmdastjórnina um beitingu gerðarviðurkenningaraðferða og skráningarviðurkenninga ökutækis, eftir því sem við á, og að framkvæmdastjórnin leggi skýrslur fyrir Evrópuþingið og ráðið. Árið 2022 var gerð rannsókn á vegum framkvæmdastjórnarinnar á málefnum sem varða þessa skyldu um upplýsinga- og skýrslugjöf. Þar sem sú rannsókn leiddi í ljós að gerðarviðurkenningaraðferðir og skráningarviðurkenningar ökutækis eru fullnægjandi ættu þessar skyldur um upplýsinga- og skýrslugjöf ekki að gilda lengur.

8) Í reglugerð (ESB) nr. 168/2013 eru settar fram reglur um viðurkenningu á og markaðseftirlit með ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum.

9) Í 78. og 80. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 er þess krafist að aðildarríkin upplýsi framkvæmdastjórnina um beitingu gerðarviðurkenningaraðferða og um skráningarviðurkenninga ökutækis, eftir því sem við á, og að framkvæmdastjórnin leggi skýrslur fyrir Evrópuþingið og ráðið. Árið 2022 var gerð rannsókn á vegum framkvæmdastjórnarinnar á málefnum sem varða þessa skyldu um upplýsinga- og skýrslugjöf. Þar sem sú rannsókn leiddi í ljós að gerðarviðurkenningaraðferðir og skráningarviðurkenningar ökutækis eru fullnægjandi ættu þessar skyldur um upplýsinga- og skýrslugjöf ekki að gilda lengur.

10) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að einfalda kröfur um tilkynningarskylduna sem mælt er fyrir um í reglugerðum (ESB) nr. 1379/2013, (ESB) nr. 167/2013 og (ESB) nr. 168/2013, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.

11) Því ætti að breyta reglugerðum (ESB) nr. 1379/2013, (ESB) nr. 167/2013 og (ESB) nr. 168/2013 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) nr. 1379/2013

Í stað 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1379/2013 kemur eftirfarandi:

„1. Með fyrirvara um 2. mgr. skulu reglurnar sem gilda um sameiginlega markaðstaðla gilda áfram, einkum þær reglur sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2136/89 (*), reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1536/92 (**) og reglugerð ráðsins (EB) nr. 2406/96 (***), að 13. gr. undanskilinni. Reglur sem samþykktar hafa verið um beitingu sameiginlegra markaðsstaðla, s.s. þær reglur sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3703/85(****), skulu gilda áfram.

(*) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2136/89 frá 21. júní 1989 um sameiginlega markaðsstaðla fyrir rotvarða sardínu og um verslunarheiti fyrir rotvarða sardínu og rotvarðar afurðir af sardínutegund (Stjtíð. EB L 212, 22.7.1989, bls. 79).

(**) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1536/92 frá 9. júní 1992 um sameiginlega markaðsstaðla fyrir rotvarinn túnfisk og rákung (Stjtíð. EB L 163, 17.6.1992, bls. 1).

(***) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2406/96 frá 26. nóvember 1996 um sameiginlega markaðsstaðla fyrir tilteknar fiskafurðir (Stjtíð. EB L 334, 23.12.1996, bls. 1).

(****) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3703/85 frá 23. desember 1985 um ítarlegar reglur um beitingu sameiginlegra markaðsstaðla fyrir tiltekinn ferskan eða kældan fisk (Stjtíð. EB L 351, 28.12.1985, bls. 63).“

2. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 167/2013

Reglugerð (ESB) nr. 167/2013 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæði 74. gr. falla brott.

2) Ákvæði 75. gr. falla brott.

3. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 168/2013

Reglugerð (ESB) nr. 168/2013 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæði 78. gr. falla brott.

2) Ákvæði 80. gr. falla brott.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 23. október 2024.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
R. METSOLA	ZSIGMOND B. P.
forseti.	*forseti.*

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/452 **2025/EES/73/33**

frá 19. desember 2024

um leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) 2021/642 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar tilteknar upplýsingar sem eiga að koma fram á merkingu lífrænt ræktaðra vara (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ([1]), einkum a-lið 2. mgr. 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Lið 2.1 í III. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 var skipt út í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/642 ([2]) var Í þeim viðauka varðar síðasta málsgreinin í lið 2.1.3 upplýsingarnar sem um getur í fyrri liðum 2.1.1 og 2.1.2 þar sem settar eru fram reglur um pökkun og flutning á lífrænt ræktuðum vörum og vörum í aðlögun og um viðbótarábendingar fyrir fóðurblöndur sem eru leyfðar í lífrænni framleiðslu. Í þeirri málsgrein er einkum innleidd krafa varðandi framsetningu upplýsinganna sem um getur í liðum 2.1.1 og 2.1.2. Það hefði ekki átt að færa hana inn í lið 2.1.3 sem varðar viðbótarábendingar fyrir blöndu af fóðurjurtafræjum eingöngu. Sú málsgrein ætti að vera sérstakur liður. Þessa villu ætti því að leiðrétta.

2) Því ætti að leiðrétta framselda reglugerð (ESB) 2021/642 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leiðréttingar á framseldri reglugerð (ESB) 2021/642

Í viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2021/642 er 2. liður III. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 leiðréttur sem hér segir:

1) Síðasta málsgreinin í lið 2.1.3 fellur brott.

2) Eftirfarandi lið er bætt við:

„2.1.4. Eingöngu er heimilt að setja upplýsingarnar, sem um getur í liðum 2.1.1 og 2.1.2 fram í fylgiskjali ef hægt er að tengja slíkt skjal á óyggjandi hátt við pakkningu, ílát eða ökutæki sem varan er flutt í. Í fylgiskjalinu skulu vera upplýsingar um birgi eða flutningsaðila.“

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/452, 5.3.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 202/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/848/oj.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/642 frá 30. október 2020 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar tilteknar upplýsingar sem eiga að koma fram á merkingu lífrænt ræktaðra vara (Stjtíð. ESB L 133, 20.4.2021, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2021/642/oj).

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/2794 **2025/EES/73/34**

frá 31. október 2024

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1378 að því er varðar viðurkenningu á tilteknum eftirlitsaðilum, í samræmi við 46. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848, sem til þess bærum til að inna af hendi eftirlit og gefa út vottorð um lífræna framleiðslu í þriðju löndum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ([1]), einkum 1. mgr. 46. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvæði II. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1378 ([2]) voru samþykkt til að þau hefðu að geyma skrána yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem eru viðurkennd í samræmi við 1. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 sem til þess bær að annast eftirlit og gefa út vottorð um lífræna framleiðslu [áður: lífrænt vottorð] í þriðju löndum að því er varðar innflutning á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið í samræmi við i. lið b-liðar 1. mgr. 45. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Í 2. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 er mælt fyrir um viðmiðanir sem eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar þurfa að uppfylla til að vera viðurkennd í samræmi við 1. mgr. 46. gr. þeirrar reglugerðar. Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1698 ([3]) er mælt fyrir um kröfur um málsmeðferð sem þessi eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar skulu uppfylla þegar þau leggja beiðni sína um viðurkenningu, sem samanstendur af tæknilegum málsskjölum, fyrir framkvæmdastjórnina.

3) Frá því að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1378 var samþykkt hafa framkvæmdastjórninni borist beiðnir um viðurkenningu frá nokkrum eftirlitsaðilum, sem voru lagðar fram í samræmi við 4. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848.

4) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað, í samræmi við 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1698, beiðnir um viðurkenningu frá „ACO CERTIFICATION LIMITED“, „CTR ULUSLARARASI BELGELENDIRME VE DENETIM LTD. ŞTİ.“, „DQS POLSKA SPÓŁKA Z OGRANICZONĄ ODPOWIEDZIALNOŚCIĄ“, „Florida Certified Organic Growers and Consumers, Inc. (FOG), DBA as Quality Certification Services (QCS)“, „IMOCERT Latinoamérica Ltda.“, „INDOCERT“, „ONECERT INTERNATIONAL PRIVATE LIMITED“, „Organic Crop Improvement Association International Inc“, „Organic Food Development and Certification Center of China“, „Organización Internacional Agropecuaria S.A.“, „ORSER KONTROL VE SERTİFİKASYON ANONİM ŞİRKETİ“ og „SRS Certification GmbH“. Á grundvelli upplýsinganna í tæknilegum málsskjölum þeirra komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að viðurkenna þessa eftirlitsaðila í ótakmarkaðan tíma að því er varðar tiltekna vöruflokka í tilteknum þriðju löndum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/117, 27.1.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 198/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/848/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1378 frá 19. ágúst 2021 um tilteknar reglur sem varða vottorð sem er gefið út til rekstraraðila, hópa rekstraraðila og útflytjenda í þriðju löndum sem koma að innflutningi á lífrænt ræktuðum vörum og vörum í aðlögun inn í Sambandið og um að koma á fót skrá yfir viðurkennd eftirlitsyfirvöld og viðurkennda eftirlitsaðila í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 (Stjtíð. ESB L 297, 20.8.2021, bls. 24, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/1378/oj).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1698 frá 13. júlí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar kröfur um málsmeðferð er varða viðurkenningu á eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum sem eru til þess bær að annast eftirlit með lífrænt vottuðum rekstraraðilum og hópum rekstraraðila og með lífrænt ræktuðum vörum í þriðju löndum og að því er varðar reglur um eftirlit með þeim og eftirlit og aðrar aðgerðir sem þessi eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar eiga að annast (Stjtíð. ESB L 336, 23.9.2021, bls. 7, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2021/1698/oj).

5) Framkvæmdastjórnin hefur einnig tekið við og athugað, í samræmi við 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1698, beiðni frá „Ecocert SAS“ um rýmkun á gildissviði viðurkenningar. Á grundvelli upplýsinganna í tæknilegum málsskjölum hans komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka gildissvið viðurkenningar hans í ótakmarkaðan tíma að því er varðar þá vöruflokka sem óskað er eftir í þeim þriðju löndum sem óskað er eftir.

6) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1378 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/1378 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. október 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Þriðju málsgrein II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1378 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslunni fyrir A CERT European Organization for Certification S.A.:

„ACO CERTIFICATION LIMITED

1. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur						
		A	B	C	D	E	F	G
AU-BIO-107	Ástralía	–	x	–	x°	x	x	x
FJ-BIO-107	Fiji	x	–	–	x	–	–	–
MY-BIO-107	Malasía	x	–	–	x	–	–	–
PG-BIO-107	Papúa Nýja-Gínea	x	–	–	x	–	–	–
TH-BIO-107	Taíland	x	–	–	x	–	–	–
TW-BIO-107	Taívan	–	–	–	x	–	–	x
VU-BIO-107	Vanúatú	x	–	–	x	x	–	–

2. Undanþágur: vörur í vöruflokkum sem eru merktir með „°”, sem falla undir gildissvið samnings um viðskipti með lífrænt ræktaðar vörur í samræmi við 47. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 eða undir gildissvið viðurkenningar sem jafngildi viðkomandi þriðja lands sem er skráð í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2325 (*).

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2325 frá 16. desember 2021 um að fastsetja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848, skrána yfir þriðju lönd og skrána yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem hafa verið viðurkennd skv. 2. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar innflutning á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið (Stjtíð. ESB L 465, 29.12.2021, bls. 8, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/2325/oj).“

2) Eftirfarandi færslum er bætt við á eftir færslunni fyrir Control Union Certifications B.V.:

„CTR ULUSLARARASI BELGELENDIRME VE DENETIM LTD. ŞTİ.

1. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur						
		A	B	C	D	E	F	G
TR-BIO-199	Tyrkland	x	–	x	x	–	–	x

DQS POLSKA SPÓŁKA Z OGRANICZONĄ ODPOWIEDZIALNOŚCIĄ

1. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur						
		A	B	C	D	E	F	G
BA-BIO-181	Bosnía og Hersegóvína	x	–	–	x	–	–	x
BR-BIO-181	Brasilía	x	–	–	x	–	–	x
BY-BIO-181	Belarús (Hvíta-Rússland)	x	–	–	x	–	–	x
CN-BIO-181	Kína	x	–	–	x	–	–	x
ID-BIO-181	Indónesía	x	–	–	x	–	–	x
IN-BIO-181	Indland	–	–	–	x	–	–	x
KE-BIO-181	Kenya	x	–	–	x	–	–	x
KZ-BIO-181	Kasakstan	x	–	–	x	–	–	x
LB-BIO-181	Líbanon	x	–	–	x	–	–	x
MG-BIO-181	Madagaskar	x	–	–	x	–	–	x
MX-BIO-181	Mexíkó	x	–	–	x	–	–	x
MY-BIO-181	Malasía	x	–	–	x	–	–	x
NG-BIO-181	Nígería	x	–	–	x	–	–	x
PH-BIO-181	Filippseyjar	x	–	–	x	–	–	x
PK-BIO-181	Pakistan	x	–	–	x	–	–	x
RS-BIO-181	Serbía	x	–	–	x	–	–	x
RU-BIO-181	Rússland	x	–	–	x	–	–	x
TR-BIO-181	Tyrkland	x	–	–	x	–	–	x
TW-BIO-181	Taívan	x	–	–	x	–	–	x
TZ-BIO-181	Tansanía	x	–	–	x	–	–	x
UA-BIO-181	Úkraína	x	–	–	x	–	–	x
UZ-BIO-181	Úsbekistan	x	–	–	x	–	–	x
VN-BIO-181	Víetnam	x	–	–	x	–	–	x
ZA-BIO-181	Suður-Afríka	x	–	–	x	–	–	x“

3) Í færslunni fyrir Ecocert SAS er eftirfarandi línum bætt við í töfluna í 1. lið í röð eftir kenninúmeri:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur						
		A	B	C	D	E	F	G
„JP-BIO-154	Japan	x°	–	–	–	–	–	–
PG-BIO-154	Papúa Nýja-Gínea	x	–	–	x	–	–	–
SB-BIO-154	Salómonseyjar	x	–	–	x	–	–	–
TO-BIO-154	Tonga	x	–	–	x	–	–	–

2. Undanþágur: vörur í vöruflokkum sem eru merktir með „°”, sem falla undir gildissvið samnings um viðskipti með lífrænt ræktaðar vörur í samræmi við 47. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 eða undir gildissvið viðurkenningar sem jafngildi viðkomandi þriðja lands sem er skráð í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325.“

4) Eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslunni fyrir ETKO EKOLOJİK TARIM KONTROL ORGANİZASYONU LİMİTED ŞİRKETİ::

„Florida Certified Organic Growers and Consumers, Inc. (FOG), DBA as Quality Certification Services (QCS)

1. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur						
		A	B	C	D	E	F	G
AE-BIO-144	Sameinuðu arabísku furstadæmin	x	–	–	x	–	–	–
BS-BIO-144	Bahamaeyjar	x	–	–	x	–	–	–
CL-BIO-144	Chile (Síle)	x°	–	x	x°	–	–	–
CR-BIO-144	Costa Rica	–	–	–	x°	–	–	–
DO-BIO-144	Dóminíska lýðveldið	x	–	–	x	–	–	–
EC-BIO-144	Ekvador	x	–	x	x	–	–	–
HN-BIO-144	Hondúras	x	–	x	x	–	–	–
IN-BIO-144	Indland	–	–	–	x	–	–	–
ID-BIO-144	Indónesía	x	–	x	x	–	–	–
JM-BIO-144	Jamaíka	x	–	–	x	–	–	–
NI-BIO-144	Níkaragva	–	–	x	–	–	–	–
PA-BIO-144	Panama	x	–	x	x	–	–	–
PE-BIO-144	Perú	x	–	–	x	–	–	–
TT-BIO-144	Trínidad og Tóbagó	x	–	–	x	–	–	–
TR-BIO-144	Tyrkland	x	–	–	x	–	–	–
US-BIO-144	Bandaríkin	–	–	x	–	–	–	–
VE-BIO-144	Venesúela	x	–	x	x	–	–	–
ZA-BIO-144	Suður-Afríka	x	–	–	x	–	–	–
ZM-BIO-144	Zambia	x	–	–	x	–	–	–

2. Undanþágur: vörur í vöruflokkum sem eru merktir með „°”, sem falla undir gildissvið samnings um viðskipti með lífrænt ræktaðar vörur í samræmi við 47. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 eða undir gildissvið viðurkenningar sem jafngildi viðkomandi þriðja lands sem er skráð í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325.“

5) Eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslunni fyrir IBD Certificações Ltda.:

„IMOCERT Latinoamérica Ltda.

1. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur						
		A	B	C	D	E	F	G
AR-BIO-123	Argentína	–	–	–	–	–	x	–
BO-BIO-123	Bólivía	x	–	–	x	–	–	–
BR-BIO-123	Brasilía	x	x	–	x	–	–	x
BZ-BIO-123	Belís	x	–	–	x	–	–	–
CO-BIO-123	Kólumbía	x	–	–	x	–	–	–
DO-BIO-123	Dóminíska lýðveldið	–	–	–	–	–	–	–
EC-BIO-123	Ekvador	x	–	–	x	–	–	–
GT-BIO-123	Gvatemala	x	–	–	x	–	–	–
HN-BIO-123	Hondúras	x	–	–	x	–	–	–
MX-BIO-123	Mexíkó	x	x	–	x	–	–	x
NI-BIO-123	Níkaragva	x	x	–	x	–	–	x
PA-BIO-123	Panama	x	–	–	x	–	–	–
PE-BIO-123	Perú	x	x	–	x	–	–	x
PY-BIO-123	Paragvæ	x	x	–	x	–	–	x
SV-BIO-123	El Salvador	x	–	–	x	–	–	–
UY-BIO-123	Úrúgvæ	–	x	–	–	–	x	x
VE-BIO-123	Venesúela	x	–	–	x	–	–	-“

6) Eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslunni fyrir IMO Control Private Limited:

„INDOCERT

1. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur						
		A	B	C	D	E	F	G
IN-BIO-148	Indland	–	–	x	x	x		x
LK-BIO-148	Srí Lanka	x	–	–	–	–	–	-“

7) Eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslunni fyrir Metrocert S.C.:

"ONECERT INTERNATIONAL PRIVATE LIMITED

1. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur						
		A	B	C	D	E	F	G
AE-BIO-152	Sameinuðu arabísku furstadæmin	x	–	–	x	x	–	x
BD-BIO-152	Bangladess	x	–	–	x	–	–	–
BJ-BIO-152	Benín	x	–	–	x	–	–	–

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur						
		A	B	C	D	E	F	G
EG-BIO-152	Egyptaland	x	–	–	x	–	–	–
ET-BIO-152	Eþíópía	x	–	–	x	x	–	–
GH-BIO-152	Gana	x	–	–	x	–	–	–
ID-BIO-152	Indónesía	x	–	–	x	x	–	x
JO-BIO-152	Jórdanía	x	–	–	x	–	–	–
KH-BIO-152	Kambódía	x	–	–	x	–	–	x
LK-BIO-152	Srí Lanka	x	–	–	x	–	–	–
MM-BIO-152	Myanmar (Mjanmar)	x	–	–	x	–	–	–
MY-BIO-152	Malasía	x	–	–	x	–	–	–
MZ-BIO-152	Mósambík	x	–	–	x	x	–	–
NG-BIO-152	Nígería	x	–	–	x	–	–	–
NP-BIO-152	Nepal	x	–	–	x	–	–	x
OM-BIO-152	Óman	x	–	–	x	–	–	–
PH-BIO-152	Filippseyjar	x	–	–	x	–	–	–
QA-BIO-152	Katar	x	–	–	x	–	–	–
SA-BIO-152	Sádi-Arabía	x	–	–	x	x	–	x
SG-BIO-152	Singapúr	x	–	–	x	–	–	–
TG-BIO-152	Tógó	x	–	–	x	–	–	–
TH-BIO-152	Taíland	x	–	–	x	–	–	x
TZ-BIO-152	Tansanía	x	–	–	x	–	–	–
UG-BIO-152	Úganda	x	–	–	x	x	–	–
VN-BIO-152	Víetnam	x	–	–	x	–	–	x
WS-BIO-152	Samóa	x	–	–	x	–	–	-“

8) Eftirfarandi færslum er bætt við á eftir færslunni fyrir Organic Control System LLC Subotica:

„Organic Crop Improvement Association International Inc

1. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur						
		A	B	C	D	E	F	G
GT-BIO-120	Gvatemala	x	x	–	x	–	–	–
JP-BIO-120	Japan	–	x	–	x°	–	–	–
MX-BIO-120	Mexíkó	x	x	–	x	–	–	–
NI-BIO-120	Níkaragva	x	x	–	x	–	–	–
PE-BIO-120	Perú	x	x	–	x	–	–	–

2. Undanþágur: vörur í vöruflokkum sem eru merktir með „°“, sem falla undir gildissvið samnings um viðskipti með lífrænt ræktaðar vörur í samræmi við 47. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 eða undir gildissvið viðurkenningar sem jafngildi viðkomandi þriðja lands sem er skráð í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325.

Organic Food Development and Certification Center of China

1. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur						
		A	B	C	D	E	F	G
CN-BIO-191	Kína	x	–	–	x	–	–	–
RU-BIO-191	Rússland	x	–	–	x	–	–	-“

9) Í færslunni fyrir Organización Internacional Agropecuaria S.A. er eftirfarandi línum bætt við í töfluna í 1. lið í röð eftir kenninúmeri:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur						
		A	B	C	D	E	F	G
„AR-BIO-110	Argentína	–	–	x	–	x	–	–
BO-BIO-110	Bólivía	–	x	–	–	x	–	–
BR-BIO-110	Brasilía	–	x	x	–	x	–	–
CL-BIO-110	Chile (Síle)	–	x°	x	–	x	–	–
CO-BIO-110	Kólumbía	–	x	x	–	x	–	–
EC-BIO-110	Ekvador	–	x	x	–	x	–	–
MX-BIO-110	Mexíkó	–	x	x	–	x	–	–
PA-BIO-110	Panama	–	x	x	–	x	–	–
PE-BIO-110	Perú	–	x	x	–	x	–	–
PY-BIO-110	Paragvæ	–	x		–	x	–	–
RU-BIO-110	Rússland	–	–	–	–	x	–	–
UY-BIO-110	Úrúgvæ	–	x	x	–	x	–	–

2. Undanþágur: vörur í vöruflokkum sem eru merktir með „°“, sem falla undir gildissvið samnings um viðskipti með lífrænt ræktaðar vörur í samræmi við 47. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 eða undir gildissvið viðurkenningar sem jafngildi viðkomandi þriðja lands sem er skráð í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325.“

10) Eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslunni fyrir Organska Kontrola d.o.o. Sarajevo:

„ORSER KONTROL VE SERTİFİKASYON ANONİM ŞİRKETİ

1. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur						
		A	B	C	D	E	F	G
AZ-BIO-166	Aserbaísjan	x	x	–	x	x	x	x
BA-BIO-166	Bosnía og Hersegóvína	x	x	–	x	x	x	x
GE-BIO-166	Georgía	x	x	–	x	x	x	x
IR-BIO-166	Íran	x	x	–	x	x	x	x
KG-BIO-166	Kirgistan	x	x	–	x	x	x	x
KZ-BIO-166	Kasakstan	x	x	–	x	x	x	x
MD-BIO-166	Moldóva	x	x	–	x	x	x	x
RS-BIO-166	Serbía	x	x	–	x	x	x	x
RU-BIO-166	Rússneska sambandsríkið	x	x	–	x	x	x	x
TR-BIO-166	Tyrkland	x	x	–	x	x	x	x
UA-BIO-166	Úkraína	x	x	–	x	x	x	x
UZ-BIO-166	Úsbekistan	x	x	–	x	x	x	x“

11) Eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslunni fyrir Southern Cross Certified Australia Pty Ltd:

„SRS Certification GmbH

1. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur						
		A	B	C	D	E	F	G
BF-BIO-195	Búrkína Fasó	x	–	–	x	x	–	x
BI-BIO-195	Búrúndí	x	–	–	x	x	–	x
BI-BIO-195	Benín	x	–	–	x	x	–	x
CD-BIO-195	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó	x	–	–	x	x	–	x
CF-BIO-195	Mið-Afríkulýðveldið	x	–	–	x	x	–	x
CG-BIO-195	Kongó	x	–	–	x	x	–	x
CI-BIO-195	Fílabeinsströndin	x	–	–	x	x	–	x
CM-BIO-195	Kamerún	x	–	–	x	x	–	x
CN-BIO-195	Kína	x	–	–	x	x	x	x
ET-BIO-195	Eþíópía	x	–	–	x	x	–	x
GA-BIO-195	Gabon	x	–	–	x	x	–	x
GH-BIO-195	Gana	x	–	–	x	x	–	x

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur						
		A	B	C	D	E	F	G
GQ-BIO-195	Miðbaugs-Gínea	x	–	–	x	x	–	x
HK-BIO-195	Hong Kong	x	–	–	x	x	–	x
ID-BIO-195	Indónesía	x	–	–	x	x	–	x
IN-BIO-195	Indland	x	–	–	x	x	–	x
KE-BIO-195	Kenya	x	–	–	x	x	–	x
KH-BIO-195	Kambódía	x	–	–	x	x	–	x
LA-BIO-195	Laos	x	–	–	x	x	–	x
LK-BIO-195	Srí Lanka	x	–	–	x	x	–	x
MG-BIO-195	Madagaskar	x	–	–	x	x	–	x
MM-BIO-195	Myanmar (Mjanmar)	x	–	–	x	x	–	x
MY-BIO-195	Malasía	x	–	–	x	x	–	x
NA-BIO-195	Namibía	x	–	–	x	x	–	x
NE-BIO-195	Níger	x	–	–	x	x	–	x
NG-BIO-195	Nígería	x	–	–	x	x	–	x
PH-BIO-195	Filippseyjar	x	–	–	x	x	–	x
PK-BIO-195	Pakistan	x	–	–	x	x	–	x
RW-BIO-195	Rúanda	x	–	–	x	x	–	x
SG-BIO-195	Singapúr	x	–	–	x	x	–	x
SN-BIO-195	Senegal	x	–	–	x	x	–	x
TD-BIO-195	Chad	x	–	–	x	x	–	x
TG-BIO-195	Tógó	x	–	–	x	x	–	x
TH-BIO-195	Taíland	x	–	–	x	x	–	x
TR-BIO-195	Tyrkland	x	–	–	x	x	x	x
TW-BIO-195	Taívan	x	–	–	x	x	–	x
TZ-BIO-195	Tansanía	x	–	–	x	x	–	x
UG-BIO-195	Úganda	x	–	–	x	x	–	x
VN-BIO-195	Víetnam	x	–	–	x	x	–	x
ZA-BIO-195	Suður-Afríka	x	–	–	x	x	x	x“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/352 **2025/EES/73/35**

frá 21. febrúar 2025

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB að því er varðar kalsídíólmónóhýdrat sem er notað við framleiðslu fæðubótarefna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni ([1]), einkum 5. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í I. og II. viðauka við tilskipun 2002/46/EB eru fastsettar skrár yfir vítamín og steinefni, og form hvers þeirra, sem nota má við framleiðslu fæðubótarefna.

2) Samkvæmt 14. gr. tilskipunar 2002/46/EB skal samþykkja ákvæði um vítamín og steinefni í fæðubótarefnum, sem kunna að hafa áhrif á lýðheilsu, að höfðu samráði við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin).

3) Í kjölfar beiðni frá framkvæmdastjórninni um að skila áliti um kalsídíólmónóhýdrat sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 ([2]) og sem D-vítamíngjafa í tengslum við tilskipun 2002/46/EB samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit um málið 25. maí 2021 ([3]).

4) Samkvæmt því áliti skapar notkun á kalsídíólmónóhýdrati í fæðubótarefni ekki öryggisvanda að því tilskildu að skilyrðin fyrir leyfinu fyrir því, sem eru sett fram í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1052 ([4]), séu uppfyllt. Á grundvelli jákvæðs álits frá Matvælaöryggisstofnuninni og leyfis fyrir því sem nýju innihaldsefni í matvæli í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/1052 ætti að færa kalsídíólmónóhýdrat á skrána yfir vítamín og steinefni sem sett er fram í II. viðauka við tilskipun 2002/46/EB til að heimila notkun þess sem D-vítamíngjafa í fæðubótarefni.

5) Því ætti að breyta tilskipun 2002/46/EB til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 2002/46/EB er breytt til samræmis við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/352, 24.2.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 204/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2002/46/oj.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 (Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2015/2283/oj).

([3]) Nefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um næringu, nýfæði og fæðuofnæmisvalda. „Safety of calcidiol monohydrate produced by chemical synthesis as a novel food pursuant to Regulation (EU) 2015/2283“, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021, 19(6), 6660.

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1052 frá 10. apríl 2024 um leyfi til að setja á markað kalsídíólmónóhýdrat sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtíð. ESB L 2024/1052, 11.4.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1052/oj).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. febrúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í lið A.2. (D-VÍTAMÍN) í II. viðauka við tilskipun 2002/46/EB er eftirfarandi færslu bætt við á eftir færslunni fyrir „b) ergókalsíferól“:

„c) kalsídíólmónóhýdrat ([4*])

([4*]) Eins og það er skráð í skrá Sambandsins yfir nýfæði í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2017/2470/oj).“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/3121 **2025/EES/73/36**

frá 16. desember 2024

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1378 að því er varðar viðurkenningu á tilteknum eftirlitsaðilum, í samræmi við 46. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848, sem til þess bærum til að inna af hendi eftirlit og gefa út vottorð um lífræna framleiðslu í þriðju löndum vegna innflutnings á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ([1]), einkum 1. mgr. 46. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvæði II. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1378 ([2]) voru samþykkt til að þau hefðu að geyma skrána yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem eru viðurkennd í samræmi við 1. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 sem til þess bær að annast eftirlit og gefa út vottorð um lífræna framleiðslu [áður: lífrænt vottorð] í þriðju löndum að því er varðar innflutning á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið í samræmi við i. lið b-liðar 1. mgr. 45. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Í 2. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 er mælt fyrir um viðmiðanir sem eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar þurfa að uppfylla til að vera viðurkennd í samræmi við 1. mgr. 46. gr. þeirrar reglugerðar. Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1698 ([3]) er mælt fyrir um kröfur um málsmeðferð sem þessi eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar skulu uppfylla þegar þau leggja beiðni sína um viðurkenningu, sem samanstendur af tæknilegum málsskjölum, fyrir framkvæmdastjórnina.

3) Frá því að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1378 var samþykkt hafa framkvæmdastjórninni borist beiðnir um viðurkenningu frá nokkrum eftirlitsaðilum, sem voru lagðar fram í samræmi við 4. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848.

4) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað, í samræmi við 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1698, beiðnir um viðurkenningu frá „Başak Ekolojik Ürünler Kontrol ve Sertifikasyon Hizmetleri Ticaret Limited Şirketi“, „Bioagricert s.r.l. Unipersonale“, „DQS POLSKA SPÓŁKA Z OGRANICZONĄ ODPOWIEDZIALNOŚCIĄ“, „GCL International Ltd“, „Japan Organic and Natural Foods Association“ og „Sertifikācijas un testēšanas centrs“. Á grundvelli upplýsinganna í tæknilegum málsskjölum þeirra komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að viðurkenna þessa eftirlitsaðila í ótakmarkaðan tíma að því er varðar tiltekna véruflokka í tilteknum þriðju löndum.

5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1378 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/3121, 17.12.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 204/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/848/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1378 frá 19. ágúst 2021 um tilteknar reglur sem varða vottorð sem er gefið út til rekstraraðila, hópa rekstraraðila og útflytjenda í þriðju löndum sem koma að innflutningi á lífrænt ræktuðum vörum og vörum í aðlögun inn í Sambandið og um að koma á fót skrá yfir viðurkennd eftirlitsyfirvöld og viðurkennda eftirlitsaðila í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 (Stjtíð. ESB L 297, 20.8.2021, bls. 24, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/1378/oj).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1698 frá 13. júlí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar kröfur um málsmeðferð er varða viðurkenningu á eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum sem eru til þess bær að annast eftirlit með lífrænt vottuðum rekstraraðilum og hópum rekstraraðila og með lífrænt ræktuðum vörum í þriðju löndum og að því er varðar reglur um eftirlit með þeim og eftirlit og aðrar aðgerðir sem þessi eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar eiga að annast (Stjtíð. ESB L 336, 23.9.2021, bls. 7, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2021/1698/oj).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1378 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Þriðju málsgrein II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1378 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslunni fyrir Balkan Biocert Macedonia DOOEL Skopje:

„**Başak Ekolojik Ürünler Kontrol ve Sertifikasyon Hizmetleri Ticaret Limited Şirketi**

1. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur						
		A	B	C	D	E	F	G
AE-BIO-175	Sameinuðu arabísku furstadæmin	x	—	—	x	—	—	x
KG-BIO-175	Kirgistan	x	—	—	x	—	—	x
TR-BIO-175	Tyrkland	x	—	—	x	—	—	x“

2) Eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslunni fyrir Beijing Continental Hengtong Certification Co., Ltd:

„**Bioagricert s.r.l. Unipersonale**

1. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur						
		A	B	C	D	E	F	G
AE-BIO-132	Sameinuðu arabísku furstadæmin	x	x	—	x	x	—	x
AL-BIO-132	Albanía	x	x	—	x	x	—	x
BO-BIO-132	Bólivía	x	x	—	x	x	—	x
CI-BIO-132	Fílabeinsströndin	x	x	—	x	x	—	x
CM-BIO-132	Kamerún	x	x	—	x	x	—	x
CN-BIO-132	Kína	x	x	—	x	x	—	x
DO-BIO-132	Dóminíska lýðveldið	x	x	—	x	x	—	x
EC-BIO-132	Ekvador	x	x	—	x	x	—	x
FJ-BIO-132	Fiji	x	x	—	x	x	—	x
GT-BIO-132	Gvatemala	x	x	—	x	x	—	x
ID-BIO-132	Indónesía	x	x	—	x	x	—	x
IN-BIO-132	Indland	—	x	—	x	x	—	x
KE-BIO-132	Kenya	x	x	—	x	x	—	x
KG-BIO-132	Kirgistan	x	x	—	x	x	—	x
KR-BIO-132	Lýðveldið Kórea	x	—	—	—	x	—	x°
LA-BIO-132	Laos	x	x	—	x	x	—	x
MA-BIO-132	Marokkó	x	x	—	x	x	—	x
MD-BIO-132	Moldóva	x	x	—	x	x	—	x
MU-BIO-132	Máritíus	x	x	—	x	x	—	x
MX-BIO-132	Mexíkó	x	x	—	x	x	—	x

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur						
		A	B	C	D	E	F	G
NG-BIO-132	Nígería	x	x	—	x	x	—	x
OM-BIO-132	Óman	x	x	—	x	x	—	x
PF-BIO-132	Franska Pólýnesía	x	x	—	x	x	—	x
PH-BIO-132	Filippseyjar	x	x	—	x	x	—	x
PY-BIO-132	Paragvæ	x	x	—	x	x	—	x
SA-BIO-132	Sádi-Arabía	x	x	—	x	x	—	x
SD-BIO-132	Súdan	x	x	—	x	x	—	x
SG-BIO-132	Singapúr	x	x	—	x	x	—	x
SN-BIO-132	Senegal	x	x	—	x	x	—	x
TG-BIO-132	Tógó	x	x	—	x	x	—	x
TH-BIO-132	Taíland	x	x	—	x	x	—	x
TR-BIO-132	Tyrkland	x	x	—	x	x	—	x
UY-BIO-132	Úrúgvæ	x	x	—	x	x	—	x
VN-BIO-132	Víetnam	x	x	—	x	x	—	x
ZA-BIO-132	Suður-Afríka	x	x	—	x	x	—	x

2. Undanþágur: vörur í vöruflokkum sem eru merktir með „°”, sem falla undir gildissvið samnings um viðskipti með lífrænt ræktaðar vörur í samræmi við 47. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 eða undir gildissvið viðurkenningar sem jafngildi viðkomandi þriðja lands sem er skráð í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325.“

3) Í stað færslunnar fyrir DQS POLSKA SPÓŁKA Z OGRANICZONĄ ODPOWIEDZIALNOŚCIĄ kemur eftirfarandi:

„DQS POLSKA SPÓŁKA Z OGRANICZONĄ ODPOWIEDZIALNOŚCIĄ

1. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur						
		A	B	C	D	E	F	G
BA-BIO-181	Bosnía og Hersegóvína	x	x	—	x	—	—	x
BR-BIO-181	Brasilía	x	x	—	x	—	—	x
BY-BIO-181	Belarús (Hvíta-Rússland)	x	x	—	x	—	—	x
CN-BIO-181	Kína	x	x	—	x	—	—	x
ID-BIO-181	Indónesía	x	x	—	x	—	—	x
IN-BIO-181	Indland	—	x	—	x	—	—	x
KE-BIO-181	Kenya	x	x	—	x	—	—	x
KZ-BIO-181	Kasakstan	x	x	—	x	—	—	x
LB-BIO-181	Líbanon	x	x	—	x	—	—	x
MG-BIO-181	Madagaskar	x	x	—	x	—	—	x
MX-BIO-181	Mexíkó	x	x	—	x	—	—	x
MY-BIO-181	Malasía	x	x	—	x	—	—	x
NG-BIO-181	Nígería	x	x	—	x	—	—	x

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur						
		A	B	C	D	E	F	G
PH-BIO-181	Filippseyjar	x	x	—	x	—	—	x
PK-BIO-181	Pakistan	x	x	—	x	—	—	x
RS-BIO-181	Serbía	x	x	—	x	—	—	x
RU-BIO-181	Rússland	x	x	—	x	—	—	x
TR-BIO-181	Tyrkland	x	x	—	x	—	—	x
TW-BIO-181	Taívan	x	x	—	x	—	—	x
TZ-BIO-181	Tansanía	x	x	—	x	—	—	x
UA-BIO-181	Úkraína	x	x	—	x	—	—	x
UZ-BIO-181	Úsbekistan	x	x	—	x	—	—	x
VN-BIO-181	Víetnam	x	x	—	x	—	—	x
ZA-BIO-181	Suður-Afríka	x	x	—	x	—	—	x“

4) Eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslunni fyrir FOOD SAFETY S.A.:

„**GCL International Ltd**

1. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur						
		A	B	C	D	E	F	G
CN-BIO-203	Kína	x	—	—	x	—	—	—
ID-BIO-203	Indónesía	x	—	—	x	—	—	—
IN-BIO-203	Indland	—	—	—	x	—	—	—
LK-BIO-203	Srí Lanka	x	—	—	x	—	—	—
MX-BIO-203	Mexíkó	x	—	—	x	—	—	—
PE-BIO-203	Perú	x	—	—	x	—	—	—
PH-BIO-203	Filippseyjar	x	—	—	x	—	—	—
TH-BIO-203	Taíland	x	—	—	x	—	—	—
TR-BIO-203	Tyrkland	x	—	—	x	—	—	—
VN-BII-203	Víetnam	x	—	—	x	—	—	—“

5) Eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslunni fyrir INDOCERT:

„**Japan Organic and Natural Foods Association**

1. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur						
		A	B	C	D	E	F	G
CN-BIO-145	Kína	x	—	—	x	—	—	—
JP-BIO-145	Japan	—	—	x	x°	—	—	x°

2. Undanþágur: vörur í vöruflokkum sem eru merktir með „°”, sem falla undir gildissvið samnings um viðskipti með lífrænt ræktaðar vörur í samræmi við 47. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 eða undir gildissvið viðurkenningar sem jafngildi viðkomandi þriðja lands sem er skráð í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325.“

6) Eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslunni fyrir Organska Kontrola d.o.o. Sarajevo:

„**Sertifikācijas un testēšanas centrs**

1. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur						
		A	B	C	D	E	F	G
AM-BIO-173	Armenía	x	x	—	x	x	x	—
AZ-BIO-173	Aserbaísjan	x	x	—	x	x	x	—
BD-BIO-173	Bangladess	x	—	—	x	—	—	—
BY-BIO-173	Belarús (Hvíta-Rússland)	x	x	—	x	x	x	—
GE-BIO-173	Georgía	x	x	—	x	x	x	—
IN-BIO-173	Indland	—	—	—	x	x	—	—
KG-BIO-173	Kirgistan	x	x	—	x	x	x	—
KZ-BIO-173	Kasakstan	x	x	—	x	x	x	—
LK-BIO-173	Srí Lanka	x	x	—	x	x	x	—
MD-BIO-173	Moldóva	x	x	—	x	x	x	—
NP-BIO-173	Nepal	x	—	—	x	—	—	—
RU-BIO-173	Rússland	x	x	—	x	x	x	—
TJ-BIO-173	Tadsíkistan	x	x	—	x	x	x	—
TM-BIO-173	Túrkmenistan	x	x	—	x	x	x	—
TR-BIO-173	Tyrkland	x	x	—	x	x	x	—
UA-BIO-173	Úkraína	x	x	—	x	x	x	—
UZ-BIO-173	Úsbekistan	x	x	—	x	x	x	—“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/651 **2025/EES/73/37**

frá 2. apríl 2025

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á ein- og tvíglýseríðum af fitusýrum (E 471) og karnúbavaxi (E 903) sem húðunarefnum á tiltekin fersk aldin og kassava og á lesitínum (E 322) og fitusýrum (E 570) sem burðarefnum í húðunarefni á kassava (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ([2]), einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra. Í III. viðauka við þá reglugerð er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, þ.m.t burðarefni, sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvælaaukefni, matvælaensím, matvælabragðefni, næringarefni og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Uppfæra má skrá Sambandsins yfir aukefni í matvælum í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.

3) Lesitín (E 322), ein- og tvíglýseríð af fitusýrum (E 471), fitusýrur (E 570) og karnúbavax (E 903) eru efni sem eru leyfð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1333/2008. Í matvælaflokknum 04.1.1 „Heil fersk aldin og grænmeti“ í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 eru ein- og tvíglýseríð af fitusýrum (E 471) leyfð sem húðunarefni til yfirborðsmeðferðar á tilteknum aldinum og karnúbavax (E 903) er leyft sem húðunarefni til yfirborðsmeðferðar á sömu eða öðrum aldinum. Lesitín (E 322) og fitusýrur (E 570) eru á meðal þeirra burðarefna sem eru leyfð til notkunar í húðunarefni fyrir aldin í 1. hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

4) Hinn 5. nóvember 2020 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir notkun á ein- og tvíglýseríðum af fitusýrum (E 471) sem húðunarefni á pískaraldin, kíví, epli, perur, ferskjur, nektarínur, plómur, kirsuber, jarðarber, aðalbláber, gúrkur, spergla, tómata og paprikur. Umsóknin var síðan gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.

5) Hinn 20. maí 2023 voru lagðar fram umsóknir um leyfi fyrir notkun á ein- og tvíglýseríðum af fitusýrum (E 471) og karnúbavaxi (E 903) sem húðunarefni á kassava og um leyfi fyrir notkun á lesitínum (E 322) og fitusýrum (E 570) sem burðarefnum í húðunarefni fyrir kassava. Umsóknirnar voru síðan gerðar aðgengilegar fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.

6) Samkvæmt umsækjendunum myndi tillögð notkun á ein- og tvíglýseríðum af fitusýrum (E 471) og karnúbavaxi (E 903) mæta aukinni eftirspurn eftir því að ferskvörur séu til árið um kring, draga úr matarsóun og bæta skilvirkni nýtingar náttúruauðlinda í landbúnaðarframleiðslu með minna tapi og notkun flutningsaðferða með minni losun koltvísýrings.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/651, 3.4.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 205/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1333/oj.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1331/oj.

7) Ein- og tvíglýseríð af fitusýrum (E 471) og karnúbavax (E 903), þegar þau eru notuð sem húðunarefni til yfirborðsmeðferðar á ferskum aldinum og grænmeti, mynda þunnt, óhvarfgjarnt og áþreifanlegt varnarlag gegn rakatapi og oxun til að vernda næringarfræðileg gæði og auka geymsluþol þessara afurða.

8) Þegar lesitín (E 322) og fitusýrur (E 570) eru notuð sem burðarefni auðvelda þau myndun stöðugs og einsleits hjúps húðunarefna sem eru sett á aldin og kassava.

9) Samkvæmt 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 skal ekki nota matvælaaukefni í óunnin matvæli nema sérstaklega sé kveðið á um slíka notkun í II. viðauka.

10) Neytendur eiga ekki von á að matvælaaukefni séu notuð á fersk aldin og grænmeti og það er engin skylda samkvæmt löggjöf Sambandsins að upplýsa um matvælaaukefni sem eru notuð á slíkar afurðir. Húðunarefni eru þó sett á hýði aldinsins eða grænmetisins og ekki búist við að þau flæði inn í innri hluta þeirra. Þar eð hýði píslaraldina, kíví og kassava er alla jafna ekki neytt innihalda slíkar afurðir því ekki húðunarefni þegar þær eru innteknar, jafnvel þó að þær séu meðhöndlaðar með húðunarefnum.

11) Það getur enn fremur verið sérstaklega nauðsynlegt að nota húðunarefni á slíkar afurðir þar eð einkum píslaraldin og kassava eru aðallega framleidd á svæðum með hlýtt loftslag og geta verið flutt og geymd í langan tíma á þessum svæðum áður en þau eru sett á markað í Sambandinu.

12) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) áður en hún uppfærir skrá Sambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna.

13) Hinn 4. október 2012 gaf Matvælaöryggisstofnunin út vísindalegt álit um endurmat á karnúbavaxi (E 903) sem matvælaaukefni ([3]) þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að sú notkun sem er sem stendur leyfð skapi ekki öryggisvanda.

14) Hinn 7. apríl 2017 gaf Matvælaöryggisstofnunin út vísindalegt álit um endurmat á lesitínum (E 322) sem matvælaaukefni ([4]) þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að ekki væri þörf á tölugildum fyrir ásættanlega daglega inntöku og að aukefnið hafi ekki öryggisvanda í för með sér fyrir almenning. Slík niðurstaða á við um efni sem skapa mjög lítinn öryggisvanda og einungis ef fyrir hendi eru áreiðanlegar upplýsingar um bæði váhrif og eiturhrif og mjög ólíklegt er að efnið hafi skaðleg áhrif á heilbrigði manna í skömmtum sem valda ekki næringarójafnvægi hjá dýrum ([5]).

15) Hinn 5. maí 2017 gaf Matvælaöryggisstofnunin út vísindalegt álit um endurmat á fitusýrum (E 570) sem matvælaaukefni ([6]) þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að enginn öryggisvandi skapist við tilgreinda notkun og notkunarmagn.

16) Hinn 10. nóvember 2017 gaf Matvælaöryggisstofnunin út vísindalegt álit um endurmat á ein- og tvíglýseríðum af fitusýrum (E 471) sem matvælaaukefnum ([7]) þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að ekki væri þörf á tölugildum fyrir ásættanlega daglega inntöku og að matvælaaukefnið hafi ekki öryggisvanda í för með sér þegar það er notað í matvæli fyrir almenning.

17) Þar eð hýði píslaraldina, kíví og kassava er alla jafna ekki neytt og enn fremur er ekki búist við að ein- og tvíglýseríð af fitusýrum (E 471), karnúbavax (E 903), lesitín (E 322) og fitusýrur (E 570) flæði inn í innri ætan hluta þeirra þegar þau eru notuð, eftir því sem við á, sem eða í húðunarefni til yfirborðsmeðferðar er ólíklegt að slík notkun hafi áhrif á heilbrigði manna. Því er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

18) Því er rétt að leyfa notkun á ein- og tvíglýseríðum af fitusýrum (E 471) á píslaraldin, kíví og kassava, notkun á karnúbavaxi (E 903) á kassava og notkun á lesitínum (E 322) og fitusýrum (E 570) í húðunarefni fyrir kassava.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10[10], 2880.
([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 5[4], 4742.
([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12[6], 3697.
([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 5[5], 4785.
([7]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 5[11], 5045.

19) Því ætti að breyta II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.

20) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. apríl 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Í E-hluta (Leyfileg matvælaaukefni og skilyrði fyrir notkun í matvælaflokkum) II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er matvælaflokki 04.1.1 (Heil fersk aldin og grænmeti) breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir ein- og tvíglýseríð af fitusýrum (E 471) kemur eftirfarandi:

	„E 471	Ein- og tvíglýseríð af fitusýrum	*eftir þörfum*		Einungis til yfirborðsmeðferðar á sítrusávöxtum, melónum, ananas, banönum, papæjualdinum, mangó, lárperum, granateplum, píslaraldinum, kíví og kassava“

b) Í stað færslunnar fyrir karnúbavax (E 903) kemur eftirfarandi:

	„E 903	Karnúbavax	200		Einungis til yfirborðsmeðferðar á sítrusávöxtum, melónum, eplum, perum, ferskjum, ananas, granateplum, mangó, lárperum, papæjualdinum og kassava og sem húðunarefni á hnetur“

II. VIÐAUKI

Í 1. hluta (Burðarefni í matvælaaukefni) III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er eftirfarandi færslu bætt við á eftir færslunum fyrir matvælaaukefnin „E 1201, pólývínýlpýrrólídón“ og „E 1202 pólývínýlpólýpýrrólídón“:

	„E 322	Lesitín	*eftir þörfum*	Húðunarefni fyrir kassava“
	E 570	Fitusýrur		

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/652 **2025/EES/73/38**

frá 2. apríl 2025

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar notkun á stevíólglýkósíðum sem eru framleidd með gerjun með því að nota *Yarrowia lipolytica* (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr. og 14. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ([2]), einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 ([3]) er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

3) Þessar skrár má uppfæra í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

4) Stevíólglýkósíð sem fást með þremur mismunandi framleiðsluferlum, þ.e.a.s. stevíólglýkósíð úr stevíu (E 960a), stevíólglýkósíð sem eru framleidd með ensímbreytingu (E 960c) og glúkósýluð stevíólglýkósíð (E 960d), eru leyfð sem matvælaaukefni og skilgreind með aðskildum nákvæmum skilgreiningum. Leyfilegt er að þessi aukefni hafi sameiginleg hámarksgildi, eins og það er skilgreint í C-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 (hér á eftir nefnt hópur stevíólglýkósíða (E 960a–960d)), með hámarksgildi gefin upp sem stevíóljafngildi.

5) Í september 2021 barst umsókn um breytingu á nákvæmum skilgreiningum á hópi stevíólglýkósíða (E 960a–960d) til að bæta við nýrri aðferð til framleiðslu á stevíólglýkósíðum, þ.e.a.s. á rebaudíósíði M sem er framleitt úr gerjun með *Yarrowia lipolytica*. Rebaudíósíð M úr gerjun, sem er framleitt með *Yarrowia lipolytica,* samanstendur af minnst 95% rebaudíósíði M, D, A og B og fæst með gerjun á gjafa einfaldrar sykru með því að nota erfðabreytta stofninn VRM af *Yarrowia lipolytica*. Fyrirhugað er að nota það að uppfylltum sömu skilyrðum og fyrir hóp stevíólglýkósíða (E 960a–960d) sem er þegar leyfður. Umsóknin var gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.

6) Hinn 24. október 2023 samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) álit sitt um mat á öryggi rebaudíósíðs M sem er framleitt með gerjun með því að nota *Yarrowia lipolytica* ([4]). Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu að enginn öryggisvandi myndi skapast við notkun

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/652, 3.4.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 205/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1333/oj.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1331/oj.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð. ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2012/231/oj).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21, e8387.

rebaudíósíðs M, sem er framleitt með gerjun með því að nota *Yarrowia lipolytica,* sem matvælaaukefni við tillagða notkun og tillagt notkunarmagn að teknu tilliti til núgildandi ásættanlegrar daglegrar inntöku sem nemur 4 mg/kg líkamsþyngdar á dag (gefið upp sem stevíóljafngildi). Matvælaöryggisstofnunin taldi að þessi framleiðsluaðferð geti leitt til annarra óhreininda en þeirra sem kunna að vera fyrir hendi í öðrum stevíólglýkósíðum sem eru framleidd í samræmi við gildandi viðeigandi nákvæmar skilgreiningar fyrir E 960a, E 960c og E 960d. Matvælaöryggisstofnunin taldi því að þörf væri á aðskildum nákvæmum skilgreiningum fyrir matvælaaukefnið sem er framleitt með framleiðsluferlinu sem er lýst í núverandi umsókn.

7) Því er rétt að leyfa notkun á rebaudíósíði M, sem er framleitt með gerjun með því að nota *Yarrowia lipolytica,* fyrir tillagða notkun og tillagt notkunarmagn.

8) Að teknu tilliti til alþjóðlega númerakerfisins fyrir matvælaaukefni í Alþjóðamatvælaskránni þykir rétt að leyfa matvælaaukefnið með heitinu „stevíólglýkósíð úr gerjun“ (E 960b).

9) Þar eð heimilt er að nota matvælaaukefnið stevíólglýkósíð úr gerjun (E 960b) í samsetningu með aukefnum úr hópi stevíólglýkósíða (E 960a–960d) í matvælaflokkunum þar sem þessi aukefni eru sem stendur leyfð og við sömu hámarksgildi og þau ætti að bæta því við í hóp stevíólglýkósíða (E 960a–960d) í C-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

10) Reglugerð (ESB) nr. 231/2012 ætti að innihalda nákvæma skilgreiningu fyrir „stevíólglýkósíð úr gerjun“ um leið og það er fært í skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem mælt er fyrir um í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, í fyrsta sinn. Að teknu tilliti til þess að aðrar framleiðsluaðferðir fyrir stevíólglýkósíð úr gerjun (E 960b) kunna að verða leyfðar í framtíðinni þykir rétt að færa nákvæmu skilgreininguna inn sem „E 960b(i) rebaudíósíð M úr gerjun sem er framleitt með *Yarrowia lipolytica*“.

11) Því ætti að breyta reglugerðum (EB) nr. 1333/2008 og (ESB) nr. 231/2012 til samræmis við það.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. apríl 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

a) Í 2. lið B-hluta (Sætuefni) er eftirfarandi færslu bætt við á eftir færslunni fyrir E 960a:

„E 960b	Stevíólglýkósíð úr gerjun“

b) Í stað v-liðar í 5. lið C-hluta (Önnur aukefni sem leyfilegt er að hafi sameiginleg hámarksgildi), kemur eftirfarandi:

„v) E 960a–960d: Stevíólglýkósíð

E-númer	Heiti
E 960a	Stevíólglýkósíð úr stevíu
E 960b	Stevíólglýkósíð úr gerjun
E 960c	Stevíólglýkósíð sem eru framleidd með ensímbreytingu
E 960d	Glúkósýluð stevíólglýkósíð“

II. VIÐAUKI

Í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er eftirfarandi færslu bætt við á eftir færslunni fyrir matvælaaukefni E 960a:

„E 960B(I) REBAUDÍÓSÍÐ M ÚR GERJUN SEM ER FRAMLEITT MEÐ *YARROWIA LIPOLYTICA*

Samheiti			
Skilgreining	Rebaudíósíð M úr gerjun, sem er framleitt með *Yarrowia lipolytica,* samanstendur af blöndu af stevíólglýkósíðum með rebaudíósíð M sem helsta efnisþátt, tiltekið magn af rebaudíósíði D og minna magn af rebaudíósíði A og rebaudíósíði B. Framleiðsluferlið felur í sér tvo meginfasa. Fyrri fasinn felur í sér gerjun á gjafa einfaldrar sykru með ekki eiturmyndandi og ekki sjúkdómsvaldandi stofni *Yarrowia lipolytica* sem hefur verið erfðabreytt með ósamstæðum genum til að yfirtjá gen sem taka þátt í efnasmíði stevíólglýkósíða til að fá stofninn VRM (CBS 147477). Á eftir fjarlægingu lífmassa með aðskilnaði fastra og fljótandi efna og hitameðhöndlun kemur þykking stevíólglýkósíða. Seinni fasinn felur í sér hreinsun með notkun jónagreiningar og þar á eftir kristöllun stevíólglýkósíða úr etanóli sem leiðir af sér fullunna vöru sem inniheldur ekki minna en 95% af rebaudíósíði M, D, A og B. Lífvænlegar frumur og DNA úr *Yarrowia lipolytica* VRM skulu ekki greinast í matvælaaukefninu.		
Efnaheiti	Rebaudíósíð A: 13-[(2-O-β-D-glúkópýranósýl-3-O-β-D-glúkópýranósýl-β-D-glúkópýranósýl)oxý] kaur-16-en-18-sýra, β-D-glúkópýranósýlester Rebaudíósíð B: 13-[(2-O-β-D-glúkópýranósýl-3-O-β-D-glúkópýranósýl-β-D-glúkópýranósýl)oxý] kaur-16-en-18-sýra Rebaudíósíð D: 13-[(2-O-β-D-glúkópýranósýl-3-O-β-D-glúkópýranósýl-β-D-glúkópýranósýl)oxý] kaur-16-en-18-sýra, 2-O-β-D-glúkópýranósýl-β-D-glúkópýranósýlester Rebaudíósíð M: 13-[(2-O-β-D-glúkópýranósýl-3-O-β-D-glúkópýranósýl-β-D-glúkópýranósýl)oxý] kaur-16-en-18-sýra, 2-O-β-D-glúkópýranósýl-3-O-β-D-glúkópýranósýl-β-D-glúkópýranósýlester		
Sameindaformúla	**Almennt heiti**	**Formúla**	**Breytistuðull**
	Rebaudíósíð A	C_{44} H_{70} O_{23}	0,33
	Rebaudíósíð B	C_{38} H_{60} O_{18}	0,40
	Rebaudíósíð D	$C_{50}H_{80}O_{28}$	0,29
	Rebaudíósíð M	$C_{56}H_{90}O_{33}$	0,25
Sameindaþyngd og CAS-númer	**Almennt heiti**	**CAS-númer**	**Sameindaþyngd (g/mól)**
	Rebaudíósíð A	58543-16-1	967,01
	Rebaudíósíð B	58543-17-2	804,88
	Rebaudíósíð D	63279-13-0	1 129,15
	Rebaudíósíð M	1220616-44-3	1 291,30
Magngreining	Ekki minna en 95% rebaudíósíð M, rebaudíósíð D, rebaudíósíð A og rebaudíósíð B miðað við þurrefni.		
Kornastærð	Ekki yfir 0,5% agnir undir 300 nm (með STEM-aðferð)		
Lýsing	Hvítt yfir í fölgult duft, u.þ.b. 200 til 350 sinnum sætara en súkrósi (við 5% súkrósajafngildi).		

Auðkenning	
Leysni	Lítillega leysanlegt í vatni
Sýrustig	Á bilinu 4,5 til 7,0 (lausn í hlutfallinu 1:100)
Hreinleiki	
Heildaraska	Ekki meira en 1%
Efnistap við þurrkun	Ekki meira en 6% (105 °C, 2 klukkustundir)
Leysiefnaleif	Ekki meira en 5 000 mg/kg etanól
Kaurensýra	Ekki meira en 0,3 mg/kg (mælt með vökvaskiljun og massagreiningu)
Arsen	Ekki meira en 0,01 mg/kg
Blý	Ekki meira en 0,01 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 0,01 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 0,05 mg/kg
Örverufræðilegar viðmiðanir	
Heildarfjöldi örvera (við loftháð skilyrði)	Ekki meira en 1000 CFU/g
Ger- og myglusveppir	Ekki meira en 100 CFU/g
Escherichia coli	Engar í 1 g
Salmonella spp.	Engar í 25 g
Prótínleifar	Ekki meira en 20 mg/kg“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/666 **2025/EES/73/39**

frá 4. apríl 2025

um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á natríumkarboxýmetýlsellulósa, sellulósagúmmíi (E 466) og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar nákvæmar skilgreiningar fyrir sellulósa (E 460), metýlsellulósa (E 461), etýlsellulósa (E 462), hýdroxýprópýlsellulósa (E 463), hýdroxýprópýlmetýlsellulósa (E 464), etýlmetýlsellulósa (E 465), natríumkarboxýmetýlsellulósa, sellulósagúmmí (E 466), vixltengdan natríumkarboxýmetýlsellulósa, vixltengt sellulósagúmmí (E 468) og karboxýmetýlsellulósa sem er vatnsrofinn með ensími (E 469) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr. og 14. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ([2]), einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra. Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, þ.m.t burðarefni, sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvælaaukefni, matvælaensím, matvælabragðefni, næringarefni og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 ([3]) er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

3) Skrár Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni má uppfæra í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

4) Sellulósi (E 460), metýlsellulósi (E 461), etýlsellulósi (E 462), hýdroxýprópýlsellulósi (E 463),hýdroxýprópýlmetýl sellulósi (E 464), etýlmetýlsellulósi (E 465), natríumkarboxýmetýlsellulósi, sellulósagúmmí (E 466), vixltengdur natríumkarboxýmetýlsellulósi, vixltengt sellulósagúmmí (E 468) og karboxýmetýlsellulósi sem er vatnsrofinn með ensími (E 469) eru matvælaaukefni sem eru leyfð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

5) Hinn 16. janúar 2018 skilaði Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) vísindalegu áliti um endurmat á sellulósa E 460(i), E 460(ii), E 461, E 462, E 463, E 464, E 465, E 466, E 468 og E 469 sem matvælaaukefnum ([4]). Að því er varðar notkun á natríumkarboxýmetýlsellulósa, sellulósagúmmí (E 466) í „Sérfæða fyrir ungbörn, notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi og sérstakar blöndur fyrir ungbörn“ (matvælaflokkur 13.1.5.1) og „Sérfæða fyrir ungbörn og smábörn til notkunar í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/666, 7.4.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 206/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1333/2024-04-23.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1331/2021-03-27.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð. ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2012/231/2024-04-23).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(1), 5047.

í tilskipun 1999/21/EB“ (matvælaflokkur 13.1.5.2) komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að fyrirliggjandi gögn gerðu það ekki kleift að meta með fullnægjandi hætti öryggi notkunar í matvæli sem tilheyra þessum matvælaflokkum. Að því er varðar aðra notkun á natríumkarboxýmetýlsellulósa, sellulósagúmmíi (E 466) og notkun á öðrum matvælaaukefnum sem voru endurmetin komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að ekki væri þörf á tölugildum fyrir ásættanlega daglega inntöku og að ekki væri fyrir hendi öryggisvandi við tilkynnta notkun þeirra og notkunarmagn. Matvælaöryggisstofnunin mælti þó með því að endurskoða hámarksgildin fyrir eitraða efnisþætti (arsen, blý, kvikasilfur og kadmíum) í nákvæmu skilgreiningunum sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 231/2012 fyrir þessi matvælaaukefni til að tryggja að þau valdi ekki talsverðum váhrifum af völdum fyrrnefndu eitruðu efnisþáttanna með matvælum.

6) Hinn 18. júlí 2018 auglýsti Matvælaöryggisstofnunin opinberlega eftir tæknilegum og eiturefnafræðilegum gögnum um natríumkarboxýmetýlsellulósa, sellulósagúmmí (E 466) til notkunar sem matvælaaukefni í matvæli fyrir alla íbúahópa, þ.m.t. ungbörn yngri en 16 vikna, til að safna gögnum sem eru nauðsynleg til að fara eftir tilmælum hennar varðandi umrætt matvælaaukefni. Rekstraraðilar brugðust við auglýsingunni og lögðu fram gögn.

7) Hinn 9. desember 2022 skilaði Matvælaöryggisstofnunin vísindalegu áliti um endurmat á natríumkarboxýmetýlsellulósa (E 466) sem matvælaaukefni í matvæli fyrir ungbörn yngri en 16 vikna og eftirfylgni með endurmati á því sem matvælaaukefni til notkunar í matvæli fyrir alla íbúahópa ([5]). Vegna viðvarandi skorts á gögnum framkvæmdi Matvælaöryggisstofnunin ekki mat á öryggi notkunar á natríumkarboxýmetýlsellulósa, sellulósagúmmí (E 466) í matvælaflokkum 13.1.5.1 og 13.1.5.2. Matvælaöryggisstofnunin mælti þó með því að lækka hámarksgildin fyrir eitraða efnisþætti í þessu matvælaaukefni og breyta orðinu „lausn“ í „dreifilausn“, á grundvelli þess að vatnssækið svif myndar dreift svif (e. *colloidal dispersion*) í dreifingu í vatni í stað eiginlegra lausna, í nákvæmum skilgreiningum fyrir það eins og mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 231/2012.

8) Hinn 16. apríl 2024 skýrði Matvælaöryggisstofnunin nánar að síðarnefndu tilmælin giltu einnig um önnur kvoðumyndandi matvælaaukefni (e. *hydrocolloid food additive*), s.s. örkristallaðan sellulósa (E 460 (i)), sellulósaduft (E 460 (ii)), metýlsellulósa (E 461), etýlsellulósa (E 462), hýdroxýprópýlsellulósa (E 463), lágsetinn hýdroxýprópýl-sellulósa (L-HPC) (E 463a), hýdroxýprópýlmetýlsellulósa (E 464), etýlmetýlsellulósa (E 465), vixltengdan natríumkarboxýmetýlsellulósa, vixltengt sellulósagúmmí (E 468) og karboxýmetýlsellulósa vatnsrofinn með ensími (E 469) ([6]).

9) Hinn 29. ágúst 2023 auglýsti Matvælaöryggisstofnunin opinberlega eftir tæknilegum gögnum um leyfðu matvælaaukefnin örkristallaðan sellulósa (E 460(i)), sellulósaduft (E 460(ii)), metýlsellulósa (E 461), etýlsellulósa (E 462), hýdroxýprópýlsellulósa (E 463), hýdroxýprópýlmetýlsellulósa (E 464), etýlmetýlsellulósa (E 465), vixltengdan karboxýmetýlsellulósa (E 468) og karboxýmetýlsellulósa sem er vatnsrofinn með ensími (E 469) þar sem hún bað um gögn um eitraða efnisþætti. Rekstraraðilar brugðust við auglýsingunni og lögðu fram gögn um þessa eitruðu efnisþætti.

10) Að teknu tilliti til endurmats Matvælaöryggisstofnunarinnar þykir rétt að afturkalla leyfið fyrir natríumkarboxýmetýl sellulósa, sellulósagúmmíi (E 466) í matvælaflokkum 13.1.5.1 og 13.1.5.2 og að fjarlægja það úr B-þætti 5. hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 sem inniheldur matvælaaukefni, sem er bætt í næringarefni sem ætluð eru til notkunar í matvæli fyrir ungbörn og smábörn, sem skráð eru í lið 13.1 í E-hluta II. viðauka við þá reglugerð. Einnig þykir rétt að breyta nákvæmum skilgreiningum fyrir sellulósa (E 460), metýlsellulósa (E 461), etýlsellulósa (E 462), hýdroxýprópýlsellulósa (E 463), hýdroxýprópýlmetýlsellulósa (E 464), etýlmetýlsellulósa (E 465), natríumkar-boxýmetýlsellulósa, sellulósagúmmí (E 466), vixltengdan natríumkarboxýmetýlsellulósa, vixltengt sellulósagúmmí (E 468) og karboxýmetýlsellulósa sem er vatnsrofinn með ensími (E 469) í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012. Einkum ætti að lækka núgildandi hámarksgildi fyrir eitraða efnisþætti til að tryggja að matvælaaukefni valdi ekki talsverðum váhrifum af völdum þessara eitruðu efnisþátta í matvælum, að teknu tilliti til gildisins sem er sem stendur hægt að ná með því að beita góðum framleiðsluháttum. Enn fremur ætti að breyta orðinu „lausn“ í „dreifilausn“.

11) Því ætti að breyta reglugerðum (EB) nr. 1333/2008 og (ESB) nr. 231/2012 til samræmis við það.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(12), 7665.

([6]) Fundargerð 63. fundar vinnuhópsins um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum. Aðgengilegt á https://www.efsa.europa.eu/sites/default/files/wgs/food-ingredients-and-packaging/wg-fafwgSpecificationsFAs.pdf.

12) Með tilliti til þess að Matvælaöryggisstofnunin greindi ekki brýnt heilsufarslegt áhyggjuefni í tengslum við tilvist eitraðra efnisþátta sem fara ekki yfir núgildandi mörk í matvælaaukefnunum sellulósa (E 460), metýlsellulósa (E 461), etýlsellulósa (E 462), hýdroxýprópýlsellulósa (E 463), hýdroxýprópýlmetýlsellulósa (E 464), etýlmetýlsellulósa (E 465), natríumkarboxýmetýlsellulósa, sellulósagúmmíi (E 466), vixltengdum natríumkarboxýmetýlsellulósa, vixltengdu sellulósagúmmíi (E 468) og karboxýmetýlsellulósa sem er vatnsrofinn með ensími (E 469) og til að gera stjórnendum matvælafyrirtækja, þ.m.t. litlum og meðalstórum fyrirtækjum, kleift að aðlagast nýju strangari nákvæmu skilgreiningunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð ætti að fresta beitingu nýju nákvæmu skilgreininganna og kveða á um umbreytingartímabil vegna notkunar á þessum aukefnum sem eru sett á markað á lögmætan hátt fyrir þann dag þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

13) Af sömu ástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir matvæli sem innihalda sellulósa (E 460), metýlsellulósa (E 461), etýlsellulósa (E 462), hýdroxýprópýlsellulósa (E 463),hýdroxýprópýlmetýlsellulósa (E 464), etýlmetýlsellulósa (E 465), natríumkarboxýmetýlsellulósa, sellulósagúmmí (E 466), vixltengdan natríumkarboxýmetýlsellulósa, vixltengt sellulósagúmmí (E 468) eða karboxýmetýlsellulósa sem er vatnsrofinn með ensími (E 469) sem eru sett á markað á lögmætan hátt fyrir þann dag þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

14) Með tilliti til þess að Matvælaöryggisstofnunin greindi ekki brýnt heilsufarslegt áhyggjuefni í tengslum við notkun á natríumkarboxýmetýlsellulósa, sellulósagúmmíi (E 466) til notkunar í önnur matvæli en í matvælaflokkum 13.1.5.1 og 13.1.5.2 og í næringarefnablöndur til notkunar í „Sérfæða fyrir ungbörn og smábörn til notkunar í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 1999/21/EB“ og til að gera stjórnendum matvælafyrirtækja, þ.m.t. litlum og meðalstórum fyrirtækjum, kleift að finna staðgöngukosti fyrir natríumkarboxýmetýlsellulósa, sellulósagúmmí (E 466) í þessa matvælaflokka og næringarefnablöndur ætti að fresta beitingu nýju notkunarskilyrðanna og kveða á um umbreytingartímabil fyrir vörur sem eru settar á markað fyrir þann dag þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda. Að teknu tilliti til mismunandi þrepa sem þörf er á til að breyta vörusamsetningum fyrir matvæli sem tilheyra matvælaflokkum 13.1.5.1 og 13.1.5.2 og til að tryggja framboð á matvælum sem tilheyra þessum matvælaflokkum, sem eru sérstaklega samsett fyrir sjúklinga sem eru greindir með meðfæddar efnaskiptaraskanir sem nota þessi matvæli sem mikilvæga uppsprettu næringar til að uppfylla næringarþarfir sínar, ætti tímabil frestaðrar beitingar að vera nægilega langt.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

4. gr.

1. Bæta má matvælaaukefnunum sellulósa (E 460), metýlsellulósa (E 461), etýlsellulósa (E 462), hýdroxýprópýlsellulósa (E 463), hýdroxýprópýlmetýlsellulósa (E 464), etýlmetýlsellulósa (E 465), natríumkarboxýmetýlsellulósa, sellulósagúmmíi (E 466), vixltengdum natríumkarboxýmetýlsellulósa, vixltengdu sellulósagúmmíi (E 468) og karboxýmetýlsellulósa sem er vatnsrofinn með ensími (E 469), sem hafa verið sett á markað á lögmætan hátt fyrir 27. október 2025, í matvæli í samræmi við II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 þangað til birgðir eru uppurnar.

2. Setja má matvæli sem innihalda sellulósa (E 460), metýlsellulósa (E 461), etýlsellulósa (E 462), hýdroxýprópýlsellulósa (E 463), hýdroxýprópýlmetýlsellulósa (E 464), etýlmetýlsellulósa (E 465), natríumkarboxýmetýlsellulósa, sellulósagúmmí (E 466), vixltengdan natríumkarboxýmetýlsellulósa, vixltengt sellulósagúmmí (E 468) eða karboxýmetýlsellulósa sem er vatnsrofinn með ensími (E 469), sem hafa verið sett á markað á lögmætan hátt fyrir 27. október 2025, á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags.

3. Matvæli sem tilheyra matvælaflokkunum 13.1.5.1 „Sérfæða fyrir ungbörn, notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi og sérstakar blöndur fyrir ungbörn“ og 13.1.5.2 „Sérfæða fyrir ungbörn og smábörn til notkunar í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í tilskipun 1999/21/EB“ og innihalda natríumkarboxýmetýlsellulósa, sellulósagúmmí (E 466) í samræmi við II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, sem hafa verið sett á markað á lögmætan hátt fyrir 27. apríl 2027, má áfram setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 1. og 2. gr. koma til framkvæmda frá og með 27. apríl 2027. Ákvæði 3. gr. koma til framkvæmda frá og með 27. október 2025.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. apríl 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í flokki 13.1.5.1 (Sérfæða fyrir ungbörn, notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi og sérstakar blöndur fyrir ungbörn) fellur færslan sem varðar matvælaaukefnið E 466 (natríumkarboxýmetýlsellulósi, sellulósagúmmí) brott.

2) Í flokki 13.1.5.2 (Sérfæða fyrir ungbörn og smábörn til notkunar í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í tilskipun 1999/21/EB) fellur færslan sem varðar matvælaaukefnið E 466 (natríumkarboxýmetýlsellulósi, sellulósagúmmí) brott.

———

II. VIÐAUKI

Í B-þætti 5. hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 fellur færslan sem varðar matvælaaukefnið E 466 (natríumkarboxýmetýlsellulósi, sellulósagúmmí) brott.

———

III. VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt sem hér segir:

1) Færslunni fyrir „E 460 (i), örkristallaður sellulósi, beðmishlaup“ er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi forskrift er bætt við á eftir „Skilgreining“:

„CAS-númer	9004-34-6“.

b) Í stað forskriftarinnar „Hreinleiki“ kemur eftirfarandi:

„Hreinleiki	
Efnistap við þurrkun	Ekki meira en 7% (105 °C, 3 klukkustundir)
Vatnsleysanlegt efni	Ekki meira en 0,24%
Súlfataska	Ekki meira en 0,5% (800 ± 25 °C)
Sterkja	Ógreinanlegt Við 20 ml af dreifilausn, sem fæst við sanngreiningu með sviflausnarprófun, er bætt nokkrum dropum af joðlausn og blandað saman. Enginn purpurarauður yfir í bláan lit eða blár litur ætti að koma fram
Karboxýlhópar	Ekki meira en 1%
Arsen	Ekki meira en 0,1 mg/kg
Blý	Ekki meira en 0,1 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 0,1 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 0,1 mg/kg“.

2) Færslunni fyrir „E 460 (ii) sellulósaduft“ er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi forskrift er bætt við á eftir „Skilgreining“:

„CAS-númer	9004-34-6“.

b) Í stað forskriftarinnar „Hreinleiki“ kemur eftirfarandi:

„Hreinleiki	
Efnistap við þurrkun	Ekki meira en 7% (105 °C, 3 klukkustundir)
Vatnsleysanlegt efni	Ekki meira en 1,0%
Súlfataska	Ekki meira en 0,3% (800 ± 25 °C)
Sterkja	Ógreinanlegt Við 20 ml af dreifilausn, sem fæst við sanngreiningu með sviflausnarprófun, er bætt nokkrum dropum af joðlausn og blandað saman. Enginn purpurarauður yfir í bláan lit eða blár litur ætti að koma fram
Arsen	Ekki meira en 0,1 mg/kg
Blý	Ekki meira en 0,3 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 0,2 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 0,1 mg/kg“.

3) Færslunni fyrir „E 461 metýlsellulósi“ er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi forskrift er bætt við á eftir „Skilgreining“:

„CAS-númer	9004-67-5“.

b) Í stað forskriftarinnar „EINECS-númer“ kemur eftirfarandi:

„EINECS-númer	618-391-7“.

c) Í stað forskriftarinnar „Sanngreining“ kemur eftirfarandi:

„Sanngreining	
Leysni	Þenst út í vatni og myndar tært til ópallýsandi seigfljótandi dreift svif. Óleysanlegt í etanóli, eter og klóróformi. Leysanlegt í ísediki
Sýrustig	Ekki minna en 5,0 og ekki meira en 8,0 (1% dreift svif)“.

d) Í stað forskriftarinnar „Hreinleiki“ kemur eftirfarandi:

„Hreinleiki	
Efnistap við þurrkun	Ekki meira en 10% (105 °C, 3 klukkustundir)
Súlfataska	Ekki meira en 1,5% (800 ± 25 °C)
Arsen	Ekki meira en 0,1 mg/kg
Blý	Ekki meira en 0,1 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 0,1 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 0,1 mg/kg“.

4) Færslunni fyrir „E 462 etýlsellulósi“ er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi forskrift er bætt við á eftir „Skilgreining“:

„CAS-númer	9004-57-3“.

b) Í stað forskriftarinnar „EINECS-númer“ kemur eftirfarandi:

„EINECS-númer	618-384-9“.

c) Í stað forskriftarinnar „Sýrustig“ kemur eftirfarandi:

„Sýrustig	Hlutlaus á lakkmúspappír (1% dreift svif)“.

d) Í stað forskriftarinnar „Hreinleiki“ kemur eftirfarandi:

„Hreinleiki	
Efnistap við þurrkun	Ekki meira en 3% (105 °C, 2 klukkustundir)
Súlfataska	Ekki meira en 0,4%
Arsen	Ekki meira en 0,5 mg/kg

Blý	Ekki meira en 0,5 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 0,5 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 0,5 mg/kg“.

5) Færslunni fyrir „E 463 hýdroxýprópýlsellulósi“ er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi forskrift er bætt við á eftir „Skilgreining“:

„CAS-númer	9004-64-2“.

b) Í stað forskriftarinnar „EINECS-númer“ kemur eftirfarandi:

„EINECS-númer	618-388-0“.

c) Í stað forskriftarinnar „Sanngreining“ kemur eftirfarandi:

„Sanngreining	
Leysni	Þenst út í vatni og myndar tært til ópallýsandi seigfljótandi dreift svif. Leysanlegt í etanóli. Óleysanlegt í eter
Gasgreining	Sethóparnir eru ákvarðaðir með gasgreiningu
Sýrustig	Ekki minna en 5,0 og ekki meira en 8,0 (1% dreift svif)“.

d) Í stað forskriftarinnar „Hreinleiki“ kemur eftirfarandi:

„Hreinleiki	
Efnistap við þurrkun	Ekki meira en 10% (105 °C, 3 klukkustundir)
Súlfataska	Ekki meira en 0,5%, ákvarðað við 800 ± 25 °C
Própýlenklórhýdrín	Ekki meira en 0,1 mg/kg
Arsen	Ekki meira en 0,5 mg/kg
Blý	Ekki meira en 0,5 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 0,5 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 0,5 mg/kg“.

6) Færslunni fyrir „E 463a lágsetinn hýdroxýprópýlsellulósi“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað forskriftarinnar „EINECS-númer“ kemur eftirfarandi:

„EINECS-númer	618-388-0“.

b) Í stað forskriftarinnar „Sýrustig“ kemur eftirfarandi:

„Sýrustig	Ekki minna en 5,0 og ekki meira en 7,5 (1% dreift svif)“.

c) Í stað forskriftarinnar „Hreinleiki“ kemur eftirfarandi:

„Hreinleiki	
Efnistap við þurrkun	Ekki meira en 5,0% (105 °C, 1 klukkustund)
Glæðileif	Ekki meira en 0,8%, ákvarðað við 800 °C ± 25 °C
Própýlenklórhýdrín	Ekki meira en 0,1 mg/kg (miðað við vatnsfrítt form) (gas- og massagreining)
Arsen	Ekki meira en 0,5 mg/kg
Blý	Ekki meira en 0,5 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 0,5 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 0,15 mg/kg“.

7) Færslunni fyrir „E 464 hýdroxýprópýlmetýlsellulósi“ er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi forskrift er bætt við á eftir „Skilgreining“:

„CAS-númer	9004-65-3“.

b) Í stað forskriftarinnar „EINECS-númer“ kemur eftirfarandi:

„EINECS-númer	618-389-6“.

c) Í stað forskriftarinnar „Sanngreining“ kemur eftirfarandi:

„Sanngreining	
Leysni	Þenst út í vatni og myndar tært til ópallýsandi seigfljótandi dreift svif. Óleysanlegt í etanóli
Gasgreining	Sethóparnir eru ákvarðaðir með gasgreiningu
Sýrustig	Ekki minna en 5,0 og ekki meira en 8,0 (1% dreift svif)“.

d) Í stað forskriftarinnar „Hreinleiki“ kemur eftirfarandi:

„Hreinleiki	
Efnistap við þurrkun	Ekki meira en 10% (105 °C, 3 klukkustundir)
Súlfataska	Ekki meira en 1,5% fyrir afurðir með seigjuna 50 mPa.s eða yfir Ekki meira en 3% fyrir afurðir með seigju undir 50 mPa.s
Própýlenklórhýdrín	Ekki meira en 0,1 mg/kg
Arsen	Ekki meira en 0,1 mg/kg
Blý	Ekki meira en 0,1 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 0,1 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 0,1 mg/kg“.

8) Færslunni fyrir „E 465 etýlmetýlsellulósi“ er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi forskrift er bætt við á eftir „Skilgreining“:

„CAS-númer	9004-59-5. CAS-númerinu 9004-69-7 var einnig úthlutað fyrir etýlmetýlsellulósa“.

b) Í stað forskriftarinnar „Sanngreining“ kemur eftirfarandi:

„Sanngreining	
Leysni	Þenst út í vatni og myndar tært til ópallýsandi seigfljótandi dreift svif. Leysanlegt í etanóli. Óleysanlegt í eter
Sýrustig	Ekki minna en 5,0 og ekki meira en 8,0 (1% dreift svif)“.

c) Í stað forskriftarinnar „Hreinleiki“ kemur eftirfarandi:

„Hreinleiki	
Efnistap við þurrkun	Ekki meira en 15% í trefjaformi og ekki meira en 10% í duftformi (105 °C þar til stöðugri þyngd er náð)
Súlfataska	Ekki meira en 0,6%
Arsen	Ekki meira en 0,1 mg/kg
Blý	Ekki meira en 0,1 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 0,1 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 0,1 mg/kg“.

9) Færslunni fyrir „E 466 natríumkarboxýmetýlsellulósi, sellulósagúmmí“ er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi forskrift er bætt við á eftir „Skilgreining“:

„CAS-númer	9004-32-4“.

b) Í stað forskriftarinnar „EINECS-númer“ kemur eftirfarandi:

„EINECS-númer	618-378-6“.

c) Í stað forskriftarinnar „Sanngreining“ kemur eftirfarandi:

„Sanngreining	
Leysni	Myndar seigfljótandi dreift svif í vatni. Óleysanlegt í etanóli
Froðuprófun	0,1% dreifilausn af sýninu er hrist kröftuglega. Ekkert froðulag myndast. (Þessi prófun gerir kleift að greina milli natríumkarboxýmetýlsellulósa og annarra sellulósaetera)
Botnfallsmyndun	Við 5 ml af 0,5% dreifilausn af sýninu er bætt 5 ml af 5% lausn af koparsúlfati eða álsúlfati. Botnfall myndast. (Þessi prófun gerir kleift að greina milli natríumkarboxýmetýlsellulósa og annarra sellulósaetera og gelatíns, karóbgúmmís og tragakants)

Litahvarf	0,5 g af dyftum natríumkarboxýmetýlsellulósa er bætt við 50 ml af vatni um leið og hrært er til þess að einsleit dreifilausn myndist. Hrært er áfram uns tær dreifilausn myndast sem er notuð í eftirfarandi prófun: Við 1 mg af sýninu, sem er þynnt með sama rúmmáli vatns í litlu tilraunaglasi, er bætt fimm dropum af 1-naftóllausn. Tilraunaglasinu er hallað og 2 ml af brennisteinssýru hellt varlega niður eftir hlið glassins þannig að sýran setjist til undir. Rauð-purpurarauður litur myndast á skilfleti vökvanna
Sýrustig	Ekki minna en 5,0 og ekki meira en 8,5 (1% dreift svif)“.

d) Í stað forskriftarinnar „Hreinleiki“ kemur eftirfarandi:

„Hreinleiki	
Sethópamyndun	Ekki minna en 0,2 og ekki meira en 1,5 karboxýmetýlhópar (-CH_2COOH) fyrir hverja anhýdróglúkósaeiningu
Efnistap við þurrkun	Ekki meira en 12% (105 °C þar til stöðugri þyngd er náð)
Arsen	Ekki meira en 0,1 mg/kg
Blý	Ekki meira en 0,1 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 0,1 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 0,1 mg/kg
Heildarinnihald glýkólats	Ekki meira en 0,4% reiknað sem natríumglýkólat miðað við vatnsfrítt form
Natríum	Ekki meira en 12,4%, miðað við vatnsfrítt form“.

10) Færslunni fyrir „E 468 vixltengdur natríumkarboxýmetýlsellulósi, vixltengt sellulósagúmmí“ er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi forskrift er bætt við á eftir „Skilgreining“:

„CAS-númer	74811-65-7“.

b) Í stað forskriftarinnar „EINECS-númer“ kemur eftirfarandi:

„EINECS-númer	629-739-2“.

c) Í stað forskriftarinnar „Sýrustig“ kemur eftirfarandi:

„Sýrustig	Ekki minna en 5,0 og ekki meira en 7,0 (1% dreifilausn)“.

d) Í stað forskriftarinnar „Hreinleiki“ kemur eftirfarandi:

„Hreinleiki	
Efnistap við þurrkun	Ekki meira en 6% (105 °C, 3 klukkustundir)
Vatnsleysanlegt efni	Ekki meira en 10%
Sethópamyndun	Ekki minna en 0,2 og ekki meira en 1,5 karboxýmetýlhópar fyrir hverja anhýdróglúkósa-einingu
Natríuminnihald	Ekki meira en 12,4% miðað við vatnsfrítt form

Arsen	Ekki meira en 0,2 mg/kg
Blý	Ekki meira en 0,1 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 0,1 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 0,1 mg/kg“.

11) Færslunni fyrir „E 469 karboxýmetýlsellulósi vatnsrofinn með ensími, sellulósagúmmí vatnsrofið með ensími“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað forskriftarinnar „Sanngreining“ kemur eftirfarandi:

„Sanngreining	
Leysni	Leysanlegt í vatni, óleysanlegt í etanóli.
Froðuprófun	Taka skal 0,1% dreifilausn af sýninu og hrista kröftuglega. Ekkert froðulag myndast. Þessi prófun aðskilur natríumkarboxýmetýlsellulósa, hvort sem hann er vatnsrofinn eða ekki, frá öðrum sellulósaeterum og frá algínötum og mismunandi tegundum náttúrulegrar gúmkvoðu.
Botnfallsmyndun	Taka skal 5 ml af 5% dreifilausn af kopar- eða álsúlfati og bæta við 5 ml af 0,5% lausn af sýninu. Botnfall myndast. Þessi prófun aðskilur natríumkarboxýmetýlsellulósa, hvort sem hann er vatnsrofinn eða ekki, frá öðrum sellulósaeterum og frá gelatíni, karóbgúmmíi og tragakantgúmmíi
Litahvarf	Bæta skal 0,5 g af dyfta sýninu í 50 ml af vatni um leið og hrært er til þess að einsleit þeyta myndist. Hrært er áfram þar til tær dreifilausn myndast. Setja skal 1 ml af dreifilausninni í lítið tilraunaglas og þynna hana með 1 ml af vatni. Bæta skal við 5 dropum af 1-naftól TS. Tilraunaglasinu er hallað og 2 ml af brennisteinssýru hellt varlega niður eftir innri hlið glassins þannig að sýran setjist til undir. Rauð-purpurarauður litur myndast á skilfleti vökvanna
Seigja (60% fast efni)	Ekki undir 2 500 kgm– 1s– 1 við 25 °C sem samsvarar meðalmólþyngdinni 5 000 Da
Sýrustig	Ekki minna en 6,0 og ekki meira en 8,5 (1% dreift svif)“.

b) Í stað forskriftarinnar „Hreinleiki“ kemur eftirfarandi:

„Hreinleiki	
Efnistap við þurrkun	Ekki meira en 12% (105 °C þar til stöðugri þyngd er náð)
Sethópamyndun	Ekki færri en 0,2 og ekki fleiri en 1,5 karboxýmetýlhópar fyrir hverja anhýdróglúkósa-einingu miðað við þurrefni
Natríumklóríð og natríum-glýkólat	Ekki meira en 0,5%, hvert fyrir sig eða í samsetningum
Eftirstandandi ensímvirkni	Stenst prófunina. Engin breyting verður á seigju prófunardreifilausnarinnar, sem gefur til kynna vatnsrof natríumkarboxýmetýlsellulósans
Arsen	Ekki meira en 0,1 mg/kg
Blý	Ekki meira en 0,1 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 0,1 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 0,1 mg/kg“.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/1112 **2025/EES/73/40**

frá 4. júní 2025

um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar að færa naríngenín og 2-metýl-1-(2-(5-(p-tólýl)-1H-imídasól-2-ýl)píperídín-1-ýl) bútan-1-ón á skrá Sambandsins yfir bragðefni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB ([1]), einkum 3. mgr. 11. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ([2]), einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni sem samþykkt eru til notkunar í og á matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.

3) Hinn 27. október 2021 barst framkvæmdastjórninni umsókn um leyfi fyrir naríngeníni (FL nr. 16.132) sem bragðefni til notkunar í ýmis matvæli sem falla undir tiltekna matvælaflokka sem um getur í skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) var tilkynnt um umsóknina til að fá álit hennar. Framkvæmdastjórnin gerði umsóknina einnig aðgengilega fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.

4) Í áliti sínu sem var samþykkt 20. mars 2024 ([3]) lagði Matvælaöryggisstofnunin mat á öryggi efnisins naríngeníns (FL nr. 16.132) þegar það er notað sem bragðefni og komst að þeirri niðurstöðu að slík notkun valdi ekki áhyggjum að því er varðar erfðaeiturhrif eða að því er varðar milliverkun við lyf. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu, byggt á fyrirhugaðri notkun og notkunarmagni, að notkun efnisins naríngeníns (FL nr. 16.132) valdi engum öryggisvanda.

5) Þar eð notkun efnisins naríngeníns (FL nr. 16.132) sem bragðefnis hefur ekki öryggisvanda í för með sér með tilgreindum skilyrðum fyrir notkun og þar eð ekki er búist við að þetta villi um fyrir neytendum þykir rétt að leyfa slíka notkun í ljósi álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

6) Hinn 30. júní 2016 barst framkvæmdastjórninni umsókn um leyfi fyrir efninu 2-metýl-1-(2-(5-(p-tólýl)-1H-imídasól-2-ýl)píperídín-1-ýl)bútan-1-óni (FL nr. 16.134) sem bragðefni til notkunar í matvæli sem falla undir matvælaflokk 05.3 „Tyggigúmmí„ sem um getur í skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni. Matvælaöryggisstofnuninni var tilkynnt um umsóknina og óskað eftir áliti hennar. Framkvæmdastjórnin gerði umsóknina einnig aðgengilega fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/1112, 5.6.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 207/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1334/oj.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1331/oj.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024 22(5), 8747.

7) Í áliti sínu sem var samþykkt 21. mars 2024 (4) lagði Matvælaöryggisstofnunin mat á öryggi efnisins 2-metýl-1-(2-(5-(p-tólýl)-1H-imídasól-2-ýl)píperídín-1-ýl)bútan-1-óns (FL nr. 16.134) þegar það er notað sem bragðefni og komst að þeirri niðurstöðu að slík notkun hefði engan öryggisvanda í för með sér við áætlað gildi fæðutengdra váhrifa sem byggist á fyrirhugaðri notkun og notkunarmagni. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að samanlögð váhrif af völdum 2-metýl-1-(2-(5-(p-tólýl)-1H-imídasól-2-ýl)píperídín-1-ýl)bútan-1-óns (FL nr. 16.134) vegna notkunar þess sem bragðefni í matvæli og vegna tilvistar þess í tannkremi og munnskoli hefði ekki heldur öryggisvanda í för með sér.

8) Þar eð notkun efnisins 2-metýl-1-(2-(5-(p-tólýl)-1H-imídasól-2-ýl)píperídín-1-ýl)bútan-1-óns (FL nr. 16.134) sem bragðefnis hefur ekki öryggisvanda í för með sér með tilgreindum skilyrðum fyrir notkun og þar eð ekki er búist við að þetta villi um fyrir neytendum þykir rétt að leyfa slíka notkun í ljósi álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

9) Því ætti að breyta A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis við það til að bæta naríngeníni (FL nr. 16.132) og 2-metýl-1-(2-(5-(p-tólýl)-1H-imídasól-2-ýl)píperídín-1-ýl)bútan-1-óni (FL nr. 16.134) á skrá Sambandsins yfir bragðefni.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júní 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

(4) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024 22(5), 8750.

VIÐAUKI

1. Í töflu 1 í 2. þætti A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er eftirfarandi færslu bætt við á eftir færslunni sem varðar FL nr. 16.130:

„16.132	Naríngenín	480-41-1			Í flokki 1.4 – hámark 500 mg/kg Í flokki 1.7 – hámark 200 mg/kg Í flokki 1.8 (einungis að stofni til úr soja) – hámark 500 mg/kg Í flokki 3 – hámark 200 mg/kg Í flokki 5.1 – hámark 400 mg/kg Í flokki 5.2 – hámark 400 mg/kg Í flokki 5.3 – hámark 400 mg/kg Í flokki 6.3 – hámark 200 mg/kg Í flokki 8.2 – hámark 200 mg/kg Í flokki 8.3 – hámark 200 mg/kg Í flokki 11.4 – hámark 200 mg/kg Í flokki 12.2 – hámark 1 000 mg/kg Í flokki 12.5 – hámark 200 mg/kg Í flokki 12.9 – hámark 500 mg/kg Í flokki 14.1 – hámark 300 mg/kg Í flokki 14.1.4 (einungis að stofni til úr mjólk og að stofni til úr soja) – hámark 500 mg/kg		EFSA“

					Í flokki 15.1 – hámark 400 mg/kg Í flokki 16 (einungis að stofni til úr mjólk og að stofni til úr soja) – hámark 500 mg/kg		

2. Í töflu 1 í 2. þætti A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er eftirfarandi færslu bætt við á eftir færslunni sem varðar FL nr. 16.133:

„16,134	2-metýl-1-(2-(5-(p-tólýl)-1H-imídasól-2-ýl)píperídín-1-ýl)bútan-1-ón	2413115-68-9			Í flokki 5.3 – hámark 100 mg/kg		EFSA“

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/811 2025/EES/73/41

frá 19. febrúar 2025

um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB að því er varðar upplýsingar sem á að senda til tilkynningarkerfa skipa (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis Bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/75/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 27. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Nýleg þróun í flutningum á hættulegum farmi, þ.m.t. olíu, vegna landfræðipólitískra átaka, sem hafa áhrif á sjóflutninga, gefur tilefni til þungra áhyggna. Einkum skapar hinn svokallaði skuggafloti, eins og hann er skilgreindur í ályktun þings Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.1192(33), sem samanstendur oft af undirmálsskipum, umtalsverða hættu fyrir siglingaöryggi og vistkerfi sjávar.

2) Áætlanir benda til þess að skuggaflotinn hafi vaxið um 70% á undanförnum árum og samanstandi af um 600 skipum. Ógagnsæ starfræksla skuggaflotans skapar erfiðleika, einkum við að staðfesta og sannreyna stöðu skírteina, þ.m.t. tryggingarskírteina. Auknir olíuflutningar með slíkum óöruggum og ótryggðum skipum grafa undan öryggis- og umhverfisstöðlunum sem eru til staðar samkvæmt gerningum sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur þróað.

3) Af þeim sökum er aukin útsetning strandlengja aðildarríkjanna fyrir umhverfistjóni vegna aukinnar starfrækslu skuggaflotans, sem veldur aukinni hættu á sjóslysum og atvikum á sjó, talin óásættanleg hætta sem ógnar öryggi mannslífa á hafinu og umhverfinu.

4) Lagalegir möguleikar til að ákveða hver beri ábyrgð eða hvernig eigi að fá bætur vegna tjóns ef til óhapps kemur kunna að vera takmarkaðir vegna óljóss eignarhalds á skipunum og vátryggingaverndar þeirra, sem leggur þannig byrðina að bæta tjón af völdum hugsanlegs leka á aðildarríkin sem urðu fyrir áhrifum og Sambandið.

5) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/20/EB ([2]) um tryggingu skipaeigenda gegn sjóréttarkröfum eru ákvæði um tilkynningar um sönnun fyrir sjóvátryggingum sérhvers skips, óháð því undir hvaða fána það siglir, sem siglir til hafnar aðildarríkis ESB, sem og innan landhelgi aðildarríkja ESB, sbr. þó kröfur í alþjóðalögum. Þau taka þó ekki til skipa sem eiga leið um svæðið.

6) Í 5. gr. tilskipunar 2002/59/EB er þess krafist að öll skip, sem sigla inn á svæði aðildarríkis eða -ríkja ESB sem heyra undir tilkynningarskyldukerfi skipa, uppfylli reglur kerfisins um að gefa þær upplýsingar sem krafist er. Samkvæmt 16. gr. skulu öll skip, sem hafa ekki sent frá sér tilkynningu, eða hafa hvorki tryggingarskírteini né fjárhagslegar tryggingar í samræmi við alþjóðlegar reglur eða reglur Evrópusambandsins, talin vera skip sem kunna að ógna skipaumferð, siglingaöryggi, öryggi einstaklinga eða umhverfinu.

7) Gildandi kröfur taka ekki með fullnægjandi hætti til aðstæðna þar sem skip sem sigla meðfram ströndum aðildarríkjanna, óháð því undir hvaða fána þau sigla, en sigla ekki inn í neina af höfnum aðildarríkjanna, og nauðsynlegt er að taka á þessum annmörkum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/811, 28.4.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 216/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 208, 5.8.2002, bls. 10, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2002/59/oj.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/20/EB frá 23. apríl 2009 um tryggingu skipaeigenda gegn sjóréttarkröfum (Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 128, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2009/20/oj).

8) Nýleg þróun á alþjóðavettvangi undirstrikar að þörf sé á traustum ráðstöfunum til að takast á við þá hættu sem stafar af ótryggðum og óöruggum skipum. Í ályktun þings Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.1192(33) (frá desember 2023) er hvatt til aðgerða til að koma í veg fyrir ólögmæta starfrækslu skuggaflotans á sviði siglinga. Í endurskoðuðum viðmiðunarreglum frá laganefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (LEG.1/umburðarbr. 16, frá júní 2024) eru settir fram uppfærðir staðlar um viðurkenningu á tryggingaskírteinum um einkaréttarlega ábyrgð og fullgildingu þeirra sem veita fjárhagslega tryggingu, þ.m.t. P&I-tryggingafélaga, en í ályktunum þingsins varðandi sjóðinn og viðbótarsjóðinn frá 1992 (ályktanir nr. 14 annars vegar og nr. 6 hins vegar, frá nóvember 2024) er alþjóðlega fyrirkomulagið um ábyrgð og bætur, sem komið var á samkvæmt samningnum um einkaréttarlega ábyrgð (CLC) frá 1992, alþjóðasamningunum um stofnun sjóðsins frá 1992 og bókuninni varðandi viðbótarsjóðinn, eflt. Til að tryggja samræmi við þessa alþjóðlegu staðla og taka með skilvirkum hætti á nýtilkomnum áhættum er nauðsynlegt að uppfæra tilskipun 2002/59/EB til að endurspegla þessa þróun.

9) Til að auka siglingaöryggi og auka viðbúnað að því er varðar mengun og gera strandríkjum kleift að vakta skipaumferð á skilvirkan hátt, einkum skip sem flytja hættulegan eða mengandi farm á borð við olíu, hefur Alþjóðasiglingamálastofnunin komið á fót nokkrum tilkynningarskyldukerfum skipa. Þessi kerfi eru hönnuð til að greiða fyrir skiptum á mikilvægum upplýsingum varðandi ferðir skipa og farm, til að tryggja að viðeigandi yfirvöld séu upplýst tafarlaust. Innan Sambandsins eru þessar upplýsingar sendar í gegnum landsbundin tilkynningakerfi sem tengjast rafræna tilkynningakerfinu í Sambandinu um skipakomur (SafeSeaNet-kerfinu). Í 4. lið I. viðauka við tilskipun 2002/59/EB er tilgreint hvers konar upplýsingar skip eiga að veita yfirvöldum í gegnum viðeigandi tilkynningakerfi. Til að mæta nýjum þörfum á sviði starfrækslu og öryggis er nauðsynlegt að breyta þessum viðauka þannig að hann innihaldi nýjar upplýsingar, nánar tiltekið um tryggingarskírteini, sem taldar eru mikilvægar til að tryggja siglingaöryggi, umhverfisvernd og skilvirk neyðarviðbrögð.

10) Því ætti að breyta tilskipun 2002/59/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 4. liðar I. viðauka við tilskipun 2002/59/EBE kemur eftirfarandi:

„— X. ýmsar upplýsingar:

— einkenni og áætlað rúmmál skipaolíu [áður þýtt sem eldsneyti] fyrir skip sem eru yfir 1000 brúttótonn að stærð,

— siglingafræðileg staða,

— eitt eða fleiri tryggingarskírteini, sem gefin eru út af tryggingarfélaginu og geymd um borð í skipinu, sem færa sönnur á að fyrir hendi sé trygging gegn sjóréttarkröfum, í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2009/20/EB, auk skírteina um einkaréttarlega ábyrgð sem gefin eru út í samræmi við:

— alþjóðasamninginn um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar frá 1992, með áorðnum breytingum (samningurinn um einkaréttarlega ábyrgð frá 1992),

— alþjóðasamninginn um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum mengunar sem stafar frá eldsneytisolíu skipa frá 2001, (samningurinn um eldsneytisolíu skipa frá 2001) og

— Naíróbísamþykktin um fjarlægingu skipsflaka frá 2007 (Naíróbísamþykktin frá 2007).“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en innan sex mánaða. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum daginn eftir að þau hafa verið samþykkt.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. febrúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/1130 2025/EES/73/42

frá 18. mars 2025

um leiðréttingu á hollensku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) 2019/945 um ómönnuð loftfarskerfi og umráðendur ómannaðra loftfarskerfa frá þriðja landi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 58. gr. og 61. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í hollensku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/945 ([2]) er villa í 3. lið þriðju málsgreinar 17. hluta viðaukans að því er varðar eina af kröfunum fyrir UA-kerfi í flokki C6 sem breytir merkingu ákvæðisins.

2) Því ætti að leiðrétta hollensku tungumálaútgáfuna af framseldri reglugerð (ESB) 2019/945 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(Á ekki við um íslensku útgáfuna).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. mars 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/1130, 4.6.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 218/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1139/oj.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/945 frá 12. mars 2019 um ómönnuð loftfarskerfi og umráðendur ómannaðra loftfarskerfa frá þriðja landi (Stjtíð. ESB L 152, 11.6.2019, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2019/945/oj).

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/1253 **2025/EES/73/43**

frá 11. febrúar 2025

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/1122 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar rekstur á skrá Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), einkum 3. mgr. 19. gr.,

1) Með tilskipun 2003/87/EB var komið á fót kerfi til viðskipta með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins (EU-ETS). Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1122 ([2]) var bætt við tilskipun 2003/87/EB að því er varðar rekstur á skrá Sambandsins. Vegna eðlis sjóflutningastarfsemi, einkum búlkaflutnings, gæti skipafélag annast starfsemi sem fellur undir gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir, eins og skilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, á sumum skýrslutímabilum og utan þess á öðrum. Því ættu lögbær yfirvöld að eiga þess kost að fara þess á leit við landsstjórnandann að hann setji stöðuna „undanskilinn“ á vörslureikning rekstraraðila á sjó, sem fellur ekki lengur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, eftir að hafa sent fyrirframtilkynningu til viðkomandi skipafélags. Þessi staða ætti að haldast þar til lögbært yfirvald tilkynnir landsstjórnandanum að skipafélagið falli á ný undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

2) Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB hefur verið breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/959 ([3]) og þar er kveðið á um að stöðvar þar sem, á næstliðnu viðkomandi fimm ára tímabili sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 11. gr., losun frá brennslu á lífmassa, sem uppfyllir viðmiðanirnar sem eru settar fram í 14. gr., stuðlar að meðaltali að meira en 95% af samanlögðu meðaltali losunar á gróðurhúsalofttegundum falla ekki undir tilskipun 2003/87/EB. Því þurfa landsstjórnendur að geta sett stöðuna „undanskilinn“ á þessa reikninga rekstraraðila.

3) Í 4. mgr. 30. gr. f í tilskipun 2003/87/EB er kveðið á um að eftirlitsskyldir aðilar skuli gefa skýrslu um sögulega losun frá og með 2025. Í 2. mgr. 30. gr. f í þeirri tilskipun er kveðið á um að eftirlitsskyldir aðilar skuli gefa skýrslu um sannprófaða losun frá og með 2026. Í því skyni að draga úr stjórnsýsluálagi og með tilliti til þess að eingöngu eftirlitsskyldir aðilar geta átt losunarheimildir á vörslureikningum eftirlitsskyldra aðila frá og með upphafi uppboðshalds 2027 ættu landsstjórar að stofna reikning fyrir lögbært landsyfirvald sem þjónar eingöngu þeim tilgangi að gefa skýrslu um sögulega losun árið 2025 og sannprófaða losun árið 2026 á samanteknu stigi.

4) Til að gera framkvæmdastjórninni kleift að reikna út þak fyrir viðskiptakerfið með losunarheimildir fyrir brennslu í geirum bygginga og flutninga á vegum fyrir árið 2028 ætti landsstjórnandinn að tilkynna um nákvæma losun fyrir hvern eftirlitsskyldan aðila fyrir 30. júní 2025 og fyrir 30. júní 2026, eftir því sem við á, með rafrænum hætti og með því að nota sniðmátin eða nákvæmar skilgreiningar fyrir skráasnið sem framkvæmdastjórnin birti í samræmi við töflu IX-IV í IX. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/1122.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/1253, 26.6.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 220/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2003/87/oj.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1122 frá 12. mars 2019 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar rekstur á skrá Sambandsins (Stjtíð. ESB L 177, 2.7.2019, bls. 3, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2019/1122/oj).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/959 frá 10. maí 2023 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins og ákvörðun (ESB) 2015/1814 um að koma á fót og starfrækja markaðsstöðugleikavarasjóð fyrir kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda (Stjtíð. ESB L 130, 16.5.2023, bls. 134, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2023/959/oj).

5) Í 13. gr. tilskipunar 2003/87/EB er kveðið á um að losunarheimildir, sem eru gefnar út frá og með 1. janúar 2013, skuli gilda í ótakmarkaðan tíma. Losunarheimildir, sem voru gefnar út fyrir 1. janúar 2013, fyrir fyrsta og annan áfanga viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir gilda ekki lengur og allar slíkar losunarheimildir á reikningum voru gerðar ógildar við lok viðkomandi reglufylgnitímabils. Þar af leiðandi getur staðbundin stöð ekki leiðrétt neikvæða tölu reglufylgni og hún helst í ótakmarkaðan tíma. Í því skyni að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á rekstraraðila sem hafa hvorki tæknileg né lagaleg úrræði til að uppfylla fyrri skuldbindingar samkvæmt viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir ætti ekki að taka tillit til neikvæðu tölunnar fyrir fyrsta og annan áfanga viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir við útreikning á stöðu reglufylgni.

6) Fyrri reynsla hefur sýnt að sumir rekstraraðilar hafi ekki uppfyllt skuldbindingar um innskil sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Til að koma í veg fyrir röskun á markmiðum viðskiptakerfisins með losunarheimildir og tryggja reglufylgni, ef fjöldi losunarheimilda sem skilað er inn af vörslureikningi staðbundinnar stöðvar eða vörslureikningi umráðanda loftfars/flugrekanda 1. október ár hvert er minni en sannprófuð losun fyrir yfirstandandi tímabil, þ.m.t. næstliðið ár, ætti miðlægi stjórnandinn að tryggja að skrá Sambandsins frysti viðkomandi reikning rekstraraðila.

7) Með 6. mgr. 3. gr. c í tilskipun 2003/87/EB var komið á viðbótarstuðningskerfi fyrir notkun á flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir. Stuðningurinn er veittur í formi úthlutunar losunarheimilda til umráðenda loftfara/flugrekenda. Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 334/2023 ([4]) var komið á kerfi fyrir Ísland til að úthluta viðbótarlosunarheimildum án endurgjalds til umráðenda loftfara/flugrekenda. Til að tryggja viðeigandi reikningshald um losunarheimildirnar ætti að rýmka töfluna yfir úthlutun vegna flugs í samræmi við það.

8) Með 6. mgr. 14. gr. tilskipunar 2003/87/EB er þess krafist að framkvæmdastjórnin birti tiltekin gögn um losun sem eru tekin saman fyrir hvern umráðanda loftfara/flugrekanda. Þessi gögn skipta ekki máli fyrir reglufylgni, sem skrá Sambandsins hefur eftirlit með, og birting gagna sem eru tekin saman á mismunandi stigum er eingöngu til að stuðla að gagnsæi. Gögn um hvern umráðanda loftfars/flugrekanda eru þegar birt á opinberu vefsetri skráar Sambandsins. Því er rétt að nota sama vefsetrið, sem er aðgengilegt öllum, til birtingar á gögnum um losun samkvæmt þeirri grein. Af sömu ástæðu ætti að nota sama vefsetrið til að birta gögn um önnur áhrif frá flugsamgöngum en frá koltvísýringi sem tilkynnt er um skv. 5. mgr. 14. gr. þeirrar tilskipunar.

9) Samkvæmt 58. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/1122 er reikningshafa eða landsstjórnanda, sem kemur fram fyrir hönd reikningshafans, heimilt að óska eftir bakfærslu á viðskiptum sem hafa farið fram fyrir mistök eða án ásetnings. Í því skyni að veita reikningshafa meiri sveigjanleika en jafnframt tryggja að skuldbinding skráar Sambandsins um reikningshald virki sem skyldi ætti að framlengja frestinn til að leggja fram slíka beiðni um bakfærslu.

10) Úrskurðir Dómstóls Evrópusambandsins og landsdómstóla hafa leitt til þess að rekstraraðilar eða geirar eru undanskildir gildissviði tilskipunar 2003/87/EB. Til að tryggja framfylgd slíkra úrskurða og skil losunarheimilda þar sem slíkir dómstólar hafa ógilt innskil ætti miðlægi stjórnandinn að skila losunarheimildum, sem hefur verið skilað inn, á vörslureikning rekstraraðila. Í því skyni að koma í veg fyrir að skil á losunarheimildum leiði til óvenju mikils hagnaðar fyrir rekstraraðilann sem nýtur góðs af skilunum ætti að ákvarða fjölda losunarheimildanna sem á að skila með hliðsjón af þróun á virði losunarheimilda og verðbólgu.

11) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2019/1122 til samræmis við það.

12) Samráð var haft við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([5]) og skilaði hún áliti 14. janúar 2025.

([4]) Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 334/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn [2024/1419] (Stjtíð. ESB L, 2024/1419, 13.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec/2024/1419/oj).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1725/oj).

13) Í tilskipun 2003/87/EB er kveðið á um að vöktun og skýrslugjöf um losun frá viðskiptakerfi fyrir brennslu í geirum bygginga og flutninga á vegum skuli hefjast 2025. Í því skyni að tryggja samræmi og skýrleika ættu reglurnar um opnun reiknings lögbærs landsyfirvalds til skýrslugjafar um losun fyrir árið 2024 og til skýrslugjafar um sannprófaða losun fyrir árið 2025 að gilda frá og með 1. janúar 2025.

14) Frá og með 1. janúar 2025 skal einnig gefa út almennar losunarheimildir fyrir fluggeirann með úthlutun án endurgjalds og uppboðum. Því ætti að millifæra almennar losunarheimildir af uppboðsreikningi ESB fyrir losunarheimildir frá og með 1. janúar 2025.

15) Þessi reglugerð ætti því að öðlast gildi sem fyrst.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framseldri reglugerð (ESB) 2019/1122 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi 6. mgr. b og 6. mgr. c er bætt við:

„6b. Við tilkynningu frá lögbæru yfirvaldi þess efnis að skipafélag falli ekki lengur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir á tilteknu ári, í samræmi við I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, skal landsstjórnandinn setja stöðuna „undanskilinn“ á viðkomandi vörslureikning rekstraraðila á sjó, eftir að hafa sent fyrirframtilkynningu til viðkomandi skipafélags, og halda þeirri stöðu á reikningnum þar til stjórnsýsluyfirvaldið tilkynnir að skipafélag falli aftur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

6c. Þegar stöð fellur ekki undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir í samræmi við 1. lið I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB skal landsstjórnandinn setja stöðuna „undanskilinn“ á viðkomandi reikning rekstraraðila meðan á útilokuninni stendur.“

b) Í stað 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„7. Ekki má hefja neitt ferli í tengslum við undanskilda reikninga, þ.m.t. millifærslur á losunarheimildum, nema að því er varðar ferlin sem eru tilgreind í 22. gr., 48. gr. (4. og 5. mgr.), 50. gr. (6. og 8. mgr.) og 57. gr. og ferlin sem eru tilgreind í 31. og 56. gr. og samsvara tímabilinu þegar reikningurinn var ekki með stöðuna „undanskilinn“.“

2) Ákvæðum 15. gr. b er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi undirgrein bætist við 2. mgr.:

„Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skal fresturinn fyrir landsstjórnandann til að opna vörslureikninga eftirlitsskylds aðila, að því er varðar beiðnirnar sem lagðar eru fram frá 1. júní 2026 til 31. desember 2027, vera 40 virkir dagar frá viðtöku allra upplýsinganna í samræmi við 1. mgr.“

b) Ákvæði 4. mgr. falla brott.

c) Eftirfarandi 7., 8. og 9. mgr. er bætt við:

„7. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar skulu eftirlitsskyldir aðilar, sem falla undir gildissvið IV. kafla a í tilskipun 2003/87/EB, frá 1. júní 2026 til 15. september 2026 óska eftir að opna vörslureikning eftirlitsskylds aðila í skrá Sambandsins í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar.

8. Þrátt fyrir 2. mgr. þessarar greinar skal landsstjórnandinn opna reikning lögbærs landsyfirvalds til skýrslugjafar um sögulega losun fyrir árið 2024 í samræmi við 4. mgr. 30. gr. f í tilskipun 2003/87/EB og til skýrslugjafar um sannprófaða losun fyrir árið 2025 í samræmi við 2. mgr. 30. gr. f í þeirri tilskipun. Landsstjórnandinn skal tilkynna um

uppsafnaða losun á landsvísu í skrá Sambandsins gegnum reikning lögbærs landsyfirvalds eigi síðar en 30. júní 2025 og eigi síðar en 30. júní 2026, eftir því sem við á. Landsstjórnandinn skal senda skýrslu um nákvæma losun fyrir hvern eftirlitsskyldan aðila til framkvæmdastjórnarinnar eigi síðar en 30. júní 2025 og eigi síðar en 30. júní 2026, eftir því sem við á, með rafrænum hætti, öðrum en í gegnum skrá Sambandsins, og með því að nota sniðmátin eða nákvæmar skilgreiningar fyrir skráasnið sem framkvæmdastjórnin birti í samræmi við töflu IX-IV í IX. viðauka við þessa reglugerð

9. Á reikningi lögbærs landsyfirvalds skulu ekki vera losunarheimildir.“

3) Eftirfarandi 10. mgr. er bætt við í 20. gr.:

„10. Að því er varðar reikninga lögbærs landsyfirvalds, sem eru opnaðir í samræmi við 8. mgr. 15. gr. b, gildir ekki krafan um að vera með viðurkenndan fulltrúa í samræmi við þessa grein. Að því er varðar slíka reikninga skall tilnefna a.m.k. einn tengilið.“

4) Í stað 1. mgr. 22. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Allir reikningshafar skulu tilkynna landsstjórnandanum innan 10 virkra daga um breytingar á reikningsupplýsingum. Að auki skulu handhafar vörslureikninga staðbundinnar stöðvar, vörslureikninga umráðanda loftfars/flugrekanda og vörslureikninga rekstraraðila á sjó staðfesta við landsstjórnandann, eigi síðar en 30. júní ár hvert, að reikningsupplýsingar þeirra séu áfram fullnægjandi, uppfærðar, nákvæmar og réttar en handhafar vörslureikninga eftirlitsskylds aðila skulu veita þær upplýsingar eigi síðar en 31. mars ár hvert.“

5) Eftirfarandi 26. gr. c bætist við:

„26. gr. c

Lokun reikninga lögbærs landsyfirvalds

Landsstjórnandinn getur lokað reikningi lögbærs landsyfirvalds ef losunin, sem er tilkynnt skv. 8. mgr. 15. gr. b, hefur verið skráð.“

6) Eftirfarandi 32. gr. a er bætt við:

„32. gr. a

Frysting reikninga vegna þess að losunarheimildum hefur ekki verið skilað inn

1. Ef fjöldi losunarheimilda sem skilað er inn fyrir yfirstandandi tímabil skv. 56. gr. af vörslureikningi staðbundinnar stöðvar eða vörslureikningi umráðanda loftfars/flugrekanda 1. október ár hvert er minni en sannprófuð losun fyrir yfirstandandi tímabil, þ.m.t. næstliðið ár, ásamt leiðréttingarstuðli, skal miðlægi stjórnandinn tryggja að skrá Sambandsins frysti samsvarandi reikning rekstraraðila.

2. Þegar öllum losunarheimildum, sem eru á eftir áætlun, hefur verið skilað inn af reikningi rekstraraðila skv. 56. gr. skal miðlægi stjórnandinn tryggja að skrá Sambandsins setji stöðuna „opinn“ á viðkomandi reikning rekstraraðila.“

7) Í 33. gr. bætist eftirfarandi 1. mgr. d við:

„1d. Ef neikvæð tala um stöðu reglufylgni stafar eingöngu af fyrsta eða öðrum áfanga í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir og ef rekstraraðili staðbundinnar stöðvar getur ekki leiðrétt hana í síðari áföngum skal ekki taka neikvæðu töluna með í útreikninginn á tölunni um stöðu reglufylgni í samræmi við 1. mgr.“

8) Í stað 40. gr. kemur eftirfarandi:

„40. gr.

Millifærslur á losunarheimildum, sem á að bjóða upp, vegna flugs

1. Miðlægi stjórnandinn skal millifæra tímanlega, fyrir hönd viðkomandi aðildarríkis sem stendur að uppboðinu, sem uppboðshaldari, sem er tilnefndur í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2830 (*), er fulltrúi fyrir, almennar losunarheimildir vegna flugs af reikningi ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs yfir á uppboðsreikning ESB fyrir losunarheimildir í magni sem samsvarar árlegum fjölda sem er ákvarðaður samkvæmt þeirri reglugerð.

2. Ef um er að ræða breytingar á árlegum fjölda losunarheimilda í samræmi við 14. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/2830 skal miðlægi stjórnandinn millifæra samsvarandi fjölda almennra losunarheimilda af reikningi ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs yfir á uppboðsreikning ESB fyrir losunarheimildir eða af uppboðsreikningi ESB fyrir losunarheimildir yfir á reikning ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs, eftir því sem við á.

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2830 frá 17. október 2023 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB með því að mæla fyrir um reglur um tímasetningu, stjórnun og aðra þætti í tengslum við uppboð á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda (Stjtíð. ESB L, 2023/2830, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2023/2830/oj).“

9) Í stað 2. mgr. 48. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins millifæri almennar losunarheimildir sjálfvirkt af úthlutunarreikningi ESB fyrir losunarheimildir, í samræmi við viðkomandi töflu yfir landsbundna úthlutun, yfir á viðeigandi opinn eða frystan vörslureikning rekstraraðila, með tilliti til fyrirkomulags við sjálfvirkar millifærslur sem er tilgreint í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 75. gr.“

10) Eftirfarandi 1. mgr. a bætist við í 49. gr.:

„1a. Aðildarríkin sem úthluta losunarheimildunum skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um breytingar á töflum yfir landsbundna úthlutun vegna flugs sem gerðar eru í samræmi við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 334/2023 (*).

(*) Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 334/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn [2024/1419] (Stjtíð. ESB L, 2024/1419, 13.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec/2024/1419/oj).“

11) Í stað 2. mgr. 50. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins millifæri losunarheimildir vegna flugs, og almennar losunarheimildir frá og með 1. janúar 2025, sjálfvirkt af úthlutunarreikningi ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs, í samræmi við viðkomandi töflu yfir úthlutun, yfir á viðeigandi opinn eða frystan vörslureikning umráðanda loftfars/flugrekanda, með tilliti til fyrirkomulags við sjálfvirkar millifærslur sem er tilgreint í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 75. gr.“

12) Í stað c-liðar 1. mgr. 54. gr. kemur eftirfarandi:

„c) frá 1. janúar 2025, almennar losunarheimildir vegna flugs af uppboðsreikningi ESB fyrir losunarheimildir“.

13) Ákvæðum 58. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað annars málsliðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„Viðurkenndur fulltrúi reikningshafans, einn eða fleiri, sem hefur réttindi til að hefja viðskipti af þeirri tegund sem unnt er að bakfæra skal undirrita beiðnina á viðeigandi hátt og skal hún póstlögð innan 30 virkra daga frá því að ferlinu er lokið.“

b) Í stað a-liðar 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) viðskiptunum sem á að bakfæra, þar sem losunarheimildum var skilað inn eða þær felldar niður, lauk innan 40 virkra daga áður en tillaga stjórnanda reikningsins kom fram í samræmi við 3. mgr.“

14) Eftirfarandi 58. gr. a er bætt við á undan 3. kafla:

„58. gr. a

Skil losunarheimilda

1. Miðlægi stjórnandinn skal skila losunarheimildum, sem hefur verið skilað inn, á vörslureikning rekstraraðila til að koma ákvörðun og úrskurði aðildarríkis í framkvæmd í samræmi við 27. gr. eða 27. gr. a í tilskipun 2003/87/EB eða úrskurði Dómstóls Evrópusambandsins þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að starfsemi rekstraraðila falli utan gildissviðs þeirrar tilskipunar.

2. Fjöldi losunarheimilda sem skal skila skal ákvarðaður með því að beita eftirfarandi formúlu og námunda að næstu heilu tölu:

The number of allowances to be restituted
= The number of the allowances surrendered in excess
× (inflation adjusted average value of allowances in the year of surrender
/the average value of allowances in the year of resistution)

þar sem:

Heildarvirði losunarheimilda á árinu sem innskil fóru fram er ákvarðað á grundvelli meðaltals uppboðsverðs fyrir það ár á sameiginlega uppboðsvettvanginum skv. 1. mgr. 26. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/2830 (*).

Heildarvirði losunarheimilda á árinu sem skil fóru fram er ákvarðað á grundvelli meðaltals uppboðsverðs fyrir það ár á sameiginlega uppboðsvettvanginum skv. 1. mgr. 26. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/2830.

Verðbólgan er ákvörðuð á grundvelli neysluverðsvísitölu sem byggist á samræmdri vísitölu neysluverðs í Evrópusambandinu.

3. Sömu tegund losunarheimilda, sem var upphaflega skilað inn, skal skila af reikningi Sambandsins fyrir niðurfelldar losunarheimildir yfir á vörslureikning rekstraraðila.

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2830 frá 17. október 2023 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB með því að mæla fyrir um reglur um tímasetningu, stjórnun og aðra þætti í tengslum við uppboð á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda (Stjtíð. ESB L, 2023/2830, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2023/2830/oj).“

15) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

16) Ákvæðum VII. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

17) Ákvæðum IX. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

18) Í stað XI. viðauka kemur texti IV. viðauka við þessa reglugerð.

19) Ákvæðum XIII. viðauka er breytt í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 2., 3., 5., 8. og 12. liðar 1. gr. og I. viðauka, III. viðauka og 1. lið V. viðauka skulu koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2025.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. febrúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Í töflu I-I í I. hluta „**Rekstrarreikningar viðskiptakerfis fyrir losunarheimildir í skrá Sambandsins**“ í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/1122 er eftirfarandi færslu bætt við:

„Heiti reikningstegundar	Reikningshafi	Stjórnandi reiknings	Fjöldi reikninga af þessari tegund	Losunarheimildir		Einingar úr viðskiptum með losunarheimildir sem tengjast skv. 25. gr. tilskipunar 2003/87/EB	Losunarheimildir sem falla undir IV. kafla a í tilskipun 2003/87/EB
				Almennar losunarheimildir	Losunarheimildir vegna flugs		
Reikningur lögbærs landsyfirvalds	Aðildarríki	Miðlægur stjórnandi	Einn fyrir hvert aðildarríki	Nei	Nei	Nei	Nei“

II. VIÐAUKI

Í VII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/1122 er eftirfarandi töflu bætt við:

„**Tafla VII-II: Upplýsingar um tengilið umráðanda loftfars/flugrekanda**

	A	B	C	D	E	F
Liður nr.	Reikningsupplýsingar	Skyldubundið (S) eða valkvætt (V)?	Tegund	Unnt að uppfæra?	Þarf samþykki stjórnandans fyrir uppfærslu?	Birt á opinbera vefsetrinu?
1	Eiginnafn tengiliðar í aðildarríkinu	V	Frjálst	Já	Nei	Nei
2	Eftirnafn tengiliðar í aðildarríkinu	V	Frjálst	Já	Nei	Nei
3	Heimilisfang fyrirtækis tengiliðar – land	V	Fyrirfram ákveðin	Já	Nei	Nei
4	Heimilisfang fyrirtækis tengiliðar – svæði eða ríki	V	Frjálst	Já	Nei	Nei
5	Heimilisfang fyrirtækis tengiliðar – borg	V	Frjálst	Já	Nei	Nei
6	Heimilisfang fyrirtækis tengiliðar – póstnúmer	V	Frjálst	Já	Nei	Nei
7	Heimilisfang fyrirtækis tengiliðar – lína 1	V	Frjálst	Já	Nei	Nei
8	Heimilisfang fyrirtækis tengiliðar – lína 2	V	Frjálst	Já	Nei	Nei
9	Sími 1 hjá tengilið fyrirtækis	V	Frjálst	Já	Nei	Nei
10	Sími 2 hjá tengilið fyrirtækis	V	Frjálst	Já	Nei	Nei
11	Tölvupóstfang tengiliðar fyrirtækis	V	Frjálst	Já	Nei	Nei“

III. VIÐAUKI

Í IX. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/1122 er eftirfarandi töflu bætt við:

„4. **Gögn um losun fyrir eftirlitsskylda aðila á árunum 2025 og 2026 skulu fela í sér upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu IX-IV, með hliðsjón af rafræna sniðinu fyrir framlagningu gagna um losun sem lýst er í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 75.gr.**

Tafla IX-IV: Gögn um losun fyrir eftirlitsskylda aðila á árunum 2025 og 2026

1	Heiti eftirlitsskylds aðila:	
2	Leyfisnúmer fyrir viðskipti með losunarheimildir	
3	Skýrslugjafarár	
Losun gróðurhúsalofttegunda		
		í tonnum koltvísýrings“
4	Landsbundin heildarlosun (Varðar allt eldsneyti sem er afhent til notkunar á yfirráðasvæði aðildarríkis)	

IV. VIÐAUKI

„XI. VIÐAUKI

Tafla yfir landsbundna úthlutun vegna flugs

Lína nr.				Fjöldi almennra losunarheimilda sem skal úthluta án endurgjalds					
				Samkvæmt 3. gr. e og 1. mgr. 3. gr. d í tilskipun 2003/87/EB	Samkvæmt 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB	Samkvæmt 6. mgr. 3. gr. c í tilskipun 2003/87/EB	Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 334/2023	Samtals	
1	Landskóði aðildarríkis								Handvirk innfærsla
2		Auðkenni umráðanda loftfars							Handvirk innfærsla
3		Fjöldi sem úthluta skal							
4			árið X						Handvirk innfærsla
5			árið X+1						Handvirk innfærsla
6			árið X+2						Handvirk innfærsla
7			árið X+3						Handvirk innfærsla
8			árið X+4						Handvirk innfærsla
9			árið X+5						Handvirk innfærsla
10			árið X+6						Handvirk innfærsla
11			árið X+7						Handvirk innfærsla
12			árið X+8						Handvirk innfærsla
13			árið X+9						Handvirk innfærsla“

V. VIÐAUKI

Ákvæðum XIII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/1122 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi i-lið er bætt við í fyrstu undirgrein 1. liðar í I. hluta:

„i) uppsöfnuð losun sem landsstjórnandinn gefur skýrslu um í samræmi við 8. mgr. 15. gr. b“.

2) Eftirfarandi III-hluta er bætt við:

„III. ***Gögn sem koma ekki úr skrá Sambandsins og sem eru birt í upplýsingaskyni***

Upplýsingar aðgengilegar almenningi

9. Eftir að hafa aflað gagna, sem gefin er skýrsla um samkvæmt framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066 (*) og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1603 eða reiknuð út samkvæmt framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1879 (***), skal skrá Sambandsins birta á opinbera vefsetrinu eftirfarandi upplýsingar fyrir hvern vörslureikning umráðanda loftfars/flugrekanda:

a) gögn um losun fyrir hvern umráðanda loftfars/flugrekanda sem á að gera aðgengileg öllum í samræmi við 6. mgr. 14. gr. tilskipunar 2003/87/EB,

b) önnur áhrif frá flugstarfsemi en frá koltvísýringi sem tilkynnt er um í samræmi við 5. mgr. 14. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066 frá 19. desember 2018 um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 (Stjtíð. ESB L 334, 31.12.2018, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2018/2066/oj).

(**) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1603 frá 18. júlí 2019 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar ráðstafanir sem Alþjóðaflugmálastofnunin samþykkti vegna vöktunar, skýrslugjafar og sannprófunar á losun frá flugi í þeim tilgangi að koma hnattrænni markaðstengdri ráðstöfun til framkvæmda (Stjtíð. ESB L 250, 30.9.2019, bls. 10, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2019/1603/oj).

(***) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1879 frá 9. júlí 2024 um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar útreikning á jöfnunarkröfum vegna kerfisins til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi (CORSIA) (Stjtíð. ESB L, 2024/1879, 10.7.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1879/oj).“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/723 **2025/EES/73/44**

frá 6. febrúar 2025

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur um árlegan útreikning á verðmun milli flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir og jarðefnasteinolíu og um úthlutun losunarheimilda í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir vegna notkunar á flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), einkum sjöundu undirgrein 6. mgr. 3. gr. c,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Kerfið til viðskipta með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda (EU-ETS), sem komið var á fót með tilskipun 2003/87/EB, tekur til flugstarfsemi innan Sambandsins.

2) Tilskipun 2003/87/EB var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/958 ([2]) til að samræma hana við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1119 ([3]) og þar er fastsett markmið um a.m.k. 55% samdrátt á nettólosun fyrir árið 2030 samanborið við 1990.

3) Til að styðja við umbreytinguna frá notkun jarðefnaeldsneytis og skapa hvata fyrir afkolun flutningaflugs var innleiddur viðbótarstuðningur í viðskiptakerfinu með losunarheimildir með tilskipun (ESB) 2023/958 með því að setja að hámarki 20 milljónir losunarheimilda í varasjóð sem skal úthluta til að standa straum af hluta af því sem eftir stendur af verðmuninum milli jarðefnasteinolíu og flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir sem umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með rekstur í atvinnuskyni nota frá 1. janúar 2024 til 31. desember 2030.

4) Varasjóður með 20 milljónum losunarheimilda kemur úr heildarfjölda losunarheimilda sem skal úthluta að því er varðar umráðendur loftfara/flugrekendur og skal úthlutað á jafnréttisgrundvelli, einungis vegna notkunar á flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir sem er notað í flugferðum sem falla undir skuldbindingarnar um innskil í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir og flugferðum sem falla undir 8. mgr. 3. gr. c í tilskipun 2003/87/EB.

5) Til að koma í framkvæmd úthlutun 20 milljónum losunarheimilda, sem eru settar í varasjóð til að styðja við áfyllingu með flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir, ætti að mæla fyrir um ítarlegar reglur um árlegan útreikning á verðmuninum milli flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir og jarðefnasteinolíu og ítarlegar reglur um úthlutun þessara losunarheimilda.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/723, 16.4.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 221/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2003/87/oj.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/958 frá 10. maí 2023 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB að því er varðar framlag flugstarfsemi til markmiðs Sambandsins um samdrátt á losun sem hefur áhrif á allt hagkerfið og viðeigandi framkvæmd hnattrænnar markaðstengdar ráðstöfunar (Stjtíð. ESB L 130, 16.5.2023, bls. 115, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2023/958/oj).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1119 frá 30. júní 2021 um að koma á ramma til að ná fram loftslagshlutleysi og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 401/2009 og (ESB) 2018/1999 (evrópsku loftslagslögin) (Stjtíð. ESB L 243, 9.7.2021, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2021/1119/oj).

6) Til að lágmarka stjórnsýsluvinnu fyrir umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með rekstur í atvinnuskyni og lögbær yfirvöld ættu umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með rekstur í atvinnuskyni að geta sótt um úthlutun losunarheimilda með því einfaldlega að greina frá notkun flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir í skýrslu sinni um árlega losun. Til að stuðla að hagkvæmara ferli og tímanlegri úthlutun ætti umsóknin einungis að teljast gild ef skýrslan um árlega losun er lögð fram eigi síðar en 31. mars á hverju ári, eins og mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066 ([4]). Til að umráðendum loftfara/flugrekendum sem eru með rekstur í atvinnuskyni sé unnt að gefa skýrslu um notkun á flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir, af ástæðum sem varða gagnsæi eða af öðrum ástæðum, án þess að sækja um losunarheimildir ætti umráðendum loftfara/flugrekendum sem eru með rekstur í atvinnuskyni að vera heimilt að afþakka stuðninginn.

7) Samkvæmt 13. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2405 ([5]) skal Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins gefa skýrslu um m.a. verð á flugvélaeldsneyti í árlegri tækniskýrslu sinni (hér á eftir nefnd tækniskýrsla Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins). Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins birtir þessa skýrslu á hverju ári og hún inniheldur markaðsverð á jarðefnasteinolíu og sjálfbæru flugvélaeldsneyti sem viðskipti eru höfð með á almennum markaði og, ef markaðsverð liggur ekki fyrir, áætlaðan framleiðslukostnað. Í þágu réttarvissu ætti framkvæmdastjórnin, að því marki sem mögulegt er, að tryggja að verð á flugvélaeldsneyti, sem krafist er að sé ákvarðað og birt samkvæmt þessari reglugerð, sé samræmt við verðið sem greint er frá samkvæmt reglugerð (ESB) 2023/2405.

8) Markaðurinn fyrir óhefðbundið flugvélaeldsneyti er í þróun þar eð iðnaðurinn leitast við að afkola flugstarfsemi samhliða því að uppfylla komandi birgðakröfur fyrir eldsneytisbirgja og valfrjálsar skuldbindingar umráðenda loftfara/flugrekenda um að fylla á með þessu eldsneyti. Til að unnt sé að nota nákvæmasta verðmuninn í þessari reglugerð ætti framkvæmdastjórnin að birta verð fyrir hvert tiltekið flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir aðskilið, ef það liggur fyrir, þar eð verðið á hverju flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir ræðst af hráefninu og framleiðsluferli eldsneytis sem er notað. Framkvæmdastjórnin ætti að nota dæmigert og gagnsætt verð sem er notað á almennum markaði í viðskiptum með þetta eldsneyti. Vegna þess að markaðurinn er enn í mótun eru þó ekki höfð viðskipti á almennum markaði með allt flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir jafnvel þó að það sé framleitt og notað í litlu magni. Af þessum sökum ætti að ákvarða verð á flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir með því að nota markaðsverð sem er birt í tækniskýrslu Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins fyrir eldsneyti sem viðskipti eru höfð með á almennum markaði, raunverulegt eldsneytisverð sem umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með rekstur í atvinnuskyni greiða eða lágmarkssöluverð sem framkvæmdastjórnin reiknar út. Þar eð tiltekið verð fyrir allt flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir liggur e.t.v. ekki fyrir ætti að koma á fót lágmarksskrá yfir undirflokka flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir sem ætti að innihalda allt mögulegt flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir. Flokka ætti tiltekið flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir í þessa undirflokka og þeir ættu að vera undirflokkar í flokkunum sem mælt er fyrir um í þriðju undirgrein 6. mgr. 3. gr. c í tilskipun 2003/87/EB.

9) Að því er varðar flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir sem ekkert markaðsverð er tiltækt fyrir í tækniskýrslu Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins vegna þess að engin viðskipti eru höfð með það á almennum markaði ættu umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með rekstur í atvinnuskyni að geta gefið skýrslu, að eigin frumkvæði, til framkvæmdastjórnarinnar um raunverulegt verð sem er greitt fyrir flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir með það fyrir augum að tekið verði tillit til raunverulegs verðs sem er greitt við ákvörðun á eldsneytisverði. Með því verði sem umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með rekstur í atvinnuskyni greina frá ættu að fylgja sönnunargögn sem ná yfir samninga og áfyllingu fyrir allt almanaksárið sem og heildarmagn áfyllts eldsneytis sem viðkomandi umráðandi loftfars/flugrekandi greinir frá. Til að tryggja að eldsneytið sem greint er frá verðinu á sé nægilega dæmigert ætti það enn fremur að vera a.m.k. fjórðungurinn af öllu eldsneyti í þeim flokki sem allir umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með rekstur í atvinnuskyni gefa skýrslu um á því ári til að hægt sé að nota það til að ákvarða verð á flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir. Framkvæmdastjórnin ætti að tryggja að tilkynnt sé um slík gögn og þau meðhöndluð með fullum trúnaði. Ef færri en þrír umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með rekstur í atvinnuskyni gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um raunverulegt verð sem er greitt er þó ekki hægt að tryggja trúnaðarkvaðir um gögnin í hagskýrslum. Í því tilviki ættu umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með rekstur í atvinnuskyni að falla frá kröfunni um trúnaðarkvöð ef þeir óska eftir að tekið verði tillit til verðs þeirra í útreikningnum á eldsneytisverðinu. Til að auðvelda ákvörðun á viðeigandi verklagsreglum fyrir skýrslugjöf um raunverulegt verð og tryggja jafnframt viðeigandi trúnaðarstig ætti möguleikinn á að gefa skýrslu um raunverulegt verð að koma til framkvæmda frá árinu 2026 fyrir eldsneyti sem er notað frá og með 1. janúar 2025.

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066 frá 19. desember 2018 um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 (reglugerðin um vöktun og skýrslugjöf) (Stjtíð. ESB L 334, 31.12.2018, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2018/2066/oj).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2405 frá 18. október 2023 um að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrir sjálfbæra flutninga í lofti (framtaksverkefnið „ReFuelEU Aviation“) (Stjtíð. ESB L, 2023/2405, 31.10.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2405/oj).

10) Til að hvetja til þess að greint sé frá raunverulegu verði sem umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með rekstur í atvinnuskyni greiða, ef markaðsverð liggur ekki fyrir í tækniskýrslu Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins, ætti einungis að taka tillit til verðs sem greint er frá og nota viðeigandi verðmun við útreikning á úthlutun losunarheimilda til umráðenda loftfara/flugrekenda sem eru með rekstur í atvinnuskyni ef a.m.k. fjórðungurinn af magni alls uppgefins eldsneytis er með uppgefið verð. Að því er varðar þá umráðendur loftfara/flugrekendur sem greindu ekki frá raunverulegu verði sem var greitt og notuðu flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir sem markaðsverð fyrir lá ekki fyrir í tækniskýrslu Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins ætti þó að reikna út fjölda losunarheimilda með því að nota lágmarkssöluverðið fyrir undirflokk flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir.

11) Ákvarða ætti lágmarkssöluverðið með því að nota viðeigandi vikmörk á áætlaðan framleiðslukostnað fyrir flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir sem greint var frá í tækniskýrslu Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins. Vikmörkin ættu að vera varfærnislegt gildi sem nemur 10%, byggt á þröskuldsgildishlutfalli sem nemur u.þ.b. 12–16%. Þetta þröskuldsgildishlutfall er aðlagað með sönnunargögnum frá geiranum, sem framkvæmdastjórnin hefur safnað, s.s. þröskuldsgildishlutföllum sem eru notuð í raforkuframleiðslu. Enn fremur ættu vikmörkin sem eru notuð að tryggja að lágmarkssöluverðið sé ekki ofáætlað og hvetja umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með rekstur í atvinnuskyni til að greina frá raunverulegu verði sem er greitt.

12) Til að tryggja viðeigandi reikningshald um fjölda fáanlegra losunarheimilda, áður en framkvæmdastjórnin samþykkir ákvörðun um úthlutun losunarheimilda vegna notkunar á flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir, ætti framkvæmdastjórnin að athuga hvort eftirstandandi fjöldi losunarheimilda, sem eru settar í varasjóð skv. 6. mgr. 3. gr. c í tilskipun 2003/87/EB, nægi til að anna eftirspurn eftir úthlutun losunarheimilda. Ef sá fjöldi nægir ekki ætti framkvæmdastjórnin að reikna út úthlutunarsamdráttarstuðul sem skal beitt á samræmdan hátt um alla umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með rekstur í atvinnuskyni sem úthlutunin fyrir umrætt ár hefur áhrif á.

13) Til að viðurkenna framlag tekna frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir til loftslagstengdrar umbreytingar ættu umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með rekstur í atvinnuskyni að tryggja að viðtaka stuðningsins sé sýnileg í samskiptum þeirra, s.s. í ársskýrslum þeirra, sjálfbærniyfirlýsingum eða farseðlum farþega.

14) Umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með rekstur í atvinnuskyni skulu greina frá umsókn um stuðning vegna áfyllingar með flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir ásamt skýrslugjöf um losun fyrir 2024. Til að tryggja tímanlega beitingu reglnanna sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð áður en fresturinn til að gefa skýrslu um þessa losun rennur út ætti hún að taka gildi án tafar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um árlegan útreikning á verðmuninum milli flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir og jarðefnasteinolíu og um úthlutun losunarheimilda skv. 6. mgr. 3. gr. c í tilskipun 2003/87/EB vegna notkunar umráðenda loftfara/flugrekenda sem eru með rekstur í atvinnuskyni á flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir frá 1. janúar 2024 til 31. desember 2030.

2. Umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með rekstur í atvinnuskyni geta sótt um úthlutun að því er varðar flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir sem greint er frá í samræmi við 54. gr. a í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 og notað í eftirfarandi flug undir hljóðhraða:

a) flug sem skila verður inn losunarheimildum fyrir í samræmi við 3. mgr. 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB,

b) flug sem falla undir 8. mgr. 3. gr. c í tilskipun 2003/87/EB.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „umráðandi loftfars/flugrekandi sem er með rekstur í atvinnuskyni “: umráðandi loftfars í flutningaflugi eins og hann er skilgreindur í p-lið 3. gr. tilskipunar 2003/87/EB,

2) „flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir“: eldsneytistegundir sem uppfylla viðmiðanir fyrir stuðningi skv. 6. mgr. 3. gr. c í tilskipun 2003/87/EB,

3) „samræmt lágmarksskattþrep“: lágmarksskattþrep sem gildir um jarðefnasteinolíu og flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir sem sett er fram í tilskipun ráðsins 2003/96/EB ([6]),

4) „tækniskýrsla Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins“: tækniskýrsla sem Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins birtir, sem um getur í 13. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2405.

3. gr.

Umsókn umráðenda loftfara/flugrekenda sem eru með rekstur í atvinnuskyni um losunarheimildir vegna notkunar á flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir

1. Umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með rekstur í atvinnuskyni skulu sækja um úthlutun losunarheimilda vegna notkunar á flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir með því að greina frá sannprófuðu magni flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir, sem var notað á næstliðnu skýrslugjafarári, í skýrslu sinni um árlega losun í samræmi við 54. gr. a í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066.

2. Ef umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með rekstur í atvinnuskyni ákveða að sækja ekki um úthlutun losunarheimilda vegna notkunar á flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir skulu þeir tilgreina þá ákvörðun í skýrslunni um árlega losun.

3. Umsóknin skal vera gild að því tilskildu að skýrslu um árlega losun sé skilað til lögbærs yfirvalds eigi síðar en 31. mars á næsta ári á eftir skýrslutímabilinu skv. 1. mgr. 68. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066.

4. gr.

Árlegur útreikningur á meðalverðmuninum milli flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir og jarðefnasteinolíu

1. Meðalverðmunur milli flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir og jarðefnasteinolíu á tilteknu ári skal reiknaður út sem hér segir:

Verðmunur (y) = verð á flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir (y) – (verð á jarðefnasteinolíu + verð í viðskiptakerfinu með losunarheimildir + mismunur á skattlagningu (y))

þar sem:

Verð á flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir (y)	=	verð á flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir *y* eða flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir í undirflokki *y* sem er tilgreint í viðaukanum, ákvarðað í samræmi við 2. mgr., í evrum á hvert tonn.
Verð á jarðefnasteinolíu	=	verð á jarðefnasteinolíu Jet A1, ákvarðað í samræmi við 4. mgr., í evrum á hvert tonn.
Verð í viðskiptakerfinu með losunarheimildir	=	verð fyrir notkun á jarðefnasteinolíu samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, ákvarðað í samræmi við 5. mgr., í evrum á hvert tonn.
Mismunur á skattlagningu (y)	=	mismunur milli samræmds lágmarksskattþreps á jarðefnasteinolíu og flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir y, í evrum á hvert tonn.

2. Verð á flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir skal ákvarðað fyrir tiltekið flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir, ef það liggur fyrir, og að lágmarki fyrir undirflokka flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir sem eru tilgreindir í viðaukanum sem hér segir:

a) ef markaðsverð liggur fyrir í tækniskýrslu Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins skal verðið vera markaðsverðið sem er birt í þeirri skýrslu,

([6]) Tilskipun ráðsins 2003/96/EB frá 27. október 2003 um endurskipulagningu ramma Bandalagsins fyrir skattlagningu orkugjafa og raforku (Stjtíð. ESB L 283, 31.10.2003, bls. 51, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2003/96/oj).

b) ef markaðsverð liggur ekki fyrir í tækniskýrslu Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins skal verðið ákvarðað sem hér segir:

i. ef verð sem greint er frá í samræmi við 5. mgr., sem tekur að lágmarki til 25% af heildarmagni viðkomandi flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir eða undirflokks sem allir umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með rekstur í atvinnuskyni hafa greint frá á viðkomandi skýrslutímabili, liggur fyrir skal verðið vera vegið meðalverð uppgefna verðsins fyrir þá umráðendur loftfara/flugrekendur sem greindu frá verði í samræmi við 5. gr.; fyrir umráðendur loftfara/flugrekendur sem greindu ekki frá verði í samræmi við 5. gr. skal verðið vera lágmarkssöluverð sem er ákvarðað í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar,

ii. ef verð sem greint er frá í samræmi við 5. mgr., sem tekur að lágmarki til 25% af heildarmagni viðkomandi flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir eða undirflokks sem allir umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með rekstur í atvinnuskyni hafa greint frá á viðkomandi skýrslutímabili, liggur ekki fyrir skal verðið vera lágmarkssöluverð sem er ákvarðað í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar.

3. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða lágmarkssöluverðið á grundvelli bestu gagna sem standa til boða og að teknu tilliti til viðeigandi upplýsinga, sem liggja fyrir í tækniskýrslu Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins, um áætlaðan framleiðslukostnað og skal nota viðbótarvikmörk sem nema 10%.

4. Verð á jarðefnasteinolíu skal vera verðið sem búið er að birta eða stendur til að birta í tækniskýrslu Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins. Ef verðið liggur ekki fyrir í tækniskýrslu Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins sem búið er að birta eða stendur til að birta þegar framkvæmdastjórnin birtir verðmuninn í samræmi við 7. mgr. skal verðið á jarðefnasteinolíu byggjast á bestu gögnum sem framkvæmdastjórninni standa til boða.

5. Verð í viðskiptakerfinu með losunarheimildir skal reiknað út með tveimur aukastöfum með eftirfarandi formúlu:

verð í viðskiptakerfinu með losunarheimildir = losunarstuðull jarðefnasteinolíu × verð á losunarheimild í viðskiptakerfinu með losunarheimildir

þar sem:

Losunarstuðull jarðefnasteinolíu	=	losunarstuðull fyrir þotusteinolíu eins og sett er fram í töflu 1 í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066.
Verð á losunarheimild í viðskiptakerfinu með losunarheimildir	=	meðalverð losunarheimilda, ákvarðað sem vegið meðalverð á uppboðum sem eru haldin í samræmi við framseldar gerðir sem eru samþykktar skv. 4. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB á næstliðnu almanaksári, eins og það er birt á sameiginlegum uppboðsvettvangi, í evrum á hverja losunarheimild.

Verð í viðskiptakerfinu með losunarheimildir skal vera núll ef flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir er ekki núllmetið í samræmi við 54. gr. c í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 og ef greint er frá flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir í flugi skv. b-lið 2. mgr. 1. gr.

6. Ef verð liggur ekki fyrir í evrum skal nota ársmeðaltal gengisins sem Seðlabanki Evrópu birtir fyrir gjaldeyrisskiptin.

7. Eigi síðar en 31. maí á hverju ári skal framkvæmdastjórnin birta verðmuninn fyrir næstliðið almanaksár í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, reiknað út í samræmi við þessa grein, og gildin fyrir alla þætti formúlunnar sem sett er fram í 1. mgr.

5. gr.

Skýrslugjöf um raunverulegt verð sem umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með rekstur í atvinnuskyni greiða

1. Að því er varðar flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir sem er notað frá 1. janúar 2025 getur umráðandi loftfars/flugrekandi sem er með rekstur í atvinnuskyni gefið framkvæmdastjórninni skýrslu, eigi síðar en 28. febrúar á hverju ári frá og með 2026, um raunverulegt verð sem er greitt fyrir eldsneytið sem var notað á næstliðnu almanaksári. Ef umráðandi loftfars/flugrekandi velur að gefa skýrslu um raunverulegt verð skal hann láta eftirfarandi í té ásamt skýrslunni:

a) fullnægjandi gögn, þ.m.t. samninga og reikninga, sem tengja flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir við umráðanda loftfars/flugrekanda sem er með rekstur í atvinnuskyni og þar sem allir flugvellir eru tilgreindir þar sem flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir var afhent og gefin skýrsla um það,

b) sönnunargögn um að allt magn flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir, sem greint er frá, falli undir framlagða samninga og reikninga á öllum stöðum þar sem viðkomandi flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir er áfyllt.

Framkvæmdastjórnin getur ákveðið að taka ekki tillit til uppgefins verðs við að ákvarða verðið á flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir í samræmi við 2. mgr. 4. gr. frá umráðanda loftfars/flugrekanda sem er með rekstur í atvinnuskyni ef framlögð sönnunargögn eru ófullnægjandi eða ekki trúverðug.

2. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að gögnin og sönnunargögnin sem lögð eru fram í samræmi við 1. mgr. séu meðhöndluð sem trúnaðarmál.

3. Þrátt fyrir 2. mgr., ef einungis einn eða tveir umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með rekstur í atvinnuskyni greina frá raunverulegu verði sem er greitt fyrir flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir, skal framkvæmdastjórnin einungis taka tillit til uppgefins verðs ef þessir umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með rekstur í atvinnuskyni falla frá kröfunni um trúnaðarkvöð.

Framkvæmdastjórnin skal upplýsa viðkomandi umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með rekstur í atvinnuskyni, eins fljótt og unnt er eftir lokadag skýrsluskila, um það ef einungis einn eða tveir umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með rekstur í atvinnuskyni greindu frá raunverulegu verði sem var greitt fyrir flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir og skal fara fram á að fallið verði skriflega frá trúnaðarkvöð. Ef viðkomandi umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með rekstur í atvinnuskyni láta ekki í té umbeðið afsal trúnaðarkvaðar innan 15 virkra daga frá beiðninni skal ekki taka uppgefið verð til greina við útreikninginn á verðmuninum í samræmi við 4. gr.

4. Eigi síðar en 30. apríl ár hvert skal framkvæmdastjórnin upplýsa aðildarríkin um það hvaða umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með rekstur í atvinnuskyni hafa lagt fram uppgefið verð.

5. Ákvæðin í þessari framseldu reglugerð skulu ekki hafa áhrif á beitingu samkeppnislaga Sambandsins.

6. gr.

Útreikningur á fjölda losunarheimilda sem skal úthluta til umráðenda loftfara/flugrekenda sem eru með rekstur í atvinnuskyni

1. Lögbær yfirvöld skulu ákvarða eftirspurnina eftir losunarheimildum fyrir hvern umráðanda loftfars/flugrekanda sem er með rekstur í atvinnuskyni sem fellur undir þau. Eftirspurnin skal reiknuð út sem summa eftirspurnar fyrir hvert flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir eða hvern undirflokk flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir sem er tilgreindur í viðaukanum, sem verðið var ákvarðað fyrir skv. 2. mgr. 4. gr., ákvörðuð í samræmi við 2. eða 3. mgr., eftir því sem við á, og námunduð að næstu heilu tölu fyrir neðan.

2. Eftirspurnin eftir losunarheimildum sem er úthlutað fyrir notkun á hverju flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir eða hvern undirflokk flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir sem er tilgreindur í viðaukanum, sem verðið var ákvarðað fyrir skv. 2. mgr. 4. gr., sem var áfyllt á flugvöllum sem eru tilgreindir í c-lið þriðju undirgreinar 6. mgr. 3. gr. c í tilskipun 2003/87/EB, skal ákvörðuð fyrir hvern umráðanda loftfars/flugrekanda sem er með rekstur í atvinnuskyni með eftirfarandi formúlu:

$$\text{Úthlutun (y)} = \frac{\text{eldsneyti sem er notað (y) x verðmunur (y)}}{\text{verð á losunarheimild}}$$

þar sem:

Eldsneyti sem er notað (y)	=	magn óblandaðs flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir *y* eða flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir í undirflokki *y* sem er tilgreint í viðaukanum, eins og greint var frá því í skýrslunni um árlega losun, í tonnum.
Verðmunur (y)	=	verðmunur milli flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir *y* eða flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir í undirflokki *y* sem er tilgreint í viðaukanum og jarðefnaeldsneytis, eins og ákvarðað er í samræmi við 1. mgr. 4. gr., í evrum á hvert tonn.
Verð á losunarheimild	=	meðalverð fyrir losunarheimildir eins og ákvarðað er í samræmi við 5. mgr. 4. gr., í evrum á hverja losunarheimild.

3. Eftirspurnin eftir losunarheimildum sem er úthlutað fyrir notkun á hverju flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir eða hvern undirflokk flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir sem er tilgreindur í viðaukanum, sem verðið var ákvarðað fyrir skv. 2. mgr. 4. gr., sem var áfyllt á öðrum flugvöllum en þeim sem eru tilgreindir í c-lið þriðju undirgreinar 6. mgr. 3. gr. c í tilskipun 2003/87/EB, skal ákvörðuð fyrir hvern umráðanda loftfars/flugrekanda sem er með rekstur í atvinnuskyni með eftirfarandi formúlu:

$$\text{Úthlutun (y)} = \frac{\text{eldsneyti sem er notað (y) x verðmunur (y) x umfang stuðnings frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (y)}}{\text{verð á losunarheimild}}$$

þar sem:

Eldsneyti sem er notað (y)	=	magn óblandaðs flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir *y* eða flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir í undirflokki *y* sem er tilgreint í viðaukanum, eins og greint var frá því í skýrslunni um árlega losun, í tonnum.
Verðmunur (y)	=	verðmunur milli flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir í flokki *y* eða flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir í undirflokki *y* sem er tilgreint í viðaukanum og jarðefnaeldsneytis, eins og ákvarðað er í samræmi við 2. mgr. 4. gr., í evrum á hvert tonn.
Verð á losunarheimild	=	meðalverð fyrir losunarheimildir eins og ákvarðað er í samræmi við 5. mgr. 4. gr., í evrum á hverja losunarheimild.
Umfang stuðnings frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (y)	=	hluti af þeim verðmun sem ná skal yfir fyrir flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir í flokki *y* eins og tilgreint er í þriðju undirgrein 6. mgr. 3. gr. c í tilskipun 2003/87/EB.

4. Eigi síðar en 15. júní á hverju ári skulu lögbær yfirvöld senda framkvæmdastjórninni eftirfarandi upplýsingar fyrir hvern umráðanda loftfars/flugrekanda sem er með rekstur í atvinnuskyni sem hefur sótt um úthlutun:

a) heiti og auðkenni umráðanda loftfars/flugrekanda sem er með rekstur í atvinnuskyni í viðskiptakerfinu með losunarheimildir,

b) magn flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir í hverjum flokki sem fellur undir umsóknina, í tonnum,

c) eftirspurn eftir úthlutun losunarheimilda, reiknuð út í samræmi við 1., 2. og 3. mgr.

5. Framkvæmdastjórnin skal leggja saman heildareftirspurn eftir úthlutun losunarheimilda og skal meta hvort eftirspurnin á tilteknu ári fer ekki yfir fjölda losunarheimilda sem eru eftir af magninu sem var sett í varasjóð í þessum tilgangi í samræmi við 6. mgr. 3. gr. c í tilskipun 2003/87/EB.

Ef heildareftirspurn eftir úthlutun losunarheimilda á tilteknu ári er meiri en tiltækileiki losunarheimilda skal framkvæmdastjórnin reikna út úthlutunarsamdráttarstuðul. Þessum stuðli skal beitt á samræmdan hátt um alla umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með rekstur í atvinnuskyni sem úthlutunin fyrir umrætt ár hefur áhrif á til að ákvarða endanlega úthlutun losunarheimilda fyrir hvern umráðanda loftfars/flugrekanda sem er með rekstur í atvinnuskyni. Úthlutunarsamdráttarstuðullinn skal reiknaður út með eftirfarandi formúlu:

$$\text{Úthlutunarsamdráttarstuðull} = \frac{\text{losunarheimildir í varasjóð sem eftir eru á árinu y}}{\text{heildareftirspurn eftir losunarheimildum á árinu y}}$$

Framkvæmdastjórnin skal upplýsa lögbær yfirvöld um það þegar beiting úthlutunarsamdráttarstuðuls er nauðsynleg og skal tilgreina gildi útreiknaða samdráttarstuðulsins. Á grundvelli þessara upplýsinga skulu lögbær yfirvöld endurreikna endanlega úthlutun fyrir hvern umráðanda loftfars/flugrekanda sem er með rekstur í atvinnuskyni og tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

Endanleg úthlutun fyrir hvern umráðanda loftfars/flugrekanda sem er með rekstur í atvinnuskyni skal námunduð að næstu heilu tölu fyrir neðan.

6. Eigi síðar en 31. ágúst á hverju ári skal framkvæmdastjórnin samþykkja ákvörðun þar sem úthlutun losunarheimilda fyrir hvern umráðanda loftfars/flugrekanda sem er með rekstur í atvinnuskyni er tilgreind á grundvelli tilkynninga sem eru mótteknar, skal upplýsa viðkomandi lögbær yfirvöld og skal færa breytingarnar inn, eftir því sem við á, í skrá Sambandsins, sem komið var á skv. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB, og í viðskiptadagbókina sem um getur í 20. gr. þeirrar tilskipunar.

7. gr.

Leiðréttingarferli

1. Ef nauðsynlegt er að gera leiðréttingar á fjölda losunarheimilda í ákvörðuninni skv. 6. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar skulu slíkar leiðréttingar framkvæmdar með því að nota losunarheimildir úr þeim fjölda losunarheimilda sem eru settar í varasjóð, eða með því að skila losunarheimildum í hann, í samræmi við 6. mgr. 3. gr. c í tilskipun 2003/87/EB.

2. Ef nota þarf losunarheimildir, í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, úr þeim fjölda losunarheimilda sem eru settar í varasjóð í samræmi við 6. mgr. 3. gr. c í tilskipun 2003/87/EB og engar slíkar losunarheimildir eru eftir skal leiðrétting sem útheimtir viðbótarlosunarheimildir ekki gerð.

8. gr.

Sýnileiki

Umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með rekstur í atvinnuskyni, sem njóta stuðnings samkvæmt þessari reglugerð, skulu falla undir eftirfarandi skuldbindingar:

a) þeir skulu viðurkenna uppruna stuðningsins og tryggja að stuðningur Sambandsins sé sýnilegur, einkum við að koma á framfæri notkun óhefðbundins eldsneytis og niðurstöðunum af þessari notkun, með samfelldri, skilvirkri og markvissri upplýsingamiðlun til mismunandi hópa, þ.m.t. til farþega, fjölmiðla og almennings, og í sjálfbærniyfirlýsingum umráðanda loftfars/flugrekanda sem er með rekstur í atvinnuskyni og ársskýrslum,

b) þeir skulu nota, í allri starfsemi er varðar samskipti og miðlun þekkingar, þ.m.t. á farseðlum farþega og á tilkynningatöflum á mikilvægum stöðum sem eru aðgengilegir almenningi, merkimiða sem á stendur „(sam-)fjármagnað af viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir“ sem og táknmynd Sambandsins og fjárhæð stuðningsins.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

UNDIRFLOKKAR FLUGVÉLAELDSNEYTIS SEM UPPFYLLIR VIÐMIÐANIR

	Undirflokkur flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir	Umfang beins stuðnings frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir sem mælt er fyrir um í þriðju undirgrein 6. mgr. 3. gr. c í tilskipun 2003/87/EB (1)	Upplýsingar
1	Endurnýjanlegt eldsneyti af ólífrænum uppruna	95%	endurnýjanlegt staðgengilseldsneyti af ólífrænum uppruna (e. *drop-in renewable fuel of non-biological origin*) eins og það er skilgreint í 36. lið 2. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001 og sem er vottað í samræmi við 30. gr. þeirrar tilskipunar
2	Samunnið endurnýjanlegt eldsneyti af ólífrænum uppruna (e. *co-processed renewable fuel of non-biological origin*)	95%	Samafurðir í hefðbundinni hreinsunarstöð sem eru endurnýjanlegt staðgengilseldsneyti af ólífrænum uppruna eins og það er skilgreint í 36. lið 2. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001 og sem er vottað í samræmi við 30. gr. þeirrar tilskipunar
3	Háþróað flugvélalífeldsneyti (e. *advanced aviation biofuel*)	70%	Lífeldsneyti sem er framleitt úr hráefni sem er tilgreint í A-hluta IX. viðauka við tilskipun (ESB) 2018/2001 og sem er vottað í samræmi við 30. gr. þeirrar tilskipunar
4	Háþróað samunnið eldsneyti (e. *advanced co-processed fuel*)	70%	Samafurðir í hefðbundinni hreinsunarstöð sem eru framleiddar úr hráefni sem er tilgreint í A-hluta IX. viðauka við tilskipun (ESB) 2018/2001 og sem eru vottaðar í samræmi við 30. gr. þeirrar tilskipunar
5	Endurnýjanlegt vetni fyrir flugsamgöngur	70%	Endurnýjanlegt vetni fyrir flugsamgöngur eins og það er skilgreint í 16. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2405
6	Flugvélalífeldsneyti	50%	Lífeldsneyti sem er framleitt úr hráefni sem er tilgreint í B-hluta IX. viðauka við tilskipun (ESB) 2018/2001 og sem er vottað í samræmi við 30. gr. þeirrar tilskipunar
7	Annað flugvélalífeldsneyti	50%	Lífeldsneyti sem er framleitt úr hráefni sem er ekki tilgreint í IX. viðauka við tilskipun (ESB) 2018/2001 og ekki framleitt úr matvæla- og fóðurplöntum og sem er vottað í samræmi við 30. gr. þeirrar tilskipunar
8	Lágkolefnisvetni sem er ekki úr jarðefnum fyrir flugsamgöngur	50%	Lágkolefnisvetni fyrir flugsamgöngur eins og það er skilgreint í 15. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2405 sem er ekki unnið úr jarðefnaeldsneyti
9	Tilbúið lágkolefnis-flugvélaeldsneyti sem er ekki úr jarðefnum	50%	Tilbúið lágkolefnisflugvélaeldsneyti eins og það er skilgreint í 13. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2405 sem er ekki unnið úr jarðefnaeldsneyti
10	Samunnið eldsneyti	50%	Samafurðir í hefðbundinni hreinsunarstöð, aðrar en háþróað samunnið eldsneyti, og sem eru vottaðar í samræmi við 30. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001

(1) Umfang stuðnings nema þegar eldsneytið er áfyllt á flugvelli sem er tilgreindur í c-lið þriðju undirgreinar 6. mgr. 3. gr. c í tilskipun 2003/87/EB þar sem umfang stuðningsins er 100%.